

**SKOÐUN** Vladimir Ashkenazy og fleiri heimsfrægir tónlistarmenn segja heiminn fylgjast með RÚV. 29



**MENNING** Ítarleg umfjöllun um stærsta tónleikaferðalag Sigur Rósar til þessa. 60



**SPORT** Úttekt á sögulegu tímabili Sebastians Vettel í Formúlu 1 kappakstrinum. 70




Síminn

Jólablað Símans fylgir Fréttablaðinu í dag

siminn.is/jol



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
5. desember 2013
286. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Aukin vopnavæðing ekki lausn

Þrátt fyrir skotárásina í Hraunbæ telur Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur ekki þörf á auknum vopnaburði innan lögreglunnar. 8

**Aðildarferli enn í gangi** Þrátt fyrir að framkvæmdastjórn ESB hafi lokað á frekari framlög til IPA-verkefna hér á landi segir talsmaður stækkunarstjóra að aðildarferli Íslands sé ekki lokið af hálfu ESB. 4

**Fólk vill fá svör** Almenningur bíður frekari upplýsinga um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Álag hefur verið á þjónustuveri Íbúðalánasjóðs. 6

**Kvaðst vera með hlaðnar byssu** Maður hótaði að beita skotvopnum á Sauðárkróki í gær og var sérsveit ríkislögreglustjóra kölluð til. 6.




28

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -9° | | NA 7 |
| Akureyri | -10° | | N 8 |
| Egilsstaðir | -9° | | NV10 |
| Kirkjubæjarkl. | -9° | | NV 6 |
| Reykjavík | -8° | | NA 8 |

**ÉL FYRIR NORÐAN** Yfirleitt hæg norðlæg átt en 8-15 m/s A-lands fram eftir degi. Víða bjart á köflum en él fyrir norðan. Frost 5-15 stig. 4

### 3 SÉRBLÖÐ

**Fólk | Gæludýrajól | Sængur og rúmföt**




# Geðsjúkur fannst sjö dögum eftir andlátið

Fjölskylda geðsjúks manns segir skort á samstarfi í kerfinu hafi leitt til þess að hann tók ekki lyf og lést. Grá svæði í kerfinu valda óvissu um hver beri ábyrgð á þjónustu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölskylda geðsjúks manns telur að skortur á samstarfi milli heilbrigðis- og velferðarkerfisins hafi leitt til ótímabærs dauða hans.

Sveinn Pálmar Jónsson flutti í íbúakjarna á vegum félagsþjónustu Reykjavíkur 2010. Rúmum tveimur árum síðar fannst hann látinn, viku eftir að hann lést. „Hann endaði á því að drekka sig í hel á stuttum tíma. Enginn virtist hafa vitað það á þjónustukjarnanum, en nágrannar hans vissu þetta vel,“ segir Fjóla Jónsdóttir, systir Sveins.

Eftir andlát Sveins Pálmars fékk fjölskyldan fyrst að vita að hann hafði verið greindur með ofsóknargeðklofa. „Geðlæknir hans taldi greinilega að félagsþjónustan hefði haft umsjón með lyfjagjöfinni, sem félagsþjónustan sagði ekki vera,“ segir Fjóla. Svo virðist sem Sveinn hafi ekki tekið inn tilskilin lyf við sjúkdómi sínum.

Eftir andlát Sveins var fjölskyldan jafnframt upplýst um að á árunum sem hann dvaldist í íbúakjarnanum hefðu ítrekað komið upp atvik þar sem fjölskyldan telur að félagsþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og lögreglu hefði átt að vera ljóst að Sveinn þyrfti á aðstoð að halda.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að undanfarin ár hafi verkefnum verið ýtt frá ríkinu yfir á sveitarfélögin án samninga. Það skapi svokölluð „grá svæði“ þar sem ábyrgð á verkefnum sé óljós. „Grá svæði eru slæm fyrir alla, en alltaf langverst fyrir notendur þjónustunnar,“ segir Halldór. - eb

> **Geðlæknir hans taldi greinilega að félagsþjónustan hefði haft umsjón með lyfjagjöfinni, sem félagsþjónustan sagði ekki vera.**
>
> *Fjóla Jónsdóttir.*



**GRILLAÐ Í FROSTI** Þeir voru svalir, krakkarnir sem grilluðu fyrir utan Hagaskóla í grimmdarfrosti í gær. Krakkarnir eru í félagsmiðstöðinni Frosta og höfðu eytt deginum í ýmiss konar leiki og þrautir. Þegar dagskráin var tæmd var ákveðið að grilla pylsur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



RAGNAR KJARTANSSON

Listamaður selur:

## Söfn greiddu tugi milljóna

**VIÐSKIPTI** Nokkur af virtustu listasöfnum heims hafa keypt verk eftir myndlistarmanninn Ragnar Kjartansson fyrir samtals um 84 milljónir króna.

Viðskiptablaðið skýrði frá þessu í gær.

Listaverkið The Visitors er aðeins til í sex eintökum og seldust þau öll. Söfnin greiddu samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins 120 þúsund Bandaríkjadali, eða jafnvirði rúmra 14 milljóna króna, fyrir hvert þeirra.

Á meðal kaupenda voru söfn á borð við Nútímalistasafnið í New York og Micro-safnið í Zürich í Sviss. - gb

Næsta stopp Norðurlönd:

## Laddi heldur af landi brott



ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON

Þórhallur Sigurðsson leikari fer með sýningu sína, Laddi lengir lífið, til Danmerkur og Noregs í febrúar á næsta ári.

„Ég mun fara til Danmerkur og Noregs og skemmta brottfluttum Íslendingum. Það er svolítið síðan ég fór síðast, það var í tengslum við sýninguna Laddi 6-tugur,“ segir Laddi. Í dag heldur Laddi sína síðustu sýningu í Reykjavík. Áður en hann fer utan verður hann með sýningu á Akureyri.

Sýningunni, sem er í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar eftir handriti Karls Ágústs Úlfssonar, hefur verið vel „Það hefur alltaf verið fullt hús,“ segir Laddi.

kak - Sjá síðu 74

Landbúnaðarráðherra vill endurskoða búvörusamninga við bændur:

# Engin rök fyrir mjólkurkvóta

**LANDBÚNAÐUR** „Við núverandi aðstæður er nokkuð augljóst að engin rök eru fyrir því að við þurfum á kvótastýringu að halda sem hamlar framleiðslu,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra á þingi í gær.

Hann var að svara fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þingmanni Sjálfstæðisflokks, um kvótastýrða mjólkurframleiðslu. Guðlaugur Þór vildi fá að vita hvort ekki væri „kominn tími til að ganga hraustlega til verks og afnema þetta kvótakerfi?“

Sigurður Ingi sagðist hafa rætt meðal annars við Bændasamtökin og Landssamband kúabænda um að endurskoða búvörusamningana, sem hafa verið að mestu óbreyttir frá 2004 og 2005 og eiga ekki að renna út fyrr en 2016 og 2017.

„Í þeirri endurskoðun hlýtur að koma til greina að velta fyrir sér hvort kvótakerfið eins og það er nú eigi rétt á sér til framtíðar,“ sagði landbúnaðarráðherra. - gb

> **Hlýtur að koma til greina að velta fyrir sér hvort kvótakerfið eins og það er nú eigi rétt á sér til framtíðar.**
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra.*


KÆRLEIKSKÚLAN




HUGVEKJA

Sölutímabil 5.-19. desember

Sölustaðir á kaerleikskulan.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

KOMDU INN Í HLÝJUNA
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

GJAFAKORT SMÁRALINDAR
GÓÐ GJÖF HANDA FORELDRUM, ÖMMUM, ÖFUM, SYSTKINUM, VINUM, FRÆNDUM OG FRÆNKUM
SMÁRALIND

## SPURNING DAGSINS



Helga, þurfum við að stokka upp í viðhorfum okkar?

**„Já, svo lengi sem við erum frjálslynd og ekki of forstokkuð.“**

Helga Kristín Hallgrímsdóttir, lektor í félagsfræði, hélt fyrirlestur um ábyrgð verðandi mæðra í gær. Hún segir að eggjastokkum 46 ára kvenna hafi verið líkt við rotnandi epli.

Fullt út úr dyrum á samstöðufundi „unnenda Ríkisútvarpsins“ í Háskólabíói í gærkvöld:

# Stjórn RÚV átalin fyrir sinnuleysi

**MENNING** „Það var mögnuð stemning á fundinum, á honum var mikil samkennd og samstaða,“ segir Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari, einn skipuleggjenda samstöðufundar um RÚV.

„Það eru margir sem taka aðförina að Ríkisútvarpinu nærri sér,“ bætir hún við.

Fullt var út úr dyrum á fundinum en til hans var boðað vegna uppsagna 39 starfsmanna í síðustu viku. Í lok fundar var samþykkt ályktun og í henni segir að RÚV hafi tekið á sig mikinn niðurskurð með verulegri fækkun starfsfólks á undanförnum misserum. „En sú atlaga sem nú er gerð er svo gróf að hún ógnar tilvist Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar,“ segir enn fremur. Þá er stjórn RÚV átalin fyrir aðgerðar- og sinnuleysi í aðdraganda uppsagnanna sem séu í hrópandi ósamræmi við gildandi lög um RÚV. Það sé of seint að ætla að móta stefnuna þegar mörgum reyndustu starfsmönnum stofnunarinnar hefur veri sagt upp. Loks er þess krafist að farið verði að lögum um tekjur Ríkisútvarpsins. - jme



**MIKIL SAMKENND** Á annað þúsund manns mættu á fund sem unnendur Ríkisútvarpsins boðuðu til í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STOLIÐ ÚR OPINNI BÚÐ** Rúður verslana hafa verið brotnar í Cordoba og lögreglan lætur sér fátt um finnast. NORDICPHOTOS/AFP

Óprúttnir Argentínumenn nýta sér lögregluverkfall:

# Rán og gripdeildir á hverju horni

**ARGENTÍNA, AP Eftir að lögreglan í Cordoba, næststærstu borg Argentínu, fór í verkfall hafa íbúar þar – sumir hverjir – óspart nýtt sér frelsið til afbrota.**

**Frá því á þriðjudagskvöldið hafa rán og gripdeildir breiðst út um alla borg, rúður verslana hafa verið brotnar, múgur manns stelur varningi og ræningjar ráðast á fólk úti á miðri götu.**

**Sumir grípa svo til vopna til að verja eigin heimili. Að minnsta kosti einn maður hefur látist af völdum skotsára en meira en hundrað manns hafa særst, aðallega af völdum rúðubrota.**

**Lögreglan hefur ekki hreyft sig frá höfuðstöðvum sínum, en í gær hófust samningaviðræður við borgaryfirvöld. Lögreglan krefst betri kjara og var reiknað með að samningar myndu nást seint í gær.** - gb

Ríkissaksóknari gefur út kæru

# Ákærður fyrir að bana barni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur manni á þrítugsaldri fyrir að hafa banað fimm mánaða dóttur sinni, að því er RÚV og mbl.is greindu frá í gær. Málið kom upp í mars á þessu ári og sat maðurinn um tíma í gæsluvarðhaldi.

Bráðabirgðaniðurstaða réttarlæknisfræðilegrar rannsóknar bendir til að barnið hafi látist af heilablæðingum. Maðurinn er ákærður fyrir stórfellda líkamsárás með því að hrista dóttur sína svo harkalega að hún hlaut blæðingu í heila sem leiddi til dauða hennar. - jme

Skotbardaginn í Hraunbæ:

# Lásasmiðurinn var í stórhættu

**LÖGREGLUMÁL** Lásasmiður frá Neyðarþjónustunni, sem var kallaður til þegar sérsveit lögreglunnar reyndi að komast inn í íbúð manns í Hraunbæ aðfaranótt mánudags, var í stórhættu.

Byssumaðurinn skaut nokkrum skotum í átt að lögreglumönnunum er þeir reyndu að brjótast inn í íbúðina. Lásasmiðurinn hafði þá nýlokið við að brjóta upp lásinn.

Ólafur Már Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarþjónustunnar, sagði að allt hafi verið eðlilegt við útkallið þar til lásasmiðurinn hafði opnað hurðina, en þá hófst skothríð. - sáp

# Samhjálp gefur 60 þúsund máltíðir í ár

Framkvæmdastjóri Samhjálpar segir áfengis- og vímuefnavandann mestu hættu sem steðjar að samfélaginu. Mikið starf er unnið með fíklum og öðrum sem eiga um sárt að binda, meðal annars í Kaffistofunni þar sem tugir borða dag hvern.

**SAMFÉLAGSMÁL** Á fjörutíu ára afmælisári Samhjálpar hafa umsvif sjaldan eða aldrei verið meiri þar sem á hverri nóttu gista tæplega 100 manns í rúmum sem samtökin búa um og í ár er útlit fyrir að þau gefi 55 til 60 þúsund máltíðir.

Karl V. Matthíasson, framkvæmdastjóri Samhjálpar, segir að tilgangurinn með starfinu sé í grunninn barátta gegn áfengis- og vímuefnavandanum. „Það eru á hverjum tíma hátt í 1.000 manns sem eru í einhvers konar úrræði vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu og þetta er mesta hættan sem steðjar að samfélagi okkar.“

Starfsemi Samhjálpar er fjölþætt. Í fyrsta lagi er það meðferðarheimilið að Hlaðgerðarkoti þar sem um 30 manns eru jafnan í meðferð. Þá eru það þrjú áfangahús fyrir fólk sem er að koma úr meðferð og Gistiskýlið sem er rekið í samvinnu við Reykjavíkurborg og veitir heimilislausum húsaskjól.

Þar að auki er fjölbreytt félagsstarf á vegum Samhjálpar, en einn sýnilegasti þáttur starfseminnar er Kaffistofan við Borgartún þar sem tugir manna koma á hverjum degi til að fá heitan mat án endurgjalds. Karl segir það geta skipt sköpum fyrir skjólstæðinga kaffistofunnar að eiga þennan kost.

Í kaffistofunni vinna þrír starfsmenn auk sjálfboðaliða, en Samhjálp hefur einnig verið í samstarfi við Fangelsismálastofnun þar sem samfélagsþjónar hafa unnið.

„Þeir sem koma hingað að borða eru þeir sem þurfa að gera það. Það er enginn að gera sér það að leik að koma á Kaffistofuna að borða. Svo kemur það líka fyrir að fjölskyldufeður komi og sæki mat til að fara með heim til fjölskyldunnar.“

Stjórn Samhjálpar er skipuð af Fíladelfíu en Karl segir hvítasunnukirkjuna ekki koma nálægt rekstrinum.

„Menn vilja tengja þetta trúboði en það er ekkert svoleiðis,“ segir Karl. „Enda sjást engin merki þess á kaffistofunni til dæmis.“

Starfinu fylgir talsverður kostnaður, að sögn Karls, sem er kostaður af framlögum einstaklinga og fyrirtækja. „Við erum eiginlega í fjáröflun allt árið um kring,“ segir hann, en 28 manns vinna hjá Samhjálp auk sjálfboðaliða. thorgils@frettabladid.is



**Á KAFFISTOFUNNI** Karl V. Matthíasson, framkvæmdastjóri Samhjálpar, sem hér er ásamt starfsfólki og skjólstæðingi á Kaffistofunni segir engan koma þangað sem ekki þurfi þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Félagsskapurinn góður á Kaffistofunni

„Ég hef komið hingað á hverjum degi síðan ég varð edrú,“ sagði einn gesturinn á Kaffistofunni gær. „Það munar mig miklu að geta komið hingað og fengið að borða því að ellilífeyririnn minn er bara 170 þúsund á mánuði. Með þessu get ég sparað mér til að gefa börnunum mínum jólagjafir.“

„Ég kem hingað hér um bil á hverjum degi og hef gert mjög lengi,“ sagði annar. „Ég kem aðallega upp á félagsskapinn, því ég er svo mikil félagsvera.“






Erlendir ferðamenn setja skóinn út fyrir hótelherbergisdyrnar:

# Fullbókuð hótel yfir hátíðirnar



**EINAR BÁRÐARSON**

„Jól og áramót líta rosalega vel út og bókanir á hótelum hlaðast upp,“ segir Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

„Og gaman að segja frá því að Reykjavík komst nýlega á lista hjá CNN yfir tíu áhugaverðustu borgir í heimi til að fara í vetrarfrí.“

Einar segir borgina hafa lagt mikið í smekklegar og markvissar aðgerðir til að gefa borginni aukinn hátíðarblæ. „Jólamarkaður á Ingólfstorgi og jólavættirnir skapa stemningu. Svo kenna hótelstarfsmenn ferðamönnum íslenska jólasiði. Í fyrra voru til dæmis nokkur hótel sem kenndu gestum sínum að setja skóinn út fyrir herbergisdyrnar sínar.“ - ebg



**HÁTÍÐARBLÆR** Erlendir ferðamenn koma í auknum mæli til Íslands yfir hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**INGÓLFUR K. EINARSSON**

## ➜ Áramótin vinsælust

„Það er töluvert langt síðan hér var fullbókað yfir áramót,“ segir Ingólfur Kristinn Einarsson, hótelstjóri á Grand hóteli.

„Þetta er að aukast yfir jólin sjálf en áramótin eru aðalmálið. Flestir sem koma eru Þjóðverjar, Asíubúar og Bretar. Þeir borða galakvöldverð á gamlárskvöld, fara svo á stóra brennu og upplifa flugelda. Þetta verður vinsælla með hverju árinu.“


KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
Opið til níu í kvöld
KOMDU INN Í HLÝJUNA
Við tökum vel á móti þér. Notalegir veitingastaðir og verslanir fullar af fallegum vörum.
Njóttu þess að undirbúa jólin hjá okkur.
Gjafakort Kringlunnar
– gjöf af öllu hjarta –
Gjafakort
Kringlan
VISA
Fæst á þjónustuborði og á kringlan.is
Kringlu kross
Náðu þér í eitt vinsælasta app á Íslandi og leiktu þér að afslættinum!
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
Opið föstudag frá 10-19
laugardag frá 10-18
sunnudag frá 13-18
FITON SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**16.000 nýir bílar voru fluttir inn til landsins árið 2007.**

**Í fyrra voru þeir tæplega 8.000.**

Árið eftir hrun voru þeir hins vegar aðeins 2.211, sem mun vera það minnsta í manna minnum.

Evrópusambandið hefur sektað marga af stærstu bönkum heims um 1,7 milljarða evra:

# Stórsektir fyrir samráð banka um vexti

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Margir stærstu bankar heims þurfa að greiða samtals 1,7 milljarða evra í sekt til Evrópusambandsins fyrir að hafa hagnast á vaxtasvindli.

Meðal bankanna eru Barclay's, Citigroup, Deutsche Bank, JPMorgan, Royal Bank of Scotland og Societé Generale.

Svissneski bankinn UBS slapp þó við sektir vegna þess að hann upplýsti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um svindlið og sýndi samvinnu við rannsókn málsins.

Bankarnir höfðu hagnast mjög á því að hafa ólöglegt samráð um viðmiðunarvexti, sem notaðir eru í viðskiptum um heim allan. Þeir eru sakaðir um að hafa ákveðið vextina eftir því sem þeim eða viðskiptavinum þeirra hentaði best hverju sinni.

„Við viljum senda skýr skilaboð um að við erum staðráðin í að finna og refsa þessum samráðshópum," segir Joaquin Almuna, samkeppnisstjóri Evrópusambandsins.

Jürgen Fittchen, framkvæmdastjóri Deutsche Bank, viðurkenndi að samráðið hefði verið alvarlegt brot á siðareglum bankanna. Hann sagði sektina þó ekki valda bönkunum neinu fjárhagstjóni, þar sem þeir hefðu þegar tekið frá fé til að greiða sektir af þessu tagi. - gb




**BARCLEY'S Í BRETLANDI** Bankarnir höfðu samráð um markaðsvexti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jólaborgin Reykjavík:

## Fjölgar í fjölskyldu Grýlu

**BORGARMÁL** Ný jólavættur verður kynnt í dag. Jólavættir Reykjavíkur eru þar með orðnar 11 talsins.

Það er Gunnar Karlsson myndlistarmaður sem hefur teiknað jólavættirnar en þær byggjast á hugmynd Hafsteins Júlíussonar um að tengja íslenska sagnahefð við Jólaborgina Reykjavík.



Jólavættirnar gegna lykilhlutverki í að kynna sérstöðu Reykjavíkur sem jólaborgar fyrir innlendum og erlendum gestum. Nýja jólavætturin er hluti af fjölskyldu Grýlu, Leppalúða, Jólakattarins, Rauðhöfða og jólasveinsins sem prýtt hafa veggi borgarinnar undanfarin ár. - jme

Þétting byggðar í Reykjavík:

## Gæti lækkað útsvarsprósentu

**BORGARMÁL** „Mér finnst eðlilegt að það verði reiknað út hver hagnaðurinn er af nýju skipulagi svo það verði hægt að lækka útsvar á borgarbúa, og þeir fái vitneskju um hvenær það gæti orðið," segir Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Borgarstjórn samþykkti einróma tillögu sjálfstæðismanna um að það verði kannað hvaða hagræðing er af nýju aðalskipulagi sem kveður á um þéttingu byggðar. „Því var haldið fram að þétting byggðar myndi spara milljarða og mér finnst rétt að borgarbúar njóti þess að fullu en ekki kerfið," segir Hildur. - jme

# Aðildarferli ennþá í gangi af hálfu ESB

Þrátt fyrir að framkvæmdastjórn ESB hafi lokað á frekari framlög til IPA-verkefna hér á landi segir talsmaður stækkunarstjóra að aðildarferli Íslands sé ekki lokið af hálfu ESB. Forsvarsmenn segja verkefnin sem um ræðir vera í uppnámi.

**EVRÓPUMÁL** Aðildarferli Íslands að ESB er ekki lokið af hendi sambandsins, þrátt fyrir að ákveðið hafi verið að halda ekki áfram að greiða út IPA-styrki til verkefna á Íslandi.

Þetta segir Peter Stano, talsmaður Stefans Füle stækkunarstjóra, og vísaði í yfirlýsingu Füles um að ESB hefði ekki af sinni hálfu sagt sig frá málinu. Framkvæmdastjórnin væri reiðubúin að hefja viðræðurnar þegar og ef íslensk stjórnvöld óska eftir því.

Eftir að Ísland gerði hlé á aðildarviðræðum við ESB ákvað framkvæmdastjórnin í ágúst að veita ekki frekari fjármuni í gegnum IPA til nýrra verkefna á Íslandi, en sagðist mundu halda áfram þeim verkefnum sem þegar voru hafin.

ESB tilkynnti íslenskum stjórnvöldum hins vegar á mánudag að við nánari ígrundun hefði sú ákvörðun verið tekin að hætta öllum stuðningi við IPA-verkefni, í ljósi þess að IPA-styrkir séu ætlaðir til að styðja ríki í virku aðildarferli. Vonast væri til að íslensk stjórnvöld héldu sumum verkefnanna áfram.

Helstu verkefnin sem missa framlög ESB eru: verkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar og Landmælinga Íslands um kortlagningu á vissum þáttum í náttúru Íslands, verkefnið Katla jarðvangur á vegum Háskólafélags Suðurlands, verkefni á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um aðgerðir til að efla menntunarstig og atvinnu og verkefni á Hagstofunnar til endurbóta á þjóðhagsreikningum.

Forsvarsmenn verkefna sem rætt var við eru sammála um að þessar fréttir settu verkefnin í uppnám og víst að þau tefjist töluvert.

Fjárhæðirnar sem ekki skila sér úr þessu hlaupa á tugum milljóna á hvert verkefni, í allt rúmum 230 milljónum á næsta ári.

thorgils@frettabladid.is

### IPA-styrkir nú og þá

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir að með ákvörðun um að hætta stuðningi við IPA-verkefni á Íslandi hafi ESB „brugðist þeim fjölmörgu aðilum sem það hefur gert samninga við um IPA-styrki". Vinnubrögðin séu óskiljanleg.

„Viðsnúningur ESB er óskiljanlegur þar sem ekkert nýtt hefur gerst síðan hlé var gert á viðræðum og fyrri ákvörðun var tekin um framtíð IPA-styrkjanna. Þessi vinnubrögð eru forkastanleg að mínu mati og ekki til þess fallin að lyfta ímynd ESB á Íslandi að neinu leyti."

Á síðasta kjörtímabili, þegar Gunnar Bragi var í stjórnarandstöðu, lét hann hins vegar þung orð falla um IPA-styrkina.

**➜ Maí 2012** „Það er örugglega alveg hárrétt að við þurfum ekki að endurgreiða [IPA-styrkina] en það eru mjög sérstök rök að þar af leiðandi eigi bara að þiggja þegjandi og hljóðalaust þá aura sem að okkur eru réttir til að hraða aðlögun Íslands að Evrópusambandinu."

**➜ Janúar 2012** „Við erum í einhverju umsóknarferli, við þiggjum styrki til þess að laga okkur að ferlinu eða til þess að vera tilbúin ef samningur er gerður – af hverju í ósköpunum er ekki gerður samningur? Síðan geta menn þá tekið við styrkjum til að breyta því sem breyta þarf."

**➜ Janúar 2012** „Það getur ekki verið eðlilegt að við tökum við fjármunum frá ríki sem við erum að semja við. [...] Það er miklu eðlilegra að allar breytingar sem þurfa að verða af ef af samningi verður komi eftir á. Þetta eru ekkert annað en glerperlur og eldvatn sem er verið að bera fram hérna."

> **Það getur ekki verið eðlilegt að við tökum við fjármunum frá ríki sem við erum að semja við.**
>
> *Gunnar Bragi Sveinsson í janúar 2012*



**Í BRUSSEL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hitti Stefan Füle, stækkunarstjóra ESB, á fundi í Brussel í sumar þar sem tilkynnt var um þá ákvörðun stjórnvalda að setja aðildarferlið í bið. MYND/ESB



**BENEDIKT JÓHANNESSON** Formaður stjórnar hollvinafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hollvinafélag MR stofnað:

## Skora á Alþingi að veita MR fé

**SKÓLAMÁL** Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík var stofnað á fullveldisdaginn, 1. desember.

Tilgangur félagsins er að efla tengsl fyrrverandi nemenda skólans og þeirra sem bera hag hans fyrir brjósti og styðja við uppbyggingu skólans.

Á stofnfundinum var samþykkt að skora á Alþingi að tryggja skólanum viðunandi fjárframlög í yfirstandandi meðferð fjárlaga. Í tilkynningu frá félaginu segir að óviðunandi sé að skólinn fái lægri framlög en sambærilegir skólar, en langvarandi fjársvelti stefni skólastarfinu í voða. - gb

Þjófar á ferð á Suðurnesjum:

## Notuðu lyftara

**LÖGREGLUMÁL** Þvottakar og aðgerðarborð hurfu frá fiskverkunarfyrirtæki í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum í gær. Karið og borðið, sem eru úr áli, stóðu úti. Lögreglunni þykir ljóst að þurft hafi bæði lyftara og vörubifreið til að fjarlægja þessa hluti vegna stærðar og þyngdar þeirra.

Þá spenntu einhverjir óprúttnir upp glugga á iðnaðarhúsnæði í gær og stálu verkfærum sem verið var að nota þar. -jme


## Ólafur Haukur í essinu sínu!




„Bókin er rosalega vel skrifuð ... dásamlegar lýsingar ..."
*Egill Helgason, Kiljunni 30. okt.*

„Það er virkilega hægt að hafa gaman að þesssari bók."
*Soffía Auður Birgisdóttir, Kiljunni 30. okt.*

SKRUDDA
www.skrudda.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KULDABOLI Á LANDINU** Víða hægur vindur í dag og nokkuð bjart en hvassari austanlands og dálítil él norðan til. Talsvert frost á landinu fram á sunnudag.




**Á morgun**
Hæg breytileg átt en gengur í SA-átt síðdegis syðra.




**Laugardagur**
Stíf austanátt, hvassast syðst.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Billund | 6° | Gautaborg | 6° | London | 9° | Orlando | XX° | San Francisco | XX° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 19° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 23° | New York | XX° | París | 6° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Jólagladningur...

## AFGREIÐSLUTÍMAR UM JÓLIN

| | | |
|---|---|---|
| Föstudag | 20.12 | kl. 8–21 |
| Laugardag | 21.12 | kl. 8–21 |
| Sunnudag | 22.12 | kl. 8–21 |
| Mánudag | 23.12 | kl. 8–21 |
| Þriðjudag | 24.12 | kl. 8–12 |
| Miðvikudag | 25.12 | Lokað |
| Fimmtudag | 26.12 | Lokað |
| Föstudag | 27.12 | kl. 10–19 |

## FYRIR FYRSTU 1000 VIÐSKIPTAVININA SEM KAUPA NORMANNSÞIN MEÐ GRÆNUM MERKIMIÐA

Þegar þú kaupir tréð færðu inneignarnótu að andvirði verði trésins. Inneignarnótuna getur þú notað við vörukaup 2.-14. janúar 2014. Framvísa skal kassakvittun með inneignarnótunni. Hámark 2 stk. pr. viðskiptavin.

**NORMANNSÞINUR**
150 - 200 cm.

**2.995,-!**



**LED JÓLATRÉSSERÍA**
Kertasería með 16 LED perum.
Hrímhvít. **1.995,-**
Með 25 LED perum. **3.495,-**



**BASIC JÓLATRÉSFÓTUR**
Fjölfestikerfi sem tryggir að jólatréð stendur ævinlega beint og tryggilega. Hentar vel fyrir allt að 220 cm há tré. Með vatnsgeymi sem nærir tréð og heldur því lengur fallegu.

**5.995,-**

**SKRIFAÐU NIÐUR EFTIRMINNILEGUSTU JÓLA-MINNINGUNA ÞÍNA OG KOMDU MEÐ TIL OKKAR OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 30.000 KR.- GJAFABRÉF. NÖFN VINNINGSHAFA VERÐA BIRT Á FACEBOOK SÍÐUNNI OKKAR 16. DESEMBER NK.**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 5. desember til og með sunnudeginum 8. desember 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir forsætisráðherra Úkraínu?
**2.** Hversu mikið á frístundastyrkur fyrir börn í Reykjavík að hækka?
**3.** Hvaða íslenski ilmhönnuður kynnti afurðir sínar í Moskvu á dögunum?

**SVÖR**

**1.** Mykola Azarov. **2.** Um 5 þúsund krónur – úr 25 í 30 þúsund krónur á ári. **3.** Andrea Maack.

Sérsveit ríkislögreglustjóra kölluð til Sauðárkróks vegna hótana veiks manns:

# Kvaðst vera með hlaðnar byssur

**LÖGREGLA** Maður hótaði að beita skotvopnum á Sauðárkróki í gær og var sérsveit ríkislögreglustjóra kölluð til.

Maðurinn hringdi sjálfur í lögreglu rétt fyrir klukkan eitt og sagðist vera búinn að birgja sig upp af skotvopnum sem hann ætlaði að nota. Sagðist hann vera með hlaðnar byssur.

Lögregla var komin að húsi mannsins örskömmu síðar. „Við reyndum að ræða við hann og fá hann til að gefast upp,“ sagði Stefán Vagn Stefánsson, yfirvarðstjóri lögreglunnar á Sauðárkróki. Eftir nokkurt þref gafst maðurinn þó upp og hleypti lögreglunni inn.

Hann var handtekinn skömmu fyrir klukkan fjögur. Umsátrið hafði þá staðið í um þrjár klukkustundir.

Hvorki byssa né önnur skotvopn fundust við leit í húsi mannsins.

Stefán segir að fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hafi séð um samskipti við manninn. Þeir hafi verið í sambandi við hann allan tímann með hléum.

Að sögn Stefáns á maðurinn við geðræn vandamál að stríða. Hann hefur áður komist í kast við lögin.

Hafsteinn Hannesson, íbúi á Sauðárkróki, segir að maðurinn hafi komið norður í sláturtíðinni og virkað hinn rólegasti. „Það hefur ekkert ónæði verið af honum,“ segir hann.

Maðurinn var fluttur í lögreglufylgd um kvöldmatarleytið í gær til Akureyrar þar sem hann var lagður inn á geðdeild. **- jme, fbj**



**UMSÁTUR Á SAUÐÁRKRÓKI** Yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki segir umsátrið hafa staðið í þrjá tíma. MYND/VIGGÓ




# Fólk vill fá svör um skuldaniðurfellingu

Almenningur bíður frekari upplýsinga um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Álag hefur verið á þjónustuveri Íbúðalánasjóðs. Fólk segist vilja vita hvenær og hvernig sækja megi um niðurfellingu. Nánari tímasetning fæst ekki frá forsætisráðuneyti.

**STJÓRNSÝSLA** Sitt sýnist hverjum um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána sem kynnt var síðastliðinn laugardag. Það kom í ljós þegar blaðamaður tók fólk tali á förnum vegi í vikunni. Margir vildu þó ekki tjá sig um málið því þeir vissu ekki fyrir víst hvernig leiðréttingin myndi snerta þeirra persónulegu hagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði eru fjölmargir í þeirri stöðu. Fyrri hluta vikunnar bárust þjónustuveri sjóðsins um helmingi fleiri símtöl en venjulega á mánudegi og þriðjudegi. Helstu fyrirspurnirnar snúast um hvenær og hvernig hægt verði að sækja um skuldaniðurfellingu.

Íbúðalánasjóður gat ekki gefið neinar upplýsingar umfram þær sem koma fram á kynningarsíðu yfirvalda um málið.

Þar kemur fram að leiðréttingin muni koma til framkvæmda um mitt næsta ár og að hægt verði að áætla niðurfellingu hvers heimilis fljótlega með mikilli vissu. Þangað til endanlegt frumvarp um málið hefur verið samþykkt getur sjóðurinn ekki gefið nákvæmari svör.

Sömu svör er að fá frá forsætisráðuneytinu. Að ferlið liggi ekki ljóst fyrir ennþá enda þurfi að útfæra áætlunina nánar í frumvörpum. **erlabjorg@frettabladid.is**




**AÐGERÐAÁÆTLUN KYNNT** Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segja aðgerðir koma til framkvæmda á miðju næsta ári. Tímasetning fyrir umsóknir hefur ekki verið gefin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### ➜ Ánægður með að fólk fái réttlæti



**Snorri Evuson** mun ekkert fá persónulega úr skuldaleiðréttingum. „Nei, þetta hefur engin áhrif á mig af því að ég skulda of lítið.“

Snorri er þó ánægður með aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. „Mér finnst sjálfsagt mál að fjármunum sé eytt í þetta. Mér þykir óréttlátt hvernig þetta hefur farið og hef ekkert á móti því að bæta fólki það upp.“

### ➜ Hvað verður gert fyrir eldri borgara?



„Þetta hefur ekki áhrif á mig, ég fæ ekkert. Ætli maður verði ekki að sætta sig við það,“ segir **Ragnheiður Helga Óladóttir.**

Hún hefur aftur á móti áhyggjur af unga fólkinu. „Það á ekkert eftir að eiga þegar það er komið á aldur ef það nýtir séreignarsparnaðinn. Þá lendir það í sömu stöðu og ég sem er enn að bíða eftir að ríkisstjórnin geri eitthvað fyrir eldri borgara.“

### ➜ Mun koma sér að góðum notum



„Þetta mun koma að góðum notum,“ segir **Borgþór Rafn Þórhallsson.**

Aðgerðaáætlunin kemur Borgþóri ekki á óvart. Hún sé í takt við væntingar hans.

Borgþór veit þó ekki nákvæmlega hvaða leið hann muni fara. „Ég hef ekki ákveðið hvort ég tek viðbótarlífeyrissparnaðinn í þetta. Ég þarf að skoða það betur.“

### ➜ Setja frekar peningí í eitthvað annað



„Ég fæ einhverja lækkun en er alls ekki ánægð með þessar tillögur,“ segir **Anna Guðrún Sigurjónsdóttir.**

Anna segir skuldaleiðréttingar breyta sáralitlu hjá henni, lánin lækki kannski um milljón sem verði komin aftur eftir ár. „Ég hefði viljað sleppa þessu og setja peninginn í eitthvað annað, eins og að hækka persónuafslátt eða í Landspítalann.“

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með SMS-gagnagrunnum:

# Vantar fé til að sinna eftirliti

**FJARSKIPTI** Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir fulla ástæðu til að gera reglulegar úttektir á SMS-gagnagrunnum fjarskiptafyrirtækjanna. Það er hins vegar ekki gert.

„Við teljum okkur ekki hafa haft afkastagetu til þess eða fjármuni,“ segir Hrafnkell. Hann segir að það muni ekki breytast þrátt fyrir árás hakkarans á Vodafone um síðustu helgi: „Ekki miðað við þær upplýsingar sem ég hef úr fjárlögum fyrir 2014, eða fjáraukalögum 2013.“

Í mars í fyrra var gerð úttekt á upplýsingatæknimálum Símans fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Í kjölfarið sendi stofnunin Símanum átján úrbótatillögur, en engin þeirra sneri að geymslu ódulkóðaðra SMS-skilaboða sem sendar voru af vef Símans.

Hrafnkell segir þessa úttekt hafa verið gerða á svokölluðum umferðargagnagrunni Símans. „Þar eru upplýsingar um hver hringir í hvern, hversu lengi og svo framvegis. Þessi ákvörðun laut að þeim gagnagrunni, ekki SMS-gagnagrunninum,“ segir Hrafnkell, en 42. grein fjarskiptalaga kveður á um að gögnum skuli eyða eða þau gerð nafnlaus eftir sex mánuði. **- hva**



**HRAFNKELL V. GÍSLASON** Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir fjármuni ekki duga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# DOLCE GUSTO KAFFIDAGAR



NESCAFÉ Dolce Gusto

25.999KR

**KRUPS**
## KAFFIVÉL CIRCOLO
Nescafé Dolce Gusto.
Til í nokkrum litum.



14.999KR

VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS



979KR

## KYNNINGAR Á NESCAFÉ DOLCE GUSTO
- Skeifunni: 8.-10. desember
- Garðabæ: 15.-17. desember
- Smáralind: 22.-23. desember

**KRUPS**
## KAFFIVÉL PICCOLO
Nescafé Dolce Gusto.
Til í hvítu og rauðu.

Gildir á meðan birgðir endast. Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 27.11.13 – 03.12.13







**1** Lygi
Yrsa Sigurðardóttir

**2** Skuggasund
Arnaldur Indriðason







**3** Ólæsinginn sem kunni að reikna
Jonas Jonasson

**4** Vísindabók Villa
Vilhelm Anton Jónsson







**5** Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánson

**6** Karólína Lárusdóttir
Aðalsteinn Ingólfson







**7** Veiðihundarnir
Jorn Lier Horst

**8** Rangstæður í Reykjavík
Gunnar Helgason







**9** Strákar
Bjarni Fritzson/Kristín tómasdóttir

**10** Árleysi alda
Bjarki Karlsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

## ÚTKÖLL SÉRSVEITARINNAR Í ÞRJÁTÍU ÁR

Sérsveitin hefur þurft að sinna alls kyns verkefnum undanfarin þrjátíu ár. Hér er listi yfir nokkur þeirra:

**4. maí 1984:** Eitt fyrsta verkefni sérsveitarinnar var að yfirbuga óðan byssumann sem hóf skothríð í Vesturbænum í Reykjavík. Hann skaut á lögreglu og ljósmyndara DV. Að lokum tókst að ná til mannsins og var hann færður í fangageymslur.

**30. apríl 1990:** Ölvaður maður á Ólafsfirði skaut tveimur skotum úr haglabyssu á lögreglumann. Eftir það braust hann inn í gagnfræðaskólann og gaf sig loks fram við lögreglu.

**13. júní 1990:** Drukkinn maður í Æsufelli í Reykjavík, vopnaður naglabyssu, hótaði að fyrirfara sér og sprengja blokkina í loft upp. Hann gafst upp eftir þriggja tíma umsátur.

**12. maí 1992:** 21 árs maður hafði skotið 25 ára mann í andlitið með kindabyssu og hóf skothríð á sjúkralið og lækna. Að tæplega þremur tímum liðnum gafst hann upp.

**30. nóvember 1992:** Tveir byssumenn voru yfirbugaðir í og við hús á Rauðarárstíg í Reykjavík eftir tveggja tíma umsátur. Annar kom óvopnaður út og stukku sérsveitarmenn á hann og handtóku. Að því loknu var ráðist inn í húsið og hinn maðurinn handtekinn.

**3. september 2001:** Heimilisfaðir á Tómasarhaga í Reykjavík hafði í hótunum við fjölskyldu sína og þótti líklegur til að beita skotvopnum. Þjálfaðir samningamenn innan sérsveitarinnar töluðu við manninn, sem gafst upp eftir þriggja tíma umsátur og lagði skotvopn sín á jörðina.

**5. ágúst 2002:** Dauðadrukkinn maður var sagður hafa hleypt af tveimur skotum í húsi á Álftanesi en síðar kom í ljós að hann gerði það ekki. Sérsveitin yfirbugaði hann eftir þriggja tíma umsátur.



**31. júlí 2004:** Sérsveitin var send að húsi við Hellisbraut á Reykhólum þar sem tilkynnt hafði verið um að skotið hefði verið á tvö hús við götuna. Ráðist var til inngöngu í húsið en byssumaðurinn var farinn.

**13. mars 2008:** Karlmaður í húsi í Reykjanesbæ lokaði sig inni á salerni vopnaður haglabyssu. Eftir umsátur gaf maðurinn sig fram og hald var lagt á byssuna.

**Maí 2009:** Maður vopnaður haglabyssu og með lambhúshettu bankaði upp á í húsi í Seljahverfi um miðja nótt. Hann hóf skothríð þegar húsráðandinn opnaði dyrnar en vann honum ekki mein. Sérsveitin mætti á svæðið en maðurinn fannst ekki.

**25. júlí 2009:** Sami maður og var handsamaður á Álftanesi 2002 var vopnaður skotvopni í sumarbústað á Barðaströnd um miðja nótt. Sérsveitin yfirbugaði hann undir morgun.

**Júlí 2011:** Lögreglan á Selfossi lagði hald á um níutíu byssur og mikið magn skotfæra á heimili á Stokkseyri eftir að tilkynnt hafði verið um skothvelli. Þegar lögreglan kom á staðinn hélt maðurinn á tveimur haglabyssum og stóð fyrir skothríð.

**Nóvember 2011:** Maður hleypti af haglabyssu í Bryggjuhverfi og skaut í átt að manni sem var akandi.

**1. janúar 2013:** Slagsmál brutust út í heimahúsi í Hafnarfirði. Í húsinu var maður vopnaður haglabyssu. Sérsveitin handtók manninn en haglabyssan reyndist óhlaðin.

**Júlí 2013:** Sérsveitin var kölluð til aðstoðar á Selfossi eftir að maður hafði hótað nágranna sínum lífláti. Hann hafði þá skotvopn undir höndum.

# Aukin vopnavæðing lögreglu engin lausn

**Þrátt fyrir skotárásina í Hraunbæ telur Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur ekki þörf á auknum vopnaburði lögreglunnar. Hann segir lögregluna þurfa að halda áfram að beita rökræðum, fortölum og þolinmæði á vettvangi.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrátt fyrir að sérsveit lögreglu hafi beitt skotvopnum í fyrsta sinn í Hraunbæ og að byssumaðurinn hafi skotið út um gluggann, telur Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, að atburðirnir gefi ekki tilefni til aukins vopnaburðar lögreglunnar.

„Þegar menn velta fyrir sér hvort lögreglan þurfi að vera með betri varnarviðbúnað hafa þeir tengt það við skipulagða glæpastarfsemi eða eitthvað þess háttar en þarna virðist vera um veikan einstakling að ræða,“ segir Helgi. „Þetta er persónulegur harmleikur þar sem frekari vopnaburður lögreglu hefði ekki aukið öryggi viðstaddra. En þetta voru samt erfiðar aðstæður og lögreglan þurfti að bregðast við af yfirvegun en jafnframt festu. En ég tel ekki að þetta tilfelli kalli á að lögreglan þurfi að breyta viðbúnaði sínum með auknum vopnaburði,“ segir hann aðspurður.

„Auðvitað þarf lögreglan að ræða verklagið við þetta mál og draga sinn lærdóm af því hvernig best er að bregðast við í erfiðum aðstæðum þar sem hætta er á ferðum en í fljótu bragði tel ég ekki að ástæða sé fyrir lögregluna að breyta vinnubrögðum sínum.“

Að sögn Helga þarf lögreglan, eins og hún hefur gert í gegnum árin, að halda áfram að beita rökræðum, fortölum og þolinmæði á vettvangi í stað þess að grípa strax til vopna. „Þetta er að mínu mati mikilvægasta löggæsluaðferðin.“

Spurður hvort hann telji lögregluna hafa skort þolinmæði í Hraunbæ segir Helgi erfitt að segja til um það enda viti hann ekki nákvæmlega hvernig atburðarásin var. „Við vitum að hann skaut á tvo lögreglumenn. Menn vita ekki hvenær hann [byssumaðurinn] er vopnlaus eða hvort skotfæri hans eru á þrotum en hann var örugglega hættulegur.“



**STENDUR UNDIR ÁBYRGÐ** Skotárásin í Hraunbæ var sú fyrsta þar sem sérsveitin beitir skotvopnum á vettvangi í rúmlega þrjátíu ára sögu sinni og þykir Helga Gunnlaugssyni það merkilegt.

> Þetta er ekki sérsveit sem er að beita vopnum í tíma og ótíma, því fer víðs fjarri, enda eru þetta menn sem hafa farið í gegnum stranga þjálfun. Þeir hafa farið varlega með vald sitt og sagan sýnir að þeir standi undir ábyrgðinni. Lögreglan nýtur mikils trausts borgaranna og miklu skiptir að viðhalda því.

## Vildi betri aðgang að skotvopnum



**G. JÖKULL GÍSLASON**

Lögreglumaðurinn G. Jökull Gíslason skrifaði fyrir tveimur árum grein í tímaritið Lögreglumaðurinn, þar sem hann mælti með því að aðgangur lögreglumanna að skotvopnum yrði bættur. Hann vildi ekki tjá sig við blaðamann um aðgang að skotvopnum í tengslum við skotárásina í Hraunbæ en vísaði þess í stað á greinina.

„Það sem margir lögreglumenn aðhyllast og þá sérstaklega þeir sem eru útivinnandi er að lögreglumenn fái að geyma vopn í læstum hirslum í lögreglubílum þannig að þau séu til taks ef á þurfi að halda og að lögreglumenn geti á stuttum tíma vopnast til að mæta yfirstandandi hættu sem krefst aukins vígbúnaðar. Það er mjög líkt því sem hefur bæði Norðmenn og Bretar gera nú þegar,“ skrifaði G. Jökull. Einnig sagði í greininni: „Það er hins vegar ekki er erfitt að sjá fyrir að só tími muni koma og það í nálægri framtíð að það þurfi að vopna lögreglu með stuttum fyrirvara. Vopnuð rán og skotárásir eru nú þegar komin og líklegt að sú þróun haldi áfram.“

Helgi bætir við að Ísland hafi þá sérstöðu, líkt og Noregur, að lögreglan sé ekki vopnuð við dagleg skyldustörf. „Vopnaburður lögreglu er meiri í öðrum löndum, til dæmis í Svíþjóð. Rannsóknir sýna að voðaskot og slys hafa verið algengari í Svíþjóð en í Noregi. Aukinn vopnaburður lögreglu þarf ekki að þýða það sama og öryggi lögreglumanna og borgara.“

freyr@frettabladid.is



DEBENHAMS
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FÖTUM,
SKÓM, TÖSKUM
OG FYGIHLUTUM
FYRIR DÖMUR
Gerðu lífið skemmtilegra
THE COLLECTION DEBENHAMS
B Young
DNY
ESPRIT
FIORELLI
GERRY WEBER
JASPER CONRAN
JUST FEMALE
MAINE NEW ENGLAND
Mantaray
MEXX
PART TWO
principles BY BEN de LISI
redherring
ROCHA.JOHN ROCHA
by SECOND FEMALE COPENHAGEN
SOAKED IN LUXURY
STAR BY julienmacdonald
TAIFUN COLLECTION
Tamaris®
WAREHOUSE
50%
AFSLÁTTUR
OFURTILBOÐ AÐEINS Í DAG!!
AF VÖLDUM BRJÓSTAHÖLDURUM
Í STÆRÐUM 32A TIL 40H
Opið til 21:00 í kvöld
*Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




# Biden kom beygður út af fundi með Xi

**Varaforseti Bandaríkjanna segir hreinskilni Kínaforseta hafa haft áhrif á sig. Bandaríkin hafa undanfarið gagnrýnt einhliða ákvörðun Kínverja um útfærslu lofthelgi sinnar. Biden segir nú mestu skipta að gagnkvæmt traust myndist.**

**KÍNA, AP** Bandarískir fréttamenn segja að Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, hafi komið svolítið beygður út af fundi með Xi Jinping, forseta Kína.

Fundurinn varð töluvert lengri en til stóð og Biden vildi ekki svara neinum spurningum fjölmiðla að honum loknum. Þess í stað tók hann að ræða um samskipti Kína og Bandaríkjanna, sagði þau þurfa að byggja á gagnkvæmu trausti og að bæði ríkin geri ráð fyrir að hinu gangi gott eitt til í samskiptunum.

Hvorki Biden né Xi minntust á deilur Kína við Japan og fleiri nágrannaríki um yfirráð yfir nokkrum eyjum og auðlindum í hafi.

Ríkisfjölmiðlar í Kína hafa hins vegar gagnrýnt Bandaríkin fyrir að taka málstað Japana í þessum deilum og segja Bandaríkjastjórn hafa kosið að líta fram hjá ögrunum Japana, eins og það er orðað í leiðara China Daily, dagblaði kínverska stjórnarinnar, sem gefið er út á ensku.

Í leiðaranum segir að ögranir Japana séu rót deilunnar, en Bandaríkin hafi ranglega ásakað Kína fyrir að hafa einhliða breytt ríkjandi ástandi í Austur-Kínahafi.

Bandaríkin hafa á síðustu vikum, rétt eins og Japan og fleiri ríki við Austur-Kínahafið, gagnrýnt nýlega ákvörðun Kínverja um að stækka lofthelgi sína, þannig að hún nái yfir hinar umdeildu eyjar, en þetta gerðu Kínverjar án samráðs við nágrannaríkin.

Vafalítið er að þessi mál hafi borið á góma á fundi þeirra Bidens og Xis, en Biden sagði að loknum fundinum að hreinskilni Xis hefði haft töluverð áhrif á sig.

„Hreinskilni skapar traust,“ sagði Biden.

Þeir áttu annan fund síðar í gær ásamt ráðgjafarnefndum sínum, og svo snæddu þeir kvöldverð þar sem unnið var að málum er varða samstarf ríkjanna.

Fyrr um daginn vakti athygli þegar Biden vék sér að ungum Kínverjum, sem biðu í röð í bandaríska sendiráðinu í Peking eftir afgreiðslu vegabréfsáritana. Hann notaði tækifærið til að hvetja unga fólkið til að fara eigin leiðir og óhlýðnast yfirvöldum, ef svo ber undir: „Börn í Bandaríkjunum eru verðlaunuð fyrir að draga ríkjandi ástand í efa, ekki refsað fyrir,“ sagði hann. gudsteinn@frettabladid.is



**JOE BIDEN Í KÍNA** Sagður hafa komið nokkuð beygður út af fundi með Xi Jinping, forseta Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**EDDA MÜLLER** Yfirmaður Transparency International í Þýskalandi kynnir niðurstöðurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Spilling hefur aukist í ríkjum „arabíska vorsins“:

# Spilling er landlæg í flestum ríkjum

**ÞÝSKALAND** Niðurstaða hinnar árlegu mælingar um útbreiðslu spillingar í heiminum liggur nú fyrir. Samtökin Transparency International segja Danmörku og Nýja-Sjáland vera minnst spilltu ríki heims, en ástandið er verst í Sómalíu, Afganistan og Norður-Kóreu.

Ísland lendir 12. sæti ásamt Þýskalandi, en sem fyrr standa Vesturlönd sig almennt einna best í því að forðast spillingu.

Athygli vekur að í löndum „arabíska vorsins“ hefur spillingin aukist, og munar þar mest um átökin og óstöðugleikann í Jemen, Sýrlandi og Líbíu.

Niðurstöðurnar eru byggðar á skoðanakönnun meðal fyrirtækja og stofnana í hverju landi fyrir sig, þar sem spurt er ýmissa spurninga um það hversu spillt mönnum finnst hið opinbera í viðkomandi landi vera.

Útkoman er færð inn á kvarða frá núll til hundrað, en niðurstaðan þetta árið varð sú að tveir þriðju allra þeirra 177 landa, sem tóku þátt, fengu innan við 50 stig. - gb

Dóttir Mandela undrast styrk hans á dánarbeði:

# Sagður í baráttuhug

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** „Í hvert skipti sem ég get verið hjá honum fyllist ég undrun,“ segir Makaziwe Mandela, dóttir Nelsons Mandela.

Mandela hefur verið lífshættulega veikur frá því snemma sumars, en ættingjar hans segja hann sýna undraverðan baráttuhug á dánarbeðinum.

„Tata er enn með okkur, sterkur og hugrakkur,“ segir dóttir hans, en Tata er gælunafn hans meðal ættingja. „Jafnvel á dánarbeði, ef ég má nota það orð, þá er hann að kenna okkur ýmislegt um þolinmæði, kærleika og umburðarlyndi.“ - gb



**NELSON MANDELA** Hefur verið lífshættulega veikur frá því í sumar. NORDICPHOTOS/AFP


FULL ÞJÓNUSTA
Á VERÐI SJÁLFS-
AFGREIÐSLU.
Starfsmenn okkar taka upp hanskann fyrir viðskiptavinina. Þeir skipta um rúðuþurrkur, mæla og fylla á olíu, rúðuvökva og frostlög – og dæla á tankinn, en þú greiðir sama verð og í sjálfsafgreiðslu.
Fáðu sem mest út úr hverjum dropa.
Athugið að þjónustutími er mismunandi eftir stöðvum.
Nánari upplýsingar á www.skeljungur.is

Mikil leit gerð að flutningabifreið með hættuleg tæki frá sjúkrahúsi:

# Geislavirkum búnaði stolið

**MEXÍKÓ, AP** Flutningabifreið með stórhættulegan geislavirkan tækjabúnað og önnur geislavirk efni hefur verið stolið í Mexíkó. Mikil leit var gerð að bifreiðinni víða í Mexíkó í gær.

Búnaðurinn var notaður við geislameðferð á krabbameinssjúklingum. Hann var þó ekki lengur í notkun því nýr tækjabúnaður var kominn í staðinn.

Bifreiðinni var stolið af bensínstöð í Tepojaco, litlu bæjarfélagi í Hidalgo-héraði skammt norðan við Mexíkóborg. Verið var að flytja búnaðinn frá Tijuana til geymslu fyrir kjarnorkuúrgang.

Stjórnvöld segja líklegast að þjófarnir hafi ekki haft minnstu hugmynd um hvað verið var að flytja. Þeir voru hvattir til að að koma bifreiðinni sem allra fyrst í hendur yfirvalda og gæta þess vel að skemma hvorki né opna blýhylkið.

Búnaðurinn er geymdur í innsigluðu blýhylki en sagður lífshættulegur og geti orðið nærstöddu fólki að bana á stuttum tíma, ef hylkið er rofið. - gb



**HLUTI BÚNAÐARINS** Stjórnvöld segja búnaðinn geta orðið nærstöddu fólki að bana á stuttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fársjúkur á gráu svæði

Fjölskyldan segir skort á samstarfi í kerfinu hafa leitt til ótímabærs dauða geðsjúks fjölskyldumeðlims.

> Hann endaði á því að drekka sig í hel á smátíma.
> *Fjóla Jónsdóttir, systir Sveins Pálmars.*

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölskylda geðsjúks manns telur að skortur á samstarfi milli heilbrigðis- og velferðarkerfisins hafi leitt til ótímabærs dauða hans.



**SVEINN PÁLMAR JÓNSSON**

Árið 2010 flutti Sveinn Pálmar Jónsson í íbúð á vegum félagsþjónustu Reykjavíkurborgar við Skúlagötu. Í kjölfar flutninganna veiktist Sveinn Pálmar alvarlega af sjúkdómi sínum og telur fjölskyldan að samskiptaleysi milli geðheilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu borgarinnar hafi orðið til þess að hann tók ekki inn tilskilin lyf við ofsóknargeðklofa. „Sveinn Pálmar sagði okkur að samkvæmt skriflegum samningi vegna íbúðarinnar ætti hann að gefa sig daglega fram við þjónustukjarnann á staðnum, meðal annars til þess að taka inn lyfin sín,“ segir Fjóla Jónsdóttir, systir Sveins Pálmars. Læknir hans stóð í sömu meiningu, en þetta hafi hins vegar ekki gengið eftir.

Í byrjun september árið 2012 náði faðir Sveins Pálmars ekki í hann og lýsti áhyggjum af syni sínum við starfsmann íbúakjarnans. Honum var þá tjáð ekki væri hægt að gá að Sveini nema að undangengnum dómsúrskurði.

Viku síðar tilkynnti lögreglan fjölskyldunni um andlát Sveins Pálmars og þótti ljóst að hann hefði legið látinn í íbúð sinni í þó nokkurn tíma. Af bankayfirliti hans mátti sjá hvaða stefnu líf hans hafði tekið hálfu ári áður. Frá því í febrúar það ár hafði hann nær eingöngu keypt áfengi og telur fjölskylda hans að áfengisneysla og næringarskortur hafi dregið hann til dauða. „Hann endaði á því að drekka sig í hel á smátíma. Enginn virtist hafa vitað það á þjónustukjarnanum, en nágrannar hans vissu þetta vel,“ segir Fjóla, en Sveinn Pálmar hafði ekki glímt við áfengisvanda áður. Hún bendir á að ef einhver hefði stigið fæti inn fyrir dyr íbúðarinnar hefði þeim hinum sama orðið samstundis ljóst af ástandi hennar hversu veikur Sveinn Pálmar var orðinn.

„Á fundum okkar með stjórnendum á geðsviði Landspítalans og félagsþjónustunni hefur komið fram að þau vilja sjá miklu meira samstarf þar á milli, en þau skortir fjármagn,“ segir Fjóla. „Starfsfólkið á geðsviðinu er allt afar elskulegt og leggur sig mikið fram, en þetta kerfi er að mínu mati eins og aftan úr fornöld miðað við allt annað í heilbrigðiskerfinu.“

eva@frettabladid.is

## Í einskismannslandi í velferðarkerfinu



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Samband íslenskra sveitarfélaga vill ræða við stjórnvöld um verkefni þar sem óvissa ríkir um hver beri ábyrgð á að veita tiltekna þjónustu. Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, segir að vegna hagræðingar hjá ríkinu undanfarin ár hafi verkefnum í meira mæli en áður verið ýtt yfir á sveitarfélögin án samninga. Það skapi svokölluð „grá svæði“ þar sem ábyrgð á verkefnum sé óljós. Í samantekt sem sambandið kynnti fjárlaganefnd Alþingis í nóvember segir að líkja megi gráum svæðum við einskismannsland á landakorti, þar sem notendur tiltekinnar þjónustu lenda á mörkum tveggja eða fleiri þjónustukerfa.

„Grá svæði eru slæm fyrir alla, en alltaf langverst fyrir notendur þjónustunnar,“ segir Halldór.







Katla
DROPAR SEM LOFA GÓÐU
Í hvert sinn sem þú lætur bökunardropana frá Kötlu falla í deigið styrkir þú Sunnusjóð en markmið sjóðsins er að bæta aðstæður til kennslu og þjálfunar fjölfatlaðra barna á grunnskólaaldri.
KYNSLÓÐ EFTIR KYNSLÓÐ
Íslenskir sælkerar hafa ár eftir ár getað treyst því að bökunardroparnir frá Kötlu laði fram rétta bragðið.
KATLA STYRKIR SUNNUSJÓÐ
Sunnusjóður hefur í meira en 30 ár stutt við bakið á fjölfötluðum einstaklingum og fjölskyldum þeirra.
VANILLU DROPAR

# MIKIÐ ÚRVAL AF FAL

## 20 - 50% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM






**LSA skál m/loki**
Verð 7.800,-, **nú 6.630,-**





**Hondga armstóll**
Verð 23.900,-, **nú 19.120,-**
Svartlakkaður viður





**LSA kökudiskur m/hjálmi**
Verð 15.200,-, **nú 12.920,-**



**Cam Crescent** sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm, 2,5 sæta 198 x 93 cm.
Tilboðsverð í áklæði (-25%): 3ja verð frá 359.000,-, **nú 269.250,-**, stóll verð frá 198.000,- **nú 148.500,-**



**tommy m buster** leðursófi -
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt. Handverkað
Verð; 4ra 841.000,- **nú 672.800,-**, 3,5 sæta 719.

Mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum og gjafavöru

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

# LEGUM JÓLAGJÖFUM

## 15% AFSL. AF ALLRI GJAFAVÖRU





**Lampi Riverdale**
Verð 39.000,- **nú 33.150,-**






**Teppi** (50% alpacaull, 40% lambsull og 10% microfiber: Verð 18.900,-, **nú 16.065,-**



**Klukka NexTime**
verð 16.900,-, **nú 14.365,-**



þýsk hönnun og framleiðsla

leður. Lausir púðar fylgja ekki.
000,- **nú 575.200,-**, stóll 367.000,- **nú 293.600,-**



**Idp Sphera**
Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, hvítt og dökkbrúnt.
Verð tilboð (-20%); sófasett uppselt en væntanlegt 3+1+1 949.000,- **nú 759.200,-**,
3ja saeta sófi 455.000,- **nú 367.000,-**, stóll 247.000,-, **nú 197.600,-**

# HEIMA HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16 og sunnudaga 13 - 16**



**RÚSSLAND** Geimfarinn Óleg Artemíjev tekur þátt í æfingum í þar til gerðri laug í Gagarín-geimæfingamiðstöðinni í útjaðri Moskvu í gær. Áætlað er að hann verði sendur af stað í Alþjóðlegu geimstöðina með geimflaug frá Baíkonur-miðstöðinni í Kasakstan í mars komandi. NORDICPHOTOS/AFP



**UNGVERJALAND** Rómabörn í Kapsmero í Ungverjalandi njóta samvista við jólasvein frá Lapplandi (einnig nefndan Joulupukki). Mannauðsráðuneyti Ungverjalands er á bak við heimsókn finnska jólasveinsins á svæðið, en það er eitt það fátækasta í landinu. Kapsmero er um 200 kílómetra frá Búdapest og íbúar þar eru 94 prósent Rómafólk. NORDICPHOTOS/AFP




**ÞÝSKALAND** Holger Apfel, formaður hægriflokksins NDP í Þýskalandi, hélt blaðamannafund með félögum sínum í höfuðstöðvum flokksins í Berlín í gær. Boðað var til fundarins eftir að þýsku sambandsríkin lögðu fram nýja beiðni fyrir stjórnarskrárdómstól um að banna NDP. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS






**PALESTÍNA** Verkamenn í bænum Kan Júnis á sunnanverðri Gasaströnd rétta byggingajárn í húsum sem hafa verið eyðilögð. Fleiri hundruð Palestínumenn draga fram lífið með því að bjarga nýtanlegu efni úr heimilum og byggingum sem voru lagðar í rúst í vikulöngum átökum Ísraela og palestínskra uppreisnarmanna í nóvember í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Almennt útboð á hlutum í N1

víb

BEIN ÚTSENDING FRÁ FUNDI VÍB UM SKRÁNINGU N1

**Er N1 spennandi fjárfestingarkostur?**

Í dag, fimmtudaginn 5. desember, kl. 08.30-10.00 kynnir **Eggert Benedikt Guðmundsson**, forstjóri N1, félagið fyrir áhugasömum fjárfestum.

Eftir framsögu Eggerts munu góðir gestir taka þátt í spjalli um félagið og markaðinn:

**Eggert Þór Kristófersson**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs N1
**Hrafn Árnason**, forstöðumaður safnastýringar Íslandssjóða
**Katrín Olga Jóhannesdóttir**, stjórnarformaður Já

Fundarstjóri verður **Björn Berg Gunnarsson**, deildarstjóri fræðslu- og viðskiptaþróunar VÍB.
Þú getur sent spurningar til fundarmanna á fundarstjori@vib.is eða á Twitter með #N1utbod.

**Á www.vib má fylgjast með fundinum í beinni útsendingu eða horfa á upptöku af honum síðar.**

**Nánari upplýsingar í síma 440 4900 og á heimasíðu VÍB, www.vib.is.**

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

ENNEMM / SÍA / NM60409




Er rafhlaðan í lagi í þínum reykskynjara?
Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum aðventunnar en látum kertaljós aldrei loga eftirlitslaust.
Sem viðskiptavinur Sjóvár getur þú sótt nýja rafhlöðu í reykskynjarann þinn í næsta útibú.
AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓMETANLEGT
ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ
SJÓVÁ

# Heimanámið á heima í skólanum

**Fyrstu skólaárin eiga að snúast um lestur, skrift og stærðfræði. Gölluð námsskrá veldur því að yngstu börnin glíma við of flókin verkefni sem kemur niður á grunnþekkingu þeirra síðar. Það þarf að forgangsraða í íslensku skólakerfi börnunum í vil – öfugt við það sem nú er.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Það verður að gera grunnskólanám markvissara og nýta skólatímann til að þjálfa börn í þeim grunnþáttum náms sem eru þeim mikilvægastir – lestri og stærðfræði. Allt sem til þarf er vilji ráðamanna og ekki síður skólafólks um að breyta skipulagi skóladagsins fyrstu ár skólagöngunnar. Nemendurnir eiga að vera miðpunktur skólastarfsins og það á að taka mið af þörfum þeirra. Á þessu er misbrestur í íslensku skólakerfi.

Þetta segir Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálarfræði við Háskólann í Þrándheimi. Hann hefur um árabil unnið að rannsóknum á færniþróun og skipulagi skólastarfs og kynnt hugmyndir sínar sem hafa fengið góðan hljómgrunn, meðal annars í Noregi.

Eins og alþjóð veit voru niðurstöður úr PISA-rannsókn OECD fyrir árið 2012 kynntar á þriðjudag. Niðurstaðan er mikið áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag; 30% 15 ára pilta lesa sér ekki til gagns og staða krakkanna á landsbyggðinni er í frjálsu falli víðast hvar. Í heild versnar frammistaða íslenskra nemenda mikið þegar litið er aftur um áratug.

**Heimanámið í skólann**

„Það er ekki sami tími til að fylgja börnum eftir heima eins og áður var. Það eru auk þess spennandi verkefni sem glepja börnin og krefjast tíma, og á ég þá við tölvuna og alla þá möguleika sem henni fylgja. Mér varð líka hugsað til kreppunnar þegar ég sá þessi gröf, og hún hefur sennilega kostað sitt varðandi námið,“ segir Hermundur.



HERMUNDUR SIGMUNDSSON

Hermundur spyr hvort verið sé að nota réttar kennsluaðferðir, þær sem alþjóðlegar rannsóknir sannarlega sýna að virka betur en aðrar í lestrarkennslu. „Svo er þetta líka spurning um þjálfunina. Við vitum að 3-5% barna hafa lífeðlisfræðilega ástæðu fyrir lestrarerfiðleikum. En ef á 30% hópsins lesa sér ekki til gagns á sama tíma, þá má fullyrða að 25 til 27% þeirra hafi ekki fengið nægilega þjálfun. Það er það sem við verðum að bæta og fjölmargir krakkar fá hana ekki heima hjá sér, af ýmsum ástæðum. Getum við haft skólakerfið þannig að við forgangsröðum með þeim hætti fyrstu 4-5 skólaárin, að allir nái tökum á lestri?“ spyr Hermundur og bætir við að þjálfunin eigi að fara fram á skólatíma undir handleiðslu kennara sem getur metið hvar skórinn kreppir hjá hverjum og einum nemanda – og hann efast ekki um að kennararnir valdi starfi sínu. Þeim sé hins vegar gert að dreifa kröftunum um of – og þar sé gallaðri námsskrá um að kenna.

„Þjálfunin á að vera í skólanum en ekki heima. Verkefnin eru allt of flókin og álagið of mikið á kennarann, þess vegna. Krakkarnir eiga að læra alls konar hluti mjög snemma í stað þess að leggja áherslu á það sem skiptir máli – að lesa, skrifa og reikna sem er mikilvægast þangað til þau verða 10 ára gömul. Þá eru þau tilbúin til að kynna sér allt hitt – enda ráða þau þá við lestur sem er grundvöllur alls annars náms.“

**Fókusinn á börnin!**

Hermundur segir það misskilning að málið sé flókið. „Það verður að taka á vandanum með sameiginlegum aðgerðum og frumkvæðið á að koma frá menntamálaráðherra. Þá má bæta við að lengri skóladagur er engin lausn, og það er lengra nám kennara ekki heldur. Við þurfum styttri skóladag og meiri fókus. Börn þurfa líka að fá að hreyfa sig – að fá útrás. Rannsóknir sýna svart á hvítu að hreyfing í byrjun skóladags skapar ró næstu fjóra tíma á eftir fyrir þá sem eru virkastir, svo dæmi sé tekið.“

Það er skoðun Hermundar að nemendurnir eigi að vera miðpunktur skólastarfsins og það á að taka mið af þörfum þeirra. Á þessu sé misbrestur í íslensku skólakerfi. „Við látum börnin sitja í á annan klukkutíma án þess að hreyfa sig. Fullorðið fólk getur þetta ekki hvað þá sex eða sjö ára gamalt barn. Það sama á við um opin rými. Vinnandi fólki hentar þetta illa sem kemur fram í veikindum og fleiru. Opin rými eru ekki góð fyrir börn sem eiga við vanda að stríða, t.d. varðandi einbeitingu og ofvirkni. Svo eru sífellt fleiri skólar byggðir án þess að taka tillit til þessa. Við verðum að hanna skólana, jafnt sem skólastarfið, með tilliti til þess sem hentar börnum, en ekki þeim fullorðnu eins og nú er. Við setjum fókus á börnin og unglinganna. Við getum ekki – og megum ekki hafa einhvern annan fókus en það.“



**VIÐ MELASKÓLA** Yngstu börnin þurfa að glíma við of flókin verkefni á fyrstu árum skólagöngu sinnar. Þau eiga að ljúka skóladeginum í skólanum, en ekki heima að kvöldlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Skóli án aðgreiningar**

Á Íslandi starfa grunnskólar eftir hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar. Hugmyndafræðin á að búa nemendur með sérþarfir betur undir frekari menntun og þátttöku í samfélaginu, fremur en þeir séu eingöngu að umgangast aðra sem glíma við sömu vandamál.

„Það má skoða þessa stefnu og hvort hún sé að skila því sem að var stefnt. Það er erfitt að brjóta þetta upp vegna hagsmunatengsla. Margir foreldrar barna með sérþarfir biðja um að komast í sérskóla með sín börn, en hafa ekki möguleika á því. Því segi ég að við verðum að setja börnin og þarfir þeirra í forgang. Það er ekki erfitt að leysa þetta en það þarf vilja til,“ segir Hermundur að lokum.







## JÓLAHLAÐBORÐ SPÍRUNNAR

SPÍRAN
BORÐUM VEL

FJÖLDI FERSKRA OG LJÚFFENGRA RÉTTA S.S.

★ REYKT ÖND Á SALATI ÁSAMT TRÖNUBERJUM OG SYKRUÐUM HNETUM
★ RÆKJUR OG HÖRPUSKEL Í MANGÓ OG CHILI
★ LAMBALÆRI MEÐ BRÚNNI SÓSU OG KARTÖFLUSMÆLKI

Í HÁDEGINU FIMMTU- OG FÖSTUDAGA ★ NÁNAR Á WWW.SPIRAN.IS

Jólaleikur barnanna

TEIKNAÐU GARÐHEIMA
–HVER FÆR VERÐLAUN?

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Tannlæknafélag Íslands:

## Skaða sætuefni tennurnar?

Bakteríurnar í munninum breyta sykri sem við innbyrðum í sýru sem svo leysir upp glerung tanna, að því er segir á vef Tannlæknafélags Íslands. Sætuefni sem ekki innihalda hitaeiningar breytast ekki í sýru og skemma því ekki tennur.

Svokölluð sykuralkóhól eru til í náttúrunni og innihalda hitaeiningar. Algeng eru xylitol og sorbitol sem gjarnan eru notuð í tyggigúmmí og sælgæti.

Sorbitol getur breyst í sýru en það gerist svo hægt að það er ekki talið hafa nein áhrif, að því er kemur fram í umfjölluninni. Xylitol virðist hafa bakteríuhemjandi áhrif. Fullyrða má að tyggigúmmí með þessum sætuefnum valdi ekki tannskemmdum, segir á vef tannlækna.



**TYGGJÓ** Tyggigúmmí með xylitol og sorbitol veldur ekki tannskemmdum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Íslenskri ættleiðingu tryggð áframhaldandi starfsemi

Samningur var undirritaður við innanríkisráðuneytið. Tækifæri til að hrinda í framkvæmd fjölmörgum verkefnum sem setið hafa á hakanum, segir framkvæmdastjórinn. Rúmlega 60 bíða nú eftir barni að utan.

Starfsemi Íslenskrar ættleiðingar hefur nú verið tryggð en í fyrra þurfti að hætta við námskeið sem eru grundvöllur þess að fólk geti ættleitt barn. „Við gátum ekki haldið þau fyrr en við fengum aukafjárveitingu í fyrra. Við vorum byrjuð að velta því fyrir okkur að leggja félagið niður. Við verðum að starfa á réttum forsendum,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar.

Hann segir að undirritaður hafi verið samningur við innanríkisráðuneytið um 34 milljóna grunnfjárveitingu til félagsins í fjárlögum þessa árs og næsta en grunnfjárveitingin á fjárlögum í fyrra var 9,2 milljónir.

„Þetta gefur okkur tækifæri til að hrinda í framkvæmd fjölmörgum verkefnum sem við höfum áður þurft að láta sitja á hakanum. Það bárust mjög fáar umsóknir í fyrra þegar við blasti að það þyrfti að loka. Fólk leyfði sér ekki að láta sig dreyma um barn. Nú vörpum við öndinni léttar.“

Samkvæmt Haag-samningnum um velferð barna og ættleiðingar milli landa, sem Ísland undirritaði 2001, verða lönd að samþykkja grunnreglur um hvernig ættleiðing fer fram, bæði í upprunalandi og móttökulandi, að því er Kristinn greinir frá.

„Félagið fór fyrst á fjárlög við undirritun samningsins og fékk þá sex milljónir. Upphæðin hefur aldrei verið hugsuð í samhengi við ábyrgð félagsins. Okkar hlutverk er að gæta þess að ferlið sé rétt og að þeir umsækjendur sem verða foreldrar séu tilbúnir í hlutverkið. Það eru svo sýslumannsembættin sem taka endanlega ákvörðun um hverjir geta orðið foreldrar,“ segir Kristinn.

Spurður hvort einhverjir hætti við ættleiðingu eftir að hafa gert sér grein fyrir ábyrgðinni að loknu skyldunámskeiði félagsins segir hann svo vera. „Þeir sem loks fara út í þetta dásamlega ævintýri út í hinn stóra heim eru tilbúnir og vita hvað þeir eru að gera.“

Nú bíða 62 eftir barni, að sögn Kristins. „Þrjátíu eiga eftir að fá forsamþykki hér heima og senda sína umsókn utan en 32 umsóknir eru erlendis.“

Biðin eftir barni er mislöng eftir að umsóknin hefur verið samþykkt erlendis. „Í Kína er til dæmis farið eftir röð. Kínverjar voru nýlega að afgreiða umsókn sem barst þeim í nóvember 2006. Hins vegar getur það tekið stuttan tíma að fá barn af lista yfir börn með skilgreindar þarfir sem geta verið minniháttar en einnig mjög alvarlegar. Stysti tíminn sem við þekkjum er sólarhringur,“ segir Kristinn. Það sem af er þessu ári hafa átta börn verið ættleidd til Íslands en í fyrra voru þau 17. Flest komu frá Kína eða tólf, þar af voru tíu af lista yfir börn með skilgreindar þarfir. „Við finnum fyrir því núna að þessi listi hefur ekki verið skoðaður í ár. Umsóknir fóru hins vegar að detta inn þegar fréttir bárust af því að við fengjum meira fé. Við eigum von á því að við komum til með að vakta þennan lista nú í desember.“ ibs@frettabladid.is

### Fjöldi ættleiðinga undanfarin 10 ár

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Indland | 7 | 1 | 2 | 0 | 0 | 4 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Kína | 20 | 33 | 6 | 18 | 13 | 8 | 13 | 14 | 12 | 3 |
| Kólumbía | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 |
| Makedónía | - | - | - | - | - | - | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tékkland | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 2 | 2 | 4 |
| Tógó | - | - | - | - | - | - | - | - | 1 | 1 |
| | **28** | **35** | **8** | **20** | **13** | **14** | **18** | **19** | **17** | **8** |



**„Við vorum byrjuð að velta því fyrir okkur að leggja félagið niður.**

*Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar.*



**BARN Í KÍNA** Af þeim tólf börnum sem komu frá Kína til Íslands í fyrra voru tíu af lista yfir börn með skilgreindar þarfir. NORDICPHOTOS/AFP




Rannsókn vísindamanna á afleiðingum reykinga:

## Þung augnlok og hrukkurnar fleiri

Þeir sem reykja líta oft út fyrir að vera eldri en jafnaldrar þeirra sem reykja ekki. Þetta eru niðurstöður rannsókna bandarískra vísindamanna á 79 tvíburapörum frá 2007 til 2010. Í grein sem birtist á heimasíðu félags bandarískra lýtalækna, American Society of Plastic Surgeons, segir að af tvíburapörunum hafi annar reykt að staðaldri. Hinn hafi ekki reykt eða fimm árum skemur en systkinið. 57 af pörunum 79 voru konur og meðalaldur þeirra var 48 ár.

Tekið var tillit til sólbaða, streitu, áfengisneyslu, þyngdaraukningar og þyngdartaps. Þessi þættir höfðu svo lítið að segja að ekki var litið á þá sem marktæka.

Þeir sem reyktu voru almennt með þyngri augnlok og stærri bauga undir augunum en þeir sem ekki reyktu. Tvíburarnir sem reyktu voru einnig með fleiri og dýpri hrukkur í andlitinu, sérstaklega á efri og neðri vör, en hinir auk þess sem þeir voru með slappari húð við kjálkann. - ibs



**REYKINGAR** Fleiri og dýpri hrukkur geta myndast í andliti þeirra sem reykja. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlega bólan „no poo“ eða ekkert sjampó:

## Hárið þvegið með matarsóda og vatni

Þeir sem hafa vanið sig af því að nota sjampó við hárþvott segja hárið verða eðlilegra, að því er greint er frá á vef norska ríkisútvarpsins. Þar er haft eftir Anette Borge, sem ekki hefur notað sjampó um nokkurra ára skeið, að hún geti ekki hugsað sér að fara aftur að nota sjampó.

Borge kveðst hafa lesið á Youtube að hægt væri að nota matarsóda í stað sjampós og edik í stað hárnæringar. Í byrjun hafi fituframleiðslan aukist svolítið og hárið þess vegna orðið feitara en svo hafi fituframleiðslan orðið eðlileg á ný. „Mér finnst auðveldara að forma hárið, ég er aftur komin með krullur og liði og mér finnst hárið eðlilegra,“ segir Borge.

Haft er eftir sjampóframleiðanda að sjampó sé nauðsynlegt til að fjarlægja leifar af efnum sem notuð eru til að forma hárið. - ibs




**MATARSÓDI** Sumir þeirra sem hættir eru að nota sjampó við hárþvott nota í staðinn matarsóda. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
JÓLIN KOMA
Kransar 2.290
Days svefnsófi 227 cm
Tunga 150 cm
Days
99.900
Stóll
59.900
Hilla 19.990
Jólatré
9.990
Borð 49.900
Borð 39.900
Ljós 6.990
Glös frá 490
Kerti frá 590
Stóll 12.990 og pullur 9.990
Kollur
Grind 7.990
Pullur 1.990
Matarstell frá 590 mikið úrval
Jólatré lítið 1.290 stórt 2.590
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
ÍRIS
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Engir tollar innan Evrópu:

## Barnabílstólar dýrir á Íslandi

Barnabílstólar eru í 75 prósentum tilfella dýrari á Íslandi en í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Neytendasamtökin hafa borið saman verð á sextán barnabílstólum hér á landi og í löndunum þremur.

Niðurstaðan er sú að í tólf tilvikum er hæsta verð hér á landi og munar þar í sumum tilvikum miklu. Hvorki tollar né vörugjald er lagt á barnabílstóla sem framleiddir eru innan Evrópu en 10% tollur er lagður á stóla sem framleiddir eru utan EES-svæðisins. **- ebg**



**KRÆSINGAR** Nú er tími jólahlaðborða.

Veitingahús og jólahlaðborð:

## Innra eftirlit er nauðsynlegt

Matvælastofnun hefur birt leiðbeiningar til veitingahúsa sem bjóða upp á jólahlaðborð.

Veitingahús eiga að hafa innra eftirlitskerfi sem tryggir gæði, öryggi og heilnæmi.

Veitingastaðir eiga að tryggja að matvæli séu framreidd við rétt hitastig og að maturinn borinn fram við nægan hita. Einnig að upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda séu til staðar og að áhöld séu við hvern rétt til að hindra krossmengun á milli rétta. **- hg**

# Skoðið símreikningana vel

**Fulltrúi hjá Neytendasamtökunum segir algengt að fólk viti ekki fyrir hvað sé verið að rukka á fjarskiptareikningum. Samkvæmt lögum eigi að tilgreina það. Margt falli undir það sem skilgreint sé sem „önnur þjónusta“.**

„Það koma alltaf reglulega upp hjá okkur tilfelli þar sem fólk áttar sig ekki á símreikningnum og hefur mögulega verið ofrukkað,“ segir Ingibjörg Magnúsdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum.

Til er í dæminu að fólk hafi ekki hugmynd um hvað sé verið að rukka fyrir þegar það skoðar reikninginn. „Það kemur fram í lögum hvað þarf að koma fram á reikningnum. En undir aðra þjónustu og virðisaukandi þjónustu getur margt fallið, til dæmis styrkir, áskriftir, leiga á myndum ásamt mörgu öðru,“ segir Ingibjörg. Neytendasamtökin sendu erindi til fjarskiptafyrirtækja fyrir tveimur árum vegna þessa gjaldliðar.

„Það er alveg ógerlegt fyrir fólk að átta sig á hvað er í raun verið að innheimta og Neytendasamtökunum finnst alveg óásættanlegt að þessum kostnaðarlið sé ekki gefið sjálfstætt heiti á símreikningum,“ segir Ingibjörg. Hún hvetur alla til að hringja og biðja um frekari upplýsingar þegar þeir viti ekki hvað er verið að rukka fyrir. Öll fyrirtæki eiga að geta svarað slíkum fyrirspurnum. En fólk þarf þá að hafa yfirsýn yfir reikninga sína.

„Fólk þarf að vera meðvitað um reikningana sína. Það þarf að skoða þá í heimabankanum, það tekur ekki lengri tíma en að skoða póstsendan seðil, og kvarta strax ef það kannast ekki við eitthvað á reikningnum,“ segir Ingibjörg Magnúsdóttir. erlabjorg@frettabladid.is



**Það er alveg ógerlegt fyrir fólk að átta sig á hvað er í raun verið að innheimta.**

*Ingibjörg Magnúsdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum.*



**SÍMNOETENDUR** Fólk veit stundum ekki fyrir hvað símafyrirtækin eru að rukka.

## Erfitt að fá útskýringar á reikningum

Jón Einar Guðmundsson fékk í tvígang átta þúsund króna aukareikning frá Vodafone. Hann reyndi ítrekað að fá svör hjá þjónustuveri fyrirtækisins.

„Starfsfólkið í þjónustudeildinni gat ekki gefið mér útskýringu á þessari viðbót, sagði að þetta væri líklega bara heimasíminn eða GSM-síminn, en það væri ekki með upplýsingar um það.“

Jón Einar er með viðskipti sín við Vodafone í greiðsluþjónustu og því fannst honum undarlegt að þessi reikningur bættist við. „Eftir nokkrar tilraunir til að fá útskýringar leitaði ég til þriðja aðila sem gat séð að það væri verið að ofrukka mig. Þá fékk ég þetta endurgreitt.“

Jón Einar vildi vekja athygli á þessu því það væru örugglega fleiri sem lenda í þessari stöðu. „Það er slæmt að fá ekki útskýringar þegar maður hringir í þjónustuverið og það er erfitt að fá leiðrétt mistök þegar fólkið sem þjónustar þig getur ekki svarað fyrir þau.“








**Á ÍTALÍU** Auka á réttindi þeirra sem setja sjálfir saman ferðir sínar á vefsíðu ferðasala. NORDICPHOTOS/GETTY

Betri réttindi neytenda á EES-svæðinu:

## Leggja til aukna vernd ferðalanga

Í tillögu að nýrri tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ESB, segir að ferðasali verði að bera ábyrgð gagnvart neytendum þegar þeir setja saman eigin ferð á vefsíðu hans. Þessi breyting þýðir að mati ESB að með því fái 120 milljónir manna á EES-svæðinu vernd sem gildandi reglur um alferðir hafa ekki náð til. Frá þessu er greint á vef Neytendastofu.

Þar segir jafnframt, að samkvæmt þeim reglum sem gilda nú sé ferðaseljendum skylt að leggja fram tryggingar, þannig að neytendur geti fengið endurgreiðslu á greiðslum sem þeir hafa greitt ef fyrirtæki verða gjaldþrota eða óvæntar aðstæður koma upp, til þess að ávallt sé tryggt að unnt sé að flytja neytendur heim. Hér hafi verið valin sú leið að þeir sem selja ferðir leggja hver um sig fram starfsábyrgðartryggingu.

Á vef Neytendastofu segir að þegar nýjar reglur verði samþykktar þurfi að endurskoða núgildandi lög um alferðir sem Neytendastofa hefur eftirlit með svo og reglur um rétt neytenda til endurgreiðslu á fyrirframgreiðslum. **- ibs**

**120** milljónir manna á EES-svæðinu fá, að mati Evrópusambandsins, með breytingunni vernd sem gildandi reglur um alferðir hafa ekki náð til.

# FÖNDRUM Á AÐVENTU

## 40% - 60% afsláttur af ÖLLU jólaföndri

-40% TIL -60%



Jólaföndursett „Vetarkúlur" **1.619,-**
Ummál 6 sm. Efni í 4 stk.
Verð áður 2.695,-



Jólaföndursett „Skíðafjölskylda" **2.099,-**
Hæð 8,5 sm. Efni í 4 stk.
Verð áður 3.495,-

Með Panduro geta allir í fjölskyldunni föndrað, líka þau yngstu, leyfðu sköpunargleði barnanna að njóta sín



Jólaföndursett „Könglastelpa" **999,-**
Hæð 22 sm. Efni í 1 stk.
Verð áður 2.495,-



Jólaföndursett „Uglur í óróa" **1.499,-**
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Hæð 6 sm
Verð áður 2.495,-



Jólaföndursett „Sleðamýs" **1.079,-**
Hæð 6 sm. Efni í 3 stk.
Verð áður 2.695,-



Jólaföndursett „Kramarhús" **1.599,-**
Hæð 22 sm. Efni í 6 stk.
Verð áður 3.995,-



Jólaföndursett „Jólafígúrur" **1.079,-**
Hæð 6 - 9 sm. Efni í 4 stk.
Verð áður 2.695,-



Jólaföndursett „Piparkökukarlar" **1.499,-**
Hæð 11 sm. Efni í 6 stk.
Verð áður 2.495,-



Jólaföndursett „Litlir jólasveinar" Hæð 6 sm. Efni í 12 stk. **1.599,-**
Verð áður 2.695,-



Jólaföndursett „Þreytta músin" **1.499,-**
Lengd 12 sm.
Efni í 1 stk.
Verð áður 2.495,-



Jólaföndursett „Englahengi" **1.279,-**
Hæð 9 sm. Efni í 6 stk.
Verð áður 3.195,-

Þetta tilboð gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

**www.a4.is / sími 580 0000**
**A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði**
**A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi**
**Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is**

A4

# JÓLABÆKURNAR

Hagkaup Smáralind laugardaginn 7.des. kl.15:00 verður Ragnar að árita bók sína *Fjallaland*

**FJALLALAND** – RAGNAR AXELSSON
8.999 KR

**BROSBÓKIN** – Jóna Valborg Árnadóttir, Elsa Nielsen
2.580 KR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

**VÍSINDABÓK VILLA** – VILHELM ANTON JÓNSSON
30% AFSLÁTTUR
3.490 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.990 KR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

**Sæmd** – Guðmundur Andri Thorsson
4.190 KR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

**Húmör í Hafnarfirði** – Ingvar Viktorsson
30% AFSLÁTTUR
2.080 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 2.980 KR

**Bernskudagar** – Óskar Jóhannsson
Æskuminningar Óskars í Sunnubúðinni
3.760 KR

**Von** – Saga Amal Tamimi
35% AFSLÁTTUR
3.880 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.980 KR

**Snorri á Fossum** – Bragi Þórðarson
3.890 KR

30% AFSLÁTTUR
4.890 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 6.990 KR

Hagkaup Smáralind sunnudaginn 8.des. kl.16-17 verður Theodóra Mjöll að kynna bók sína *Lokkar*

Hagkaup Skeifunni laugardaginn 7.des. kl.13-14 verður Yesmine að kynna bók sína *Í tilefni dagsins*

**Lokkar**
3.560 KR

**Í tilefni dagsins** – Yesmine Olsson
Ögrandi, létt og litrík matreiðsla
32% AFSLÁTTUR
3.990 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 5.899 KR

**Freistingar Thelmu** – Thelma Þorbergsdóttir
30% AFSLÁTTUR
3.460 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.950 KR

**FLUGUVEIÐIRÁÐ**
30% AFSLÁTTUR
3.460 KR
UPPHAFLEGT VERÐ 4.950 KR

**LIVERPOOL**
KYNNINGARVERÐ 2.090 KR
VENJULEGT VERÐ* 2.999 KR

Gildir 5.-8. desember. *Venjulegt verð er það verð sem bókin mun kosta að loknu kynningarverði.

**EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA**

Skilamiði – Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt. – HAGKAUP

# Á BETRA VERÐI Í HAGKAUP

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM

MÁNASTEINN – DRENGURINN SEM ALDREI VAR TIL – SJÓN
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
3.490KR

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR – DÍSUSAGA
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
4.400KR

GUÐNI – Léttur í lund – GAMANSÖGUR OG LITRÍKIR SAMFERÐAMENN
35% AFSLÁTTUR
4.080KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.290KR~~

LYGI – YRSA SIGURÐARDÓTTIR
4.200KR

Frá hestum til hestafla
30% AFSLÁTTUR
4.890KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.999KR~~

LEIFTUR Á HORFINNI ÖLD – GÍSLI SIGURÐSSON – HVAÐ ER MERKILEGT VIÐ ÍSLENSKAR FORNBÓKMENNTIR?
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
KYNNINGARVERÐ 3.490KR
VENJULEGT VERÐ* ~~4.990KR~~

FJALLABÓKIN – JÓN GAUTI JÓNSSON
30% AFSLÁTTUR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
3.840KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~5.499KR~~

Fiskarnir hafa enga fætur – Jón Kalman Stefánsson
32% AFSLÁTTUR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
4.400KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~6.490KR~~

ARNALDUR INDRIÐASON – Skuggasund
4.540KR

Sjóræningjarnir í næsta húsi
30% AFSLÁTTUR
2.799KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.999KR~~

Guðjón Davíð Karlsson – Jólaandinn
30% AFSLÁTTUR
2.650KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~3.790KR~~

Andri Snær Magnason – TÍMAKISTAN
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
30% AFSLÁTTUR
3.070KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.390KR~~

STROKUBÖRNIN Á SKUGGASKERI – SIGRÚN ELDJÁRN
30% AFSLÁTTUR
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
2.990KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.299KR~~

SIF SIGMARSDÓTTIR – FREYJU SAGA – MÚRINN
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
30% AFSLÁTTUR
2.990KR
UPPHAFLEGT VERÐ ~~4.299KR~~

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Rafræn ávísun virkra efna:

## Ný uppfærsla tekin í notkun

Tekin hefur verið í notkun ný útgáfa lyfjaumsýslukerfisins Therapy frá Dojo Software. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Akureyri og starfsemi í Danmörku og Hollandi. „Nú geta læknar á sjúkrahúsunum St. Elizabeth og Twee-Steden í Tilburg í Hollandi ávísað rafrænt virkum efnum lyfja án þess að tiltaka sérlyf,“ segir í tilkynningu Dojo Software. Kerfið var uppfært um mánaðamótin, en eldri útgáfa hefur verið í notkun á sjúkrahúsunum í tæpan áratug. - óká

Tímaritið The Banker, í eigu Financial Times, horfir til árangurs við byggingu nýs fjármálakerfis hér:

# Arion banki valinn banki ársins á Íslandi

Arion banki varð fyrir valinu hjá tímaritinu The Banker, sem gefið er út af The Financial Times, sem banki ársins á Íslandi árið 2013.

„Er þetta í fyrsta skipti frá árinu 2007 sem tímaritið veitir íslenskum banka þessa viðurkenningu og er það til marks um þann árangur sem náðst hefur á undanförnum árum við uppbyggingu nýs fjármálakerfis hér á landi,“ segir í tilkynningu Arion banka. Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, tók á móti viðurkenningunni fyrir helgi.

„Í rökstuðningi fyrir vali sínu á Arion banka litu fulltrúar tímaritsins ekki síst til árangurs bankans við að auka fjölbreytni fjármögnunar,“ segir í tilkynningunni, en bankinn hefur sótt sér nýja fjármögnun bæði hér á landi sem og erlendis og minnkað þar með vægi innlána í fjármögnun. „Fyrr á árinu gaf Arion banki út skuldabréf í norskum krónum og varð þar með fyrsti íslenski bankinn frá árinu 2007 til að gefa út skuldabréf í erlendri mynt.“ Að auki varð bankinn fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja til að gefa út óverðtryggð sértryggð skuldabréf innanlands.

Tímaritið er einnig sagt hafa horft til árangurs sem náðst hafi við að lækka hlutfall lána í alvarlegum vanskilum í lánasafni bankans. „Íslenskir bankar hafa glímt við hátt hlutfall vanskila en hafa náð miklum árangri á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar þeirrar umfangsmiklu vinnu sem farið hefur fram við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og heimila.“ - óká



**FRÁ AFHENDINGU** Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, tekur við viðurkenningu frá fulltrúum The Banker. MYND/ARION BANKI



**SPJALLAR VIÐ LÖGMANN SINN** Cecilia Abadie með Google Glass-gleraugun á tali við lögmann sinn fyrir utan umferðarlagadómstólinn í San Diego. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Álitamál tengd notkun Google Glass fyrir dómi vestra:

## Fékk sekt vegna gleraugnanna

**BANDARÍKIN, AP Fyrir dómi í San Diego í Bandaríkjunum er tekist á um lögmæti sektar sem Cecilia Abadie fékk fyrir að aka með Google Glass-tölvugleraugu. Hún er í hópi þeirra sem fengið hafa að prófa tækið, en það á ekki að fara í sölu fyrr en á næsta ári. Hún var gripin fyrir of hraðan akstur í San Diego og bætti lögreglumaðurinn við sekt vegna augnbúnaðarins. Bannað væri að horfa á vídeó- eða sjónvarpsskjá við akstur, en á gleraugunum er agnarmár skjár fyrir ofan hægra auga. Fyrir dómi er nú tekist á um hvort konan hafi í raun brotið umferðarlög. Hún segir tækið hafa farið í gang þegar hún leit upp á lögreglumanninn.** - óká

# Bjóða upp á bankalaus kortaviðskipti

Fyrirtækið iKort hóf nýverið dreifingu á greiðslukorti sem er ekki tengt við bankareikning og er gefið út af breska fyrirtækinu Prepaid Financial Services. Framkvæmdastjóri iKort segir eftirspurn eftir korti sem „fer ekki í manngreinarálit“.

„Það eru greinilega hópar fólks sem sjá þörf á því að geta stundað viðskipti án þess að vera með reikning í banka og velja kort sem fer ekki í manngreinarálit,“ segir Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri iKort.

Fyrirtækið hóf nýverið dreifingu á greiðslukortinu iKort, sem er frábrugðið öðrum kortum að því leyti að það er ekki tengt við bankareikning. Það er inneignarkort sem er gefið út á vegum breska fyrirtækisins Prepaid Financial Services, sem lýtur að sögn Ingólfs eftirliti breska fjármálaeftirlitsins.

„Korthafi þarf því ekki leyfi viðskiptabankanna til að stofna eða nota kortið eða fara í greiðslumat. Það eru yfir þrjátíu þúsund aðilar sem fá ekki greiðslukort í dag og margir þeirra eru búnir að fara í gegnum erfiða tíma og eru ekki alltaf ánægðir með sinn viðskiptabanka. Síðan er fullt af fólki sem vill ekki nota sín greiðslukort þegar það verslar á netinu,“ segir Ingólfur og tekur fram að það séu fyrst og fremst þessir tveir hópar fólks sem hafi sótt um kortið.




„Við erum ekki í útlánastarfsemi enda erum við bara tvö sem störfum á skrifstofunni. Fyrirtækið er ekki vörsluaðili þeirra fjármuna sem notendur leggja inn á kortin en fyrirtækið hefur hins vegar stofnað sérstakan reikning í viðskiptabanka þar sem inneignirnar eru geymdar.“




**Á SKRIFSTOFUNNI** Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá iKort, segir að inneignarkortum fari ört fjölgandi í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Spurður um hvaðan hugmyndin að dreifingu kortsins hér á landi sé komin segir Ingólfur að hún sé upphaflega komin frá Viktori Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Kreditkorta hf. Hann segir einnig að kortið sé fyrsta greiðslukort sinnar tegundar hér á landi.

„Þetta er sú tegund korta sem er að breiðast hvað mest út í heiminum í dag. Kortið er alþjóðlegt og það er hægt að nota það á yfir 32 milljón stöðum í heiminum og þar með talið í hraðbönkum þar sem Mastercard er með samninga. Korthafar þurfa því ekki að sækja um ferðagjaldeyri í reiðufé áður en farið er til útlanda og einnig er hægt að nota það til að koma peningum til vina og vandamanna í útlöndum,“ segir Ingólfur.

haraldur@frettabladid.is

> **Það eru yfir þrjátíu þúsund aðilar sem fá ekki greiðslukort í dag og margir þeirra eru búnir að fara í gegnum erfiða tíma og eru ekki alltaf ánægðir með sinn viðskiptabanka.**
>
> *Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri iKort.*

Fasteignir á landsbyggðinni:

## 256 þinglýsingar í nóvember

Alls 256 samningum vegna fasteignakaupa var þinglýst utan höfuðborgarsvæðisins í nóvember.

Heildarvelta samninganna nam 4,8 milljörðum króna, að því er segir á vef Þjóðskrár Íslands.

Veltan var mest á Norðurlandi, eða um tveir milljarðar króna. Þar var 92 samningum þinglýst og af þeim voru 67 vegna fasteigna á Akureyri. 59 samningar skiluðu sér til sýslumanna á Suðurlandi og þar af voru samningar vegna eigna á Árborgarsvæðinu, sem nær yfir sveitarfélögin Árborg, Hveragerði og Ölfus, 36 talsins. Fasteignasala á Vestfjörðum rak síðan lestina með tíu kaupsamninga. - hg

Promens opnar verksmiðju:

## Fyrsta skrefið tekið í Taicang

Promens hefur opnað nýja verksmiðju í Taicang í Kína. Jakob Sigurðsson, forstjóri fyrirtækisins, gangsetti verksmiðjuna 30. nóvember síðastliðinn.

Um leið undirritaði Hermann Þórisson, stjórnarformaður Promens, viljayfirlýsingu um stækkun verksmiðjunnar við Wang Hong Xing, formann kommúnistaflokksins í Chengxiang.

Haft er eftir forstjóra Promens að opnunin í Taicang sé bara fyrsti áfangi af fyrirhugaðri starfsemi í Kína. Til að byrja með sé áhersla á framleiðslu fyrir fyrirtæki í matvælaiðnaði. Snemma á næsta ári hefjist svo framleiðsla fyrir bílaiðnað. - óká

FJARÐALAX

**Framleiðsluaukning á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði**

**Drög að matsáætlun**

Teiknistofan Eik kynnir fyrir hönd Fjarðalax ehf drög að tillögum að matsáætlun um framleiðslu á laxi í sjókvíum samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða allt að 7.000 tonna aukningu á framleiðslu þriðja hvert ár í Patreksfirði og Tálknafirði. Drögin eru birt á heimasíðu Teiknistofunnar, www.teiknistofan.is og er almenningi gefinn kostur á að kynna sér drögin og gera athugasemdir.

Athugasemdir sendist á netfangið **gunnar@teiknistofan.is** eða í pósti til:
Teiknistofan Eik ehf.
Suðurgata 12
400 Ísafjörður

Teiknistofan Eik ehf.

Athugasemdir þurfa að berast eigi síðar en 20. desember 2013

Uppgjörstímabilið í Nasdaq OMX Kauphöll Íslands er á enda runnið:

# Bréf Össurar hækkuðu mest

Gengi hlutabréfa Össurar hækkaði mest af félögum Kauphallarinnar eftir að uppgjör vegna þriðja ársfjórðungs var birt. Þetta kemur fram í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka í gær.

„Öll félögin birtu uppgjör í lok október eða nóvember og hafði birtingin mismikil áhrif á gengi félaganna,“ segir í umfjölluninni í Morgunkorni bankans. Bréf Össurar hækkuðu um 3,9 prósent daginn eftir birtingu.



„Næstmest var hækkun bréfa í Vodafone, eða um 3,2 prósent, en segja má að með uppgjöri þriðja ársfjórðungs hafi félagið loksins fengið uppreisn æru eftir töluvert ýkt viðbrögð við slæmu uppgjöri á fyrsta ársfjórðungi.“

Bent er á að yfir nóvembermánuð hafi bréf Vodafone samtals hækkað um 4,8 prósent og hafi gengi félagsins staðið í 29,75 krónum á hlut í lok hans. „Í kjölfar árásar á vef félagsins um síðustu helgi lækkaði gengi félagsins hins vegar töluvert aftur og stendur nú í kringum 26 krónur á hlut.“ Um leið er bent á að gengi félagsins hafi hækkað verulega bæði í október og nóvember. Lækkunin nú í byrjun mánaðarins hafi ekki náð að þeirri hækkun að fullu.

Í umfjöllun Greiningar er jafnframt vísað í nýbirtar tölur Kauphallarinnar um veltu í nóvember. Hún nam tæpum 20 milljörðum króna, örlítið meiri en að jafnaði í september og október. Mest viðskipti voru með bréf Icelandair, sem stóðu undir 31 prósenti veltunnar. Um leið bendir Greining Íslandsbanka á að bréf Marel hafi tekið „óvæntan kipp“ og félagið því með næstmesta veltu í Kauphöllinni þann mánuð. - óká

# VERÐIÐ ER BETRA EN VEÐRIÐ



Rúðuskafa kr.

**190**

Rúðuskafa með bursta

**490**



Rúðuvökvi -18°C 4 lítrar

**690**




Skóbakkar, tilvalið á heimilið eða í bílinn

**990**



Hálkusalt 5 kg

**490**




Deka Tjöru- og olíuhreinsir 4 lítrar

**1.890**




S805-2Y ál snjóskófla L:110cm

**1.890**



S805-3Y ál snjóskófla L:140cm B:28cm

**2.190**



Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w

**4.490**



Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa

**8.890**




Rafmagnshitablásari 2Kw

**1.890**



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

Hvað er hægt að vera í stórri mótsögn við sjálfan sig?

# Ráðherra verður voða hissa

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra þykist ógurlega hissa á ákvörðun Evrópusambandsins, að skrúfa fyrir IPA-styrkina svokölluðu til samstarfsverkefna sem þegar voru komin í gang áður en utanríkisráðherrann ákvað að gera hlé á aðildarviðræðunum við ESB.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Lesendum og ráðherranum til upprifjunar er tilgangurinn með IPA-styrkjunum að búa stjórnsýslu og atvinnulíf í ríkjum, sem stefna að aðild að Evrópusambandinu, undir þá aðild.

Ísland hefur ekki dregið umsókn sína að Evrópusambandinu formlega til baka. En Gunnar Bragi Sveinsson hefur gert ótímabundið hlé á aðildarviðræðunum, Gunnar Bragi Sveinsson hefur leyst upp samninganefndina og undirhópa hennar, Gunnar Bragi Sveinsson hefur lýst því yfir að það standi ekki til að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna og Gunnar Bragi Sveinsson hefur lýst því yfir að viðræðunum verði ekki haldið áfram á hans vakt.

Svo er Gunnar Bragi Sveinsson gasalega hissa þegar Evrópusambandið telur ekki ástæðu til að eyða peningum skattgreiðenda í undirbúning aðildar Íslands. Gunnari Braga finnst þetta „óskiljanlegt“ og „forkastanlegt“ og „ekki til þess fallið að lyfta ímynd ESB á Íslandi að neinu leyti“.

Er hægt að hafa svona lítinn skilning á rökréttum afleiðingum eigin gerða og yfirlýsinga?

Gunnar Bragi sagði í Bylgjufréttum í gær að túlka mætti þetta svo að Ísland væri ekki lengur velkomið í ESB. Það ber talsmaður sambandsins til baka í Fréttablaðinu í dag. Æðstu menn ESB hafa raunar margítrekað að Ísland sé velkomið og engin breyting hafi orðið á afstöðu sambandsins. En er einhver hissa á að það telji ekki ástæðu til að eyða peningum í land utanríkisráðherrans sem vill ekki vera í aðildarviðræðum?

Stjórnarandstöðuþingmaðurinn Gunnar Bragi Sveinsson hefði alltént ekki verið hissa á því. Hann hélt á síðasta kjörtímabili marga tugi þingræðna gegn því að Ísland þægi IPA-styrkina. Inntakið í þeim var í fyrsta lagi að það væri í hæsta máta óeðlilegt að taka við styrkjunum. Þeir væru „glerperlur og eldvatn“, notaðir í „áróðursstarfsemi“ og til að „bera fé á íslenska þjóð til að kaupa sér góðvild hennar, til að kaupa sér fylgi við þessa gölnu vegferð“.

Þingmanninum Gunnari Braga fannst í öðru lagi „ekki siðlegt“ að „þiggja fjármuni sem eflaust gætu nýst einhverjum öðrum miklu betur en okkur“ og sá auðvitað fyrir hvað myndi gerast: „Ef við segjum svo nei hljóta menn að spyrja: Bíddu, af hverju voruð þið að taka við þessum peningum ef þið ætluðuð ekki þarna inn? Við gátum notað þessa aura í eitthvað allt annað. Hvað á þetta að þýða?“

Loks vildi Gunnar Bragi að „ef þetta fer allt í vitleysu“ bæru íslenzk stjórnvöld áfram ábyrgð á ferlinu. „Stjórnvöld hljóta að ljúka þeim verkefnum sem farið var af stað með, ég get ekki litið öðruvísi á það.“ Í gær fannst Gunnari Braga „mjög bratt af Evrópusambandinu að henda boltanum til íslenskra stjórnvalda“.

Hvað er hægt að vera í stórri mótsögn við sjálfan sig?

Þessi leikaraskapur utanríkisráðherrans er móðgun við vitsmuni kjósenda á Íslandi. Við erum ekki svona vitlaus – og það getur bara ekki verið að hann sé það heldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þvílíkt sjokk**
Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var alveg gáttaður þegar í ljós kom að ESB var bara ekkert til í að rúlla hundruðum milljóna í verkefni hér á landi tengd aðildarferli Íslands við sambandið. Þetta mál er auðvitað hið bagalegasta fyrir aðstandendur verkefnanna, sem eru flest eða öll ákaflega verðug og munu koma íslensku samfélagi vel, hvort sem kemur til aðildar eður ei, en viðbrögð og yfirlýst vonbrigði ráðherra mega teljast skjóta skökku við.



**Glerperlurnar og allt það**
Þegar ráðherra var í stjórnarandstöðu vék hann ótal sinnum að IPA-styrkjunum og þeirri óhæfu sem honum fannst að þiggja fjármunina sem hann kallaði oftar en einu sinni „glerperlur og eldvatn“. Í bloggfærslu harmar ráðherra nú þetta útspil ESB og spyr hvað hafi breyst frá því að sambandið ákvað að halda þó áfram að fjármagna verkefni sem þegar voru hafin. Hann ætti mögulega að líta sér nær í því tilliti því að eitt af því sem breyttist í millitíðinni er að hann leysti upp samninganefndir Íslands. Er það ekki eitthvað?



**Kakan og gjafirnar**
Málið er sumsé þetta ævaforna vandamál þeirra sem vilja bæði éta kökuna og eiga hana. ESB er ekki boðið í afmælið, en Gunnari Braga finnst fráleitt að þeir haldi ekki áfram að gefa okkur pakka!

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# PISA-könnun, iðnnám og menntastefna

MENNTUN



Guðmundur J. Guðmundsson
framhaldsskólakennari

Undanfarna daga hefur um fátt verið meira rætt manna á meðal og í fjölmiðlum en nýbirta PISA-könnun sem sýnir svo ekki verður um deilt að víða er pottur mölbrotinn í grunnskólakerfinu. Þetta eru svo sem ekki ný sannindi fyrir þá sem til þekkja innan menntakerfisins en ætti nú að vera augljóst öllum sem skilja vilja.

Annað olnbogabarn menntakerfisins er starfs- og iðnnám en það er kunnara en frá þurfi að segja að allt of fáir leggja slíkar greinar fyrir sig. Það virðist því á borð leggjandi hvaða verkefni séu mest aðkallandi fyrir nýjan, kraftmikinn og metnaðarfullan menntamálaráðherra.

Eini þáttur skólakerfisins fram að háskólanámi sem er í þokkalegu standi er bóknám til stúdentsprófs. Það skilar flestum stúdentum frá sér með viðunandi undirbúning undir háskólanám, hafi þeir á annað borð áhuga á því, og það hefur hingað til verið traustur aðgöngumiði íslenskra stúdenta að erlendum háskólum.

Umbætur og lagfæringar á brotalömum grunnskólans og efling starfs- og iðnnáms eru því verkefni dagsins og sá ráðherra sem kæmi þeim í þokkalegt horf myndi skrá nafn sitt varanlega á spjöld menntasögu þjóðarinnar. En, nei, menntamálaráðherra hefur að vísu áhyggjur af ástandinu í grunnskólanum en hans aðalmarkmið og verkefni á kjörtímabilinu er að stytta og skerða bóknám til stúdentsprófs, á iðnnám hefur ekki verið minnst.

**➜ Það er erfitt að átta sig á stefnu núverandi ráðherra í menntamálum þar sem markmiðið virðist einkum vera að hunsa vandamálin og skaða það sem þó er í sæmilegu lagi.**

Það er erfitt að átta sig á stefnu núverandi ráðherra í menntamálum þar sem markmiðið virðist einkum vera að hunsa vandamálin og skaða það sem þó er í sæmilegu lagi. Líklega eiga hér best við orð sýslumannsins á Akranesi þegar hann frétti að mannvitsbrekkurnar í innanríkisráðuneytinu hefðu falið sýslumanninum í Stykkishólmi að tollafgreiða skip sem lögðu að í Hvalfirði: „Hafa þetta bara sem vitlausast.“

# Heimurinn fylgist með RÚV

MENNING
**Vladimir Ashkenazy** píanóleikari og hljómsveitarstjóri
**Leif Ove Andsnes** píanóleikari
**Rumon Gamba** hljómsveitarstjóri
**Hilary Hahn** fiðluleikari
**Pekka Kuusisto** fiðluleikari
**Nico Muhly** tónskáld
**Viktoria Postnikova** píanóleikari
**Gennady Rozhdestvensky** hljómsveitarstjóri
**Kiri Te Kanawa** söngkona
**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri
**Martin Fröst** klarínettuleikari

Ísland er menningarþjóð. Við undirrituð vitum þetta vel af eigin reynslu. Við erum tónlistarfólk frá ýmsum löndum: hljómsveitarstjórar, hljóðfæraleikarar, söngkona og tónskáld. Við eigum það sameiginlegt að hafa öll haldið eftirminnilega tónleika fyrir forvitna, víðsýna og menntaða áheyrendur á Íslandi.

Við höfum miklar áhyggjur af framtíð Ríkisútvarpsins á Íslandi. Okkur hefur borist til eyrna að í síðustu viku hafi 39 verið sagt upp störfum samstundis og að hótað sé enn fleiri uppsögnum. Rás 1, menningarrásin, hefur fengið harðasta skellinn, ekki síst tónlistardeildin. Af öllu starfsliði hennar eru nú aðeins tveir eftir. Framvegis verða þar engir sérfræðingar í barokktónlist, djassi eða samtímatónlist, enginn kynnir frá sinfóníutónleikum, enginn sérmenntaður tónmeistari til að hljóðrita klassískan tónlistarflutning.

Allt frá því að Ríkisútvarpið var stofnað árið 1930 hefur það verið meginstoð í íslensku menningarlífi. Það hefur sent út metnaðarfulla þætti og hljóðritað þúsundir tónleika. Hljóðritasafn Ríkisútvarpsins er ómetanleg heimild um tónlistarflutning á Íslandi á 20. og 21. öld. Við höfum öll verið þeirrar gæfu aðnjótandi að starfa með frábæru starfsfólki RÚV; þau hafa hljóðritað og sent út tónleika okkar í Háskólabíói, Hörpu, Laugardalshöllinni og fleiri tónleikastöðum. Okkur þykir grátlegt að nú sé þessu metnaðarfulla starfi teflt í tvísýnu.

Við höfum fullan skilning á því að Ísland er í vanda statt hvað efnahag varðar. En við gerum okkur einnig grein fyrir því að RÚV hefur gegnt lykilhlutverki í íslensku þjóðlífi, verið „háskóli fólksins“, farvegur gagnrýninnar umræðu og hefur staðið vörð um hugsjón um upplýst, menntað samfélag. Hinn grimmilegi niðurskurður á Ríkisútvarpinu er ekki nauðsyn, heldur ákaflega misráðið val. Með brottrekstrinum er gerð atlaga að einni af meginstoðum íslensks tónlistarlífs. Þessi ákvörðun er til marks um forgangsröðun sem brýtur gegn lögbundnu hlutverki RÚV, þar sem kveðið er á um að stofnunin skuli uppfylla „menningarlegar þarfir“ íslensku þjóðarinnar. Við undirrituð hvetjum stjórn RÚV, Alþingi Íslendinga og menntamálaráðherra að beita sér í málinu þegar í stað. Heimurinn fylgist með ykkur.



**➜ Hljóðritasafn Ríkisútvarpsins er ómetanleg heimild um tónlistarflutning á Íslandi á 20. og 21. öld.**

# Að vera sjálfboðaliði er sjálfselska!

SAMFÉLAG



**Magnea Sverrisdóttir** djákni

Í dag er alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða haldinn hátíðlegur. Það er fátt dýrmætara í þjóðfélaginu en fólk sem gefur af tíma sínum til hinna ýmsu málefna.

Því hefur verið haldið fram að sjálfboðastarf auki lífsgæði fólks fyrir utan þau jákvæðu áhrif sem störf sjálfboðaliða hafa á samfélagið. Það eru forréttindi að fá að tilheyra samfélagi eða hópi fólks þar sem kraftar hvers og eins fá að njóta sín.

KFUM og KFUK á Íslandi er 114 ára gömul sjálfboðaliðahreyfing sem stendur að faglegu barna- og æskulýðsstarfi á kristilegum grunni. Það sem hefur einkennt starf KFUM og KFUK í gegnum tíðina eru sameiginleg markmið og ómæld vinna sjálfboðaliða á öllum aldri. Í KFUM og KFUK á Íslandi starfa u.þ.b. 500 sjálfboðaliðar í stjórnum, ráðum, nefndum, barnastarfi, fullorðinsstarfi, leikskóla og í sumarbúðum. KFUM og KFUK væri ekki það sem það er í dag nema vegna þeirra kynslóða af fólki sem gefið hafa vinnu sína og þannig sýnt umhyggju sína í verki.

Samfélagið hefur á síðustu árum í auknum mæli metið reynslu sjálfboðaliða. Til marks um það má nefna að sjálfboðaliðar í barna- og æskulýðsstarfi KFUM og KFUK hafa fengið metnar einingar í nokkrum framhaldsskólum, rétt eins og þeir sem stunda tónlistar- og listnám.

Það að vera sjálfboðaliði er í raun sjálfselska. Með því á ég við að þegar við gefum af tíma okkar með gleði erum við ekki bara að láta gott af okkur leiða heldur líka byggja okkur sjálf upp. Með því bætum við lífsgæði okkar. Það er ekki svo að skilja að einstaklingar sem gefa vinnu sína séu á einhvern hátt betri en aðrir. Þeir eru í sjálfboðastarfi vegna þess að það bætir einhverju jákvæðu í líf þeirra, annars væru þeir ekki að gefa af tíma sínum í hverri viku.

Um leið og KFUM og KFUK á Íslandi þakka öllum sínum sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf, eru öllum landsmönnum sem sinna sjálfboðastarfi í kirkjum, hjálparsveitum og hinum fjölmörgu félagasamtökum færðar þakkir fyrir dýrmæt störf landi og þjóð til heilla.

**➜ Það eru forréttindi að fá að tilheyra samfélagi eða hópi fólks þar sem kraftar hvers og eins fá að njóta sín.**



# Karlaheimur

KYNBUNDIÐ OFBELDI



Stefán Máni
rithöfundur

Einu sinni sem oftar fór ég með bílinn á dekkjaverkstæði. Ef til er erkitýpískur karlastaður þá komast verkstæði ansi nærri því. Þegar ég kom inn í afgreiðsluna voru tveir aðrir viðskiptavinir að bíða þess að röðin kæmi að þeim, karl og kona. Svo bættist enn einn karlinn við.

Karlinn sem var á undan mér fékk afgreiðslu, röðin var sem sagt komin að konunni. Hún stóð pen og stillt upp við vegg, næstum inni í horni, og beið þolinmóð. En þegar afgreiðslumaðurinn birtist beinir hann athyglinni að mér en ekki konunni.

„Ég er ekki næstur,“ segi ég en hef varla sleppt orðinu þegar sá sem er á eftir mér í röðinni nær athygli afgreiðslumannsins. Konan fórnar höndum en enginn tekur eftir því. Þegar afgreiðslumaðurinn ætlaði svo að afgreiða mig næst þurfti ég að benda honum kurteislega á konuna, sem var orðin rauð í framan af reiði eða skömm. Þetta er örugglega ekki mest sláandi saga sem heyrst hefur um kynbundið ofbeldi, enda langt frá því að vera safarík – ekkert blóð, engir marblettir, ekki einu sinni brotin sál eða tár á vanga.

En þetta atvik opnaði augu mín, ég fór að horfa öðruvísi í kringum mig. Það sem ég sá var ekki óframfærin kona eða dónalegur karl heldur birtingarmynd hugarfars – ég sá hvernig karlar hugsa ómeðvitað, hvernig þeir hegða sér, og ég sá stað konunnar í heimi karla, þögla og ósýnilega inni í horni. Ég fór að sjá þessa sömu hegðun alls staðar – karlar ota sér fram, vaða yfir allt og alla, á meðan konur stíga til hliðar, sýna þolinmæði og kyngja niðurlægingunni. Svo ég alhæfi: Karlar eru agressívir og konur passívar. Við erum Homer Simpson, þið eruð Marge. Ég er karl, ég er líka svona í eðli mínu, en eftir að hafa áttað mig á því fór ég að breyta hegðun minni meðvitað.

**Kvenleg gildi í hávegum**

Hvað er ég að segja? Að dónaskapur sé ofbeldi og að jafnrétti kynjanna felist í að sýna tillitssemi? Eigum við að fara aftur að opna bíldyr og tríta dömurnar eins og prinsessurnar sem þær eru? Nei, það er ekki málið. Það væri bara óskandi að karlmenn ætti sig á að þeir eru yfirgangssamir og að frekja þeirra bitnar á öðrum. Sá freki á ekki að hafa forgang, hans skoðanir eru ekki endilega réttar og hans aðferð ekki sú besta.

**➜ Það væri bara óskandi að karlmenn ætti sig á að þeir eru yfirgangssamir og að frekja þeirra bitnar á öðrum. Sá freki á ekki að hafa forgang, hans skoðanir eru ekki endilega réttar og hans aðferð ekki sú besta.**

Við lifum í karlaheimi. Karlar eru með hærri laun, þeir stjórna fyrirtækjum og leiða þjóðir. Þeirra aðferð er að tala hátt, gera lítið úr andstæðingum og standa við þvermóðskulegar skoðanir sínar hvort sem þær eru réttar eða rangar. Þær fáu konur sem komast að hafa tileinkað sér meira eða minna leikreglur og hugsanagang karla – t.d. Margaret Thatcher.

Ég vil frekar sjá kvenleg gildi í hávegum. Ég vil sjá fyrirtæki, borg eða landi stjórnað af skynsemi, heilindum og af varfærni. „Boring!“ segir Homer Simpson. En konur fara ekki í stríð! Í karlaheiminum eiga konur að hlýða, þær þurfa að þola niðurlægingu, ofbeldi og skömm. Auk þess að vera ósýnilegar á dekkjaverkstæðum, nema þær séu naktar á dagatali uppi á vegg.

# Hvetjum stjórnvöld til að falla frá niðurskurði til vísinda

VÍSINDI

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir stórfelldum niðurskurði til samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs næstu árin, þrátt fyrir að fjárveitingar til þeirra séu nú þegar miklu lægri en í nágrannalöndunum.

■ Vísindi eru undirstaða framfara í samfélaginu og forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu.

■ Samkeppnissjóðir fjármagna bestu vísindin, tryggja menntun og nýliðun og eru nauðsynlegir til að íslenskir vísindamenn geti sótt fé í erlenda samkeppnissjóði.

■ Atgervisflótti úr íslensku vísindasamfélagi er þegar orðinn mikill og ljóst að hann muni aukast ef af fyrirhuguðum niðurskurði verður.

Í nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem stýrt er af forsætisráðherra, eru metnaðarfull og skýr markmið um eflingu íslensks þekkingarsamfélags. Þar er meðal annars gert ráð fyrir mikilli aukningu fjár til samkeppnissjóða.

Við, undirrituð, krefjumst þess að stjórnvöld hugsi til framtíðar og auki fjárveitingar til samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs.

**➜ Þar er meðal annars gert ráð fyrir mikilli aukningu fjár til samkeppnissjóða.**

Undir yfirlýsinguna hafa skrifað yfir 1.100 vísindamenn frá öllum íslenskum háskólum auk fjölda stofnana, fyrirtækja, íslenskra vísindamanna erlendis og almennra stuðningsmanna vísindastarfs.

Allan listann má sjá á eftirfarandi vefslóð: **http://www.petitions24.com/hvetjum_stjornvold_til_a_falla_fra_niurskuri_til_visinda**






# Fjórðungur í fræðslustarf

MENNING



Arna Kristín Einarsdóttir
framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Í fréttaflutningi er oft gripið til tölfræði til að auka á trúverðugleika. Slíkir útreikningar byggja oftar en ekki á takmörkuðum forsendum. Tölur eru hins vegar þeim töfrum gæddar að þær hafa yfir sér sannleiksljóma og auðvelt er að festa þær í minni. Þó er vert að hafa í huga að sömu staðreynd má reikna út frá ólíkum forsendum og fá þannig mismunandi niðurstöður. Þannig gáfu fréttir Stöðvar 2 og Fréttablaðsins 26. og 27. nóvember ekki rétta mynd af nýtingu þeirra opinberu framlaga sem Sinfóníuhljómsveit Íslands fær úthlutað fyrir sína starfsemi. Í útreikningum sem notaðir voru í þeim fréttum er einblínt á miðaverðið en ekki tekið mið af þeim fjölda áheyrenda sem sækir tónleika hljómsveitarinnar, en þeir voru 81.000 á síðasta ári. Ekki eru heldur teknar með í reikninginn þær tugþúsundir Íslendinga sem hlusta á beinar útsendingar frá tónleikum hljómsveitarinnar á Rás 1 á ári hverju, né þeir sem hljómsveitin heimsækir í árlegum skólaog stofnanaheimsóknum. Reiknilistir af þessu tagi segja því afar takmarkaða sögu og ljóst að ekki er hægt að taka eingöngu tillit til miðasölu þegar rætt er um rekstur hljómsveitarinnar.

**Starf á breiðum grunni**

Sinfóníuhljómsveit Íslands starfar á afar breiðum grunni. Fræðsluhlutverk hljómsveitarinnar er sívaxandi og er nú um fjórðungur af starfseminni. Hér, líkt og víða annars staðar, er æ meiri gaumur gefinn að þeim þætti í starfsemi sinfóníuhljómsveita sem tengist tónlistaruppeldi beint. Frá árinu 2009 hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands starfrækt árlegan hljómsveitarskóla, Ungsveit SÍ. Þar hafa tónlistarnemar fengið tækifæri til þess að vinna með heimsþekktum hljómsveitarstjórum og notið leiðsagnar sérfræðinga í hljómsveitarleik. Á síðasta ári sóttu nær 17.000 nemendur skólatónleika hljómsveitarinnar og tvö þúsund eldri borgarar fengu boð á opnar æfingar. Hljómsveitin starfaði auk þess með fjölda barna og unglinga sem komu fram á tónleikum hennar. Að auki sinnir hljómsveitin hljóðritunum fyrir RÚV og alþjóðleg útgáfufyrirtæki á borð við BIS og Chandos, sem hlotið hafa alþjóðlegar viðurkenningar og Grammy-tilnefningu.

Tónleikaferðir eru hluti af starfseminni þó þeim hafi fækkað eftir hrun. Þannig hefur það vakið alþjóðlega eftirtekt að jafn fámenn þjóð skuli eiga sinfóníuhljómsveit sem talin er vera ein af hinum bestu á Norðurlöndum og fram undan eru tónleikar á næsta ári á BBC Proms, einni virtustu tónlistarhátíð í heimi. Sinfóníuhljómsveit Íslands snertir því miklu fleiri en þá sem koma á tónleika í Eldborgarsal Hörpu.

**➜ Hljómsveitin starfaði auk þess með fjölda barna og unglinga sem komu fram á tónleikum hennar.**

**Jafnmikið og landbúnaður**

Sinfóníuhljómsveit Íslands er starfsvettvangur afburða tónlistarmanna sem keppa þurfa um sæti í hljómsveitinni. Framlag ríkis og borgar fer að mestu í að greiða laun hljóðfæraleikara og húsaleigu í Hörpu og rennur því að hluta til baka í sameiginlegа sjóði í formi skatta og gjalda. Hljóðfæraleikarar Sinfóníunnar leika ekki aðeins á tónleikum hljómsveitarinnar heldur eru þeir burðarstoð í tónlistarlífi landsmanna, hvort sem er við tónlistarkennslu eða með því að leika á almennum tónleikum, geisladiskum og hljóðritunum. Sinfóníuhljómsveit Íslands endurgeldur þannig bæði efnisleg og andleg verðmæti til samfélagsins og er hluti af því 1% landsframlagi sem tónlistin ein og sér leggur til þjóðarbúsins, sem er jafnmikið og allur landbúnaðurinn gerir, samkvæmt hagfræðingnum Ágústi Einarssyni. Stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir 63 árum var hluti af ákveðinni tónlistarbyltingu sem varð á Íslandi um miðja síðustu öld. Það var hins vegar frekar dauft yfir tónlistarmenningu landans fram að þeirri byltingu og í upphafi 20. aldarinnar aðeins til reitingur af hljóðfærum á landinu. Kannski skýrir sveltið og hungrið eftir tónlist viðtökur þjóðarinnar þegar hún loksins tók að heyrast á Íslandi. Sprengikrafturinn var slíkur.

Enginn getur mótmælt því að íslenskt tónlistarlíf hefur sett Ísland á heimskortið. Rannsókn um notendur leitarvélarinnar Google staðfestir einnig þýðingu tónlistarinnar fyrir landið. Þar er oftar leitað að Of Monsters and Men en Íslandi (Iceland) sjálfu, og jafnoft leitað að Sinfóníuhljómsveit Íslands (Iceland Symphony Orchestra) og samanlagt að íslenskum fótbolta (Icelandic soccer) og handbolta (Icelandic handball). Í þessu eru augljós verðmæti falin. Verðmæti sem ekki er endilega hægt að umreikna á núvirði en skipta máli fyrir hagsæld íslensku þjóðarinnar til skemmri og lengri tíma.

# Virðing fyrir opinberri þjónustu

OPINBER ÞJÓNUSTA



Magnús Guðmundsson
formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Umræðan um opinberan rekstur á Íslandi er stundum afar yfirborðskennd þar sem annan daginn er talað um „báknið“ þar sem þörf er á að hagræða og fækka opinberum starfsmönnum en hinn daginn að opinberar stofnanir eigi að standast ýtrustu kröfur og tryggja öryggi og velferð okkar t.d. þegar kemur að heilbrigðisþjónustu, löggæslu, umferðaröryggi, netöryggi, sóttvörnum, matvælaöryggi, flugöryggi og menntun.

Því miður er staðan á Íslandi í árslok 2013 sú að eftir árlegan niðurskurð í opinberum rekstri frá árinu 2009 verður ekki lengra gengið nema að draga úr þjónustu. Þrátt fyrir þetta binda núverandi stjórnvöld enn vonir við að halda áfram að hagræða t.d. með sameiningu stofnana. Minna ber hins vegar á pólitískri leiðsögn um forgangsröðun þjónustunnar sem borgararnir eiga að geta treyst á. Þetta hefur sett marga stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana í erfiða stöðu sem einkennist af vilja til að veita góða þjónustu án þess að hafa til þess nægan mannafla eða tækjabúnað. Slík staða getur haft í för með sér neikvæðar afleiðingar sem sumstaðar eru farnar að koma fram.

Við breytingar á opinberum rekstri er vænlegt til árangurs að leita upplýsinga og treysta þeim sem best til þekkja sem oft eru starfsmenn og stjórnendur. Þá er brýnt að íslensk stjórnvöld birti framtíðarsýn fyrir opinbera þjónustu og að talað sé af virðingu um það fólk sem þar starfar jafnt sem alla aðra.


1.290,-/3 í pk.
SNÖMYS skraut. Gler. H8cm
Ýmsar tegundir 1.690,-/2 í pk.
SNÖMYS skraut
H10cm. Ýmsir litir
SNÖMYS skraut. Gler. H8cm
Ýmsar tegundir 1.690,-/2 í pk.
JULMYS skraut. Gler
Ýmsar tegundir 1.290,-/2 í pk.
Sígilt og sígyllt jólaskraut
TILBOÐ
2.990,-/36 í setti
SNÖMYS skrautsett. Inniheldur: 12 hjörtu, 10 pakka, 8 kúlur og 6 stjörnur. Rautt
Verð áður 3.490,-
TILBOÐ
SNÖMYS skrautsett
Inniheldur: 12 hjörtu, 10 pakka, 8 kúlur og 6 stjörnur. Rautt 2.990,-/36 í setti
Verð áður 3.490,-
TILBOÐ
SNÖMYS skraut. Gler
Ýmsar tegundir 1.290,-/2 í pk.
Verð áður 1.690,-
SNÖMYS
skraut. H15cm
Ýmis mynstur
995,-/3 í pk.
SNÖMYS
skraut. H16cm. Gyllt
1.290,-/2 í pk.
Einnig til silfurlitt
SNÖMYS skraut. H16cm
Gyllt 995,-/4 í pk.
Einnig til silfurlitt
SNÖMYS skraut
Ýmsar tegundir
795,-/4 í pk.
SNÖMYS skrautlengja. L100cm
Gyllt/silfurlitt 125,-/stk.
TILBOÐ
1.690,-
SNÖMYS skrauttré. H32cm. Gyllt
Einnig til silfurlitt. Verð áður 1.990,-
TILBOÐ
195,-/stk.
SNÖMYS skrautlengjur. L500cm
Ýmsir litir. Verð áður 295,-
TILBOÐ
SNÖMYS skraut. H17cm. Ýmsir litir 895,-/3 í pk.
Verð áður 1.290,-
SNÖMYS skrautkúlur. Ø7cm
Ýmsir litir 395,-/6 í pk.
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2013








# Enn ein tilraun til einkavæðingar

ORKUMÁL



**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**
bæjarstjóri í Hafnarfirði

Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar telur ástæðulaust að láta kanna með einhverjum sérstökum hætti hagkvæmni þess að selja 15,4% hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum. Það er ástæðan fyrir því að bæjarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar greiddu atkvæði gegn tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að láta kanna hvort hagkvæmt væri að bærinn seldi hlut sinn í HS Veitum.

**Hlutur Hafnarfjarðar**

Rafveita Hafnarfjarðar og Hitaveita Suðurnesja sameinuðust árið 2001 og var breytt í hlutafélag. Við sameininguna eignaðist Hafnarfjarðarbær u.þ.b. 1/6 hlut í fyrirtækinu. Sá hlutur var og er í samræmi við virði þess orkudreifikerfis sem bærinn lagði inn árið 2001.

Árið 2006 ákvað ríkið að selja sinn hlut í Hitaveitu Suðurnesja sem gerði það m.a. að verkum að einkaaðilar eignuðust hlut í því. Í kjölfarið voru sett lög á Íslandi sem kváðu á um skilyrðislausan aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja. Hitaveitu Suðurnesja var þá skipt upp í tvö fyrirtæki, HS Orku og HS Veitur. HS Veitur er almenningsveita, dreifingarfyrirtæki sem er með einokunaraðstöðu á sínu sviði. Lög um veitufyrirtæki eru með þeim hætti að opinberir aðilar verða að eiga að lágmarki 51% hlutafjár.

Hingað til hefur ekki verið ágreiningur um þennan eignarhlut Hafnarfjarðarbæjar í veitufyrirtækinu. Það er því eðlilegt að við í Hafnarfirði eigum með beinni eignaraðild aðkomu og hlutdeild að HS Veitum sem er almannafyrirtæki í almannaþjónustu.

**Stökkvum ekki á skyndilausnir**

Það að reyna að draga upp þá mynd að nauðsynlegt sé að selja hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum vegna bágrar fjárhagsstöðu stenst ekki skoðun. Ef rekstur Hafnarfjarðarbæjar er skoðaður á þessu kjörtímabili sést hvernig núverandi meirihluti hefur markvist unnið að bættum fjárhag sveitarfélagsins bæði með markvissum skrefum í að auka tekjur og ekki síður með því að draga úr kostnaði í rekstri sveitarfélagsins með fjölbreyttum hætti.

Í staðinn fyrir að beina sjónum sínum að skyndilausnum, sem eru skammgóður vermir, þá hefur núverandi meirihluti Vinstri grænna og Samfylkingar lagt mikla áherslu á að stökkva ekki á skyndilausnir heldur hugsa til lengri tíma og huga að skipulegri uppbyggingu á styrkri fjárhagsstjórn hjá Hafnarfjarðarbæ.

**➜ Það að reyna að draga upp þá mynd að nauðsynlegt sé að selja hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum vegna bágrar fjárhagsstöðu stenst ekki skoðun.**

Yfirlýst og samþykkt stefna Sjálfstæðisflokksins er að stuðla að einkavæðingu á sem flestum sviðum. Það er því aumt að þora ekki að koma bara hreint til dyranna og viðurkenna það. Þess í stað að reyna að réttlæta tillögu að sölu með því að reyna að draga fjárhagslega burði sveitarfélagsins í efa.

Bæjarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar höfnuðu því tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem miðar að sölu á hlut bæjarins í HS Veitum, og ítrekuðu þá afstöðu að eignarhluti Hafnarfjarðarbæjar yrði áfram í samfélagslegri eigu. Meirihluti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar telur því með öllu ástæðulaust að láta kanna með einhverjum sérstökum hætti hagkvæmni þess að selja 15,4% hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum.

# Að breyta stjórnarskrá

STJÓRNARSKRÁ



**Hrafn Bragason**
fv. hæstaréttardómari

Á dögunum var skipuð ný stjórnarskrárnefnd. Síðan hefur einn af nefndarmönnum skrifað grein í Fréttablaðið og kvartað undan því að takmörkuð hrifning ríki um skipanina. Um það skal ekki fjallað. Á það skal þó bent að svo virðist sem núverandi stjórnarflokkar vilji ekkert af síðasta kjörtímabili vita. Þeir taka upp óbreytt vinnubrögð frá því fyrir fall bankanna og skipa stjórnarskrárnefnd með sem líkustum hætti og fyrr tíðkaðist. Ætli stjórnmálaflokkarnir að haga stjórnsýslunni með þeim hætti að huga aðeins að einu kjörtímabili í senn og láta á næsta kjörtímabili eins og ekkert hafi gerst á því síðasta verða seint umbætur á stjórnarháttum. Stjórnarskráin verður þá varla látin fylgja þjóðfélagsþróuninni.

Svo sem kunnugt er skilaði stjórnlagaráð tillögum að heildarbreytingum stjórnarskrárinnar á síðasta kjörtímabili. Það dróst hins vegar úr hömlu að Alþingi tæki afstöðu til tillagnanna en efndi þó loks til leiðbeinandi þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg en takmörkuð atriði stjórnarskrárinnar. Vissulega hefði mátt spyrja um miklu fleiri atriði og orða spurningarnar með skýrari hætti. Þátttaka var hins vegar nokkuð góð og úrslitin afgerandi sé miðað við slíkar atkvæðagreiðslur með öðrum þjóðum.

Því hefði verið rétt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins hefði eftir síðustu kosningar tekið sér tak og fengið til liðs við sig fagmenn um stjórnarskrárefni til að semja upp úr tillögum stjórnlagaráðs nothæfar tillögur að breyttri stjórnarskrá eða að minnsta kosti að hluta hennar að teknu tilliti til niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Til þessa verks hefði stjórnskipunar- og eftirlitsnefndin átt að leita samstöðu um hvaða fagmenn yrðu fengnir til starfsins.

**Fylgt yrði nýjustu þróun**

Einsýnt er að þeir sem sjá um kennslu og rannsóknir í stjórnskipunarrétti við stærstu háskólana ættu að vera í þeim hópi svo og viðurkenndir heimspekingar og sagnfræðingar sem hafa látið sig þessi málefni varða. Þá hefði verið tryggt að fylgt yrði nýjustu þróun og straumum um gerð stjórnarskráa en nokkur gerjun er í þessum málefnum meðal þjóða sem okkur eru skyldastar að þjóðskipulagi. Tillögur ættu að liggja fyrir um mitt kjörtímabil og koma þá til afgreiðslu Alþingis svo nálægð kosninga spilli ekki fyrir afgreiðslunni. Gildistakan má svo bíða þings eftir næstu kosningar. Það er Alþingis að hafa frumkvæði að breyttri stjórnarskrá og leita að sem breiðustu samkomulagi um þann þjóðfélagssáttmála sem stjórnarskráin á að vera. Sá sem ekki leitar samkomulags nær engri sátt.

Við breytingu á stjórnarskránni verður að hafa í huga að hún er grundvöllur og leiðarvísir að því hvernig annarri löggjöf landsins er hagað og hún skýrð. Skipta má stjórnarskránni aðallega í tvennt. Fyrri hluti hennar eins og henni er nú skipað hefur að geyma lagagrundvöll stjórnvalda ríkisins í stórum dráttum og takmörkun starfa þeirra. Síðari hlutinn fjallar síðan um réttindi borgaranna. Fyrri hlutann þarf því að semja svo að skýrt sé hver stjórnvöldin eru og hvert valdsvið þeirra. Skil þeirra í milli og ábyrgð hvers um sig verða að koma greinilega fram.

**Helsti gallinn**

Það er líklegast helsti galli núverandi stjórnarskrár að hún uppfyllir tæpast þessi skilyrði. Þá er kaflinn lítt skiljanlegur þeim sem ekki þekkir sögulegar forsendur hans. (Má nefna að Norðmenn, sem á næsta ári fagna 200 ára afmæli stjórnarskrár sinnar, ætla af því tilefni að uppfæra hana til nútímahorfs meðal annars með tilliti til málfars og skýrleika. Stjórnarskrá þeirra á að verða skiljanleg öllum almenningi.) Réttindahlutann þarf hins vegar að semja svo að skýra megi ákvæði hans í samræmi við þá mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Það er svo Alþingis að haga almennum lögum í sem bestu samræmi við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og dómstóla að semja dóma sína á þann veg að best samræmi verði á milli almennra laga, alþjóðasamninga og stjórnarskrár. Ákvæðin þurfa því að vera nokkuð opin og orðast sem nokkurs konar vísireglur (leiðbeiningarreglur?).

**➜ Það er Alþingis að hafa frumkvæði að breyttri stjórnarskrá og leita að sem breiðustu samkomulagi um þann þjóðfélagssáttmála sem stjórnarskráin á að vera. Sá sem ekki leitar samkomulags nær engri sátt.**

Þar sem ekki er svo langt síðan þessum hluta stjórnarskrárinnar var breytt má vera að ekki liggi eins á að afgreiða þennan hluta stjórnarskrárinnar gæti dómstólar að ríkjandi aðferðum við skýringu stjórnarskrár svo sem þeim er beitt með þjóðríkjum sem okkur eru skyldust. Þeir sem vinna að endurbótum á stjórnarskránni ættu því fyrst í stað að beina kröftum sínum að þeim ákvæðum stjórnarskrár sem varða þingið, framkvæmdavaldið og dómsvaldið svo og einstökum breytingum sem lengi eru brýnar. (Löngu er t.d. nauðsynlegt að stjórnarskráin taki fullt tillit til þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi og tryggi líka að atkvæði allra þegna ríkisins vegi jafnt við alþingiskosningar.)

Stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir þeir sem áhuga hafa á þessum fræðum geta á auðveldan hátt slökkt fróðleiksþorstann við lestur á bók Benedikte Moltumyr Högberg prófessors við Óslóarháskóla sem kom út í sumar sem leið hjá Universitetsforlaget. Bókin kallast „Statsrett“ og gefur gott yfirlit um gerð, tilgang og virkni stjórnarskrár í öðru þeirra tveggja ríkja sem skyldast er okkar um löggjafarmálefni.

# Jóladagatal ÓB

Þú gætir unnið **200.000 kr.** eldsneytisúttekt
eða **gulllykil ÓB** sem veitir 20 kr. afslátt í 10 skipti.

Alla daga fram að jólum verða ótrúlega góð jólatilboð á Olís fyrir handhafa ÓB-lykla. Allir sem nota lykilinn fara í pott. Því oftar sem þú veifar lyklinum í desember, því oftar fer þitt nafn í pottinn. Daglega drögum við út gulllykil ÓB. Þú finnur jólatilboð dagsins á Facebook-síðu ÓB. **Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!**






## Í DAG 5. DESEMBER

# -10 kr.

AF LÍTRANUM HJÁ
ÓB OG OLÍS MEÐ
LYKLINUM

ÓB olís

*ÖLL TILBOÐ VIRKA MEÐ LYKLINUM



Afslátturinn gildir einnig
með Staðgreiðslukorti
og Tvennukorti Olís.

ÓB

PIPAR\TBWA · SÍA · 133521


ALLT UTAN UM PAKKANN
Gefðu fallegan jólapakka
20%
Vildarafsláttur allt utan um pakkann
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd




**Minnisleikur Prinsessur**
Vildarverð kr. 1.599
Fullt verð kr. 1.999




**Snákaspil**
Vildarverð kr. 1.199
Fullt verð kr. 1.499



**Fiskispil**
Vildarverð kr. 1.999
Fullt verð kr. 2.499




**Minnisleikur Sjóræningjar**
Vildarverð kr. 1.599
Fullt verð kr. 1.999




**Spil Angry Birds Star Wars**
Vildarverð kr. 1.039
Fullt verð kr. 1.299



**Samstæðuspil**
Vildarverð kr. 431
Fullt verð kr. 539




**Jólapúsl þrívíddar**
Vildarverð kr. 719
Fullt verð kr. 899

NÝ VARA!




**Minnisleikur Strumparnir**
Vildarverð kr. 1.839
Fullt verð kr. 2.299




**20% Vildarafsláttur af púslum**




**Staflaðu stólum, fjölskylduspil**
Vildarverð kr. 2.799
Fullt verð kr. 3.499


Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn
Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 5. desember til og með 8. desember eða á meðan birgðir endast.

# Draumurinn um háskólasjúkrahúsið

HEILBRIGÐIS-MÁL



**Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir**
lektor í opinberri stjórnsýslu í Háskóla Íslands

Læknarnir á Landspítala hafa komið málefnum spítalans á dagskrá stjórnvalda. Eitt er þó að koma málum á dagskrá, annað að ráða niðurstöðunni. Ástandið á Landspítala er ekki nýtt. Það er rökrétt framhald af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík á sínum tíma. Markmiðið með sameiningunni fól í sér hugmyndir sem eru ósamrýmanlegar. Nú eru læknarnir á Landspítala ef til vill að vakna upp við það að draumur þeirra um háskólasjúkrahúsið var sýnd veiði en ekki gefin.

Fjármálaráðuneytið undir stjórn Sjálfstæðisflokksins stefndi að því að sameina í þeim tilgangi að ná tökum á kostnaði sjúkrahúsanna, hafa sjúkrahúsþjónustuna sem minnsta en koma öllu því sem hægt væri að koma „út á markað“ í einkarekstur. Miðstýring hefur einkennt stefnu Framsóknarflokksins í heilbrigðismálum og vilji til að halda grunnþjónustunni í opinberum rekstri. Læknar á Landspítala létu sig dreyma um eitt stórt háskólasjúkrahús í þágu vísinda, þekkingar og gæða. Þarna náðist saman um lausnina að sameina sjúkrahúsin í Reykjavík. Aftur á móti voru markmiðin með sameiningunni í raun afar ólík.

Framsóknarflokkurinn fór með heilbrigðismálin og sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík var í samræmi við stefnu þeirra og trú á hagkvæmni stærðarinnar. Markmið þeirra féll ágætlega að hugmynd akademískrar læknisfræði um hinn „krítíska fjölda“ sem liggur að baki sameiningu háskólasjúkrahúsa. Hugmyndin um hinn „krítíska fjölda“ er kjarninn í uppbyggingu sérhæfingar og kveður á um ákveðinn lágmarksfjölda sjúklinga svo læknar geti byggt upp og viðhaldið sérfræðilegri þekkingu.

**Eykst af sjálfu sér**

Markmiðin í stefnu Sjálfstæðisflokksins um eitt sjúkrahús voru að geta náð betri tökum á stjórn sjúkrahússins til að draga úr starfsemi þess og stuðla þannig að þeirri þróun sem fólst í auknum einkarekstri utan sjúkrahússins (creeping privatization). Framsóknarflokknum var ef til vill ekki ljóst á þessum tíma að sameining á opinberri þjónustu er oftast áfangi til aukins einkarekstrar. Á meðan einblínt var á sameiningu sjúkrahúsa til að draga úr tvöföldun starfsemi og tækjabúnaðar þá misstu menn sjónar á heilbrigðiskerfinu utan sjúkrahúsanna þar sem tæknivæddar einkareknar læknastofur spruttu upp eins og gorkúlur á haug.

Það samræmist ekki hugmyndum Sjálfstæðisflokksins um dreifstýringu og einkarekstur að sameina og byggja upp „bákn“ sem erfitt er að stjórna nema að í því felist tækifæri til að endurskilgreina og einkavæða hluta starfseminnar. Þessi tækifæri eru búin til með því að halda áfram að ítreka kröfuna um hagræðinguna sem lofað var með sameiningu sjúkrahúsanna. Verði því haldið til streitu þá eykst einkareksturinn af sjálfu sér; hann einfaldlega „gerist“. Þessi stefna grefur hins vegar undan hugmyndinni um hinn „krítíska fjölda“ sjúklinga og getur því sett drauminn um háskólasjúkrahúsið í uppnám.

**➔ Verði því haldið til streitu þá eykst einkareksturinn af sjálfu sér; hann einfaldlega „gerist“.**

Samanborið við heilbrigðiskerfi í nágrannalöndunum þá einkennist kerfið á Íslandi af mikilli notkun þjónustu á dýrustu hlið kerfisins, þ.e. sérgreinalæknaþjónustu, stofnanarýmum og dýrum lyfjum. Hér er hlutfall lækna og hjúkrunarfólks á hverja þúsund íbúa og stofnanarýma fyrir aldraða á hverja þúsund íbúa yfir 65 ára hvað hæst. Hér eru fleiri myndgreiningartæki, (segulóm- og tölvusneiðmyndatæki) miðað við höfðatölu en fyrirfinnst í nokkru öðru landi innan OECD. Fjöldi þessara tækja meira en tvöfaldaðist milli áranna 2000 og 2011.

Miðað við þá athygli sem vandamál Landspítalans hafa nú fengið og þann mikla tækjabúnað sem til er í landinu blasa nú við „kjöraðstæður“ sem geta réttlætt enn frekari flutning verkefna af Landspítala út í bæ. Þar eru jú tæki sem nýta má betur. Þannig er stefna látin „gerast“ eins og af illri nauðsyn. Á meðan fjarar undan hinum „krítíska fjölda“ sjúklinga á háskólasjúkrahúsinu.




Ertu beittur
í jólasteikinni?





Turmix töfrasproti
• 3ja blaða hnífur úr ryðfríu stáli
• Öruggt grip úr gúmmíi
Kr. 33.760,-



Yaxell stálhnífur
• Hágæða ryðfrítt stál - 20cm
• Smíðaður í Japan
Kr. 15.808,-

De Buyer Mandolin rifjárn
• Sneiðir, strimlar og bútar grænmeti
• Stillanlegar þykktir 1-10mm
Kr. 36.131,-

FASTUS_E_43.12.13

Fastus býður uppá hágæða japanska hnífa og önnur eldhúsáhöld sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Komdu í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðaðu úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.

TURMIX YAXELL de BUYER

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is
Verslun opin mán-fös 8.30 -17.00


# Rafrænt fríríki er varasöm hugmynd

INTERNETIÐ





**Jón Kristinn Ragnarsson**
**Ólafur R. Rafnsson**
ráðgjafar í upplýsingaöryggi hjá Capacent

Nokkur ríki heims hafa gert út á það að bjóða upp á skattaskjól og má nefna eyjarnar Cayman og Tortólu í því sambandi. Fyrir vikið hafa þessi ríki sætt harðri gagnrýni enda oft skuggalegar ástæður að baki því að fé er komið í skjól á fjarlægum eyjum. Að undanförnu hefur átt sér stað hér á landi umræða um að gera Ísland að einhvers konar fríríki internetsins. Það er ástæða til að staldra við og íhuga hvað það þýðir í raun. Er hugsanlega sú hætta til staðar að við verðum þekkt sem staðurinn þar sem óhreini þvottur netsins verður geymdur?

Sú röksemd er ekki úr lausu lofti gripin. Nýlega aðstoðaði íslenska lögreglan bandarísku alríkislögregluna við að loka Silkislóðinni, vefsíðu sem starfaði sem markaðstorg með eiturlyf, leigumorðingja og annað misjafnt, en sú vefsíða var vistuð á Íslandi. Annað dæmi er heimasíðan The Pirate Bay sem er deilistöð fyrir höfundarréttarvarið efni en sú síða hefur verið á flótta um allan heim í nokkurn tíma eftir að hafa verið gerð brottræk frá heimalandi sínu Svíþjóð. Tilraunir voru gerðar til að tengja Pirate Bay og Ísland föstum böndum, meðal annars með að notast við .is endingu fyrir síðuna.

Þeir sem talað hafa fyrir Íslandi sem fríríki internetsins segjast berjast fyrir réttindum almennings til upplýsinga og vilja til dæmis gera það eins auðvelt og mögulegt er fyrir fréttamenn og uppljóstrara að koma upplýsingum til almennings. Hins vegar hefur verið rætt um Ísland sem miðstöð fyrir upplýsingar og skiptir hugsanlega engu máli hvort viðkomandi viðskiptavinur sé að geyma einhvern óþverra, svo lengi sem viðkomandi borgar reikninginn. Hafa hér hugsanlega blandast saman beinir markaðshagsmunir og háleitari hugmyndir um tjáningarfrelsi?

**➔ Það myndi kalla á hörð alþjóðleg viðbrögð ef Íslendingar tækju að sér að vista efni algjörlega óháð því hvað um er að ræða.**

**Þroskastig ekki mikið**

Finna má ýmsa vankanta á regluumhverfi netsins á Íslandi og það er ekki fyrr en í seinni tíð, þegar íslensk stjórnvöld virðast hafa áttað sig á mikilvægi þessa málaflokks, sem tekið hefur verið á þeim málum að einhverju marki. Þroskastig Íslands í netmálum er þó enn ekki mikið, sem setur okkar litla land frekar í annan eða þriðja flokk. Það eru flokkar þeirra ríkja sem standa ekki nægilega vel að regluverki internetsins, en sum hver eru samt sem áður að segja öðrum hvernig þeirra málum skuli háttað í þessum efnum.

Það myndi kalla á hörð alþjóðleg viðbrögð ef Íslendingar tækju að sér að vista efni algjörlega óháð því hvað um er að ræða. Hvað með gögn er tengjast peningaþvætti, barnaníðingum eða viðskiptum með eiturlyf? Dettur einhverjum í hug að það yrði látið óáreitt ef Ísland skilgreindi sig sem rafrænt fríríki slíkra gagna?

Hér er ástæða til að staldra við. Það að berjast fyrir því að Ísland verði fríríki á Internetinu með öllu sem því fylgir kann að vera sveipað rómantískum hetjuljóma. Þetta er hins vegar baráttumál sem myndi hafa slæmar afleiðingar í för með sér fyrir land og þjóð og er auk þess ekki það mikið hitamál fyrir þorra þjóðarinnar að það sé þess virði að hefja baráttuna. Stundum er betur heima setið. Þetta er eitt þeirra skipta.



ÚRVALS LAMBALÆRI
Ótrúlegt verð á 1. flokks gæðalambakjöti frá Fjallalambi.
FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ
1. FLOKKUR
VERÐ SPRENGJA
Haustslátrun 2013
1. flokks lambalæri frá Fjallalambi
998 kr. kg
Takmarkað magn, aðeins 5 tonn í boði.
Iceland
12 Party
ICE CREAM BELGIAN CHOCOLATES
12 Party belgískt ís-konfekt
598 kr. pk.
Iceland
24 Party
CHOCOLATE CHERRY CUPS
24 súkkulaðihjúpuð kirsuber
598 kr. pk.
Iceland
30 Party
PROFITEROLES
WITH CHOCOLATE SAUCE
30 Party fylltar vatnsdeigsbollur með súkkulaðisósu
698 kr. pk.
Iceland
Party
CHOCOLATE TRUFFLE CHEESECAKE
Party súkkulaðitrufflu ostakaka
798 kr. pk.
Iceland
Party
TIRAMISU CHEESECAKE
Party tiramisu-kaka
798 kr. pk.
Conditorei Coppenrath & Wiese
Baileys
Dome Gateau
BAILEYS
Baileys-bomba
898 kr. pk.
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND ENGIHJALLA
Iceland

# Jóladjass í Hörpu á laugardögum

Gestir og gangandi eiga kost á að heyra jólalögin í djössuðum og blúsuðum útsetningum í Hörpu.


ANDREA GYLFADÓTTIR

Veitingastaðurinn Munnharpan í tónlistarhúsinu Hörpu býður Íslendingum í jólaskapi upp á jóladjass þrjá síðustu laugardagana fyrir jól. Tónlistin mun hljóma frá klukkan 15 til 17 og er aðgangur ókeypis.

Næstkomandi laugardag, þann 7. desember, stíga Snorri Sigurðarson trompetleikari, Karl Olgeirsson, sem spilar á Hammond-orgel, og Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommari á svið og djassa upp jólalögin.

Þann 14. desember tekur hið margreynda dúó Andreu Gylfadóttur og Eðvarðs Lárussonar við með söng og gítarleik; djassaðan, blúsaðan og jólalegan.

Síðasta laugardaginn fyrir jól syngur svo Þór Breiðfjörð inn jólin.

Söngleikjastjarnan syngur djössuð jólalög í góðum félagsskap, en með honum verða þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar og Jón Rafnsson á kontrabassa. - kjg



Þökkum veitta samúð vegna andláts móður okkar,

**MARGRÉTAR HJARTARDÓTTUR**
**til heimilis að Litlaholti á Flateyri,**
**áður búsett á Ytri-Veðrará í Önundarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlíf, FSÍ og vina hennar á Flateyri.

**Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær dóttir okkar, móðir og systir,

**BERGLIND HEIÐA GUÐMUNDSDÓTTIR**

lést af slysförum laugardaginn 30. nóvember.

**Bjarnheiður Einarsdóttir**
**Guðmundur Sigursteinsson**
**Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir**
**Sæunn Árný Sigmundsdóttir**
**Kristján Már Hilmarsson**
**Helga Nanna Guðmundsdóttir**



Elskulegur unnusti minn, sonur og bróðir,

**RÍKHARÐUR KARLSSON**
**Eyrarholti 7,**
**Hafnarfirði,**

lést af slysförum þann 1. desember sl.

**Guðrún Edda Þórðardóttir**
**Gestný Bjarnadóttir**
**Karl J. Karlsson**
**Kristófer, Kristinn, Sigurður, Hákon, Jóhann, Birgir, mágkonur og frændsystkini.**



Látin er í Reykjavík, 19. nóvember,

**ELÍSABET ÞORGEIRSDÓTTIR**
**til heimilis að Fróðengi 7.**

Útförin hefur farið fram.

**Jón Ásgeirsson og fjölskylda.**



Ástkær bróðir minn og mágur,

**EYVINDUR GARÐAR FRIÐGEIRSSON**
**Grandavegi 39b, Reykjavík,**

lést þann 25. nóvember síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Guðrún Friðgeirsdóttir**
**Stefán Briem**



**JÓLIN KOMA** Grýla og Leppalúði hita upp fyrir jólasveinana í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn með aðstoð Dr. Gunna.
MYND: ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

# Dr. Gunni aðstoðar Grýlu og Leppalúða

Jólaskemmtun Þjóðminjasafnsins verður haldin í tíunda sinn á sunnudaginn. Þar skemmta skötuhjúin Grýla og Leppalúði og í þetta sinn fá þau aðstoð frá Dr. Gunna og vinum hans. Margar fjölskyldur líta á heimsókn í Þjóðminjasafnið sem fastan lið í jólaundirbúningi.

Grýla og Leppalúði mæta í Þjóðminjasafnið á sunnudaginn klukkan 14 eins og hefð er orðin fyrir í aðdraganda jóla. Í þetta sinn fá þau aðstoð góðra gesta því Dr. Gunni og vinir hans munu taka þátt í skemmtidagskránni með þeim.

„Þetta er árviss upphitun fyrir heimsóknir jólasveinanna sem byrja að vanda þann 12. desember,“ segir Ólöf Breiðfjörð, kynningarstjóri safnsins. „Þau Grýla og Leppalúði, sem eru á vegum Möguleikhússins, hafa haft þann háttinn á að fá til liðs við sig vinsæla skemmtikrafta fyrir börn og nú var röðin komin að Dr. Gunna. Þessi dagskrá er alltaf haldin helgina áður en jólasveinarnir byrja að heimsækja okkur og þetta er tíunda árið í röð sem þeir heiðra Þjóðminjasafnið með nærveru sinni á aðventunni.“

Ólöf segir heimsóknir þeirra Grýlu, Leppalúða og jólasveinanna hafa notið mikilla vinsælda þessi tíu ár og margar fjölskyldur hafi það sem fastan lið í jólaundirbúningnum að kíkja á þau í Þjóðminjasafninu að minnsta kosti einu sinni á aðventunni, margir oftar. „Það er orðin mjög rík hefð hjá mörgum að koma til okkar með börnin sín og það er að sjálfsögðu ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.“

fridrikab@frettabladid.is



**AÐSTOÐARMAÐURINN** Dr. Gunni er genginn í lið með Grýlu og Leppalúða.

## Jólasveinaheimsóknir í Þjóðminjasafnið

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur 12. desember kl. 11 | **Stekkjastaur** |
| Föstudagur 13. desember kl. 11 | **Giljagaur** |
| Laugardagur 14. desember kl. 11 | **Stúfur** |
| Sunnudagur 15. desember kl. 11 | **Þvörusleikir** |
| Mánudagur 16. desember kl. 11 | **Pottaskefill** |
| Þriðjudagur 17. desember kl. 11 | **Askasleikir** |
| Miðvikudagur 18. desember kl. 11 | **Hurðaskellir** |
| Fimmtudagur 19. desember kl. 11 | **Skyrgámur** |
| Föstudagur 20. desember kl. 11 | **Bjúgnakrækir** |
| Laugardagur 21. desember kl. 11 | **Gluggagægir** |
| Sunnudagur 22. desember kl. 11 | **Gáttaþefur** |
| Mánudagur 23. desember kl. 11 | **Ketkrókur** |
| Þriðjudagur 24. desember kl. 11 | **Kertasníkir** |

# Pönnukakan hennar Grýlu

Bernd Ogrodnik sýnir brúðuleikrit í Sólheimasafni í dag.

Bernd Ogrodnik sýnir brúðuleikritið Pönnukakan hennar Grýlu í Sólheimasafni í dag klukkan 17.

Bernd Ogrodnik kemur hér með verk sem er unnið upp úr evrópskri þjóðsögu sem flestir ættu að kannast við. Hann nýtur aðstoðar leikbrúða sem unnar eru úr tré, lifandi tónlistar og virkrar þátttöku áhorfenda.

Sagan segir frá hugvitsamri pönnuköku sem nær að flýja steikarpönnu Grýlu með það fyrir augum að ferðast alla leið í arma Jesú litla og foreldra hans, sem dvelja svöng og köld í fjárhúsi í Betlehem. En á vegi hennar verða margir sem vilja sinn skerf af kökunni. - kjg



**BRÚÐULEIKRIT** Verkið er unnið upp úr evrópskri þjóðsögu sem flestir ættu að kannast við.

# Í JÓLASKAPI




109.989

**Philips 40PFL3208T**
40" Smart LED sjónvarp með 1920x 1080p upplausn. 100 Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV með YouTube. 2 x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. EasyLink. App til að samhæfa fjarstýringu með iPhone/Android síma.



9.989



49.989

**SOUNDBAR HEIMABÍÓKERFI**

29.989



**INTENSO**

**Intenso Photomodel 7**
Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.

**iRobot Roomba**

**iRobot Roomba IRO-620**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind.

**JBL**

**JBL SB100**
Glæsilegt 60w SoundBar heimabíókerfi með Dolby Digital. HARMAN Display Surround. Bass Boost. RCA og Optical tengi. Lærir á fjarstýringu sjónvarpsins. Má festa á vegg.

**Seagate**

**Seagate STBX500200**
Traustur 500GB Seagate 2,5" flakkari sem passar í vasa. USB3 sem skilar allt að tíföldum gagnaflutningshraða.



9.989

Nettur vasaflakkari !

Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

## NOKKUR FRÁBÆR VERÐDÆMI

**PHILIPS**
Philips HR2010
**Blandari með glerskál 5.989**

**Melissa**
Melissa 646170
**Töfrasproti með skál og þeytara 4.989**

**Melissa**
Melissa 16310111
**Ísvél 7.989**

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA


NÝR 4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM DESEMBERTILBOÐUM
NÝ VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-VERSLUN LANDSINS Í HALLARMÚLA 2
DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
0% VEXTIR
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# netto
## Í JÓLASKAPI



**BAYONNESTEIK**
ÚR ÍSL. REYKTUM GRÍSAHN.
-50%
**999**
ÁÐUR 1.998 KR/KG



**HANGILÆRI**
M/BEINI - KJÖTSEL
-26%
**1.997**
ÁÐUR 2.698 KR/KG



**LAMBAHRYGGUR**
FERSKUR
**1.884**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



**KALKÚNN**
FRANSKUR
**1.274**
ÁÐUR 1.592 KR/KG



**ÖND**
HEIL - 2,3 KG
**1.392**
ÁÐUR 1.698 KR/KG




**PIZZA**
ORGANIC- 3 TEG
**498**
ÁÐUR 579 KR/STK




**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
COOP - FÍNT/GRÓFT
**199**
ÁÐUR 299 KR/PK



**JARÐARBER**
250 G
-50%
**299**
ÁÐUR 598 KR/PK


www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



KJÚKLINGALEGGIR
NETTÓ
782
ÁÐUR 878 KR/KG

**JÓLALEIKUR NETTÓ**

kauptu **kippu af 4x2l Coke** og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir. Nánari uppl. í verslunum.

Dregið **23.12** 2013

**5 heppnir** vinningshafar verða dregnir út í hverri nettó verslun!




COCA COLA
-LIGHT - ZERO
4 x 2L
999

markhönnun ehf



KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS
-43%
398
ÁÐUR 698 KR/KG

# JÓLAHÚS NETTÓ OPNAR 6. DESEMBER

Mjódd | Akureyri | Njarðvík | Borgarnes | Egilsstaðir | Selfoss | Grandi



## OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| VIRKIR DAGAR | 12 – 19 |
| LAUGARDAGAR | 12 – 18 |
| SUNNUDAGAR | 12 – 18 |
| 19. - 23. DES. | 12 – 22 |
| AÐFANGADAG | 10 – 12 |

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið.



SÚKKULAÐITERTA
1/2
559
-30%
ÁÐUR 798 KR/STK




TE & KAFFI
JÓLAKAFFIÐ
400G MALAÐ

KOMIÐ Í VERSLANIR



FROSIN BER
BLÁ-,HIND-,SKÓGARBER
-25%
299
ÁÐUR 398 KR/PK

MUNIÐ GJAFAKORTIN



**Tilboðin gilda 5. - 8. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Fyrsta og eina jólalag Spaða

Fagna 30 ára afmæli með útgáfu disks.



**Hinir ástsælu Spaðar efna til tónleika á laugardagskvöldið á Café Rosenberg og hefjast þeir klukkan 22. Hinir ástsælu Spaðar urðu þrítugir í ár og var tímamótanna minnst með diski sem hlaut nafnið Áfram með smjörið.**

**Á tónleikunum verða leikin lög af nýja diskinum og þar á meðal lagið Þorláksmessukall, sem er fyrsta og eina jólalagið sem frá sveitinni hefur komið. Í texta þess er fjallað af nokkru næmi um hlutskipti þeirra sem eru undir áhrifum og lykta af skötu á Þorláksmessu.**

**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**
er söngvari Spaða.



**ÆFA STÍFT** Kristinn Sigmundsson og Kristján Jóhannsson æfa alla daga fyrir tónleikana með aðstoð Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Mótvægi við poppið og rokkið og rólið

**Stórskotalið söngvara stígur á svið í Eldborgarsal Hörpu á sunnudaginn. Kristján Jóhannsson fer fyrir hópnum og Kristinn Sigmundsson, Dísella Lárusdóttir og Þóra Einarsdóttir koma fram auk sinfóníuhljómsveitar og kvennakórs.**

Við hugsum þetta sem mótspil á móti öllu þessu poppi og rokki og róli sem allir eru að flytja á jólatónleikum,“ segir Kristján Jóhannsson óperusöngvari, sem stendur fyrir tónleikum í Eldborgarsal Hörpu á sunnudaginn. Hann hefur fengið fleiri stórsöngvara í lið með sér því þau Dísella Lárusdóttir, Kristinn Sigmundsson og Þóra Einarsdóttir stíga með honum á sviðið og hefja upp sína raust. Undir leikur fimmtíu manna sinfóníuhljómsveit undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og fimmtíu kvenna kór undir stjórn Margrétar Pálmadóttur verður einnig á sviðinu.

„Mig langaði bara að vera trúr mínu,“ segir Kristján. „Að vísu teygjum við okkur eins langt og við getum í léttleikanum og fyrri hluti prógrammsins er það sem kallast léttklassík. Í seinni hlutanum erum við síðan að heiðra afmælisbörnin Wagner og Verdi.“

Kristján segist hafa valið með sér þá listamenn sem séu að hans dómi hvað fremstir í röð íslenskra söngvara. „Við eigum þrjá Metropolitan-söngvara og við verðum öll þarna ásamt henni Þóru sem mér finnst alveg frábær. Sigrún Eðvaldsdóttir er konsertmeistari hljómsveitarinnar sem er að mestu leyti skipuð hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og Guðmundur Óli hefur útsett talsvert af tónlistinni sem við flytjum og hefur verið okkar hægri hönd hvað tónlistina varðar.“

Kristján segir viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum, nánast uppselt sé á tónleikana, en þó séu enn fáanlegir miðar. „Það er greinilegt að fólk sem elskar klassíkina hefur vantað svona tónleika,“ segir hann. „Við erum að æfa núna alla daga með henni Steinunni Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara þannig að það er komin spenna í magann og ég hlakka mikið til þessara tónleika.“

fridrikab@frettabladid.is

# Kom þú, kom vor Immanúel

TÓNLIST ★★★★★

**Hátíðartónleikar kammerkórsins Schola cantorum**
Stjórnandi: Hörður Áskelsson
**FYRSTA SUNNUDAG Í AÐVENTU Í HALLGRÍMSKIRKJU**



Á aðventutónleikum Schola cantorum kenndi margra grasa. Þar bar hæst frumflutning þriggja verka eftir Hafliða Hallgrímsson. Þetta voru Earth Grown Old, The King‘s Birthday og Christ Was Born. Þar að auki flutti kórinn Joseph and the Angel eftir Hafliða. Allt voru það einstaklega fallegir sálmar. Tónmálið var blátt áfram og tilgerðarlaust, söngurinn tær og himneskur. Hafliði hefur samið margt fallegt í gegnum tíðina, eitt það glæsilegasta er Passían hans. Hér var músíkin einfaldari og þægilegri áheyrnar og hún rann ljúflega niður.

Óþarfi er að telja upp allt á efnisskránni, enda var hún býsna margbrotin. En almennt talað var hún sérlega smekkleg, verkunum raðað þannig að það skapaði áhrifamikla heild. Fyrir utan fáein þjóðlög var tónlistin fremur nýleg. Hún kallaðist þó alltaf á við fortíðina, við hefðirnar og tónlistina sem tengist jólunum. Eins konar tímaleysi einkenndi því stemninguna á tónleikunum.

Ekki verður hjá því komist að nefna Christus vincit eftir James MacMillan. Það var fullt af hrífandi blæbrigðum. Þau voru kórónuð með ákaflega fallegum einsöng Telmu Hrannar Sigurdórsdóttur. Jólalag eftir Hauk Tómasson var líka frábært, allt öðru vísi en „framúrstefnan“ sem maður á að venjast frá honum. Þetta var bara fábrotið lag á borð við Skreytum hús með grænum greinum. Haukur getur greinilega samið hvað sem er.

Tónleikunum lauk með verki eftir Arvo Pärt, Sieben Magnificat-Antiphonen. Titillinn var á þýsku vegna þess að kórinn söng þýska þýðingu á andstefjum (andstef er nokkurs konar viðlag við sálm) við Lofsöng Maríu. Það er hið svokallaða Magnificat, sem er ævaforn sálmur; hann er að finna í Lúkasarguðspjalli. Tónlistin var dulúðug eins og margt eftir Pärt. Hún byggðist á endurtekningu grípandi tónhendinga sem voru skreyttar heillandi hljómum. Útkoman var seiðmögnuð.

Kórinn undir stjórn Harðar Áskelssonar var einfaldlega frábær. Söngurinn var hreinn og nákvæmur, bjartur og samtaka. Túlkunin var ávallt einlæg og tilfinningarík. Maður gekk út í náttmyrkrið á eftir í jólaskapi.

Óhætt er að fullyrða að einn helsti fjársjóður þjóðkirkjunnar sé hið metnaðarfulla og vandaða tónlistarstarf í Hallgrímskirkju. Tónleikarnir nú voru frábært dæmi um hvað þar fer fram, stundum í hverjum mánuði, ár eftir ár. Megi þetta tónlistarstarf vaxa og dafna um ókomna tíð.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA** Tónleikar Schola cantorum voru áhrifamikil byrjun á aðventunni.






# LYGI Í 1. SÆTI

METSÖLULISTI EYMUNDSSON - AÐALLISTI 27.11.13 - 3.12.13

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Meiri dirfsku, takk

TÓNLIST ★★★☆☆

**La Poesie**
Kammertónlist eftir Þórð Magnússon
**SMEKKLEYSA**



Besta tónsmíð Þórðar Magnússonar á þessum geisladiski er Rapsódía fyrir kontrabassa og píanó. Hún er flutt af Þóri Jóhannssyni og Sólveigu Önnu Jónsdóttur. Þar hefur ímyndunarafl tónskáldsins fengið að njóta sín óheft. Rapsódía er einmitt slíkt tónlistarform, mjög frjálslegt, nánast spunakennt. Kontrabassi og píanó er þar að auki óvanaleg samsetning. Samspil hljóðfæraleikaranna á geisladiskinum er svo dínamískt og magnað að unaður er á að hlýða. Frumleiki skáldskaparins í tónlistinni er mergjaður.

Maður hefði viljað hafa meira svona; hin verkin eru ekki eins spennandi. Tveir kvartettar, annar fyrir píanó, selló, fiðlu og klarinettu, hinn fyrir saxófóna, eru reyndar stílhreinir og snyrtilegir, en ekkert sérstaklega aðlaðandi. Ljóðrænir kaflar koma vissulega fyrir, en þó er hvergi nein laglína sem er reglulega grípandi. Fyrir bragðið virkar tónlistin eins og stílæfing. Tónskáldinu virðist ekki liggja neitt á hjarta með henni.

Enn síðri er „Það mótlæti þankinn ber“ sem er upphaflega fyrir hljómsveit en er hér í umritun fyrir tvö píanó. Þau Anna Guðný Guðmundsdóttir og Snorri Sigfús Birgisson leika prýðilega, en klisjur úr píanótónlist frá fyrri hluta 20. aldarinnar (Stravinskí sérstaklega) eru svo áberandi að það er hálf bagalegt.

Þórður er greinilega efnilegt tónskáld, en hann mætti slaka meira á og leyfa sér að vera djarfur og skemmtilegur. Rapsódían fyrir kontrabassann og píanóið sannar að hann getur það. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA** Fagmannlega unnin tónlist, en vantar oft sjarma.

# Spurningum um Hross í oss svarað

## Leikstjóri og aðstandendur myndarinnar verða á spurt og svarað-sýningu í Háskólabíói á morgun.

Kvikmyndin Hross í oss hefur nú verið sýnd á fimm kvikmyndahátíðum og fengið samtals sjö verðlaun. eða að meðaltali 1,4 verðlaun á hverri kvikmyndahátíð. Af þessu tilefni mun leikstjórinn ásamt öðrum aðstandendum kvikmyndarinnar halda stutt erindi og svara spurningum eftir sýningu á kvikmyndinni á morgun klukkan 17.30 í Háskólabíói.



**BENEDIKT ERLINGSSON** Svarar spurningum áhorfenda í Háskólabíói.

Hross í oss heldur áfram yfirreið sinni um hátíðaheiminn en heimboðum rignir inn. Þrenn verðlaun á nýafstaðinni kvikmyndahátíð í Tallinn, auk frábærrar gagnrýni Indiewire, sem er einn virtasti kvikmyndamiðill Bandaríkjanna, hafa vakið mikla athygli á kvikmyndinni vestanhafs, þar sem hún tekur þátt í kapphlaupinu um Óskarstilnefninguna dýrmætu.

Kvikmyndin verður frumsýnd í Bandaríkjunum á kvikmyndahátíðinni í Palm Springs í Kaliforníu, en þar eru allar erlendar myndir sem keppa um Óskarsverðlaunin sýndar.








**Á VINNUSTOFUNNI** Sýning Gunnellu, Hoppsalahei, er í Gróskusalnum í Garðabæ, sem er í sama húsi og vinnustofa hennar. Hún verður einungis opin í eina viku frá 7. til 15. desember.

# Myndirnar urðu innblástur fyrir bækur

## Gunnella sýnir myndir frá síðustu tveimur árum í Gróskusalnum frá og með laugardeginum. Hún hefur mörg járn í eldinum og meðal annars hafa komið út tvær bækur með textaskreytingum bandarísks rithöfundar við myndir hennar.

„Þetta er lítil aðventusýning í Gróskusalnum á Garðatogi sem er í sama húsi og ég er með vinnustofu,“ segir Guðrún Ólafsdóttir, betur þekkt sem Gunnella, um myndlistarsýninguna Hoppsalahei sem hún opnar á laugardaginn. „Myndefnið er það sama eða svipað og hefur verið í myndum mínum, en þetta eru allt myndir frá síðustu tveimur árum sem ég hef ekki sýnt áður.“



**HOPPSALAHEI** Myndin sem sýningin er nefnd eftir.

Gunnella varð þess heiðurs aðnjótandi að bandaríski rithöfundurinn Bruce McMillan hreifst svo af myndum hennar að hann settist við að semja við þær texta, sem nú er kominn út á tveimur bókum og sú þriðja er í vinnslu. „Þetta er dálítið önnur aðkoma að bókum en venjan er,“ segir Gunnella. „Yfirleitt kemur textinn á undan og myndskreytingin á eftir en þarna vann Bruce út frá myndunum mínum þannig að hann var eiginlega að textaskreyta myndirnar.“ Bækurnar hafa vakið mikla athygli og sú fyrsta, Hænur eru hermikrákur, hlaut sérstaka viðurkenningu frá New York Times fyrir myndirnar. Báðar bækurnar eru komnar út á íslensku í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar og nefnist sú síðari Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn í þýðingu hans. „Nú er Bruce að vinna að þriðju bókinni,“ segir Gunnella. „Og hún hefur vinnutitilinn Winter Games enda textaskreytir hann þar myndir með vetrarstemningum.“

Gunnella er einnig frumkvöðull á öðru sviði því hún var fyrsti listamaðurinn sem Nói Siríus fékk leyfi til að nota myndir eftir á lok konfektkassa sinna og birtust þær þar tvö ár í röð. „Þetta tókst svo vel að nú hafa þeir leitað til annarra listamanna eftir myndum á kassana og ég er stolt af því að hafa orðið til þess,“ segir Gunnella.

Fyrir þá sem ekki eru kunnugir í Garðabæ er rétt að taka fram að Gróskusalurinn er á Garðatorgi 1 og gengið er inn á yfirbyggða glertorgið hjá versluninni Víði. Sýningin verður opin frá 7. desember og stendur til og með 15. desember. Opið er frá kl. 14 til 18 alla sýningardagana. **fridrikab@frettabladid.is**

# Ástin er eins og vinstristjórnin

BÆKUR ★★★☆☆

**Síðasti elskhuginn**
Valur Gunnarsson
**ORMSTUNGA**




„Það var erfitt að brotlenda aftur á 21. öldinni,“ segir sögumaðurinn í Síðasta elskhuganum, nýrri bók eftir Val Gunnarsson blaðamann og rithöfund, þegar hann snýr aftur til Íslands eftir misheppnað ástarævintýri í Moskvu. Síðasti elskhuginn er önnur bók Vals og mun betri en frumraunin Konungur Norðursins sem kom út fyrir nokkrum árum.

Valur hefur öðlast betri tök á stíl og frásögn. Meðan hann reyndi að teygja og tvístra forminu í fyrstu bók sinni býr hann sér til skýran ramma í Síðasta elskhuganum. Bókin fjallar um misheppnaðar tilraunir söguhetjunnar til að finna ástina og sú leit fer fram bæði í stórborgum erlendis og á smekkfullum börum í miðborg Reykjavíkur.

Á síðustu árum hafa svokallaðar „Chick-lit“ bækur verið að ryðja sér til rúms – það eru stelpubækur sem fjalla yfirleitt um hitt kynið, tísku og ástina. Kannski mætti lýsa bók Vals sem andsvari ljóðskáldsins með alpahúfuna við þessu yfirborðskennda bókmenntaformi. Hér er enginn skortur á tilvísunum í poppmenningu, hámenningu, sagnfræði og sálfræði – reyndar skrifar Valur sjálfur neðanmálsgreinar við skáldsöguna, stílbragð sem heppnast misvel og dregur stundum athygli frá sögunni sjálfri.

En bókin er skemmtileg. Það er greinilegt að Vali þykir vænt um söguhetju sína og hann hefur húmor fyrir klisjunum. Ástin kviknar reglulega í lessal Þjóðarbókhlöðunnar, í myrkum bíósölum eða á dansgólfinu á Bakkusi. Búsáhaldabyltingin verður að rómantískri sviðsmynd og það er áhugavert að fylgjast með uppgjöri hins róttæka vinstrimanns við villta vinstrið, byltinguna sem át börnin sín.

Valur ber ástina saman við vinstristjórnina: „…birtist afar sjaldan og þá með fögur fyrirheit, en um leið og ástarbríminn hverfur leysist hún upp í gagnkvæmri tortryggni og heift.“

Síðasti elskhuginn er þroskasaga eilífðarunglingsins sem getur aldrei klárað BA-ritgerðina sína. Mannsins sem er sveimhugi og bóhem en þráir hið hefðbundna íslenska fjölskyldulíf – áttar sig ekki á að hann er ástfanginn af draumi. **Símon Birgisson**

**NIÐURSTAÐA** Frumleiki bókarinnar felst í einfaldleika hennar. Valur tekur sig mátulega alvarlega í bókalandslagi þar sem allir eru snillingar.

# EKKI VERSLA BÆKUR Á TÓMAN MAGA




**Dagbók Kidda klaufa - Tómt vesen**
Fimmta bókin um Kidda klaufa sem er engum líkur
Verð kr. 4.699




**Rödd í dvala**
Skáldsaga Dulce Chacón hefur átt gífurlegri velgengni að fagna á Spáni.
Verð kr. 2.999




**66 handrit úr fórum Árna**
66 handrit úr safni Árna Magnússonar og þeim lýst í máli og myndum.
Verð kr. 7.999




**Eldur**
Eldur er önnur bókin í Englafoss-þríleiknum.
Verð kr. 5.299




**Lygi**
Nýjasta bók Yrsu Sigurðardóttur svíkur engan.
Verð kr. 4.999




**Kræsingar án ofnæmisvalda**
Frábærar uppskriftir að girnilegum mat sem allir geta eldað og notið.
Verð kr. 5.499




**Sagan af Jóa**
Jói er 11 ára strákur með ríkt ímyndunarafl.
Verð kr. 3.999




**Barnið þitt er á lífi**
Barnið þitt er á lífi er magnþrungin örlagasaga.
Vildartilboð kr. 4499
Verð kr. 5.999

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




## EKKI GLEYMA GJAFAKORTI EYMUNDSSON!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn
Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | eymundsson@eymundsson.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



**UPPLESTUR** Jón Kalman Stefánsson er einn þeirra sem lesa upp á Gljúfrasteini á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Upplestraröð á Gljúfrasteini

**Tíunda árið í röð er boðið upp á upplestra rithöfunda á Gljúfrasteini á sunnudögum í aðventu. Það er upplögð tilbreyting frá jólaamstrinu að setjast í stofu skáldsins þar sem rithöfundar og þýðendur koma fram og lesa úr bókum sínum.**

**Flestir bestu rithöfundar þjóðarinnar hafa viðkomu á Gljúfrasteini næstu sunnudaga, 8. og 15. desember, en síðasti upplesturinn verður sunnudaginn 22. desember. Meðal þeirra sem lesa úr verkum sínum á sunnudaginn kemur eru Jón Kalman Stefánsson, Guðmundur Andri Thorsson og Eiríkur Guðmundsson. Upplestrarnir hefjast klukkan 16 og er aðgangur ókeypis.**

# Góðir gestir með glæsinúmer

Söngur Sigrúnar Hjálmtýsdóttur og hljóðfæraleikur Baldvins Oddssonar og Björns Steinars Sólbergssonar skreyta söng Mótettukórs Hallgrímskirkju á jólatónleikum um helgina. Þar er bæði um frumflutning og hefðbundin jólalög að ræða. Hátíðlegir og fjölbreyttir tónleikar að sögn stjórnandans Harðar Áskelssonar.



**STJÓRNANDINN** „Í fyrra vikum við frá hefðinni og fórum í Hörpuna en fengum margar kvartanir frá fólki sem vildi heldur vera í kirkjunni og ætlum að koma til móts við það núna.“ segir Hörður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Partur af efnisskránni okkar eru jólalög sem allir segjast vilja heyra. Svo höfum við líka gaman af að kynna til sögunnar jólatónlist sem ekki heyrist oft. Það er ákveðinn metnaður að vera í einhverjum landvinningum. Við erum núna með tvö ensk, gullfalleg jólalög sem við höfum ekki tekið áður og einnig frumflytjum við tvö lög eftir einn kórfélagann, Halldór Hauksson, við jólasálma eftir Ólínu Andrésdóttur sem aldrei hafa fengið lög fyrr.“ Þetta segir Hörður Áskelsson, stjórnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju, um jólatónleika kórsins sem fram fara í kirkjunni bæði á laugardag og sunnudag.

Hörður segir jólatónleika hafa verið nokkuð reglulega hjá kórnum í rúmlega þrjátíu ára sögu hans. „Í fyrra vikum við frá hefðinni og fórum í Hörpuna en fengum margar kvartanir frá fólki sem vildi heldur koma í kirkjuna og ætlum að koma til móts við það núna. Við erum í fyrsta skipti með Diddú með okkur. Síðast vorum við með Þóru Einars og þar áður Kristin Sigmunds. Það er röð af fínum einsöngvurum sem hafa lagt okkur lið.“

Til viðbótar við Diddú verða tveir hljóðfæraleikarar með kórnum, Björn Steinar Sólbergson á orgel og Baldur Oddsson trompetleikari. „Björn er samstarfsmaður minn í kirkjunni en Baldvin er 19 ára og stundar trompetnám í Bandaríkjunum þar sem hann á mikilli velgengni að fagna. Hann var gestur hjá okkur í sumar á Kirkjulistahátíð og heillaði fólk með leik sínum. Meðal annars flytja þau þrjú, hann, Björn Steinar og Diddú, aríu eftir Händel, það er glæsinúmer. Svo tekur Baldvin einleiksverk á trompetinn með orgelinu. Ég held ég megi segja að tónleikarnir verði bæði mjög hátíðlegir og líka fjölbreyttir.“

Meðal hefðbundinna laga sem flutt verða er Nóttin var sú ágæt ein eftir Sigvalda Kaldalóns. „Það lag höfum við flutt á hverjum jólatónleikum auk þess sem það er alltaf sungið á aðfangadagskvöld. Maður verður aldrei leiður á því,“ segir Hörður. „Þar eru einhverjir töfrar í gangi sem ekki eru skilgreinanlegir.“ gun@frettabladid.is






**MYNDLISTARMAÐUR** „Ég hef verið uppgötvaður á heimasíðunni minni. Þannig uppsker maður á endanum,“ segir Georg Óskar sem opnar sýningu á laugardag.

# Í desember eru 9 mánuðir í ágúst

Georg Óskar Giannakoudakis myndlistarmaður opnar sýningu í sal Myndlistarfélagsins á Akureyri á laugardaginn, sem hann kallar 9 mánuðir í ágúst.

„Ég verð með málverk sem ég hef unnið á þessu ári ásamt 30 teikningum,“ segir Georg Óskar myndlistarmaður um efni sýningar sem hann opnar 7. desember í sal Myndlistarfélagsins á Akureyri að Kaupvangsstræti 10.

Þetta er sjöunda einkasýning Georgs Óskars og eftir áramót verður hann með verk sín í Gallerí Vegg á Forréttabarnum við Tryggvagötu í Reykjavík. Hann kveðst líka umbeðinn hafa sent verk á safn í Bandaríkjunum, hvers stjórnandi sækist eftir verkum áhugaverðra myndlistarmanna. Auk þess að hafa komið fram í erlendum netmiðli nýlega mun á næstu dögum birtast viðtal við hann í tímaritinu Tribe magazine. Skyldi hann vera málari að atvinnu? „Það væri óskandi að sú væri staðan. Akkúrat núna er ég reyndar að sinna myndlistinni aðallega af því að sýningin er fram undan en ég er ekki að fleyta sjálfum mér og mínu batteríi á málverkum, frekar en margir ungir myndlistarmenn. En ég hef verið uppgötvaður á heimasíðunni minni. Þannig uppsker maður á endanum,“ segir hann bjartsýnn.

Titill sýningarinnar: 9 mánuðir í ágúst. Hvaðan kemur hann? „Mig langaði að hafa hann persónulegan því verkin eru unnin út frá skynjunum og minningum. Kærastan byrjar að hlakka til jólanna í maí. Hennar uppáhaldsmánuður er desember en minn er ágúst og mér fannst athyglisvert að í desember eru 9 mánuðir í ágúst!

gun@frettabladid.is

Gildir **5. - 8.** des. 2013

markhönnun ehf




GUÐNI
LÉTTUR Í LUND
**3.963** KR




LYGI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**3.894** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




FISKARNIR HAFA ENGA FÆTUR
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
**4.219** KR




GLEÐILEGT HÁR
**3.393** KR




HLUSTAÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
**3.946** KR




TRÖLLASTRÁKURINN
SIRRÝ
**2.713** KR




NIGELLA
Á ÍTÖLSKU M NÓTUM
**4.340** KR




STRÁKAR
BJARNI FRITZS./KRISTÍN TÓMASD.
**3.843** KR




ELDUR
STRANDBERG / ELFGREN
**3.703** KR




MAÐUR SEM HÉT OVE
FREDRIK BACKMAN
**4.193** KR

nettó
Kræsingar & kostakjör
bækur

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 5. DESEMBER 2013**

### Tónleikar

**19.30** Rokkhljómsveitin Nykur verður með hörkutónleika á Bar 11. Mun sveitin flytja lög af samnefndri plötu sveitarinnar sem kom út fyrir nokkru.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Leiklist

**17.00** Bernd Ogrodnik sýnir brúðuleikritið Pönnukakan hennar Grýlu í Sólheimasafni. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

### Sýningar

**16.00** Opnuð verður Aðventusýning félagsmanna SÍM í sal SÍM-hússins að Hafnarstræti 16. Rúmlega 70 félagsmenn taka þátt í sýningunni og eru verkin unnin í alls kyns miðla.

### Upplestur

**15.00** Sigurður Ingólfsson ljóðskáld mun lesa upp úr bók sinni Ég þakka í Flóru, Hafnarstræti 90 á Akureyri. Sigurður Ingólfsson er bókmenntafræðingur og ljóðskáld, fæddur og uppalinn á Akureyri. Ljóðabókin Ég þakka kom út fyrr á þessu ári og inniheldur fimmtíu og tvær þakkarbænir og er sjöunda ljóðabók Sigurðar.

**20.00** Bókakvöld ReykjavíkurAkademíunnar, Sögufélags, Sagnfræðingafélags Íslands og Bókasafns Dagsbrúnar í sal ReykjavíkurAkademíunnar Hringbraut 121, 4. hæð. Upplestur, kynningar og sala á bókum.

**20.00** Bókaspjall í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a. Vigdís Gríms, Stefán Máni og Guðmundur Andri lesa upp og bókmenntafræðingarir Arndís Þórarinsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir stjórna bókmenntaumræðum. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir. Léttar veitingar.

### Markaðir

**13.00** Jólamarkaður Kompunnar verður haldinn við Smiðjuvelli í Reykjanesbæ. Boðið verður upp á kakó og piparkökur og lifandi tónlist auk þess sem hið árlega uppboð Kompunnar á ýmsum merkilegum hlutum fer fram, en ágóði er nýttur til að styrkja við starfsemi Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





**VINUR VÍNYLSINS** Haraldur Leví Gunnarsson, eigandi Record Records, gefur út talsvert af vínylplötum. MYND/ERNIR

## Vínylplöturnar vinsælar í ár

„Vínylplötusalan hefur vissulega aukist á síðustu árum, enda er alltaf að verða meira framboð af honum," segir Haraldur Leví Gunnarsson, eigandi hljómplötuútgáfunnar Record Records. Á þessu ári hafa sjö af tólf útgáfum fyrirtækisins verið gefnar út á vínyl. „Við höfum gefið út mikið af vínyl undanfarin ár. Hann er mun eigulegri en geisladiskurinn og sjaldgæfari í seinni tíð."

Yfirleitt eru ekki framleidd nema um fimm hundruð eintök af vínylplötum en eitt til fimm þúsund eintök af geisladiskum.

Hljómsveitin Moses Hightower gaf út plötuna Mixtúrur úr Mósebók eingöngu á vínyl en þó fylgdi geisladiskur með vínylnum. „Ég kaupi frekar vínyl en geisladiska. Nokkrar vínylútgáfur eru líka uppseldar hjá okkur," bætir Haraldur Leví við. Þó er talsvert dýrara að framleiða vínylplötur en geisladiska.

Nýjasta plata Retro Stefson, plata Tilbury, Exorcise og platan Önnur Mósebók með Moses Hightower eru allar uppseldir á vínyl.

Hið árlega Jólaplögg Record Records fer fram 21. desember á Gamla Gauknum og Harlem. - glp



**NÝR SKEMMTISTAÐUR** Park er þar sem Mánabar og Hverfisbarinn voru áður til húsa.

## Danstónlist fær að óma

Nú hefur skemmtistaðurinn Park verið opnaður við Hverfisgötu, þar sem áður var Mánabar. Staðurinn er helgaður elektrónískri danstónlist. Á föstudag mun Arnar Freyr Símonarson úr Hugarástandi stjórna tónlistinni og á laugardaginn verða DJ Casanova og Rix við stjórnvölinn. Nýtt hljóðkerfi er á staðnum af gerðinni Function One. - kak

## Láta gott af sér leiða

Hönnunar- og sprotafyrirtækið As We Grow ætlar að láta ágóðann af sölu á húfum og treflum renna til Barnaspítala Hringsins í tilefni þess að eitt ár er liðið frá því vörur fyrirtækisins fóru á markað. Salan fer fram í Spark Design Space á Klapparstíg 33 í dag klukkan 17 til 20.

Hugmyndin að As We Grow varð til út frá peysu sem ferðaðist á milli margra barna í níu ár, varð uppáhaldsflík þeirra allra og er enn í notkun. Hönnunin hefur skírskotun í nýtingu fyrri kynslóða þar sem horft er til þess að fatnaður sem endist lengi fái áhugaverða sögu og verði verðmætari.

As We Grow var stofnað 2012 af þeim Grétu Hlöðversdóttur framkvæmdastjóra og hönnuðunum Guðrúnu Rögnu Sigurjónsdóttur og Maríu Th. Ólafsdóttur. Að undangenginni vöruþróun sem hófst 2010 voru fyrstu vörurnar settar á markað fyrir einu ári og eru nú seldar í fimm löndum ásamt Íslandi. - lkg




Íslensku bókmenntaverðlaunin – Tilnefning

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

## — FRÆÐIRIT —



Jón Gauti Jónsson



Guðmundur Páll Ólafsson



Gísli Sigurðsson




★★★★★ RT / DV

★★★★ BGS / Pressan.is







★★★★ ÓÞ / DV

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2013

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Nú er hægt að fá gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar. Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000







Kærleikshandbókin frá Tolla komin í Bónus,- aðeins 2998 kr.




| | | |
|---|---|---|
| MOROCCAN | OIL NÆRING 500ml | 698 KR. |
| MOROCCAN | OIL SJAMPÓ 500ml | 698 KR. |
| MOROCCAN | HÁROLÍA 100ml | 898 KR. |



2998 krónur 940g.

Nóa gjafakonfektkassi



AMERÍSK RAUÐ EPLI
NÝ UPPSKERA
359 kr. kg.



AMERÍSK RAUÐ EPLI
NÝ UPPSKERA -SMÁ Í POKA 1.36 KG
479 kr. 1.36 kg.



1798 kr. 630g
Nóa konfekt allir bestu molarnir



DÖNSK KUBBAKERTI
12x6sm. 259kr.
18x7sm. 459kr.





Jólapappír 10m x 70sm
298 kr.rúllan

lengd 10 m / breidd 70 sm

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
NAUTGRIPAHAKK FRÁ SPÁNI
1298 krónur kg.
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1998 krónur kg.
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1998 krónur kg.
ÍSLANDS NAUT
2598 krónur kg
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
Beint frá bónda
BÓNUS
Grísabógur
598 krónur kg.
BÓNUS GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
1298 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
BÓNUS BACON
1598 krónur kg
BÓNUS
Grísahakk
Beint frá bónda
BÓNUS
Grísahakk
698 krónur kg.
BÓNUS GRÍSAHAKK
Beint frá bónda
BÓNUS
Grísahnakkafille
998 krónur kg.
BÓNUS FERSKT GRÍSAHNAKKAFILLE
FRÁ ÞÝSKALANDI
100% KJÖT
2298 krónur kg
FROSIN
Úrbeinuð kalkúnabringa
ÍSLANDS LAMB
HAUST SLÁTRUN 2012
3598 krónur kg.
ÍSLANDSLAMB
Ferskt lambafillet
BÓNUS
BAYONNE SKINKA
1159 krónur kg.
ÚR GRÍSABÓG BÓNUS
NÝREYKT BAYONNESKINKA
Gríms Plokkfiskur
998 krónur 1 kg.
GRÍMS PLOKKFISKUR 1 KG.
HEIMILIS BRAUÐ
239 krónur stk.
MYLLU
Heimilisbrauð 770g
NÝ BAKAÐ
198 krónur 4 stk.
BÓNUS Kornkubbar 4 teg.
Fjórir í poka
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Hugsað upphátt

Hugurinn reikar víða á dimmum ógeðismorgnum í Reykjavík. Fyrst til Frakklands, þar sem Bob Dylan hefur verið kærður fyrir hatursboðskap og gæti þurft að sitja inni í heilt ár. Sem mun þó seint gerast því það er hreint ekki ólöglegt að rifja upp mishuggulega atburði úr mannkynssögunni. Í viðtali við Rolling Stone (sem var þýtt yfir á frönsku og birt í þarlendri útgáfu tímaritsins) minntist Dylan á þjóðernishreinsanirnar í Júgóslavíu í sömu andrá og helför nasista, án þess þó að bera þetta tvennt beinlínis saman, og hópur Króata móðgaðist heiftarlega. Aldrei má maður ekki neitt, eins og Laddi söng á sinni bestu plötu, Allt í lagi með það, frá árinu 1983. Laddi hlaut töluverða gagnrýni fyrir lagið Of feit fyrir mig nokkrum árum síðar, en litla sem enga fyrir smellinn Grínverjann á sömu plötu. Það hefur mér alltaf þótt einkennilegt.



Rokksveitin Body Count, með sjálfan Ice-T í broddi fylkingar, var aldrei kærð fyrir lagið sitt umdeilda Cop Killer. Yfirmenn plötufyrirtækisins fengu þó morðhótanir og ákváðu að lokum að fjarlægja lagið af plötunni. Hamagangurinn kom Ice-T mikið á óvart. Hann hafði verið að hlusta ítrekað á lagið Psycho Killer með Talking Heads, þótt það gott og ákvað að leika sér aðeins með þemað, en allt fór til andskotans.

Silfurrefurinn Kenny Rogers flaut líka sofandi að feigðarósi þegar hann ákvað að ljúka tónleikum sínum í Dallas á tíunda áratug síðustu aldar með því að kasta frisbídisk út í æstan áhorfendaskarann. Frisbídiskurinn lenti á risastórri ljósakrónu sem féll niður á einn aðdáandann, sem heimtaði fúlgur fjár í skaðabætur. Málið var útkljáð utan dómstóla og Kenny gat snúið sér að því að syngja jólalög á ný. Jólin eru einmitt á næsta leiti. Skemmtileg tilviljun.

## Í spilaranum







**SIGRÍÐUR THORLACIUS** – Jólakveðja
**ERNA HRÖNN OG PÁLMI SIGURHJARTARSON** – Húmar að kveldi
**ÝMSIR** – Gömlu dagana gefðu mér


**Vistvænar jólaskreytingar**

Kirkjugarðarnir leggja áherslu á að jólaskreytingar á leiðum séu alfarið gerðar úr lífrænum efnum.

Eftir áramót er slíkum skreytingum fargað með vistvænum hætti í jarðgerð Kirkjugarðanna.




Sjá nánar á www.kirkjugardar.is

Starfsfólk
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma




**STEMNING Í LOFTINU** Græni hatturinn er einstakur staður með ríka sögu.

# Einstakur á Akureyri

Græni hatturinn stendur fyrir um 150 tónleikum á ári og á tíu ára afmæli í ár.

„Ég er með tónleika öll föstudags- og laugardagskvöld, og nánast öll fimmtudagskvöld,“ segir Haukur Tryggvason, eigandi eins merkilegasta tónleika- og skemmtistaðar landsins, Græna hattsins á Akureyri. Hann tók við staðnum árið 2003 og hóf tónleikahaldið árið 2005. „Mig langaði mikið til þess að halda tónleika því ég hef mikinn áhuga á tónlist. Þetta var þó erfitt fyrst um sinn, en gengur mjög vel núna,“ segir Haukur um upphafið.

Árið 2005 fóru sextíu til sjötíu tónleikar fram á staðnum en árið 2013 förum um 150 tónleikar fram. „Þetta eru í heildina líklega orðnir um ellefu hundruð tónleikar sem hafa farið fram á staðnum.“

Staðurinn er í raun einstakur á Íslandi en hefur ekki komið til tals að opna Græna hattinn í Reykjavík? „Jú, það hefur oft komið til tals að gera það. Það er þó ekki á stefnuskránni því velgengni staðarins má rekja til þess að maður hugsar vel um hann og er alltaf á staðnum og ég get ekki gert það í tveimur landshlutum,“ segir Haukur.

Staðurinn fagnaði tíu ára afmælinu sínu fyrir skömmu með útgáfu bókar sem nefnist einfaldlega Græni hatturinn. „Þetta er aðallega ljósmyndabók en það er þó farið aðeins yfir söguna og nokkrar hljómsveitir fá umsögn,“ bætir Haukur við. Bókin, sem er 225 blaðsíður, inniheldur 370 ljósmyndir af hinum ýmsu listamönnum sem fram hafa komið á staðnum. Ásamt Hauki sjálfum, unnu þeir Daníel Starrason, Skapti Hallgrímsson og Þórhallur Jónsson að gerð bókarinnar.

„Við erum með góðar græjur hérna og hljóðið er mjög gott,“ segir Haukur spurður út í vinsældir staðarins. Flestar vinsælustu hljómsveitir landsins hafa komið fram á staðnum í gegnum árin. „Hér hafa komið fram ýmsir listamenn, allt frá Álftagerðisbræðrum til Skálmaldar, sem segir til um hve fjölbreytnin er mikil.“

Haukur á líklega Íslandsmetið í því að vera viðstaddur tónleika. „Ég sé um 150 tónleika á ári og svo bæti ég nokkrum tónleikum við þegar ég fer í frí því þá fer ég yfirleitt á tónleika erlendis,“ útskýrir Haukur.

Á Græna hattinum er einnig að finna einn helsta dýrgrip íslenskrar tónlistarsögu. „Hérna erum við með Hammond-orgelið sem Karl Sighvatsson átti en það er frá árinu 1958 og var meðal annars notað með Trúbrot.“

Haukur segir staðinn ætla að halda áfram að svala tónleikaþorstanum og bjóða áfram upp á háklassa tónleika. Fram undan er fjöldinn allur af tónleikum. Í kvöld koma fram Eyþór Ingi og Atómskáldin, annað kvöld Ojba Rasta og á laugardagskvöld Mammút.

**- gunnarleo@frettabladid.is**



**Á LÍKLEGA ÍSLANDSMET** Haukur Tryggvason, eigandi Græna hattsins, er viðstaddur meira en 150 tónleika á ári, sem er líklega Íslandsmet.

## Fróðlegar og skemmtilegar staðreyndir

➜ **Græni hatturinn var fyrsti reyklausi pöbb landsins þegar Sigmundur Einarsson og Guðbjörg Inga Jósefsdóttir stofnuðu staðinn 1999.**

**Árið 2005 voru haldnir 60 til 70 tónleikar.**

**Árið 2013 voru haldnir 140 til 150 tónleikar.**

**Uppáhaldshljómsveitir Hauks eru Brian Wilson og Beach Boys, einnig er hann mikill aðdáandi Steely Dan.**

## 28.11.2013 ➜ 5.12.2013



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Steinar** | **Up** |
| ▲ | 2 | Of Monsters And Men | Silhouettes |
| ▼ | 3 | Baggalútur og Jóhanna | Mamma þarf að djamma |
| ▲ | 4 | Kaleo | Automobile |
| ▲ | 5 | Leaves | Ocean |
| ▼ | 6 | One Republic | Counting Stars |
| ▲ | 7 | Kaleo | Glass House |
| ▼ | 8 | Jón Jónsson | Feel For You |
| ▼ | 9 | Avicii | *Hey Brother* |
| ▼ | 10 | Drangar | *Bál* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Baggalútur | Mamma þarf að djamma |
| ▲ | 2 | Friðrik Ómar | Kveðja |
| ▲ | 3 | Björgvin Halldórsson | Duet III |
| ▲ | 4 | Páll Óskar | Rauða boxið |
| ▼ | 5 | Kaleo | Kaleo |
| ▼ | 6 | Sigríður Thorlacius | Jólakveðja |
| ▼ | 7 | Helgi Björnsson | Helgi syngur Hauk |
| ✱ | 8 | One Direction | Midnight Memories |
| ▲ | 9 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▶ | 10 | Bubbi | Æsku minnar jól |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# TAKK!

**Vegna frábærra undirtekta í jólaleik BYKO ætlum við að draga út glæsilegan aukavinning á Facebook síðu BYKO laugardaginn 7. desember, kl 14:00.**




*Drögum út vinning daglega til 23. des.*




## AUKAVINNINGUR!

**Kitchen-Aid hrærivél að verðmæti 82.990 kr.**
**Freistaðu gæfunnar og vertu með í jólaleik BYKO á *facebook.com/byko.is*.**

Taktu þátt!

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Helstu myndir: 2 Guns, Mission Impossible - Ghost Protocol, Precious og Déjà Vu.**

Leikkonan Paula Patton er 38 ára í dag.

# Íslenskri kvikmyndagerð gerð skil á Gautaborgarhátíðinni

Sérstök yfirlitssýning íslenskra kvikmynda verður haldin á hátíðinni í ár.

„Það skal ósagt látið hvort efnahagserfiðleikar Íslands hafi orðið til þess að sköpunarkraftur kvikmyndagerðarfólks á Íslandi hefur blómstrað, en staðreyndin er sú að í ár hafa margar vel gerðar, frumlegar og listrænar myndir komið þaðan. Myndirnar búa yfir sérstökum, íslenskum einkennum sem sett eru fram á ferskan og persónulegan hátt,“ segir í yfirlýsingu frá Gautaborgarhátíðinni, sem er stærsta kvikmyndahátíð Norðurlanda. Hátíðin í ár kemur til með að gefa íslenskri kvikmyndagerð sérstakan gaum, en kvikmyndirnar Hross í oss, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar, og Málmhaus, í leikstjórn Ragnars Bragasonar, keppa um aðalverðlaun hátíðarinnar.

Þá hlýtur Baltasar Kormákur sérstök heiðursverðlaun hátíðarinnar.

Gautaborgarhátíðin er haldin snemma á næsta ári, þann 24. janúar til 3. febrúar, og á dagskránni er meðal annars sérstök yfirlitssýning frá Íslandi, þar sem nokkrar íslenskar kvikmyndir síðastliðinna tuttugu ára verða sýndar, meðal annars 101 Reykjavík eftir Baltasar Kormák, Bíódagar eftir Friðrik Þór Friðriksson og Sveitabrúðkaup eftir Valdísi Óskarsdóttur. - ósk



**HEIÐRAÐUR** Baltasar Kormákur hlýtur fyrstu heiðursverðlaun hátíðarinnar.
AFP/NORDICPHOTOS




## UM HELGINA
### Home Alone og Die Hard

## Klassískar kvikmyndir í bíó

Miði á hvora mynd kostar 800 krónur en hægt er að fá miða á báðar myndirnar saman á 1.000 krónur. Þá bjóða kvikmyndahúsin upp á sérstakt fjölskyldutilboð – miðann á 500 krónur ef keyptir eru fjórir miðar eða fleiri.

**Kevin bjargar málunum**
Home Alone fjallar um drenginn Kevin, sem leikinn er af Macaulay Culkin, sem er skilinn eftir einn heima af fjölskyldu sinni fyrir mistök. Tveir óprúttnir bófar, sem túlkaðir eru af Joe Pesci og Daniel Stern, sjá sér leik á borði og reyna að brjótast inn á heimili Kevins sem kallar ekki allt ömmu sína.

**Jóla-John í ham**
Í Die Hard neyðist harðhausinn John McClane, sem leikinn er af Bruce Willis, að bjarga eiginkonu sinni og fjölda annarra úr klóm glæpamannsins Hans Gruber. Hörkuspennandi jólamynd en aðalhasarinn gerist á sjálft aðfangadagskvöld.



- lkg




**STJÖRNULIÐ** Meðal leikara í myndinni eru söngkonan Lady Gaga, Alexa Vega, Sofia Vergara og sjálfur Charlie Sheen.

## LEIKARARNIR SEM HEILLA RODRIGUEZ




Leikstjórinn **Robert Rodriguez** velur oft sömu leikarana í myndir sínar. Mörg kunnugleg andlit hafa sést í myndum Rodriguez.

# Hinn mexíkóski Jean-Claude Van Damme snýr aftur í bíó

Kvikmyndin Machete Kills úr smiðju Roberts Rodriguez er frumsýnd á morgun. Machete Kills er framhald myndarinnar Machete og sem fyrr er það Danny Trejo sem leikur aðalhlutverkið. Sannkallað stjörnulið leikara fer einnig með hlutverk í myndinni, þar á meðal Antonio Banderas, Charlie Sheen og Jessica Alba.

Kvikmyndin Machete Kills verður frumsýnd á morgun en hún er skrifuð af Robert Rodriguez og í leikstjórn hans. Myndin er sú þriðja sem byggð er á gervistiklum úr myndunum Planet Terror og Death Proof sem saman mynda Grindhouse og kemur úr smiðju Rodriguez og leikstjórans Quentins Tarantino. Grindhouse-dúettinn kom út árið 2007 og vísaði til kvikmyndahúsa vestan hafs sem sérhæfa sig í B-myndum, og eru oftast kölluð Grindhouse. Hinar myndirnar, sem byggðar eru á gervistiklunum, eru Machete og Hobo with a Shotgun.

Machete Kills er framhald myndarinnar Machete sem var sýnd árið 2010 en saman mynda þær þríleik ásamt myndinni Machete Kills Again en óljóst er hvenær hún verður frumsýnd. Rodriguez skrifaði handrit fyrstu myndarinnar þegar hann réð leikarann Danny Trejo í hlutverk Navajas í kvikmyndinni Desperado árið 1993 en Trejo leikur einmitt titilhlutverkið í Machete-þríleiknum.

„Þegar ég hitti Danny sagði ég að þessi gaur ætti að vera mexíkóski Jean-Claude Van Damme eða Charles Bronson. Hann ætti að vera í bíó á hverju ári og nafn hans skyldi vera Machete,“ segir Rodriguez um uppruna fyrrverandi lögreglumannsins Machete Cortez.

> **Þegar ég hitti Danny sagði ég að þessi gaur ætti að vera mexíkóski Jean-Claude Van Damme eða Charles Bronson.**
>
> *Robert Rodriguez*

Í Machete Kills er Machete fenginn til að binda enda á uppgang brjálæðings sem hótar veröldinni öllu illu. Í myndinni leitar forseti Bandaríkjanna, sem er leikinn af ærslabelgnum Charlie Sheen, á náðir Machetes, en brjálaður vopnasali hefur komist yfir öflug, langdræg flugskeyti sem hann ætlar að nota til að hefja styrjöld við alheiminn. Svo skemmtilega vill til að Mel Gibson leikur þennan snarklikkaða glæpamann og verður Machete að stöðva hann, hvað sem það kostar. Vandamálið er að það er nær ómögulegt að nálgast þennan brjálæðing en Machete hefur ráð undir rifi hverju eins og aðdáendur hans vita. Margar af skærustu stjörnum Hollywood fara með hlutverk í myndinni, þar á meðal Amber Heard, Michelle Rodriguez, Sofia Vergara, Antonio Banderas og Jessica Alba.

liljakatrin@frettabladid.is




APPELSÍNU- & SMJÖRLEGIN

KALKÚNABRINGA með

LAMBASALATI, EPLUM &

SULTUÐUM

RAUÐLAUK

# XMAS STYLE

Með frönskum og gosi 1.895 kr.



American Style

Bíldshöfða | Dalshrauni | Nýbýlavegi | Skipholti | Tryggvagötu

NÝHERJI

# Allt sem þú óskar þér




Canon EOS 100D Verð: 139.900 kr.
Með 18-55mm linsu Tilboðsverð: 119.900 kr.

**Stúfur DSLR myndavélana.**
- 18 megapixlar og Full HD vídeó.
- 3 klst námskeið og kennslubók fylgir.



lenovo A1000
Android spjaldtölva Verð: 18.900 kr.

**Á verði sem snertir við þér.**
- Hentar vel í afspilun og létt í leiki.
- 16GB gagnapláss.




BOSE Soundlink Mini
Bluetooth Hljómtæki Verð: 39.900 kr.

**Spilaðu jólalögin „like a BOSE“.**
- Lítið og nett.
- Aðeins 670 grömm.

**Kláraðu kaupin í verslunum okkar eða á netverslun.is**

Nýherji / Sími 569 7700 / Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / netverslun.is



# PS3: LEIKJATÖLVAN SEM ÖLLU BREYTTI

**Leikjatölvan Playstation 3 hefur haft gríðarleg áhrif á neysluvenjur á afþreyingarefni og gerði notendum kleift að fara á netið og spila leiki við félaga í fjarlægum löndum. Fréttablaðið fer yfir þróun tölvunnar, helstu leiki og erfiðleika.**

Sony setti fyrstu Playstation-leikjatölvuna á markað árið 1994. Síðan þá hefur fyrirtækið selt um 430 milljónir leikjatölva. Fjórða kynslóð Playstation er á leið til Íslands í janúar. Af því tilefni leit Fréttablaðið yfir sögu Playstation 3-tölvunnar, PS3, sem hefur notið gífurlegra vinsælda um allan heim síðan hún kom á markað árið 2006. PS3-tölvan hefur selst í yfir áttatíu milljónum eintaka og hefur betur en helsti keppinauturinn, Xbox 360, sem hefur selst í um 79 milljónum eintaka þrátt fyrir að hafa verið ári lengur í sölu. Reyndar hefur Nintendo Wii-tölvan slegið báðum þessum leikjatölvum við og selst í yfir hundrað milljónum eintaka, en þó er eðlismunur á virkni hennar og hinnar tveggja.

Þessi þriðja kynslóð leikjatölva gerði notendum kleift að fara á netið, streyma sjónvarpsefni og spila leiki við félaga í fjarlægum löndum. Óhætt er að segja að þær hafi breytt neysluvenjum margra á afþreyingarefni.

Playstation 3 kom á markað þann 17. nóvember árið 2006. Fjórtán leikir komu út samhliða útgáfu tölvunnar, má þar helst nefna leikina Resistance: Fall of Man, Call of Duty 3 og Marvel: Ultimate Alliance. Strax í upphafi var tölvan gagnrýnd, hún þótti dýr og var útgáfu hennar oft seinkað vegna vandræða í framleiðslu. Í júlí árið 2008, eftir að platan hafði verið um sjö mánuði í sölu, ákvað Sony, framleiðandi PS3, að stækka harða disk tölvunnar, úr tuttugu gígabætum í sextíu gígabæt án þess að hækka verðið.

**➜ Október 2007** Playstation Eye var kynnt til sögunnar. Það er eins konar myndavél sem varpaði myndum af spilurum inn í leikina.

**➜ Nóvember 2007** Leikurinn Call of Duty 4: Modern Warfare kom út. Leikurinn er, samkvæmt metacritic.com, einn besti fyrstu persónu skotleikur allra tíma, með 94 stig af 100 mögulegum í einkunn. Vefurinn Metacritic tekur saman umsagnir helstu fjölmiðla í tölvuleikjaheiminum og reiknar út meðaleinkunn sem leikir fá. Modern Warfare-leikirnir voru afar vinsælir á PS3, alls hafa komið út þrír slíkir leikir á PS3 og fengu þeir 92 í meðaleinkunn.










**➜ Apríl 2008** Leikurinn Grand Theft Auto IV kom út. Hann er sá leikur sem hefur fengið hæstu einkunnina á Metacritic.com, Leikurinn fékk 98 af 100 stigum mögulegum en var gagnrýndur fyrir ofbeldi.

**➜ Desember 2008** Playstation Home-viðmótið var kynnt til sögunnar. Home er eins konar gerviveröld þar sem spilarar geta skapað sína persónu, valið útlit og skreytt með hlutum sem þeir vinna eða kaupa.

**➜ September 2009** Ný útgáfa af PS3 kom á markað. Hún var einfaldlega nefnd Playstation Slim. Tölvan var, eins og nafnið gefur til kynna, nettari auk þess sem hún var öflugri. Nú var harði diskurinn orðinn 120 gígabæt.

**➜ Október 2009** Leikurinn Uncharted 2: Among Thieves kom út. Hann var á sínum tíma söluhæsti fyrstu persónu skotleikur PS3 og er í þriðja sæti, ásamt einum öðrum leik, yfir bestu leiki allra tíma á metacritic.com, með 96 í einkunn.

**➜ Október 2009** Leikurinn Fifa 10 kom út. Hann er sá íþróttaleikur sem hefur fengið hæstu einkunn á Metacritic í sögu PS3, með 91 stig af 100 mögulegum. Fifa-serían náði frábærum árangri yfir feril PS3-tölvunnar, eftir að hafa átt erfitt með að þróa leikinn í gegnum Playstation 2-tölvuna. Fifa skaut helsta keppinauti sínum, Pro Evolution Soccer, ref fyrir rass með frábærri þróun á PS3.







**➜ Nóvember 2009** Hægt var að tengjast kvikmyndaþjónustunni Netflix í gegnum PS3. Í upphafi þurftu notendur að setja upp forrit af diski, til þess að fá aðgang að Netflix. Í október 2010 var hægt að hala sérstaka útgáfu af forritinu niður og voru diskarnir lagðir af. Í lok árs 2012 var tilkynnt að flestir áskrifendur Netflix notuðust við Playstation 3.

**➜ September 2010** Playstation Move var kynnt til leiks. Move eru stýripinnar sem nema hreyfingar spilarans og svipar til stýripinna Nintendo Wii-tölvunnar. Með Move var til dæmis hægt að stunda líkamsrækt í PS3-tölvunni.

**➜ Maí 2011** Leikurinn LA Noire kom út. Leikurinn fékk frábærar viðtökur gagnrýnenda og almennings. Fékk 89 stig af 100 hjá Metacritic og var söluhæsti leikurinn í Bandaríkjunum árið 2011.

**➜ Október 2011** Batman: Arkham City kom út. Leikurinn vakti mikla athygli og þóttu myndgæðin afspyrnu flott. Hann seldist vel, sérstaklega í byrjun og endaði í 7. sæti yfir söluhæstu leiki ársins 2011. Leikurinn fékk 96 stig af 100 hjá Metacritic sem gerir hann að þriðja besta leik sögunnar, ásamt einum öðrum leik.

**➜ Febrúar 2012** Playstation Vita var kynnt til sögunnar. Vita er lófaleikjatölva með tengimöguleika við Playstation 3. Hægt er að tengja tölvurnar saman og spila ákveðna PS3 leiki á Vita-tölvunni. Þessi tengimöguleiki var lítið notaður en Sony hyggst tengja Vita betur við Playstation 4.

**➜ September 2012** Enn nýrri útgáfa af PS3 kom á markað, nefnd Super Slim. Tölvan varð enn nettari og enn öflugri fyrir vikið, hægt var að fá allt að fimm hundruð gígabæta harðan disk.

**➜ September 2013** Grand Theft Auto V kom út. Leikurinn vakti gríðarlega athygli, eins og GTA-leikirnir hafa flestir gert. Leikurinn fékk 97 stig af 100 frá Metacritic sem gerir hann að næstbesta leik sögunnar fyrir Playstation 3. Hann sló öll sölumet og varð söluhæsta afþreyingarvara sögunnar.

# 50 þúsund skrifuð orð á 30 dögum

Þátttakendur í NaNoWriMo reyndu að skrifa skáldsögu á einum mánuði.

NaNoWriMo er stytting á National Novel Writing Month, sem er átak þar sem þátttakendur skrifa fimmtíu þúsund orða skáldsögu á þrjátíu dögum í nóvember. Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir tók þátt í áskoruninni og stofnaði Facebook-grúppuna NaNoWriMo á Íslandi að erlendri fyrirmynd.

„Því miður eru lítil samskipti milli NaNoWriMo-þátttakenda á Íslandi en það er nokkuð sem átti að standa til bóta með Facebook-hópnum. Ég veit því lítið um ævintýri annarra þátttakenda hérlendis, en ég tók þátt í fjórða sinn í ár og hef lent í ýmsu.“

Guðrún fór á svig við reglurnar í ár og skrifaði smásögur í stað skáldsögu. „Oft hallar á smásagnahöfunda í umræðu um bókmenntir og gjarnan er litið á smásögur sem upphitun fyrir skáldsögur, en það er rangt.“ Guðrún hélt sig hins vegar við reglur um orðafjölda. „Fimmtíu þúsund orð á þrjátíu dögum gera 1.667 orð á dag. Fjölmargir ná ekki að klára og mér liggur við að fullyrða að allir „wrimoar“, eins og þátttakendur eru kallaðir á netinu, lendi í því einhvern tímann í mánuðinum að lenda eftir á í orðafjölda. Hugmyndaleysi gerir oft vart við sig og stundum fer meiri tími í að stara á autt blað en í skriftirnar.“

Hugmyndin er upphaflega amerísk en að sögn Guðrúnar tekur fólk alls staðar að úr heiminum þátt á hverju ári og Íslendingar eru engin undantekning. „Sumir hafa aldrei skrifað áður, aðrir eru áhugahöfundar og enn aðrir atvinnuhöfundar. Átakið hefur nýst atvinnuhöfundum með vinnuleiða vel, hef ég heyrt.“ **- ue**



**VAR DUGLEG** Guðrún skrifaði meðal annars 10 þúsund orð þann 30. nóvember.



**MIKIL GLEÐI** Megas er á meðal þeirra sem koma fram á Kex Hosteli í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Jólafílingur á Kex Hosteli

Kex Hostel er komið í sparifötin og undirbýr gesti sína undir sérlega skemmtileg og hátíðleg jól, með menningu af ýmsum toga og dýrindis kræsingum á árlegri KEXMas-dagskrá sinni. Matseðill Sæmundar í sparifötunum er með jólalegra sniði, auk þess sem blásið verður til skötuveislu á heilögum Þorláki. Menningardagskrá desembermánaðar á Kex Hosteli er hlaðin góðgæti af ýmsum toga. Á hverjum fimmtudegi er boðið upp á framúrstefnulega tónleika með nýrri íslenskri músík en hljómsveitirnar Ghostigital, Tilbury og Berndsen munu leika lög af nýjum breiðskífum sínum. Vikulegur KEXJazz verður á sínum stað á þriðjudögum en með jólalegra sniði. Að auki mun Drengjakór Reykjavíkur koma í heimsókn sunnudaginn 8. desember.

Rúsínan í pylsuendanum er stórtónleikar Megasar og Sauðrekanna föstudaginn 13. desember en þá mun Megas njóta fulltingis Ágústu Evu Erlendsdóttur við flutning Jésurímna. **- glp**



**GAMAN SAMAN** Á tónleikunum koma fram, ásamt KK og Ellen, margir af þekktustu tónlistarmönnum þjóðarinnar.

## KK og Ellen með jólagleði

„Þetta var tekið upp í fyrra, þegar við héldum jólatónleika í Eldborginni í Hörpu,“ segir tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, en hann er ásamt systur sinni, Ellen Kristjánsdóttur, að gefa út jólatónleika frá því í fyrra, á geisladisk og mynddisk.

KK og Ellen flytja lög af jólaplötunum sínum ásamt vel völdum lögum frá ferlinum. Gestir á tónleikunum voru Mugison, Magnús Eiríksson, Elín Ey, Sigríður Eyþórsdóttir, Elísabet Eyþórsdóttir og Þorsteinn Einarsson. Á meðal laga á tónleikunum eru Yfir fannhvíta jörð, Hin fyrstu jól, Skín í rauðar skotthúfur og Nóttin var sú ágæt ein, ásamt mörgum fleiri perlum.

Þá verða þau með jólatónleika víða í núna desember. „Við erum með ferna tónleika í Salnum í Kópavogi en það er uppselt á þrenna þeirra.“ Þá koma þau meðal annars fram á Café Rosenberg, Fríkirkjunni í Hafnarfirði og í Landnámssetrinu í Borgarnesi. **- glp**



## VALTARI/KVEIKUR TÓNLEIKAFERÐALAG SIGUR RÓSAR 2012-2013




# SIGUR RÓS SIGRAR HEIMINN

**Ein þekktasta hljómsveit Íslandssögunnar lauk nýverið við sína stærstu tónleikaferð til þessa. Alls kom sveitin fram á 141 tónleikum en talið er að um 900.000 manns hafi sótt tónleika sveitarinnar á ferðalaginu sem stóð frá 29. júlí 2012 til 30. nóvember 2013.**




Fyrir skömmu lauk stærsta tónleikaferðalagi Sigur Rósar en alls spilaði sveitin á 141 tónleikum í 32 löndum. Af þessum 141 tónleikum voru 39 tónleikar á tónleikahátíðum, líkt og á Lollapalooza, iTunes festival, Coachella og á Hróarskeldu.

Alls sáu um níu hundruð þúsund manns tónleika Sigur Rósar á tónleikaferðalaginu, sem stóð frá 29. júlí 2012 til 30. nóvember 2013. Þetta er jafnframt mest sótta tónleikaferðlag sveitarinnar og það stærsta að umfangi.

Tónleikaferðin hófst í Fíladelfíu í Bandaríkjunum og lauk í Helsinki í Finnlandi. Þar á milli heimsótti sveitin nánast allan heiminn en eins og flestir vita er hljómsveitin dýrkuð og dáð út um allan heim. Þeir héldu stóra tónleika þann 4. nóvember árið 2012 í nýju Laugardalshöllinni, sem um átta þúsund manns sóttu. Þetta er mesti áhorfendafjöldi á tónleikum hjá íslenskum listamanni eða hljómsveit sem selt er inn á.

Í Sigur Rós eru nú einungis þrír meðlimir, þeir Jón Þór Birgisson, Georg Holm og Orri Páll Dýrason en auk þeirra spiluðu átta hljóðfæraleikarar með þeim á tónleikaferðalaginu og því ellefu manna hljómsveit á sviðinu. Yfirleitt var hópurinn sem ferðaðist saman á tónleikaferðalaginu um fjörutíu til fimmtíu manns, hljóðfæraleikarar og ýmsir tæknimenn.

Oftast ferðaðist hópurinn um á þremur til fjórum rútum eða „tourbus“ og fylgdu honum einnig fjórir risatrukkkar sem fluttu búnaðinn á milli staða. Í Asíu og Ástralíu var hins vera frekar flogið á milli staða.

Sigur Rós hefur selt um tíu milljónir platna um heim allan, ef geisla- og mynddiskasala er lögð saman. Mest selda platan er Takk, sem selst hefur í 1,5 milljónum eintaka og kom hún út árið 2005. Sem stendur er sveitin með samning hjá XL Recordings en þar eru listamenn eins og Radiohead og Adele.

Það var ýmislegt sem gerðist á meðan á tónleikaferðinni stóð en sveitin vann meðal annars verðlaunin Knights Of Illumination Award fyrir sviðsmynd, lýsingu og myndbönd á tónleikaferðalaginu. Verðlaunin fengu þeir fyrir „showið“ sem slíkt en verðlaunin voru veitt í október 2013.

Sigur Rós hitti hljómsveitina Metallica í San Francisco í ágúst í fyrra og fór vel á með sveitunum. Báðar sveitirnar eru aðdáendur hvor annarrar og eftir tónleikana hittust meðlimir baksviðs og áttu góða stund saman. Það ríkir mikil virðing á milli sveitanna.

Sigur Rós hitti einnig hljómsveitina U2 á Írlandi. „U2-menn voru á hlið sviðsins á meðan Sigur Rós kom fram. Það var mjög fínt að spjalla við þá, þeir eru miklir tónlistaráhugamenn og þrátt fyrir alla velgengni og sigra U2, þá eru þeir bara í þessu út af tónlistinni og það sást vel hversu miklir músíkantar og músíkáhugamenn þeir eru,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður Sigur Rósar, um þá Bono og The Edge úr U2 þegar hann hitti þá á Írlandi.

- gunnarleo@frettabladid.is



**ÚT UM ALLAN HEIM** Sigur Rós lauk nýverið sínu stærsta tónleikaferðalagi til þessa, en það stóð frá 29. júlí 2012 til 30. nóvember 2013. NORDICPHOTOS/GETTY


Í dag 5. des. kl. 17:00
verður jólastemning
í verslun í Kringlunni.
Sigríður Thorlacius &
Guðmundur flytja
vel valin lög fyrir
framan verslun
ZO•ON
10% afsláttur
af öllum vörum í verslun
ZO•ON Kringlunni.
Lifðu
ZO•ON
ICELAND






**FYRIR FULLORÐNA** Vignir Rafn Valþórsson-Axlar Björn

# Leikrit ekki fyrir börn

Leikfélagið Óskabörn ógæfunnar frumsýnir Nóttin var sú ágæt ein, jólaleikrit fyrir fullorðna.

„Leikritið fjallar um mann sem kemur að hitta vin sinn í vinnunni klukkutíma fyrir jól. Hann segist þurfa að sýna honum svolítið merkilegt en hann er búinn að handsama jólasvein. Vinurinn kaupir það ekki alveg strax en þeir yfirheyra hann og þá gerist ýmislegt. Leikritið endar á ákveðinn hátt og kannski ekki eins og venjuleg jólaleikrit enda,“ segir Vignir Rafn Valþórsson, leikstjóri leikritsins Nóttin var sú ágæt ein eftir Anthony Neilson, sem er jólaleikrit fyrir fullorðna. Leikfélagið Óskabörn ógæfunnar setur verkið upp en félagið setti það líka upp í fyrra.

„Aðalpersónur leikritsins eru ekki mikil jólabörn, ekki frekar en margir fullorðnir í dag þar sem búið er að eyðileggja jólin svolítið. Þetta leikrit er mjög gott fyrir þá sem eru komnir með ógeð á jólakjaftæðinu þar sem allt snýst um að selja. Margir eru löngu búnir að gleyma um hvað jólin snúast í raun og veru. Leikritið er alls ekki fyrir börn, enda ýmisleg rætt sem börn eiga alls ekki að fá að heyra fyrr en vel eftir fermingu,“ bætir Vignir við.

Leikritið verður frumsýnt í Tjarnarbíói 11. desember og fá leikhúsgestir sjálfir að ákveða miðaverðið. Lágtekjufólk greiðir tvö þúsund krónur, millitekjufólk þrjú þúsund krónur og hátekjufólk fimm þúsund krónur. Gestir velja sjálfir í hvaða flokk þeir setja sig.

„Við höfum gert þetta nokkrum sinnum með sýningarnar okkar og þetta hefur reynst okkur mjög vel. Við fáum enga styrki og er verkið sett upp með peningum úr okkar eigin vasa. Vonandi fáum við einhverjar krónur í kassann til að geta keypt meira eins og maður þarf að gera um jólin.“

Leikarar í sýningunni eru Benedikt Karl Gröndal, Davíð Freyr Þórunnarson, Kári Viðarsson og Svandís Dóra Einarsdóttir. **- lkg**

# Hafði aldrei pælt í orðinu snípur

Hér er snípur um sníp frá sníp til sníps? Eða er það snípa? Þetta voru vangaveltur þréttán ára drengs í fræðslu hjá mér fyrir rétt rúmri viku. Hann vildi vita hvernig snípurinn fallbeygðist og hvort hann tæki á sig fleirtölu. Ég verð að játa að þessi nálgun á kynfærið kom mér ögn á óvart og benti ég honum á að þetta væri snípur í nefnifalli. Karlkyn? Svaraði hann þá í snatri. Ég hafði barasta aldrei pælt neitt sérstaklega í orðinu snípur, það bara einhvern veginn er. Þannig er það nefnilega með notkun kynlífsorða, líkt og annarra orða í okkar ágæta tungumáli, að þau eiga það til að flækjast fyrir manni. Gott ef manni vefst ekki tunga um tönn í einhverjum tilfellum. Ég er ágæt í málfræði, ekki frábær en ágæt. Þó reyndar minnir mig að ágætt sé „best“ í grunnskólum landsins svo ætli þetta séu ekki ósannindi hjá mér, kannski er ég bara góð, og ég minni á að ágætt er betra. Reyndar held ég að það geti talist móðgun að vera ágætur í bólinu, vildi maður þá ekki frekar vera góður? Æ, þetta er svo öfugsnúið.

Fyrir viku fjallaði ég um sæði og talaði um brund. Mér bárust þá nokkrir póstar sem bentu á að brundur væri karlkynsorð en ekki hvorugkyn og því bæri að tala um brundinn en ekki brundið. Þetta hafði ég aldrei heyrt en ætlaði vissulega að taka til mín því mig langar að tala rétt og fallegt mál. Reyndar kom upp úr krafsinu að hvort tveggja má. Brundið er það fjölhæft að það getur líka verið brundur. Kannski þurfa dægurlögin að endurspegla fjölhæfni þessara orða til að kenna okkur rétta málfræði kynlífsins, svona eins og „Ég hlakka svo til“ sem ómar á flestum útvarpsstöðvum.

Bara svo það sé á hreinu þá tek ég fagnandi ábendingum um málfræðivillur því ég vil virkilega bæta mig, en við skulum nú ekki missa okkur með rauða pennann og halda leiðréttingum í hófi, svo ég tapi nú ekki öllu sexí í þessum sexí orðum. Þá er líka ágætt að muna að orð eru bara orð og það er um að gera að leika sér aðeins með þau, þó innan ramma regluverksins. Ef þér leiðist þá langar mig að benda þér á að af nógu er að taka í íslenskun klámyrða að loknum prófflestri, nú eða fyrir jólaglöggina í vinnunni.

Það væri nú skemmtilegt ef til væri þáttur og ítarlegri umfjöllun um þessi kynlegu orð og ef hann er nú til, ætli hann taki þessi orð fyrir? Ef ekki þá skaltu eigi örvænta, því ég hugsa að ég muni bara gera hann sjálf. Kannski það verði mitt fyrsta verk á nýju ári.



**ÖFUGSNÚIÐ** „En við skulum nú ekki missa okkur með rauða pennann og halda leiðréttingum í hófi, svo ég tapi nú ekki öllu sexí í þessum sexí orðum.“

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Velkomin í jólagleði í Eldey á Ásbrú fimmtudaginn 5. desember kl. 20.00



# Jólagleði *og gaman* í Eldey



- Frumkvöðlar í húsinu bjóða upp á létta jólastemningu með **jólaglögg og piparkökum**.
- Hinn geðþekki söngvari **Valdimar Guðmundsson tekur lagið ásamt Björgvini Baldurssyni**.
- **Sprotafyrirtæki** kynna ýmsa framleiðslu og fjölbreytt verkefni.
- **Opnar vinnustofur** hönnuða og sölutorg. **Gerðu frábær kaup fyrir jólin!**

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ




PIPAR\TBWA-SÍA - 133538

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DELIVERY MAN VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS SÍÐUSTU SÝNINGAR | KL. 6 - 9 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 10:10 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 10:10 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 10:20 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE AVALANCHE | KL. 8 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.10 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE PAST | KL. 5.15 - 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 - 8 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 6, 7, 9, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:10 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5 | L |




**HRESS** Sharon er ekki feimin.

# Lét laga kynfærin

Sharon Osbourne, 61 árs, er ófeimin við að tjá sig opinskátt um allar lýtaaðgerðirnar sem hún hefur farið í. Hún segir sársaukafyllstu aðgerðina hafa verið þegar hún lét laga kynfæri sín.

„Það versta var þegar leggöngin mín voru þrengd. Það var sársaukafullt,“ segir Sharon í viðtali við Graham Norton. Þá tjáði hún sig líka um hjónaband sitt með rokkaranum Ozzy Osbourne en þau hættu saman stuttu seinna.

„Mikið hefur gerst í lífinu þegar maður er búinn að þekkja manneskju í fjörutíu ár og búinn að vera með þeirri manneskju í 33 ár. Hann datt í það og neytti blöndu af fíkniefnum og áfengi.“

- lkg



**HEPPIN** Marcia leikur móður Christians.

# Leikur móður Christians Grey

Leikkonan Marcia Gay Harden er búin að næla sér í hlutverk í kvikmyndinni Fifty Shades of Grey sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir E.L. James.

Marcia, 54 ára, mun leika Dr. Grace Trevelyan Grey, móður aðalkarlhetjunnar Christians Grey, sem leikinn er af Jamie Dornan. Með hlutverk systkina Christians fara Luke Grimes og Rita Ora en enn á eftir að afhjúpa hver leikur föður hans.

Þá leikur nýstirnið Dakota Johnson hina hlédrægu Anastasiu Steele sem kolfellur fyrir Christian. Tökur á myndinni hófust í Vancouver í Kanada síðasta sunnudag en áætlað er að frumsýna hana í febrúar árið 2015.

-lkg

# Mín dýpstu vefleyndó

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Vodafone-lekinn er toppurinn á ísjakanum. Við dælum persónuupplýsingum inn á samfélagsmiðla daglega og það er tímaspursmál hvenær samskipti okkar á Facebook, Snapchat og fleiri samfélagsmiðlum verða gerð opinber. Ekki ætla ég að bíða eins og bjáni eftir félagslegri aftöku. Nei, ég hyggst misnota þetta pláss í víðlesnasta dagblaði landsins og baktryggja mig með því að opinbera mín dýpstu vefleyndó.

**SPJALLIÐ** á Facebook nota ég daglega. Þar spjalla ég við vini og vinnufélaga og dreg ekkert undan. Alþingismenn, sjónvarpsstjörnur, vinir mínir og keppendur í undankeppni Eurovision hafa orðið fyrir barðinu á galgopalegu blaðrinu í mér og við þau vil ég segja að ég meinti örugglega hvert einasta orð. Sorrí.

**SNAPCHAT** er alvarlegra mál. Einhvern tíma verða myndirnar, sem fólk heldur að gufi upp eftir að viðtakandinn skoðar þær, opinberaðar af kófsveittum Mountain Dew-lepjandi hakkara. Ég svitna við tilhugsunina um að í bunkanum leynist myndir af mér. Myndirnar valda eflaust usla í ákveðnum kreðsum samfélagsins og vil ég til dæmis biðja móður mína afsökunar á hegðun minni — myndin sem sýnir mig ganga örna minna var ætluð vinum. Hún var reyndar tekin í sjálfsvörn þar sem sömu vinir nýttu hugbúnaðinn til að koma hægðum sínum á framfæri, í háskerpu og stundum steríó.

**ÞÁ** er mikilvægt að fólk viti að nektarmyndin af mér í spegli baðherbergis míns var aðeins ætluð kærustunni minni. Við vorum reyndar ekki kærustupar þegar ég sendi myndina, sem útskýrir viðleitnina til að spenna sem flesta vöðva líkamans og notkun lýsingar til að skerpa á þeim. Ég skammast mín samt ekki enda vakti myndin mikla lukku — og þá sérstaklega fagmannlega útfærður pakkinn sem ég teiknaði á mig miðjan til að hylja það allra heilagasta, enda nýkominn úr kaldri sturtu.

**LOKS** gæti tónlistarmiðillinn Spotify orðið fyrir barðinu á óprúttnum aðilum. Ég hef ekkert að fela þar frekar en á öðrum samfélagsmiðlum: Wrecking Ball með Miley Cyrus er í alvöru uppáhaldslagið mitt.



**SPÁÐ Í SPILIN** Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir Dýrfjörð, sem leikur í kvikmyndum á borð við Málmhaus og Djúpið, og Saga Sig skoða útkomu úr myndatökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KONURNAR Á BAK VIÐ BOLINN** Saga Sig, sem tók allar myndir, og Katrín María Káradóttir, yfirhönnuður ELLU, í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skyggnst bak við tjöldin hjá UN Women

**Saga Sig og Katrín María Káradóttir hönnuðu bol fyrir kynningarátak UN Women. Þær fengu til liðs við sig konur úr öllum áttum fyrir auglýsingaherferðina.**

„Mér finnst UN Women vinna þarft starf í þágu málefna sem snerta okkur öll – ég elska að vinna með snillingum og allir sem komu að átakinu eru það,“ segir Saga Sig ljósmyndari um UN Women-bolinn sem hún ásamt Katrínu Maríu Káradóttur, yfirhönnuði ELLU, hannaði fyrir landsnefnd UN Women á Íslandi.

Það er ósk þeirra að með hverjum bol sem selst aukist meðvitund landsmanna um stöðu kvenna og stúlkna í fátækustu löndum heims og um leið samtökin.

Allur ágóði af bolunum rennur í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og stuðla að auknu jafnrétti þeirra.

„Í tilefni af gerð bolanna fengu samtökin konur og stúlkur úr öllum áttum og á öllum aldri til liðs við sig fyrir sérstaka auglýsingaherferð sem Saga tók. Myndatakan fór fram í Ljósmyndaskóla Sissu og er óhætt að segja að dagurinn hafi verið stórskemmtilegur,“ segir Hanna Eiríksdóttir hjá UN Women.

Bolurinn verður seldur í takmörkuðu upplagi og kemur í verslanir um miðjan mánuðinn. Efnt verður til veislu þegar bolirnir koma í sölu í húsakynnum ELLU.



**ÚR TÖKUM** Þær Sigríður María Egilsdóttir og Selma Björk Hermannsdóttir lögðu málefninu lið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Saga Sig

Saga var ljósmyndastjóri Verzlunarskólablaðsins á menntaskólaárunum. Það var þá sem hún áttaði sig á því að hún vildi vinna við ljósmyndun sem listform.

Saga fór í eitt ár í listfræði í Háskóla Íslands en flutti svo til London þar sem hún lærði tískuljósmyndun í London College of Fashion. Hún útskrifaðist þaðan árið 2011 og hefur síðan verið iðin við kolann og meðal annars myndað fyrir Nike Women, KALDA, KronKron, Topshop, Burberry og Harpers Bazaar Arabia svo eitthvað sé nefnt.

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# ENGIN MISKUNN

## HANDHAFI BLÓÐDROPANS 2013

★★★★★

*„Það er ekki veikan hlekk að finna í Grimmd ...“*

KRISTJÓN KORMÁKUR GUÐJÓNSSON / PRESSAN.IS

★★★★

*„Ómótstæðileg Grimmd.“*

ÁSTA SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR / DV

★★★★

*„Stefán Máni er sérfræðingur í undirheimum Íslands ...“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ






**Stefán Máni gefur ekkert eftir í þrettándu bók sinni!**

**SKÁLDSAGA BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## ÚRSLIT

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**ARSENAL - HULL 2-0**
1-0 Nicklas Bendtner (2.), 2-0 Mesut Özil (46.).

**LIVERPOOL - NORWICH 5-1**
1-0 Luis Suarez (14.), 2-0 Luis Suarez (29.), 3-0 Luis Suarez (35.), 4-0 Luis Suarez (73.), 4-1 Bradley Johnson (83.), 5-1 Raheem Sterling (88.)

**MAN. UNITED - EVERTON 0-1**
0-1 Bryan Oviedo (86.).

**SOUTHAMPTON - ASTON VILLA 2-3**
0-1 Gabriel Agbonlahor (14.), 1-1 Jay Rodriguez (48.), 1-2 Libor Kozak (63.), 2-2 Pablo Daniel Osvaldo (69.), 2-3 Fabian Delph (79.)

**STOKE - CARDIFF 0-0**

**SUNDERLAND - CHELSEA 3-4**
1-0 Jozy Altidore (14.), 1-1 Frank Lampard (16.), 1-2 Eden Hazard (35.), 2-2 John O'Shea (50.), 2-3 Eden Hazard (62.), 2-4 Philip Bardsley, sjm (84.), 3-4 Philip Bardsley (86.)

**SWANSEA - NEWCASTLE 3-0**
1-0 Nathan Dyer (45.+1), 2-0 Matieu Debuchy, sjm (67.), 3-0 Jonjo Shelvey (80.)

**FULHAM - TOTTENHAM 1-2**
1-0 Ashkan Dejagah (56.), 1-1 Vlad Chiriches (72.), 1-2 Lewis Holtby (81.)

**WEST BROM - MAN CITY 2-3**
0-1 Sergio Aguero (9.), 0-2 Yaya Toure (24.), 0-3 Yaya Toure, víti (73.), 1-3 Costel Pantilimon, sjm (85.), 2-3 Victor Anichebe (90.+5).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Arsenal | 14 | 11 | 1 | 2 | 29-10 | 34 |
| Chelsea | 14 | 9 | 3 | 2 | 28-17 | 30 |
| Manchester City | 14 | 9 | 1 | 4 | 40-14 | 28 |
| Liverpool | 14 | 8 | 3 | 3 | 30-17 | 27 |
| Everton | 14 | 7 | 6 | 1 | 22-13 | 27 |
| Tottenham | 14 | 7 | 3 | 4 | 13-15 | 24 |
| Newcastle | 14 | 7 | 2 | 5 | 19-21 | 23 |
| Southampton | 14 | 6 | 4 | 4 | 18-13 | 22 |
| Man. United | 14 | 6 | 4 | 4 | 22-18 | 22 |
| Aston Villa | 14 | 5 | 4 | 5 | 16-16 | 19 |
| Swansea | 14 | 5 | 3 | 6 | 20-19 | 18 |
| Hull City | 14 | 5 | 2 | 7 | 12-18 | 17 |
| WBA | 14 | 3 | 6 | 5 | 17-19 | 15 |
| Stoke | 14 | 3 | 5 | 6 | 12-18 | 14 |
| Cardiff | 14 | 3 | 5 | 6 | 11-20 | 14 |
| Norwich | 14 | 4 | 2 | 8 | 12-28 | 14 |
| West Ham | 14 | 3 | 4 | 7 | 12-15 | 13 |
| Crystal Palace | 14 | 3 | 1 | 10 | 8-22 | 10 |
| Fulham | 14 | 3 | 1 | 10 | 12-26 | 10 |
| Sunderland | 14 | 2 | 2 | 10 | 11-28 | 8 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

## Aníta keppir við framtíðarstjörnur Bandaríkjanna í New York

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hlaupakonan Aníta Hinriksdóttir mun byrja næsta ár á risaverkefni því hún keppir þá á einu frægasta innanhússfrjálsíþróttamóti Bandaríkjanna sem haldið er árlega í New York. Frábær árangur Anítu á þessu ári hefur komið henni í flokk með framtíðarstjörnum heimsins í 800 metra hlaupi kvenna og í framhaldinu fékk hún boð á hið fornfræga og virta innanhússmót, Millrose Games, sem fer fram í 107. sinn í febrúar.

Ein mesta stjarna Bandaríkjanna, Mary Cain (fædd 1996), sem er jafngömul Anítu, ung bresk stúlka, Jessica Judd (fædd 1995), sem hefur verið að hlaupa mjög vel, og Ajee Wilson (fædd 1994), sem er tveimur árum eldri og að verða einn flottasti hlaupari Bandaríkjanna, taka þátt í mótinu. „Mótshaldara í Bandaríkjunum langaði til að fá þessar ungu hlaupastjörnur saman í eitt hlaup. Þeir voru búnir að fá samþykki frá Cain og Wilson og töluðu um að það yrði af þessu ef Aníta vildi koma," sagði Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu, í Sportspjallinu sem verður frumsýnt á Vísi í hádeginu í dag. Þar fer Kolbeinn Tumi Daðason yfir árangur Anítu og annars íslensk frjálsíþróttafólks á árinu 2013 ásamt Gunnari og Þóreyju Eddu Elísdóttur.

Mótið í New York fer fram 15. febrúar en verður þó ekki fyrsta mót hennar á árinu. „Aníta er líka að fara að keppa á Íslandi í vetur og það verður alþjóðlegt mót 19. janúar í Laugardalshöllinni. Frjálsíþróttasambandið stefnir á að fá tvo til þrjá erlenda keppendur á móti henni á þessu móti, þar af einhverja í hennar styrkleikaflokki," sagði Þórey Edda Elísdóttir í Sportspjallinu. **- óój**




# Skiptust á treyjum síðast

Íslendingaliðin Hellas Verona og Sampdoria mætast í bikarslag á Ítalíu í kvöld. Emil Hallfreðsson verður hvíldur en Hafnfirðingurinn vonar að Birkir Bjarnason fái langþráð tækifæri undri stjórn Sinisa Mihajlovic.

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson hefur verið í stóru hlutverki með nýliðum Hellas Verona sem hafa farið mikinn það sem af er tímabili í efstu deild á Ítalíu. Liðið situr í 6. sæti deildarinnar eftir fjórtán umferðir. Aðeins Juventus, Roma, Napoli, Inter og Fiorentina hafa staðið sig betur. AC Milan og Lazio eru á meðal liða sem sitja neðar á töflunni.

„Það er mikill munur á deildunum þannig að þetta hefur verið miklu erfiðara," segir Emil um gengi nýliðanna á leiktíðinni. Emil hefur verið í byrjunarliðinu undantekningarlítið og aðeins misst úr einn leik. Þá var hann veikur.

„Spilatíminn kemur mér ekkert á óvart. Þetta er mitt fjórða tímabil hjá liðinu og ég hef verið með sama þjálfara sem hefur alltaf haft jafn mikla trú á mér. Það gefur manni innblástur og sjálfstraust," segir Emil sem spilar á miðjunni hjá gulklædda liðinu.

Emil og félagar töpuðu 4-3 fyrir Fiorentina á mánudagskvöldið en liðið sækir Sampdoria heim í bikarnum í kvöld. Birkir Bjarnason, félagi Emils úr íslenska landsliðinu, leikur með Sampdoria.

„Þeir sem spiluðu gegn Fiorentina munu nánast allir hvíla," segir Emil sem reiknar með því að fylgjast með gangi mála af varamannabekknum eða stúkunni í kvöld. Liðið á leik í deildinni á sunnudag og segir Emil ljóst að deildin sé algjört forgangsatriði hjá nýliðunum. Liðið á heimaleik gegn Atalanta á sunnudag og þá vilji þjálfari liðsins að lykilmenn verði ferskir.

Emil og Birki er vel til vina. Sá síðarnefndi, sem gekk í raðir Sampdoria í haust, hefur fengið fá tækifæri hjá þeim bláklæddu undanfarnar vikur. Innkoma nýs þjálfara, Sinisa Mihajlovic, hefur lítið hjálpað.

„Ég vona svo innilega að hann fái að spila og að honum gangi sem best," segir Emil um herbergisfélaga sinn úr landsliðinu. Þótt þeir fái ekki tækifæri til að skiptast á treyjum í kvöld þá hafi þeir gert það er liðin mættust í deildinni í lok október.

„Ég tók meira að segja tvær treyjur. Eina í hálfleik og aðra eftir leik," segir Emil léttur og hann minnir að Birkir hafi gert hið sama. Hann muni klárlega nýta tækifærið og spjalla við Birki í kvöld. Ekki sé útilokað að hann fái hjá honum eina treyju enda hafi vinur Emils í Veróna óskað sérstaklega eftir slíkri.

kolbeinntumi@frettabladid.is



**ÁN MARKS** Emil hefur spilað 13 leiki í deildinni á tímabilinu en á enn eftir að skora. MYND/EPA




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er bíllinn því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ losun 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ losun 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



ALLT Í PAKKANN
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL UNIQUE 2 - FYRIR HANA
84.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
UVEX
7.990 KR.
HJÁLMAR
ROSSIGNOL OG UVEX
FRÁ 11.990 KR.
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL EXPERIENCE 74 - FYRIR HANN
74.990 KR.
SKÍÐASKÓR
ALIAS 80 - FYRIR HANN
39.990 KR.
SKÍÐASKÓR
NORDICA CRUISE 55 - FYRIR HANA
29.990 KR.
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL FYRIR STRÁKINN OG STELPUNA
27.990 KR.
20% AFSLÁTTUR ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
Fatnaður á mynd: Helly Hansen
ÁRNASÝNIR

# Stelpurnar fá of langt jólafrí

**Þjálfari kvennaliðs Vals í handbolta fagnar verkefnum fyrir A-landsliðið en telur þau ekki þurfa að bitna á deildinni. Mótastjóri HSÍ segir fyrirkomulagið í takt við vilja félaganna en að margir leikmenn séu í prófum.**

**HANDBOLTI** „Þetta er allt of langt frí. Við gáfum leikmönnum okkar vikufrí og þær fóru í ferðalög. Svo hittumst við á mánudaginn og erum byrjuð að æfa aftur,“ segir Stefán Arnarson, þjálfari bikarmeistara Vals í kvennaflokki.

Valsstelpur lögðu Fylki að velli í deildinni 20. nóvember sl. en hafa síðan ekki spilað leik. Næsti deildarleikur er á dagskrá 11. janúar.

Hlé var gert á deildinni hér heima eins og annars staðar í Evrópu vegna heimsmeistaramótsins í Serbíu. Íslenska liðið komst ekki í lokakeppnina en tíminn var þó nýttur til að kalla landsliðið saman. Liðið mætti Sviss í þremur leikjum í síðustu viku og æfir nú út vikuna.

„Við höfum aðgang að leikmönnum ytra í tvær vikur. Svo margir leikmenn landsliðsins spila erlendis að það er nauðsynlegt að nýta tímann vel,“ segir Róbert Geir Gíslason, mótastjóri Handknattleikssambandsins. Liðið verði að fá tíma til æfinga ætli það sér að komast á næsta stórmót.

„Landsliðið hefði átt að æfa í eina viku að meðtöldum landsleikjunum gegn Sviss,“ segir Stefán sem finnst tveggja vikna æfingahrina landsiðsins of löng.

„Það er auðvitað frábært að landsliðið fái verkefni en þegar liðið er ekki í lokakeppni á ekki að eyðileggja Íslandsmótið,“ segir Stefán. Ein vika hefði dugað og í kjölfarið hefði verið hægt að ná allt að þremur umferðum í deildinni fyrir jól. Málið hafi ekki verið hugsað til enda heldur haldið í sama horfi og undanfarin ár þegar Ísland var með á stórmótum.

„Það verður að horfa á heildina. Það eru fleiri að spila handbolta en landsliðsmennirnir,“ segir Stefán.

### Deildarbikarinn færður fram

Róbert segist hafa sest niður með forráðamönnum félaganna í upphafi síðastliðins sumars þar sem línur hafi verið lagðar fyrir tímabilið. Félögin hafi verið spurð hvort vilji væri til að spila í deildinni í desember í kjölfar landsleikjahlés eða lengja hléið fram í janúar. Mögulegt hefði verið að spila eina til tvær umferðir fyrir jól. Vilji félaganna hafi verið að halda desemberhléinu líkt og undanfarin ár.

„Desember er þungur mánuður fyrir félögin. Mörg lið eru skipuð ungum leikmönnum í framhaldsog háskóla sem eru á kafi í prófum,“ segir Róbert. Hann minnir á að staða Vals sé nokkuð önnur en annarra liða. Margir leikmenn hafi lokið háskólanámi og séu úti á vinnumarkaðnum. Hjá öðrum liðum sé staðan erfiðari. Planið hafi verið sent til félaga og enginn hafi hreyft mótmælum.

Þá minnir Róbert á að deildabikarinn, sem spilaður hafi verið milli jóla og nýárs, verði leikinn 13.-14. desember í ár. Það komi til af því að þá geti leikir í karla- og kvennaflokki farið fram á sama tíma. Leikirnir fari því ekki ofan í undirbúning karlalandsliðsins sem hefur leik á Evrópumótinu í Danmörku 12. janúar.

Valsmenn létu rúmenska leikmanninn Gherman Marinelu fara á dögunum en sú náði sér ekki á strik í rauða búningnum.

### Útlendingalaust Valslið

„Þetta var ágætis leikmaður og góð stelpa en hentaði ekki okkar leikskipulagi,“ segir Stefán. Hún komi úr austur-evrópskum handbolta þar sem spiluð sé önnur vörn en flest liðin hér heima leika. Hún hafi verið föst í sínu og gengið illa að aðlagast. Stefán segir Val ekki munu reyna að fylla skarð Marinelu með erlendum leikmanni. Valsliðið ætli að taka á því án aðstoðar að utan út leiktíðina.

Hins vegar segir Stefán fagnaðarefni að Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Rebekka Skúladóttir séu að komast á fulla ferð eftir barneignahlé.

„Þær eru að styrkjast og komast í betra stand,“ segir Stefán. Hann er ánægður með stöðu Valsliðsins sem situr í 2. sæti deildarinnar eftir tíu umferðir, stigi á eftir toppliði Stjörnunnar. Hvorugt liðið hefur tapað leik.

„Ég sagði alltaf að þetta gæti orðið erfitt fyrir áramót. Við erum á ágætis stað miðað við hvað mannskapurinn kemur seint inn,“ segir Stefán. Markmiðið á Hlíðarenda er skýrt. „Við stefnum alltaf á toppinn.“

kolbeinntumi@365.is




**SIGURSÆLL** Valskonur hafa unnið fjölmarga titla undanfarin ár undir stjórn Stefáns. Liðið varð bikarmeistari síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Hefur unnið fimmtán titla með Val á fjórum tímabilum

Stefán Arnarson hefur unnið fimmtán gull með Valsliðinu síðan að hann tók við liðinu fyrir 2008-09 tímabilið. Valsliðið hefur unnið þrjá Íslandsmeistaratitla undir hans stjórn og er ríkjandi bikarmeistari. Fyrsti titill þessa tímabils kom í hús í byrjun vetrar þegar liðið vann Meistarakeppni HSÍ fjórða árið í röð.

Valsstelpurnar unnu ekkert fyrsta tímabilið hans, 2008-09, en frá á með leiktíðinni 2009-10 hefur Valsliðið alltaf unnið annan af stóru titlunum og einu sinni tvöfalt. Auk þess að vinna þessi fimmtán gull þá hefur Valsliðið einnig krækt í þrjú silfur. Ekki slæm uppskera á svo stuttum tíma.

### TITLAR VALS UNDIR STJÓRN STEFÁNS ARNARSONAR

| | |
|---|---|
| ÍSLANDSMEISTARI - 3 SINNUM | 2010, 2011, 2012 |
| BIKARMEISTARI - 2 SINNUM | 2012, 2013 |
| DEILDARBIKARMEISTARI - 2 SINNUM | 2011, 2012 |
| DEILDARMEISTARI - 4 SINNUM | 2010, 2011, 2012, 2013 |
| MEISTARAR MEISTARANNA - 4 SINNUM | 2010, 2011, 2012, 2013 |




**STYRKIR VALSLIÐIÐ** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir kominn í slaginn á ný etir barnsburð.



**KRÝSUVÍKURLEIÐIN** Elvar Már og félagar í Njarðvík eiga aftur erfitt verkefni fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aftur erfitt hjá Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Það verður seint sagt að Njarðvík fari auðveldu leiðina í bikarkeppni KKÍ, Poweradebikarnum.

Í 32-liða úrslitum keppninnar lenti hið unga lið Njarðvíkur í því að spila á móti KR. Húnarnir unnu þann leik með glæsibrag. Næst beið liðsins leikur gegn bikarmeisturum Stjörnunnar sem þeir unnu einnig.

Í gær var svo dregið í átta liða úrslit og að þessu sinni þurfa Njarðvíkingar að fara til Grindavíkur í stórslag átta liða úrslitanna.

Goðsagnarlið Keflavíkur mætir ÍR á útivelli en 1. deildarliðin Fjölnir og Tindastóll mætast þannig að það er ljóst að 1. deildarlið verður í undanúrslitunum í ár. Lokaleikurinn er síðan á milli Þórs og Hauka í Þorlákshöfn.

Hjá konunum er stórleikurinn viðureign Vals og Snæfells en þá mætast einnig Reykjanesbæjarliðin Keflavík og Njarðvík og Grindavík tekur á móti KR. Lokaleikurinn er síðan á milli 1. deildarliðs Fjölnis og Hauka. - hbg

## DRÁTTURINN

### 8-LIÐA ÚRSLIT KARLA

GRINDAVÍK - NJARÐVÍK
FJÖLNIR - TINDASTÓLL
ÞÓR Þ. - HAUKAR
ÍR - KEFLAVÍK B

### 8-LIÐA ÚRSLIT KVENNA

GRINDAVÍK - KR
VALUR - SNÆFELL
KEFLAVÍK - NJARÐVÍK
FJÖLNIR - HAUKAR



**SKYTTAN** Róbert Aron í leik með Fram á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fer ekki til Þýskalands

**HANDBOLTI** Róbert Aron Hostert, leikmaður ÍBV, spilar ekki meira með sínum mönnum fyrir vetrarfríið í Olísdeild karla þar sem hann er með brotið bein í fæti.

„Það er álagssprunga í beini í ristinni og ég má ekkert æfa fyrr en í fyrsta lagi um miðjan janúar,“ sagði Róbert en deildin hefst á ný í febrúar.

Það tók nokkurn tíma að fá rétta greiningu en meiðslin komu ekki ljós í fyrri rannsóknum. „Ég hefði auðvitað gjarnan viljað fá að vita þetta fyrr en sem betur fer virðast meiðslin ekki hafa versnað á síðustu vikum.“

Honum stóð til boða að fara til Þýskalands meðan á fríinu stóð til að æfa með úrvalsdeildarliði Hannover-Burgdorf, en nú er ljóst að ekkert verður af því. „Það verður bara að bíða betri tíma,“ sagði Róbert. - esá



**UTAN VALLAR** KOLBEINN TUMI DAÐASON kolbeinntumi@frettabladid.is

# MISSTI ALDREI TRÚNA Á SJÁLFUM SÉR

Ég er alltaf að horfa upp á við og það þarf að vera einhver rúsína í pylsuendanum sem drífur mann áfram í aukaæfingunum en ég æfi mikið aukalega. Ég þarf að horfa til einhvers markmiðs til þess að nenna því og næst á dagskrá er að komast í landsliðið og fara út,“ sagði Hannes Þór Halldórsson í viðtali við Fréttablaðið sumarið 2008.

Hannes Þór varði þá mark Framara og hafði gert það af stakri prýði. Árið áður hafði hann verið gagnrýndur töluvert fyrir frammistöðu sína.

„Ég kom inn í mótið, hélt að ég væri súpermann og ætlaði að sigra heiminn. Svo var ég sleginn niður á jörðina og þurfti að stokka spilin upp á nýtt. Ég þurfti að vinna í sjálfum mér og það er að skila sér núna,“ sagði Hannes. Markvörðurinn hefur upplifað hæðir og lægðir á ferli sínum auk þess að vera gagnrýndur fyrir ýmislegt í sínum leik. Spyrnugetan var mikill veikleiki en aukaæfingarnar hafa svo sannarlega skilað sér. Hreyfingarnar eru kannski ekki þær mýkstu en það kemur sjaldnast að sök. Hann er traustur, maður stóru augnablikanna eins og vítaskyttur landsins þekkja alltof vel og vinsæll liðsfélagi.

Sumarið 2004 sat hann á bekknum hjá Leikni í 2. deild, spilaði Aftureldingu í sömu deild árið eftir og með Stjörnunni í 1. deild 2006. Á þeim tíma hefðu fáið veðjað á að Hannes ætti innan nokkurra ára eftir að verja búrið í bestu undankeppni karlalandsliðsins. Líklega höfðu sömuleiðis fáir trú á því sumarið 2008. Öðru máli gegndi um Hannes.

„Ég tel mig eiga möguleika á landsliðssæti og er að vonast til þess að fá tækifærið. Ég held að ég eigi alveg eins heima þar eins og þessir menn sem eru þarna núna. Mér fyndist það ekkert fáránlegt val hjá landsliðsþjálfaranum,“ sagði Hannes í fyrrnefndu viðtali.

Einn af styrkleikum Hannesar hefur verið sá að deila markmiðum sínum með öðrum. Hann ætlaði sér að spila í efstu deild, hann ætlaði sér í landsliðið og ætlaði sér í atvinnumennsku. Hvort öll markmiðin hafi náðst nákvæmlega á þeim tíma sem hann setti sér að ná þeim er ekki aðalatriði. Í dag hefur hann náð þeim öllum og næst á dagskrá að stimpla sig inn á erlendri grundu.

Ólíkt fjölmörgum knattspyrnuköppum er Hannes ekki háður fótboltanum til að hafa í sig og á. Ást leikstjórans dáða á íþrótt sinni og metnaður hefur fleytt honum langt og engin leið að spá fyrir um framhaldið. Enginn skyldi reikna með því að Sandnes verði endastöð markvarðarins 29 ára.



DESEMBER 2013

# Ekki missa af stærstu íþróttaviðburðunum á aðventunni

Golf, handbolti, körfubolti, sterkasti maður heims og fótboltaveisla

Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!
Nánar á 365.is

## Golfið er á Stöð 2 Sport

Fram undan eru spennandi tímar fyrir golfara á Stöð 2 Sport. Við sýnum reglulega frá öllum stærstu mótunum eins og Nedbank Golf Challenge sem fer fram 5. til 8. desember. Bestu kylfingar heims mætast, þar á meðal Henrik Stenson, Luke Donald og Justin Rose. Ekki missa af heimsklassa golfi á Stöð 2 Sport!



**Nedbank Golf Challenge í beinni**

| | | |
|---|---|---|
| Í dag | 5. des. | kl. 11:00–15:00 |
| Föstudagur | 6. des. | kl. 09:00–14:30 |
| Laugardagur | 7. des. | kl. 11:00–14:35 |
| Sunnudagur | 8. des. | kl. 09:00–14:30 |



BOX

### Magnaður boxbardagi

Adonis „Superman" Stevenson frá Kanada tekur á Tony „The Bomber" Bellew frá Bretlandi.



SPÆNSKI BOLTINN

### Átök á Íberíuskaganum

Baráttan um spænska titilinn heldur áfram með Barcelona og Real Madrid í eldlínunni.



STERKASTI MAÐUR HEIMS

### Hamrammir kraftajötnar

Við sýnum það helsta úr mótinu þar sem Hafþór Björnsson reynir að landa sínum fyrsta heimsmeistaratitli.



HM KVENNA Í HANDBOLTA

### Handbolti í hæsta gæðaflokki

24 lið mætast í Serbíu og berjast um gullið. Nær Þórir Hergeirsson að fara með norska landsliðið alla leið?



ÞÝSKI HANDBOLTINN

### Íslendingaslagur í Bundesligunni

18 Íslendingar leika í sterkustu deild í heimi. Fylgstu með strákunum okkar í þýska handboltanum.



DOMINO'S-DEILDIN

### Sterkustu liðin etja kappi í körfunni

Domino's-deildin byrjar með látum og tróna KR-ingar á toppnum en önnur lið sækja hratt að.



NBA

### Kobe gefur ekkert eftir

Los Angeles Lakers mæta meisturunum í Miami Heat í einum af tveimur stórleikjum á jóladag.



ENSKI DEILDABIKARINN

### Hasarinn heldur áfram

8 liða úrslitin í Enska deildabikarnum hefjast og David Moyes er ákveðinn í að vinna sinn fyrsta titil með Manchester United.



EVRÓPUDEILDIN

### Spennan magnast í Evrópuboltanum

Gylfi Sig., Jóhann Berg og Aron Jóhannsson berjast um sæti í 32 liða úrslitunum.



MEISTARADEILDIN

### Barátta þeirra bestu

Sterkasta knattspyrnudeild í heimi heldur áfram og liðin berjast um sæti í 16 liða úrslitum.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is

2 SPORT
*besta sætið*

FÍTON / SÍA

**397** Sebastian Vettel setti nýtt stigamet og var aðeins þremur stigum frá því að ná að rjúfa 400 stiga múrinn.

**13** Sebastian Vettel jafnaði met Michaels Schumacher með því að vinna þrettán keppnir af nítján á tímabilinu. Schumacher vann þrettán af átján keppnum árið 2004.

**9** Sebastian Vettel jafnaði 60 ára gamalt met Alberto Ascari með því að vinna níu keppnir í röð. Ascari gerði það á einu ári og tveimur tímabilum en Vettel aðeins á 91 degi.

**4** Sebastian Vettel er aðeins fjórði formúlu eitt ökumaður sögunnar sem nær að vinna fleiri en þrjá heimsmeistaratitla. Hinir eru Michael Schumacher (7), Juan Manuel Fangio (5) og Alain Prost (4). Vettel var langyngstur til að ná þessu.

## TVEGGJA TURNA TAL

ÁRANGUR SCHUMACHERS OG VETTEL Í KEPPNI UM HEIMSMEISTARATITILINN Í FORMÚLU 1

| Aldur | MICHAEL SCHUMACHER | SEBASTIAN VETTEL |
|---|---|---|
| 20 ára | | 2007 14. SÆTI |
| 21 árs | | 2008 8. SÆTI |
| 22 ára | 1991 14. SÆTI | 2009 2. SÆTI |
| 23 ára | 1992 3. SÆTI | 2010 HEIMSMEISTARI NR. 1 |
| 24 ára | 1993 4. SÆTI | 2011 HEIMSMEISTARI NR. 2 |
| 25 ára | 1994 HEIMSMEISTARI NR. 1 | 2012 HEIMSMEISTARI NR. 3 |
| 26 ára | 1995 HEIMSMEISTARI NR. 2 | 2013 HEIMSMEISTARI NR. 4 |
| 27 ára | 1996 3. SÆTI | |
| 28 ára | 1997 DÆMDUR ÚR LEIK | |
| 29 ára | 1998 2. SÆTI | |
| 30 ára | 1999 5. SÆTI | |
| 31 árs | 2000 HEIMSMEISTARI NR. 3 | |
| 32 ára | 2001 HEIMSMEISTARI NR. 4 | |
| 33 ára | 2002 HEIMSMEISTARI NR. 5 | |
| 34 ára | 2003 HEIMSMEISTARI NR. 6 | |
| 35 ára | 2004 HEIMSMEISTARI NR. 7 | |
| 36 ára | 2005 3. SÆTI | |
| 37 ára | 2006 2. SÆTI | |

**3639** Sebastian Vettel var í forystu í 3639 kílómetra í nítján keppnum ársins eða alls í 684 hringi. Hann var þar 3191 kílómetrum og 580 hringjum á undan næsta manni sem var Fernando Alonso.

**+155** Sebastian Vettel fékk 155 fleiri stig en næsti maður sem var Fernando Alonso. Þetta er stærsti sigur Vettels á ferlinum en hann fékk 122 fleiri stig en næsti maður árið 2011.

# PRINSINN með augu á krúnu Schumachers




**Þjóðverjinn Sebastian Vettel tryggði sér fjórða heimsmeistaratitilinn í röð á dögunum með sannkallaðri metframmistöðu. Hann varð sá fyrsti til að vinna níu keppnir í röð á einu tímabili og er á góðri leið með að hirða öll helstu met af landa sínum, Michael Schumacher.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**FORMÚLA EITT** Michael Schumacher vann sjö heimsmeistaratitla á árunum 1994 til 2004 og það bjóst örugglega enginn við því að formúlan eignaðist annan eins yfirburðamann. Annað hefur komið á daginn og flest yfirburðatölfræðimet Schumachers eru nú annaðhvort fallin eða í mikilli hættu. Fréttablaðið skoðar í dag aðeins betur þetta magnaða metár Sebastians Vettel.

Sebastian Vettel hefur þegar hreinsað upp helstu aldursmetin í formúlunni enda talsvert yngri en þegar Schumacher komst í flokk þeirra bestu en jafnframt því hafa yfirburðir þessa 26 ára Þjóðverja verið slíkir að fá met standa nú eftir óhögguð.




Níu sigrar Sebastians Vettel í röð á 91 degi eftir að formúlan kom aftur úr sumarfríi í ágúst teljast nú örugglega hans stærsta afrek til þessa á mögnuðum ferli sem er þó bara rétt að byrja. Vettel missti hvorki einbeitingu né hungur við að tryggja sér fjórða heimsmeistaratitilinn í röð. Hann hélt áfram og varð sá fyrsti til að vinna níu keppnir í röð á einu tímabili.

Vettel jafnaði einnig met Ítalans Alberto Ascari sem vann níu keppnir í röð á árunum 1952 og 1953 og komst upp að hlið Michaels Schumacher með því að vinna þrettánda kappaksturinn í röð á tímabilinu. Schumacher náði því árið 2004 en mót ársins voru þá einu færri en í ár.

Michael Schumacher tjáði sig um afrek Sebastians Vettel í viðtali á vegum Mercedes-liðsins sem birtist á YouTube-vefnum.

„Hann vann þrettán keppnir en liðsfélagi hans Mark Webber vann enga. Það er sjokkerandi. Ég er feginn að vera ekki liðsfélagi hans,“ sagði Michael Schumacher en Mark Webber hætti í formúlunni eftir tímabilið. Schumacher fagnar samt árangri landa síns. „Ef einhver getur bætt öll þessi met þá vil ég að það verði hann,“ bætti Schumacher við.

Það kvarta örugglega margir yfir spennulausri formúlu enda gengur áætlun Sebastians Vettel oftast fullkomlega upp. Hann er á frábærum bíl og er oftast í fremstu röð í ræsingu. Það gefur honum jafnan færi á að komast í forystu í upphafi keppni og keyra síðan fremstur alla leið í mark.

Hann er bara 26 ára gamall en heimsmeistaratitlarnir eru þegar orðnir fjórir. Á sama aldri var Schumacher nýbúinn að landa öðrum titli sínum en vann síðan ekki þann þriðja fyrr en fimm árum síðar.

Þá tóku við mestu yfirburðir í sögu formúlu eitt þegar Schumacher vann fimm heimsmeistaratitla í röð. Það er svo sem ekkert annað í spilunum en að Vettel jafni það met árið 2014.

Aðdáendur formúlu eitt vilja að sjálfsögðu meiri keppni en hver getur ekki annað en dáðst að hinum léttlynda og hógværa Þjóðverja Sebastian Vettel sem verður eftir nokkur ár búinn að hrifsa krúnuna af Schumacher.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSAKRÓNUR
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
19.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
FJÓRIR LITIR
15.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
9.995
LJÓSAKRÓNA
18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
BLÁTT
BRÚNT
BLEIKT
9.995
LJÓSAKRÓNA
19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL
14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA
17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK
17.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
9.975
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA ANTÍK
14.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA STÁL
5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST
7.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT
18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA ANTÍK
18.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA STÁL
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.15**
**Hátíðarstund með Rikku**
Notaleg jólastemning með Rikku á aðventunni. Rikka kemur víða við og fjallar um allt það helsta sem viðkemur því að halda gleðilega jólahátíð.



### Stúdíó A
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.20** Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti stíga á svið Baggalútur, Skepna, Vök og Dj Flugvél og Geimskip. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson.



### Týnda kynslóðin
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.55** Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni.



### NB90's. Vol. 1
**STÖÐ 2 SPORT KL. 21.00** Skemmtilegur þáttur um NBA á 10. áratugnum.

**Bylgjan kl. 06.50**
**Í bítið**
Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.






Þriðja þáttaröðin er komin í verslanir!
Sjálfstætt framhald á fjörugum ævintýrum Hafdísar, Klemma og vina þeirra.
Vandað, fyndið og alíslenskt barnaefni.

Íslenskt tal — Söngvar textaðir









Fæst í verslunum um allt land

Skálholtsútgáfan – www.skalholtsutgafan.is — Dreifing: SamFilm


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Hell's Kitchen**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Prom**
**14.40 The O.C**
**15.35 Tasmanía**
**16.00 Hundagengið**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Stelpurnar**
**19.50 The Michael J. Fox Show** *(5:22)* Frábær gamanþáttur með Michael J. Fox í aðalhlutverki. Hér leikur hann persónu sem byggð er á honum sjálfum.
**20.15 Hátíðarstund með Rikku** *(1:4)*
**20.45 Doktor** Sjónvarpskonan Telma Tómasson og læknirinn Teitur Guðmundsson leiða saman hesta sína í nýjum og fróðlegum þáttum.
**21.15 The Blacklist** *(10:13)*
**22.05 Person of Interest** *(17:22)*
**22.50 NCIS. Los Angeles** *(16:24)*
**23.35 Ondine**
**01.20 Óupplýst lögreglumál**
**01.50 Spaugstofan**
**02.20 The Tunnel**
**03.10 Homeland**
**04.05 Boardwalk Empire**
**05.05 The Way of War**

## SPORT *besta sætið*

**11.00 Nedbank Golf Challenge 2013** Bein útsending frá einstöku golfmóti.
**16.00 Meistaradeild Evrópu. Juventus - FC Kaupmannahöfn**
**17.40 Swansea - Valencia**
**19.20 Evrópudeildarmörkin**
**20.15 Sportspjallið**
**21.00 NB90's. Vol. 1**
**21.25 Spænsku mörkin**
**21.55 Athletic - Barcelona**
**23.35 AZ Alkmaar - Maccabi Haifa**
**01.15 Nedbank Golf Challenge 2013**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.40 Messan**
**12.50 WBA - Man. City**
**14.30 Sunderland - Chelsea**
**16.10 Stoke - Cardiff**
**17.50 Arsenal - Hull**
**19.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.25 Premier League World**
**20.55 Football League Show**
**21.25 Man. Utd. - Everton**
**23.05 Liverpool - Norwich**
**00.45 Fulham - Tottenham**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.50 Top 20 Funniest**
**17.30 Smash**
**18.15 Super Fun Night**
**18.35 Game tíví**
**19.00 Bunheads** *(13:18)*
**19.40 The X-Factor US** *(21:26)* Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar.
**21.00 Shameless** *(1:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu.
**21.45 The Tudors** *(3:10)*
**22.35 Grimm** *(3:22)* Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra.
**23.20 Strike Back** *(2:10)*
**00.10 Bunheads**
**00.50 The X-Factor US**
**02.10 Shameless**
**02.55 The Tudors**
**03.45 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Lukku láki **07.29** Ofurhundurinn Krypto **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Brunabílarnir **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Lukku láki **11.29** Ofurhundurinn Krypto **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Brunabílarnir **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Lukku láki **15.29** Ofurhundurinn Krypto **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Brunabílarnir **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Ljóti andarunginn og ég **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55 Strákarnir**
**17.25 Friends**
**17.45 Seinfeld**
**18.10 Modern Family**
**18.35 Two and a Half Men**
**19.00 Hæðin** *(1:9)*
**19.45 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.15 Heimsókn**
**20.35 Hið blómlega bú**
**21.15 Veggfóður** *(6:20)*
**21.55 Týnda kynslóðin** *(1:34)*
**22.20 Mér er gamanmál**
**22.50 Fiskur án reiðhjóls III**
**23.20 Hæðin**
**00.05 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**00.35 Heimsókn**
**00.55 Hið blómlega bú**
**01.30 Veggfóður**
**02.10 Týnda kynslóðin**
**02.35 Mér er gamanmál**
**03.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.50 Win Win**
**13.35 Nanny McPhee**
**15.15 Her Best Move**
**16.55 Win Win**
**18.40 Nanny McPhee**
**20.20 Her Best Move**
**22.00 Hunger Games**
**00.20 Ray**
**02.50 Crank. High Voltage**
**04.25 Hunger Games**

## RÚV

**16.15 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.05 Stundin okkar**
**17.30 Jóladagatalið - Jólakóngurinn** *(5:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.03 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Villt og grænt** *(6:8) (Selur og hvalur)* Úlfar Finnbjörnsson er einn þekktasti villibráðarkokkur landsins og í nýrri þáttaröð sýnir hann áhorfendum hvernig best er að elda og nýta villibráð á sem fjölbreyttastan og bestan máta. Í þessum þætti matreiðir hann sel og hval.
**20.35 Innsæi** *(7:10) (Perception)* Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál.
**21.20 Stúdíó A** *(5:7)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ólga í undirheimum** *(4:4) (The Take)* Bresk spennuþáttaröð í fjórum hlutum. Þetta er fjölskyldusaga úr undirheimum London sem gerist á tíu ára tímabili.
**23.05 Downton Abbey** *(6:9) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur sem gerist upp úr fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar.
**23.55 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr.Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**14.40 The Voice**
**17.10 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40 Dr.Phil**
**18.20 America's Next Top Model**
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Cheers** *(24:26)*
**19.55 Solsidan** *(7:10)*
**20.20 Happy Endings** *(15:22)* Bandarískir gamanþættir um vinahóp sem einhvernveginn tekst alltaf að koma sér í klandur.
**20.45 Parks & Recreation** *(15:22)*
**21.10 Scandal** *(3:7)* Vandaðir þættir sem fjalla um yfirhylmingu á æðstu stöðum í Washington.
**22.00 Coach Carter** Samuel L. Jackson leikur þjálfarann Carter sem er afar umdeildur en virðist skila árangri með liði sínu. Myndin er byggð á sönnum atburðum sem fjallar um það þegar þjálfarinn setti stjörnum prýtt lið sitt allt á varamannabekkinn vegna þess að þeir fengu ekki þær einkunni í skólanum sem ætlast var til af þeim.
**00.15 Under the Dome**
**01.05 Excused**
**01.30 In Plain Sight**
**02.20 The Client List**
**03.05 Blue Bloods**
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.00** OHL Classic 2013 **12.00** OHL Classic 2013 **15.00** OHL Classic 2013 **18.00** OHL Classic 2013 **20.00** World Challenge 2013 **23.00** World Challenge 2013 **02.00** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


heimkaup.is
GJAFA HJÁLPARINN
Heimkaup hjálpa þér að finna réttu jólagjafirnar
Þú velur gjöfina, við getum pakkað henni inn – og sendum hana svo frítt á áfangastað, hvert á land sem er.
Veldu handa hverjum gjöfin er, aldur og áhugamál og við hjálpum þér að finna réttu gjöfina.
1
Við getum pakkað henni inn í fallegan gjafapappír og skrifað á gjafakortið fyrir þig.
2
Við sendum gjöfina til þín frítt – eða beint til viðtakanda hvar sem er á landinu.
3
PÖKKUM INN OG SENDUM FRÍTT HEIM!
Frí heimsending um allt land. Ef pantað er fyrir kl. 18 er pöntunin keyrð út strax um kvöldið á höfuðborgarsvæðinu.
Heimkaup – beint undir tréð.
Samsung 42" Full HD LED sjónvarp
Skuggasund eftir Arnald Indriðason
Lay Low – Talking About the Weather
Bright Starts leikteppi
Apple TV
Real Techniques CoreCollection burstasett
Playmobil jóladagatal – dreki
PS3 – Skylanders: Swap Force startpakki
Russell Hobbs salt- og piparkvarnir
Oregon Target veðurstöð inni/úti ásamt klukku
Playstation 3 – Fifa 14
Traffico rafmagnsvespa
Sagaform POP tekanna
Wasgij Original nr. 10 – steiktur fiskur
Chicco jafnvægishjól
Under Armour Micro G-pulse hlaupaskór
Berglind Snorra Uppsteyt eyrnalokkar, silfur
Slaufa.is satínslaufa
Xqisit Stereo Premium heyrnartól
Lottie Spring Celebr. ballet
Dailies All Day Comfort linsur
Friedel jóladagatal, súkkulaði
Nestlé Quality Street 2,5 kg dós
Joseph Joseph Elevate eldhúsáhaldasett - stál
Egils malt & appelsín kippa
LEGO Super Hero Hulk
Malmsten Aqtiv sundgleraugu
Benecos Happy Nails naglalakk
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700
heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land
HEIMKAUP

## BESTI BITINN



**Gulrótarkarrísúpan á Café Dix í Kópavogi er í algjöru uppáhaldi hjá mér. Hún hitar kroppinn eins og dúnúlpa. Einnig býður Garðurinn við Klapparstíg alltaf upp á góðar grænmetissúpur með brauði og hummus.**

Jónína Leósdóttir rithöfundur

# Sheryl Sandberg í Bíó Paradís

Bein útsending verður frá TEDWomen-ráðstefnunni í Bíó Paradís í kvöld.

„Meðal fyrirlesara verða Sheryl Sandberg, yfirmaður hjá Facebook og höfundur bókarinnar Lean In," segir Bryndís Jónatansdóttir, einn aðstandenda TEDxReykjavík, en í kvöld mun TEDxReykjavík í samstarfi við Bíó Paradís bjóða upp á beina útsendingu frá TEDWomen-ráðstefnunni sem haldin er í San Francisco. Dagskráin hefst klukkan 17.00.

„Þetta er þriðja árið í röð sem TEDWomen-ráðstefnan er haldin og áherslan í ár er á uppfinningar. Allt frá nýjustu tækniframförum yfir í hvernig finna má nýjar leiðir til að uppræta fátækt," segir Bryndís jafnframt.

TEDWomen er hluti af TED, samtökum sem hafa það að markmiði að færa saman helstu hugsuði okkar tíma og breiða út nýjar hugmyndir sem geta breytt heiminum, enda er slagorð samtakanna „Ideas Worth Spreading". TEDx -ráðstefnur eru haldnar út um allan heim og verður hin íslenska TEDxReykjavík haldin í þriðja sinn í maí á næsta ári.

„Fyrir útsendinguna mun GreenQloud bjóða upp á viðburð í Bíó Paradís í tengslum við frumkvæðið Konur í tækni. Viðburðurinn er opinn öllum og við hvetjum sem flesta til að mæta," segir

> **Þetta er þriðja árið í röð sem TEDWomen-ráðstefnan er haldin og áherslan í ár er á uppfinningar.**



**BÝÐUR Í BÍÓ PARADÍS** Bryndís Jónatansdóttir er einn aðstandenda TEDxReykjavík. MYND/ SIGRÍÐUR ÁSA JÚLÍUSDÓTTIR



**FAGMAÐUR** Van Damme fer á kostum í auglýsingu fyrir Volvo.

# Sænsk stjarna á landinu

True North aðstoðar tökulið norskrar auglýsingar.

Tökur á norskri auglýsingu hafa staðið yfir í Reykjavík í vikunni en það er framleiðslufyrirtækið True North sem aðstoðar tökuliðið á Íslandi. Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri True North, má ekki tjá sig um auglýsinguna að öðru leyti en að hún sé fyrir norska aðila.

Heimildir Fréttablaðsins herma að leikstjóri auglýsingarinnar sé hinn sænski Andreas Nilsson, sá hinn sami og leikstýrði hasarhetjunni Jean-Claude Van Damme í nýju Volvo-auglýsingunni sem hefur farið eins og eldur um sinu um internetið. Andreas þessi hefur einnig leikstýrt myndböndum fyrir tónlistarmenn á borð við Miike Snow, MGMT, Röyksopp, The Knife og Peter, Björn & John.

- lkg



**UPPÁTÆKJASAMIR** Strákunum leiðist ekki og þeir finna alltaf upp á einhverju nýju til að taka sér fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Danskt drama um jól

Fimm vinir í 9. og 10. bekk tóku sig saman og sömdu jólalag á dönsku. Þeir kalla sig Svartabandið og aldrei að vita nema næsta lag frá þeim verði sumarsmellur.

„Við vorum búnir að gera lagið Lúkas Geir og okkur langaði að finna upp á einhverju nýju og sniðugu. Okkur fannst fyndið og sniðugt að gera danskt jólalag. Ég veit ekki af hverju. Það poppaði einhvern veginn upp í hugann," segir Oddur Þórisson en hann myndar hljómsveitina Svartabandið ásamt Degi Steini Baldurssyni, Hjalta Þór Nielsen, Sveini Rúnari Mássyni og Vilbergi Andra Pálssyni. Þeir eru allir í 9. bekk í Valhúsaskóla nema Dagur Steinn sem er í 10. bekk í Hlíðaskóla. Þeir ákváðu að semja jólalagið Julefesten og gerðu myndband við lagið.

„Lagið fjallar um fjölskyldu sem á ekki peninga fyrir jólaveislunni sinni. Það er frekar súr stemning á heimilinu sem endar í dramatík," segir Oddur léttur í bragði en segir jafnframt að þeir félagarnir séu ekki mjög dramatískir.

„Við kynntumst í lúðrasveitinni á Seltjarnarnesi og erum búnir að þekkjast í þrjú ár. Við erum allir í tónlistarnámi. Við Dagur æfum á trompet, Vilberg æfir á kontrabassa, Sveinn æfir á altosaxófón og Hjalti æfir á tenórsaxófón," segir Oddur. Þeir hjálpuðust að við að semja Julefesten og tóku myndbandið og hljóð upp sjálfir.

„Við erum ekki alslæmir í dönsku en foreldrar okkar hjálpuðu okkur við að fara yfir textann. Allir nemendur og kennarar í Valhúsaskóla hafa horft á myndbandið og dönskukennarinn er sérstaklega sáttur," segir Oddur.

„Fyrra lagið sem við gerðum, Lúkas Geir, fjallar ekki um hundinn Lúkas – það misskilja það margir. Hugmyndin að því kviknaði á lúðrasveitaræfingu. Ég byrjaði að spila á píanó og einn af okkur söng fyrstu línuna í laginu upp úr þurru. Þremur mánuðum síðar ákváðum við að búa til heilt lag en textinn er algjört rugl. Við ákváðum að skíra hljómsveitina Svartabandið því það voru stelpur með okkur í lúðrasveit sem mynduðu hljómsveitina Bleikabandið. Okkur fannst það mjög fyndið."

> **Við erum ekki alslæmir í dönsku en foreldrar okkar hjálpuðu okkur við að fara yfir textann.**
>
> *Oddur Þórisson*

Varðandi framtíðina segir Oddur hana óráðna.

„Við ætlum að halda áfram að búa til lög saman um ókomna tíð. Það er ekki alveg víst hvað næsta lag verður en það gæti orðið einhver sumarsmellur. Ég veit ekki hvort við semjum á öðru tungumáli aftur, við erum ekki svo fróðir í öðrum tungumálum en kannski ensku."

liljakatrin@frettabladid.is

# Laddi fer út fyrir landsteinana

Laddi heldur í dag sína síðustu sýningu fyrir Reykvíkinga, nema þeir elti hann.

Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, heldur út fyrir landsteinana með sýninguna sína Laddi lengir lífið, í febrúar á næsta ári.

„Ég mun fara til Danmerkur og Noregs og skemmta brottfluttum Íslendingum. Það er svolítið síðan ég fór síðast, það var í tengslum við sýninguna Laddi 6-tugur," segir leikarinn góðkunni. Segja má að hann kveðji Reykvíkinga í dag, þegar hann heldur sína síðustu sýningu í Hörpunni klukkan 20.

„Ég fer svo norður á Akureyri í byrjun febrúar og þaðan út. Þannig að ef fólk missir af mér í dag, verður það að elta mig þangað," segir Laddi glaðbeittur. Sýningin, sem er í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar eftir handriti Karls Ágústs Úlfssonar, hefur verið vel sótt að sögn Ladda. „Það hefur alltaf verið fullt hús. Ég er mjög sáttur með viðtökurnar." Á döfinni hjá Ladda eru upptökur á Spaugstofunni en síðan fær hann sjaldgæft jólafrí. „Ég hef ekki oft fengið jólafrí, þannig að þetta er kærkomið," segir Laddi.

- kak

**SÍÐASTA SÝNINGIN** Laddi heldur síðustu sýninguna í kvöld klukkan 20 í Hörpunni.






AUSTURBÆR midi.is Coca-Cola

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Síminn
Jólablað Símans fylgir
Fréttablaðinu í dag
siminn.is/jol


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Yrsa á toppnum og Össur stilltur af

Jólabókavertíðin fer vel af stað. 1983 eftir Eirík Guðmundsson og Mánasteinn eftir Sjón eru farnar í endurprentun, en bækurnar hlutu báðar tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þá er verið að endurprenta Vísindabók Villa og Skuggasund eftir Arnald Indriðason – en **Yrsa Sigurðardóttir,** með bók sína Lygi, er á toppnum á metsölulista Eymundsson þessa vikuna, í þeirra árlega toppslag. Guðni – léttur í lund! hefur verið send í þriðju prentun og Ár drekans eftir Össur Skarphéðinsson hefur einnig verið endurprentuð. Finnst glöggum Össur hafa fölnað nokkuð á kápunni, jafnvel eins og hann hafi séð draug, í annarri prentun. **- ósk**



### Nýtt leikarabarn

**Davíð Guðbrandsson** leikari og unnusta hans, Hildur Selma Sigbertsdóttir, eignuðust stúlku í vikunni.

Davíð hefur gert það gott undanfarin misseri og lék meðal annars burðarhlutverk í kvikmyndinni Fölskum fugli og í sjónvarpsþáttunum Svörtum englum. Þau Hildur Selma hafa verið saman um nokkurra ára skeið. Hildur Selma vann á leikskóla þar til fyrir stuttu. Hún er systir leikstjórans og rapparans Ágústs Bents Sigbertssonar. **- lkg**



### Mest lesið vísir

1 Ástar- og kynlífsfíklar fórnarlömb Vodafone-lekans
2 Þótti líklegra að bróðir hennar yrði sjálfur einhverjum að bana
3 Sérsveitin kölluð til Sauðárkróks: Maðurinn hótaði að beita skotvopni
4 Stærsti Lottópottur í sögunni
5 Eru karlar hættulegir konum?







# SJÓNVARPSVÍSIR

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ



BROT AF ÞVÍ BESTA
ÚR JÓLADAGSKRÁNNI

HELGA ARNAR

## EIGNAÐIST STÚLKU Í MIÐRI ÞÁTTAGERÐ

RIKKA

### TÖFRAR FRAM JÓLIN Í FRÁBÆRUM ÞÁTTUM

SVEPPI OG VILLI

### BJARGA TÝNDUM JÓLASVEINUM

# SVEPPI OG VILLI

## REDDA JÓLASVEINUNUM TIL BYGGÐA

**Félagarnir Sveppi og Villi standa í ströngu á aðventunni enda fá þeir það ábyrgðarfulla hlutverk að koma jólasveinunum til byggða í tæka tíð svo þeir geti stungið einhverju skemmtilegu í skóinn hjá góðu börnunum.**

**Sveppi og Villi leita að jólasveinunum** er skemmtileg þáttaröð fyrir krakka sem hefur göngu sína 11. desember, daginn áður en fyrsti jólasveinninn, Stekkjastaur, kemur til byggða. „Þetta verða stuttir jólaþættir sem ganga út á það að reyna að koma jólasveinunum til byggða á réttum tíma svo þeir nái að gefa börnum þjóðarinnar í skóinn. Þáttur um viðkomandi jólasvein verður sýndur daginn áður en hann kemur til byggða,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, eða Sveppi, en í þáttunum þurfa þeir Sveppi og Villi vinur hans að leysa úr ýmsum vandamálum sem koma upp. „Til dæmis hefur Skyrgámur verið erfiður því hann hefur verið með svo mikið mjólkuróþol. Bjúgnakrækir situr saklaus í fangelsi fyrir bjúgnaþjófnað,“ útskýrir Sveppi en svo eru aðrir sveinar sem gleyma sér alveg. „Við þurfum til dæmis að sækja einn áður enn hann flýgur til Tenerife í sólina,“ segir hann glaðlega. En af hverju eru þeir valdir til starfans? „Það er pínu leyndó sem kemur í ljós í síðasta þættinum. En það snýst um að maður þarf að trúa.“

Sveppi segist aðeins vera farinn að huga að jólunum en þó ekkert af viti. Helsta verkefni hans fyrir jólin er að skreyta húsið að utan. „Mér finnst það reyndar dálítið ójafnt. Konan mín skreytir inni og ég er settur í að skreyta úti sem er mikið flóknara. Það eru miklu fleiri sem sjá skreytingarnar og því þarf það að vera vel gert og maður þarf að vanda sig,“ segir Sveppi sem leggur metnað í að hafa húsið fallega skreytt fyrir jólin.

SVEPPI OG VILLI LEITA AÐ JÓLASVEINUNUM
HEFST 11. DESEMBER KL. 18.00

Meðfram þáttagerð og jólaskreytingum reynir Sveppi að sinna bókinni sinni, Stuðbók Sveppa, sem er nýkomin út. „Þetta er bók fyrir krakka á aldrinum fimm til tólf ára sem hafa gaman af því að leika og skemmta sér. Fyrir krakka sem vilja prófa öðruvísi hluti og fara aðeins út fyrir boxið,“ lýsir Sveppi. Villi vinur hans stendur líka í bókaútgáfu og hefur gefið út bókina Vísindabók Villa. Sveppi segir enga samkeppni ríkja milli þeirra vinanna. „Við lítum frekar á þetta sem samvinnu. Þetta eru mjög ólíkar bækur. Vísindabókin er uppfull af alls konar fróðleik sem Villi hefur mikla þörf fyrir að koma út í kosmósið, svipað og Villi í þáttunum mínum. Mín bók er hinn anginn af þessu. Þar er bull og vitleysa, brandarar, grín og leikir,“ segir Sveppi og telur þetta afar fína blöndu.

Þeir Sveppi og Villi verða einhverja daga fram að jólum í Hagkaup að árita bækur sínar. „Þar hittum við krakkana og þá fyrst kemst maður í stuð og jólaskap,“ segir Sveppi glaður í






## STÓRKOSTLEGT ÆVINTÝRI Á JÓLADAG

Stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna um félagana Sveppa, Villa og Góa sem lenda í sínu stærsta ævintýri til þessa. Óprúttnir náungar stela skápnum úr herberginu hans Sveppa en þeir vita ekki að vinkona hans, Ilmur, er föst í skápnum, sem sannarlega er töfraskápur. Sveppi, Villi og Gói leggja allt í sölurnar til að bjarga Ilmi úr klóm ræningjanna og endurheimta töfraskápinn.

ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN
JÓLADAG KL. 18.55

# ALLTAF PÚSLUSPIL Á JÓLUNUM






**„Það er yndislegt að eiga ekkert eftir á aðfangadag annað en að vakna saman og bíða jólanna í ró og friði.“**

**Kolbrún Björnsdóttir stýrir spjallþætti á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum. Hún verður með áhorfendum allt til jóla en gefur sér góðan tíma í jólaundirbúninginn.**

„Það væri vel hægt að skrifa heila bók um jólin mín,“ segir sjónvarpskonan Kolla sem sýnir fyrirhyggju fyrir hátíðarnar.

„Ég skipulegg allt sem tengist jólagjafakaupum í Excel-skjali og geri dálka fyrir hugmyndir og hvað ég kaupi, hvað búið er að kaupa, pakka inn og afhenda. Þannig gleymi ég engri gjöf.“

Kolla heldur jólin með manni sínum, móður og þremur börnum þeirra hjóna en uppkomin stjúpdóttir hennar býr norðan heiða.

„Við njótum þess að vera saman í rólegheitum og erum að skapa okkar eigin jólahefðir. Ein þeirra er að hafa lokið öllum jólaundirbúningi og tiltekt á Þorláksmessu og þá kveikjum við upp í arninum á Þorláksmessukvöld og horfum saman á jólamynd. Það er yndislegt að eiga ekkert eftir á aðfangadag annað en að vakna saman og bíða jólanna í ró og friði. Þá eldum við jólalega súpu og bjóðum gestum sem koma með jólapakka upp á súpu og konfekt í stresslausu andrúmslofti,“ segir hún.

Fyrir jólin í fyrra fór Kolla á námskeið til að læra að baka Sörur og þær ætlar hún að baka aftur á aðventunni nú, sem og lakkrístoppa fyrir soninn.

„Ég kaupi líka stundum tilbúið smákökudeig til að henda í ofninn og fá góða lykt í húsið,“ segir Kolla sem leggst yfir flókin púsluspil á hverjum jólum og nagar kalt hangikjöt með.

„Stundum fæ ég púsluspil í jólapakka en yfirleitt slæ ég varnagla við að það gerist ekki og kaupi mér púslið sjálf. Þá legg ég undir mig borðstofuborðið eftir hátíðarverðinn á aðfangadagskvöld og keppist við að ljúka púslinu áður en gamlárskvöld rennur upp.“

Kollu þykir mest um vert að gleðja börnin sín á jólunum og slaka á með fjölskyldunni þegar friður jólanna færist yfir.

„Mér finnst of mikil áhersla á veraldleg gæði á jólum og legg til að við leggjum meiri rækt við samveru og nánd. Við gætum til dæmis gert jólin meira andlega nærandi með því skrifa innihaldsrík jólabréf til ástvina okkar í stað gjafa sem oft er minni þörf á.“

# LADDI ÁFRAM Í SPAUGSTOFUNNI



**Hinn ástsæli grínisti Laddi gekk til liðs við Spaugstofuna í haust og hefur lyft gríninu upp í nýjar hæðir á laugardagskvöldum á Stöð 2. Laddi kann svo vel við sig með Spaugstofumönnum að hann verður með þeim áfram á nýju ári.**

Laddi, eða Þórhallur Sigurðsson eins og hann heitir í þjóðskránni, var raunar einn af stofnendum Spaugstofunnar árið 1986. „Þá voru framleiddir fjórir þættir undir heitinu Spaugstofan. Svo hætti ég, fór í Gríniðjuna með Gísla Rúnari og fór að gera Heilsubælið. Spaugstofan hélt áfram án mín og fór að gera fasta vikulega þætti með góðum árangri,“ segir Laddi. Í upphafi var Pálmi Gestsson ekki í hópnum en hann gekk til liðs við Spaugstofuna árið 1989.

Spaugstofumenn hafa átt óviðjafnanlegu gengi að fagna enda hefur þáttur þeirra verið í gangi í Sjónvarpinu og síðan á Stöð 2 með hléum frá því í janúar 1989, þegar hann hóf göngu sína undir nafninu ’89 á stöðinni. Árið eftir hét hún ’90 af stöðinni og enn síðar Enn ein stöðin.

Laddi hefur eins og aðrir landsmenn fylgst með þeim félögum á skjánum í gegnum árin en fékk nú í haust loks að ganga til liðs við þá á ný. „Það er alveg frábært að vinna með Spaugstofumönnum. Stemningin á tökustað er alltaf góð. Það er rosalega gaman hjá okkur enda mikið grínað og hlegið,“ segir Laddi og bætir við að oft kvikni nýjar hugmyndir á tökustað sem þróist jafnvel í glænýja sketsa.

En urðu einhverjar breytingar á Spaugstofunni við komu Ladda? „Auðvitað breytist alltaf eitthvað þegar nýr maður kemur inn. Það koma fleiri hugmyndir fram og fleiri karakterar bætast í hópinn,“ segir Laddi og segist smellpassa inn í hópinn. „Enda erum við með mjög svipaðan húmor,“ segir hann glettinn.

Spaugstofan verður á sínum stað nk. laugardag á Stöð 2. Ladda þykir líklegt að þeir verði á jólalegum nótum líkt og þjóðfélagið enda endurspegla þættirnir oftar en ekki það sem er að gerast í samfélaginu á hverjum tíma. En er alltaf úr nægu að moða? „Það er misjafnt. Stundum er eitthvað lítið að gerast og þá er þetta erfiðara. Þá erum við bara með eitthvað léttara inni á milli.“

Milli jóla og nýárs, laugardaginn 28. desember, verður sérstakur hátíðarþáttur af Spaugstofunni þar sem birt verður brot af því besta með Spaugstofunni í vetur. „Ég get lofað því að hann verður góður,“ segir Laddi.

**2** SPAUGSTOFAN
LAUGARDAG KL. 19.35

# HELLISBÚINN

## JÓHANNES HAUKUR



**Sunnudaginn 29. desember sýnir Stöð 2 upptöku af hinum bráðfyndna einleik Hellisbúanum sem sló eftirminnilega í gegn hjá íslenskum leikhúsgestum.**

Jóhannes Haukur Jóhannesson fer á kostum í þessum frábæra einleik. Þetta er bráðfyndin sýn á nútíma femínisma, mjúka manninn og kynhvötina sem, ásamt túlkun á hversdagslegum staðreyndum í samböndum, gerir það að verkum að Hellisbúinn kitlar hláturtaugarnar og smýgur inn í hjartað. Hellisbúinn er eftir Bandaríkjamanninn Rob Becker og var verkið frumsýnt í San Francisco árið 1991. Verkið hefur verið sýnt víða um heim við miklar vinsældir. Þessi uppfærsla er í þýðingu Sigurjóns Kjartanssonar og Rúnars Freyr Gíslason leikstýrir.

**2** HELLISBÚINN
29. DESEMBER KL. 19.10

# UMKRIN LISTAKO

**Frétta- og dagskrárgerðarmaðurinn Helga Arnardóttir heldur í fyrsta skipti jól með lítinn hvítvoðung upp á arminn en dóttir hennar, Margrét Júlía Reynisdóttir, kom í heiminn 13. nóvember síðastliðinn. Jólin í ár verða því frábrugðin fyrri jólum.**

Á meðgöngunni vann Helga að gerð þáttanna Óupplýst lögreglumál, sem sýndir eru á Stöð 2, og var því með hugann nokkuð fjarri fæðingar- og ungbarnastússi. Nú sér dóttirin hins vegar til þess að Helga hugsar ekki um nokkuð annað og nýtur tímans í botn. „Hún er að taka vaxtarkipp núna og hangir bókstaflega á mér. Ég er farin að líta á það sem stórkostleg forréttindi að komast í sturtu og kann orðið dagskrána á FoodNetwork utan að,“ segir Helga. Hún ætlar að verja aðfangadegi með móður sinni, Margréti Ákadóttur, og sambýlismanninum, Reyni Erni Þrastarsyni. „Á mínu heimili hefur alltaf verið elduð gæs og hefur Reynir, sem er matreiðslumaður, glaður gengið inn í þá hefð. Hann skaut sína bráð í haust og mun elda hana eftir kúnstarinnar reglum. Í forrétt erum við með humar í

**2** ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL
SUNNUDAGA KL. 20.30





# GD
# KKUM

raspi sem er borinn fram með franskbrauði og kokteilsósu með þeyttum rjóma og svo endum við á ris à l´amande."

Við taka svo fjölskylduboð í röðum sem enda hjá Ingunni, systur Helgu, á gamlárskvöld þar sem borðin svigna undan alls kyns smáréttum. „Ég er umkringd listakokkum sem kemur sér einstaklega vel þar sem ég kann varla að sjóða pylsur." Helga segist þó nokkuð lunkin við að baka. „Ég er ekki svona dass-kona en kann að fara eftir uppskriftum. Ég hafði því hugsað mér að skella í smákökur ef ég get mögulega lagt barnið frá mér. Ég var meira að segja með háleitar hugmyndir um að gera franskar makkarónur en þá þyrfti ég nú örugglega að athuga með pössun enda nánast um dagsverk að ræða."

Þáttaröð Helgu, Óupplýst lögreglumál, hóf göngu sína sunnudaginn 24. nóvember. Sama dag og dótturinni var gefið nafn. „Margrét í höfuðið á móðurömmunni og Júlía af því það er svo alþjóðlegt og rómantískt," segir Helga. Þættirnir eru á dagskrá á sunnudagskvöldum klukkan 20.20. Fjallað er um morð, bruna og bankarán sem aldrei hafa verið upplýst. Röðin telur sex þætti og verður sá síðasti sýndur á milli jóla og nýárs.

# DAGSKRÁIN 8.–14. DESEMBER

## SUNNUDAGUR 8. DESEMBER

**Hið blómlega bú (2:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Árni heimsækir bændur á Leirulæk, saltar nautatungu og fer með í reyk hjá Jóa á Heggstöðum, útbýr veiðisamloku og fer á andaveiðar.

**The Tunnel (2:10)**
**Stöð 2 kl. 21.00**
Glæný, bresk/frönsk spennuþáttaröð frá framleiðendum Broadchurch. Breska og franska lögreglan þurfa að taka höndum saman til að klófesta hættulegan morðingja.

**Homeland (10:12)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Spennan magnast og núna er Brody á leið til Írans þar sem hann á að myrða háttsettan embættismann.

**Do No Harm (1:13)**
**Stöð 3 kl. 21.15**



Spennandi þættir um taugaskurðlækninn Jason Cole sem breytist í ófreskju á hverju kvöldi. Cole hefur reynt að bæla hana niður en núna fær hann ekkert við hana ráðið.

**Contagion**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Magnaður og hörkuspennandi vísindatryllir með Matt Damon, Laurence Fishburne, Kate Winslet, Gwyneth Paltrow, Jude Law og Marion Cotillard.

**Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Frábær kvikmynd um þá Sveppa, Villa og Góa og ævintýri þeirra. Að þessu sinni liggur leið þeirra á hótel þar sem dularfullir atburðir hafa átt sér stað.

## MÁNUDAGUR 9. DESEMBER

**Eitthvað annað (1:8)**
**Stöð 2 kl. 19.25**



Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að láta draumana rætast.

**The Americans (12:13)**
**Stöð 2 kl. 22:05**
Vandaðir spennuþættir sem gerast á tímum kalda stríðsins og fjalla um sovéska njósnara í Washington.

**Astro Boy**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um strák með ótrúlega krafta.

**Í eldhúsinu hennar Evu (8:9)**
**Stöð 3 kl. 20:10**
Matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindis mat í eldhúsinu.

**Sælkeraferðin (2:8)**
**Gullstöðin kl. 21:15**



Vala Matt ferðast í kringum Ísland og heimsækir sælkera og veitingahúsafólk sem bjóða upp á það allra besta og skemmtilegasta af íslenskum sælkeramat.

**Limitless**
**Bíóstöðin kl. 15.00 og 20.15**



Æsispennandi og stórgóð mynd Bradley Cooper, Anna Friel og Robert De Niro í aðalhlutverkum.

**Messan**
**Stöð 2 Sport kl. 22.00**
Gummi Ben og Hjörvar Hafliða fjalla um allt það helsta í leikjum helgarinnar í enska boltanum.

## ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER

**Á fullu gazi (3:8)**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius stýra skemmtilegum bílaþætti með passlegum skammti af hraða, spennu og húmor.

**The Mentalist (2:22)**
**Stöð 2 kl. 21.35**



Lögreglan rannsakar morð á forritara og á sama tíma er Patrick Jane að eltast við Red John. Nýjar vísbendingar koma honum á sporið.

**Meistaradeild Evrópu**
**Stöð 2 Sport kl. 19.30**
Lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Meðal leikja kvöldsins er viðureign Manchester United og Shakthar Donetsk.

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**Stöð 3 kl. 21.10**



Friðrik Dór stjórnar fjölbreyttum og skemmtilegum þætti. Fjöldi góðra gesta mætir í þáttinn auk þess sem boðið verður upp á frábæra tónlist.

**The Bourne Legacy**
**Bíóstöðin kl. 13.30 og 19.45**
Spennumynd frá 2012 með Jeremy Renner, Rachel Weisz og Edward Norton í aðalhlutverkum.

**Ísöldin 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Manni, Dýri og Lúlli eru mættir aftur. Nú er aldeilis farið að hitna í kolunum hjá félögunum sem þurfa að finna sér ný heimkynni þegar jöklarnir bráðna.



## Óupplýst lögreglumál
### Stöð 2 sunnudag kl. 20.30

Helga Arnardóttir fjallar um mál sem lögreglan hefur aldrei náð að leysa. Að þessu sinni fjallar hún um tvö bankarán, það fyrra frá 1984 og það síðara frá 1995.
Í febrúar 1984 réðst grímuklæddur maður inn bakdyramegin í útibú Iðnaðarbankans í Drafnarfelli og rændi uppgjöri dagsins því sem næst úr höndum afgreiðslustúlku. Rúmum áratug síðar, í desember 1995, réðust þrír menn inn í útibú Búnaðarbankans á Vesturgötu og hótuðu starfsfólki bankans og viðskiptavinum með haglabyssu og hnífi. Þeir höfðu á brott með sér þrjár og hálfa milljón króna að núvirði. Þessi tvö bankarán verða til umfjöllunar í þættinum. Þá verður einnig fjallað um innbrot í útibú Landsbankans á Borgarfirði eystri um verslunarmannahelgina 1991. Þjófurinn braust inn í bankann og rændi öllu lausafé en engin vitni voru að innbrotinu og það hefur aldrei verið upplýst.

## MIÐVIKUDAGUR 11. DESEMBER

**Grey's Anatomy (11:22)**
**Stöð 2 kl. 21.15**



Næstsíðasti þátturinn fyrir jól. Matthew og Jackson neyðast til að vinna saman þegar þeir verða vitni að hræðilegu slysi og kunnuglegt andlit snýr aftur á spítalann.

**Heimsókn (15:16)**
**Stöð 2 kl. 20.15**
Sindri Sindrason kíkir í heimsókn á falleg heimili og spjallar við húsráðendur.

**Kolla (9:14)**
**Stöð 2 kl. 20.40**
Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Junior Masterchef (14:16)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Skemmtileg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 12 ára fá tækifæri til að heilla Masterchef-dómarana með gómsætum réttum.

**Arrow (8:23)**
**Stöð 3 kl. 20.40**



Spennandi þáttaröð um nútíma Hróa hött sem berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.

**Sleepy Hollow (4:13)**
**Stöð 3 kl. 21.25**



Æsispennandi þættir sem gerist í smábænum Sleepy Hollow þar sem barátta góðs og ills er háð. Þetta eru þættir sem hafa slegið í gegn hjá áhorfendum.



**Philadelphia**
**Bíóstöðin kl. 13.20 og 18.25**
Áhrifamikil Óskarsverðlaunamynd með Tom Hanks, Denzel Washington og Antonio Banderas í aðalhlutverkum um lögfræðing sem þarf að takast á við sína eigin fordóma sem og samfélagsins þegar hann greinist með alnæmi.

**Steindinn okkar (2:8)**
**Gullstöðin kl. 22.10**
Steindi Jr. kitlar hláturtaugar áhorfenda og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.

**Spurningabomban (2:21)**
**Gullstöðin kl. 20.25**



Allir bestu íslensku þættirnir eru í boði á Gullstöðinni. Logi Bergmann stýrir skemmtilegum spurningaleik í Spurningabombunni.

## Sveppi og Villi leita að jólasveinunum

**Stöð 2 kl. 07.00 og 17.45**
**Krakkastöðin kl. 08.00, 12.00 og 16.00**



Félagarnir Sveppi og Villi fá veður af því að jólasveinarnir séu illa í stakk búnir til að takast á við skyldur sínar sökum veikinda, persónulegra aðstæðna eða annarra tilfallandi ástæðna. Sveppi og Villi taka þá upp á sína arma og verða að taka á honum stóra sínum svo að börn þessa lands fái það sem þeim ber.

# FIMMTUDAGUR
## 12. DESEMBER

**Hátíðarstund með Rikku (2:4)**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Rikka forvitnast um af hverju við setjum skóinn í gluggann og matarbloggarinn Albert Eiríksson útbýr gómsæta hnetusteik með heimatilbúnu meðlæti.

**Person of Interest (18:22)**
**Stöð 2 kl. 21.10**
Reese og Finch komast að því að gamall spilafíkill er í bráðri hættu og reyna að grípa í taumana áður en það er um seinan.

**Five Minutes of Heaven**
**Stöð 2 kl. 22.45**



Stórgóð mynd með Liam Neeson og James Nesbitt í aðalhlutverkum. Hún fjallar um fyrrverandi liðsmann öfgasambands mótmælenda á Norður-Írlandi sem nú þarf að standa augliti til auglitis við bróður manns sem hann myrti fyrir 25 árum.

**Ben and Kate (1:16)**
**Stöð 3 kl. 18.35**
Bandarísk gamanþáttaröð um kærulausan náunga sem flytur inn til systur sinnar sem er alltaf með allt sitt á hreinu.

**The X Factor (23:26)**
**Stöð 3 kl. 19.40**
Það styttist í úrslitastundina og núna eru bara þeir bestu eftir. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

**Scent of a Woman**
**Bíóstöðin kl. 11.15 og 17.25**
Toppmynd frá 1992 sem færði Al Pacino Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið. Hann leikur fyrrverandi ofursta sem er bæði blindur og geðstirður en langar að skella sér til New York og sletta þar ærlega úr klaufunum.

**Bad Teacher**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Geggjuð gamanmynd með Cameron Diaz í hlutverki afar vanhæfs skólakennara sem þarf að takast á við ýmsar áskoranir.

**Hæðin (2:9)**
**Gullstöðin kl. 19.00**
Þrjú gerólík pör hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæðinni.

# FÖSTUDAGUR
## 13. DESEMBER

**Super Fun Night (8:17)**
**Stöð 3 kl. 20.30**



Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stöðva sig í leit að fjöri á föstudagskvöldum.

**Logi í beinni (13:15)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns.

**Special Forces**
**Stöð 2 kl. 22.05**
Spennumynd með Diane Kruger og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum. Talíbanar í Afganistan ræna fréttakonu og sérsveit er send út til að freista þess að bjarga henni.

**Strike Back (4:10)**
**Stöð 3 kl. 22.20**



Bresk spennuþáttaröð um liðsmenn sérsveitar innar bresku leyniþjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.

**The Descendants**
**Bíóstöðin kl. 14.45 og 20.05**



Mögnuð mynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir handritsgerð. George Clooney leikur aðalhlutverkið.

**Contraband**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en þetta er ekta spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks sem enginn má láta framhjá sér fara.

**Öskubuska**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali þar sem klassískt ævintýri er fært í nýjan búning.

**Veistu hver ég var?**
**Gullstöðin kl. 20.35**
Laufléttur og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Sigga Hlö og mun andi níunda áratugarins vera í aðalhlutverki.

# LAUGARDAGUR
## 14. DESEMBER

**Magic Mike**
**Stöð 2 kl. 21.20**



Skemmtileg mynd með Channing Tatum og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ungan mann sem vinnur sem strippari á kvöldin en dreymir um annað líf.

**Centurion**
**Stöð 2 kl. 23.10**
Hasar- og ævintýramynd frá 2010 með Michael Fassbender og Dominic West í aðalhlutverkum.

**Don't Trust the B... in Apt. 23 (8:19)**
**Stöð 3 kl. 20.05**



Gamanþættir um tvær ólíkar stelpur sem leigja saman í New York. Önnur er saklaus smábæjarstelpa en hin er siðblind partígella.

**Dark Blue (1:10)**
**Stöð 3 kl. 20.55**
Spennuþáttaröð með Dylan McDermott í aðalhlutverki.

The Brothers Bloom
**Stöð 3 kl. 21.40**
Gamanmynd með Rachel Weisz, Adrien Brody og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum. Bloom-bræðurnir eru klókir svikahrappar sem ætla að setja upp eina stóra svikamyllu áður en þeir hætta.

**Moneyball**
**Bíóstöðin kl. 13.10 og 19.50**
Mögnuð mynd sem byggð er á ótrúlegri sannri sögu. Aðalhlutverkin leika Brad Pitt og Jonah Hill.

**The Dark Knight Rises**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.30**



Stórmynd með Christian Bale og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Nýtt illmenni veldur ógn og skelfingu í Gotham-borg og Batman ákveður að snúa aftur.

**Hetjur Valhallar - Þór**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Frábær teiknimynd í fullri lengd fyrir alla fjölskylduna.

# RISASTÓRI JÓLAÞÁTTURINN



**Logi Bergmann tekur á móti fjölda góðra gesta og tónlistarmanna í árlegum jólaþætti sínum á Stöð 2. Sjálfur er hann mikið jólabarn og heldur mest upp á íslensk jólalög og íslenska flytjendur.**

Árlegur jólaþáttur Loga í beinni ber yfirskriftina Risastóri jólaþátturinn og verður sýndur 20. desember á Stöð 2. Ekkert verður til sparað frekar en venjulega. Fjöldi góðra gesta kemur í heimsókn og líkt og í fyrri jólaþáttum mun tónlistin skipa stóran sess. Sjálfur er Logi Bergmann mikið jólabarn og árlegur jólaþáttur hans er vandræðalega stór að hans sögn. „Þetta er fimmta árið í röð sem við höfum svona jólaþátt og við reynum alltaf að gera meira en við ráðum við. Ég geri ráð fyrir um 20 gestum en venjulega er ég með þrjá gesti í hverjum þætti. Síðan má gera ráð fyrir sex til sjö tónlistaratriðum, þannig að þetta verður rosalega gaman hjá okkur."

## Gamlar perlur á Þorláksmessu

Jólaþátturinn verður sýndur fjórum dögum fyrir aðfangadag og því gerir Logi ráð fyrir góðri jólastemningu í salnum. „Reyndar byrjum við að keyra upp jólastemninguna í þættinum á undan sem verður sýndur 13. desember, þannig að tveir síðustu þættirnir fyrir jólin verði miklir jólaþættir. Það er ekki alveg ljóst á þessu stigi hverjir koma fram í jólaþættinum en þó má greina frá því að Bubbi Morthens syngur þar auk systkinanna KK og Ellenar Kristjánsdóttur. Síðan skýrist þetta allt saman þegar nær dregur en ég get lofað skemmtilegum gestum og flytjendum."
Á Þorláksmessu verður auk þess sýndur sérstakur þáttur þar sem búið er að klippa saman jólalög úr eldri þáttum Loga. „Á síðustu árum hafa safnast saman mörg skemmtileg jólalög sem flutt hafa verið í þættinum. Við erum að tala um flytjendur eins og Ríó tríó, Ragga Bjarna, Helgu Möller, Sigurð Guðmundsson og Baggalút. Þessir flytjendur, ásamt öðrum, flytja bæði eigin lög og lög eftir aðra."

## Léttur um jólin

Sem fyrr segir er Logi mikið jólabarn og eru íslensk jólalög og íslenskir flytjendur í mestu uppáhaldi. „Lagið Léttur um jólin með Ríó tríói er í miklu uppáhaldi hjá mér en það kom út á plötunni Jólastjörnur, árið 1976, sem var mikið spiluð á æskuheimili mínu. Það var skemmtileg stund þegar ég fékk þá félaga til mín og þeir tóku lagið í þættinum hjá mér enda lengi verið draumur minn. Ég hlustaði einnig mikið á jólaplötu Brunaliðsins, Með eld í hjarta, þegar ég var barn. Af nýlegra efni má nefna Sigurð Guðmundsson en ég er ofsalega hrifinn af honum. Hann gaf út jólaplötu fyrir fáeinum árum sem er strax orðin sígild í huga mínum. Svo má ekki gleyma Björgvini Halldórssyni sem á örugglega 100 jólalög sem eru stór hluti af jólum landsmanna."
Þátturinn Logi í beinni fer í frí eftir áramót og tekur þá við spurningaþátturinn vinsæli Spurningabomban. „Þátturinn verður með svipuðu sniði og undanfarin ár þótt einhverjar nýjungar muni hugsanlega bætast við. Við höldum þó þessu klassíska og þannig verður Rúnar Freyr til dæmis á sínum stað. Við byrjum strax eftir áramót með Áramótabombuna sem er nokkurs konar áramótauppgjör okkar. Þá verða fleiri gestir en venjulega og árinu skipt í hluta. Þetta verður stærsti bombuþáttur ársins."

**RISASTÓRI JÓLAÞÁTTURINN**
**20. DESEMBER KL. 19.50**

# FAGRIR TÓNAR YFIR HÁTÍÐIRNAR




Tónlist skipar veglegan sess í hátíðardagskránni á Stöð 2. Sunnudaginn fyrir jól verður frumsýnd heimildarmyndin Okkar menn í Havana þar sem fylgst er með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni vinna að nýrri plötu í Havana á Kúbu. Í myndinni er fylgst með öllu upptökuferlinu ásamt því að sjá ljóslifandi hina litríku og heillandi borg Havana.
Á aðfangadagskvöld, strax að lokinni beinni útsendingu frá aftansöng í Grafarvogskirkju, verður sýnd upptaka frá einstökum jólatónleikum sem systkinin KK og Ellen héldu í Eldborg í fyrra. Þau syngja og spila mörg okkar ástsælustu jólalög, íslensk og erlend, og seilast einnig í lög úr lagasjóði sínum, bæði ný og gömul. Góðir gestir koma fram á tónleikunum og má þar nefna Mugison, Magnús Eiríksson, Elínu Ey og Pikknikk. Tónlistarstjóri er Eyþór Gunnarsson.
Á nýársdag verður síðan sýnt frá glæsilegum minningartónleikum sem voru haldnir til heiðurs Elly Vilhjálms í Laugardalshöllinni. Einstakur ferill Ellyjar var rifjaður upp í máli og myndum, með tónlist og ýmiss konar myndskeiðum, nýjum og gömlum. Laugardalshöllinni var breytt í tímavél og gestir hurfu aftur til 6. og 7. áratugarins í eina kvöldstund. Guðrún Gunnars, einn helsti merkisberi minningar Ellyjar síðastliðin ár skipaði veigamikið hlutverk í tónleikahaldinu.







# VERÐSKULDAÐ SPENNUFALL

**Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir er annar stjórnenda þáttarins Á fullu gazi á Stöð 2 á þriðjudagskvöldum. Hún er sjálf vön því að vera á fullu gazi um jólin.**

„Ég er óskipulagðasta manneskja í heimi og vakna yfirleitt alltof seint á aðfangadag eða ríf mig upp grútsyfjuð klukkan átta því ég hef ekki keypt eina einustu jólagjöf. Svo tekur við stefnulaust ráf í óðagoti um miðbæinn sem færist yfir í verslunarmiðstöðvarnar þegar búið er að loka á Laugaveginum og þetta er alltaf svona, sama hvað ég ætla að vera tímanlega," segir Sigríður Elva.

Sigríður á minningu um sig hlaupandi í Hagkaupum sem síðastri búða var lokað á aðfangadag og með allt í fári.

„Svo húrra ég mér heim eftir búðarápið, klæði mig í jólaföt og elda eitthvað, því sem grænmetisæta kem ég með eigin mat í jólamat til mömmu og pabba."

## Alltaf geitaostur á jólunum

Þegar haustar byrjar Sigríður Elva að lesa sér til um jólamat og leita sér hugmynda. „Ég hef enn ekki náð að skapa mér matarhefð um jólin en geitaostur kemur þó alltaf við sögu. Síðast gerði ég geitaostaköku og langar að gera hana aftur núna fyrir jólin á meðan aðalrétturinn kemur á óvart. Margar grænmetisætur líta á hnetusteik sem hinn eina sanna jólamat en mér finnst á henni of mikill hippaheilsubragur og hnetusteik álíka hátíðleg og kjöthleifur á virkum degi," segir Sigríður Elva sem á aðventunni bakar í gríð og erg og segir að jólin séu besta afsökunin til að baka sætabrauð.

„Ilmur af jólabakstri er hluti af jólastemningunni. Ég er mikið jólabarn þótt mig skorti trúarlega tengingu við hátíðina og þykir notalegt þegar hraður taktur þjóðfélagsins hægist og kyrrðin tekur við. Eftir stresskast aðfangadags upplifi ég því verðskuldað spennufall og get verið slök í náttfötum að éta konfekt næstu daga."

Fram undan eru fyrstu jól Sigríðar Elvu sem móður. „Dóttirin er enn svo lítil að hún mun varla hafa gaman af því að taka upp jólapakka og ég er mun spenntari fyrir pökkunum hennar en hún. Mér þykja jólin spennandi með augum barnsins og hlakka til þegar hún fer að hafa vit á þessu öllu. Móðurhlutverkið breytir öllu og nú get ég sennilega ekki leyft mér að hlaupa um búðir á taugum með litla viðhengið með mér."



2 Á FULLU GAZI
ÞRIÐJUDAGA KL. 20.10



# Brú verður að göngum

**Atburðir á Eyrarsundsbrúnni færast ofan í Ermarsundsgöngin þegar dansk-sænska spennuþáttaröðin Brúin lifnar við í örmum breskra og franskra sjónvarpsframleiðenda.**

The Tunnel hóf göngu sína á Stöð 2 síðastliðinn sunnudag. Hálfur búkur fransks stjórnmálamanns og neðri hluti breskrar vændiskonu finnast í Ermarsundsgöngunum á landamærum Frakklands og Bretlands. Rannsóknarlögreglumenn frá báðum löndum þurfa að vinna að málinu í sameiningu og finna raðmorðingjann sem er í krossferð til að varpa ljósi á ýmis samfélagsleg vandamál sem varða bæði löndin.

Söguþráðurinn er aðdáendum dansk-sænsku Brúarinnar að góðu kunnur enda er The Tunnel ensk-frönsk endurgerð á Brúnni, heimfærð upp á enskt og franskt mannlíf, menningu og staðhætti. Í aðalhlutverkum eru breski leikarinn Stephen

**THE TUNNEL**
**SUNNUDAGA KL. 21.00**



# HÓMER MÆTIR MEÐ JÓLASKAPIÐ

Glæný þáttaröð af The Simpsons hefur göngu sína á Stöð 2 á milli jóla og nýárs. Fyrsti þátturinn er bráðfyndinn jólaþáttur sem sýndur verður 27. desember. Springfield breytist í mikinn jólabæ eftir að geislavirk efni leka úr kjarnorkuveri bæjarins og snjór leggst yfir hann. Túristarnir streyma til bæjarins og Marge ákveður að opna heimili sitt ókunnugum gegn vænni þóknun. Þetta er 25. þáttaröðin um Hómer og alla hina furðufuglana í Springfield og vinsældir þáttanna dvína ekkert. Simpson-fjölskyldan er fastagestur á heimilum um víða veröld en þættirnir eru sýndir í meira en 180 löndum og er talið að engin bandarísk þáttaröð fái eins mikið áhorf á heimsvísu.

**THE SIMPSONS**
**HEFST 27. DES. KL. 19.20**



„Franskur alvarleiki pirrar mig stundum og ég elska að fá Englendinga til að hlæja.“

Clémence Poésy

Dillane, sem margir muna eftir úr Game of Thrones, og franska þokkagyðjan Clémence Poésy. Bæði heilluðust af pólitískum söguþræði þáttanna.

„Vissulega eru tungumálalandamæri á milli Frakka og Englendinga sem valda erfiðleikum í samskiptum þjóðanna. Við Stephen smullum hins vegar strax saman þótt við séum ekki af sömu kynslóðinni og bakgrunnur okkar sé ólíkur,“ segir Clémence um samstarf þeirra Stephens.

### Kann ekki að ljúga

Í þáttunum spreytir Clémence sig á hlutverki Elise sem er með Asperger-heilkenni.

„Elise er lokuð en einlæg sem barn. Hún gengur hreint til verks í kynlífi og pikkar upp menn á bar til að sofa hjá. Elise kann ekki að ljúga og þegar þannig er í pottinn búið lendir fólk í skrýtnum félagslegum aðstæðum þar sem varla er hægt að byggja upp sambönd við neinn, því mest af daglegu tjatti okkar byggist á lygum þegar við látum eins og allt sé betra en það er,“ segir Clémence.

Stephen Dillane heillaðist af áleitnum, erfiðum og pólitískum spurningum sem varpað er fram í þáttunum.

„Þættirnir sýna evrópska dystópíu eða helvíti með óvenjulegri nálgun og er engu líkara en að handritshöfundar hafi troðið atvinnuleysi, umhverfismálum, efnahagskreppunni, málum innflytjenda og fleiru ofan í kokið á einhverjum sem reynist vera fjöldamorðingi,“ segir Dillane og er ánægður með útkomuna.

„Ég hafði áhuga á að vinna með Frökkum sem reyndist ánægjulegt. Þjóðirnar eru með ólíkar áherslur í kvikmyndagerð og það er spennandi að sjá hvernig menning okkar og þjóðlíf er fléttað saman.“

Charlotte Gainsbourg syngur upphafslagið þrúgandi röddu.

„Franskur alvarleiki pirrar mig stundum og ég elska að fá Englendinga til að hlæja,“ segir Clémence sem birtist ómáluð í þáttunum, fyrir utan bólu- og baugahyljara.

„Það gerir Elise áhugaverðari en mér hefur þótt óþægilegt þegar fjölmiðlamenn segja mig hugrakka fyrir vikið og tel mig kannski hafa gert heimskuleg mistök,“ segir Clémence hlæjandi. Báðum finnst hressandi að söguþráðurinn snúist um vináttu en ekki ástarsamband karls og konu.

„Það er ekki nóg skrifað um vináttu karla og kvenna og greinilegt að efnistök í sjónvarpsþáttum taka nú nýja stefnu. Farið er að höfða til greindar áhorfenda sem í síauknum mæli njóta sjónvarpsefnis þar sem öll tungumál eru töluð.“




# LEYNDARMÁL OG LYGAR Á LÆRKEVEJ

Danska þáttaröðin Lærkevej sló í gegn hjá áhorfendum Stöðvar 2 sl. sumar. Núna er að hefjast ný þáttaröð um skrautlega íbúana á Lærkevej en fyrsti þátturinn er á dagskrá miðvikudaginn 4. desember.

Lærkevej er stórskemmtileg þáttaröð með blöndu af gamni og kolsvartri alvöru. Hún fjallar um þrjú systkin sem þurftu að flýja frá Kaupmannahöfn eftir að hafa lent upp á kant við eiturlyfjamafíu. Þau neyddust til að losa sig við lík og fara huldu höfði. Þau fundu sér felustað í rólegu úthverfi þar sem allt virtist slétt og fellt á yfirborðinu. En íbúarnir við Lærkevej eru skrautlegir og búa sjálfir allir yfir leyndarmálum.

Í fyrsta þættinum bankar lögreglan upp á hjá íbúum við götuna og það getur bara endað með ósköpum.

Lærkevej-þættirnir vöktu athygli vestur yfir haf og hefur NBC-sjónvarpsstöðin keypt framleiðslurétt þáttanna. Bandarísk útgáfa mun því verða framleidd undir heitinu Park Road. Framleiðsluteymi Park Road verður það sama og stóð að þáttunum um mafíufjölskylduna The Sopranos.

2 LÆRKEVEJ
MIÐVIKUDAGA KL. 21.10

# LOKAUPPGJÖRIÐ ER FRAMUNDAN

**The Mentalist snýr aftur og verður á dagskrá á þriðjudagskvöldum.**



Einn vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2 undanfarin ár, The Mentalist, snýr aftur á dagskrá í desember og verður sýndur á þriðjudagskvöldum í vetur eftir að hafa verið sýndur á sunnudagskvöldum undanfarin ár. Ástralski leikarinn Simon Baker leikur aðalhlutverkið í þáttunum en þetta er sjötta árið sem hann er í hlutverki hins bráðgáfaða Patricks Jane. Hann notar einstaklega skarpa athyglisgáfu sína til að aðstoða lögregluna við að leysa flókin mál en á sama tíma eltist hann við manninn sem myrti eiginkonu hans og dóttur. Morðinginn gengur undir nafninu Red John og má segja að eltingarleikurinn við hann hafi verið rauði þráðurinn í þáttunum allt frá byrjun. Í þessari þáttaröð kemst Jane loks að því hver Red John er í raun og veru.

Sjálfur segir leikarinn að hann hafi ekki viljað vita of mikið. „Ég passaði mig á því að lesa ekki handrit þáttanna langt fram í tímann til að viðhalda spennunni,“ segir Baker.

2 THE MENTALIST
ÞRIÐJUDAGA KL. 21.30

# DAGSKRÁIN 15.–21. DESEMBER



## SUNNUDAGUR 15. DESEMBER

**The Tunnel (3:10)**
**Stöð 2 kl. 21.00**



Bresk/frönsk spennusería. Núna er lögreglan í kapphlaupi við tímann eftir að morðinginn lætur til skarar skríða á ný.

**Hið blómlega bú (3:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Árni heldur á síldveiðar á Faxaflóa, saltar síld í tunnu og heitreykir ferska síld sem hann ber fram ásamt ofnsteiktu grænmeti og kartöflusalati.

**Óupplýst lögreglumál (4:6)**
**Stöð 2 kl. 20.30**
Helga Arnardóttir fjallar um mál tvítugs manns sem lést á skemmtistaðnum Þórscafé árð 1974 og morðið á Gunnari Tryggvasyni leigubílstjóra árið 1968.

**Homeland (11:12)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Næstsíðasti þátturinn í þriðju þáttaröð. Brody þarf að gera upp við sig hvort hann heldur áfram að vinna fyrir CIA eða snýst á band með gömlum félögum.

**Offspring (1:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Áströlsk þáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna þar í landi. Nina er fæðingarlæknir sem gengur allt í haginn… ef ástin er undanskilin.

**Neyðarlínan**
**Gullstöðin kl. 20.25**
Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.



**The Young Victoria**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.15**
Dramatísk stórmynd um Viktoríu drottningu á Englandi, leið hennar á valdastól og ekki síst farsælt ástarsamband hennar við Albert prins.

## MÁNUDAGUR 16. DESEMBER

**Í eldhúsinu hennar Evu (9:9)**
**Stöð 3 kl. 20.05**



Sérstakur jólaþáttur hjá Evu Laufeyju sem matreiðir kalkúnabringur með ljúffengu meðlæti.

**Hostages (12:15)**
**Stöð 2 kl. 21.10**
Síðasti þátturinn fyrir jól í þessari mögnuðu spennuseríu. Brian ætlar að koma upp um Duncan en óvæntar fréttir setja allt úr skorðum.



**The Americans (13:13)**
**Stöð 2 kl. 22.00**
Philip og Elizabeth er gert að vera viðstödd fund sem gæti reynst þeim hættulegt í lokaþætti þessarar fyrstu þáttaraðar. Á sama tíma færist Stan sífellt nær því að hafa upp á þeim.

**Mannshvörf á Íslandi (3:8)**
**Gullstöðin kl. 20.10**
Vönduð íslensk þáttaröð þar sem Helga Arnardóttir tekur til umfjöllunar mannshvörf hér á landi undanfarna áratugi.

**Glee (8:22)**
**Stöð 3 kl. 20.30**
Krakkarnir í Glee-klúbbnum eru komnir í jólaskap og Rachel, Kurt og Santana fara að vinna fyrir jólasveininn í verslunarmiðstöð í New York.



**Dumb & Dumber**
**Bíóstöðin kl. 14.25 og 20.05**
Frábær gamanmynd með Jim Carrey og Jeff Daniels í aðalhlutverkum. Ein allra besta mynd Farrelly-bræðra.

**Taken 2**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.40**



Spennumynd með Liam Neeson í aðalhlutverki. Hann leikur fyrrverandi leyniþjónustumann sem berst við illmenni sem rænir eiginkonu hans og dóttur.

## ÞRIÐJUDAGUR 17. DESEMBER

**How I Met Your Mother (24:24)**
**Stöð 2 kl. 20.35**



Það er komið að stóru stundinni í þessum frábæru gamanþáttum. Nú fá áhorfendur loks að sjá konuna sem hefur verið hulin í átta ár, barnsmóður Teds.

**The Big Bang Theory (6:24)**
**Stöð 2 kl. 20.10**
Vinsælasta gamanþáttaröð í heimi. Ofvitarnir Leonard og Sheldon vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar en það nýtast þeim ekki í samskiptum við annað fólk.

**Hart of Dixie (15:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**



Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór (5:24)**
**Stöð 3 kl. 21.10**
Friðrik Dór og Ásgrímur Geir Logason leika á als oddi í þessum fjöruga skemmtiþætti.

**Alvin og íkornarnir 3**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg mynd með íslensku tali. Alvin og hinir íkornarnir þurfa að spjara sig á eyðieyju eftir að hafa óvart fallið frá borði ásamt íkornastelpunum.

**Time Traveler's Wife**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 02.50**
Rómantísk mynd með Eric Bana og Rachel McAdams í aðalhlutverkum.



**Um land allt**
**Gullstöðin kl. 20.05**
Kristján Már Unnarsson ferðast landshorna á milli og tekur púlsinn á mannlífinu. Í þessum þætti fer Kristján Már í leitir og réttir með Gnúpverjum.

## MIÐVIKUDAGUR 18. DESEMBER

**Kolla (10:14)**
**Stöð 2 kl. 20.35**



Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ræðir við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Lærkevej (3:12)**
**Stöð 2 kl. 22.00**
Skemmtilegir danskir þættir um systkini sem ætluðu að fara huldu höfði í rólegu úthverfi en komast fljótt að því að allir nágrannarnir hafa eitthvað að fela.

**Kalli á þakinu**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg mynd um furðufuglinn Kalla sem býr uppi á þaki hjá Bróa litla og flýgur um með þyrluspaða.

**Victoria's Secret Fashion Show**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Upptaka frá einstakri tískusýningu þar sem nokkrar af flottustu fyrirsætum heims sýna nýjustu undirfötin frá Victoria's Secret.



**Arrow (9:23)**
**Stöð 3 kl. 21.05**
Draugar fortíðar ásækja Oliver í síðasta þættinum fyrir jólafrí. Oliver er byrlað eitur en Felicity þarf að taka erfiða ákvörðun í von um að bjarga honum.

**Notting Hill**
**Bíóstöðin kl. 14.35 og 19.55**



Hugh Grant og Julia Roberts í rómantískri gamanmynd sem stendur ávallt fyrir sínu.



## Grey's Anatomy
### Stöð 2 miðvikudag kl. 21.10

Síðasti þátturinn af Grey's Anatomy fyrir jól og það verður mikil dramatík. April er að fara að gifta sig en á brúðkaupsdaginn eru allir læknarnir á Grey Sloan Memorial sjúkrahúsinu með hugann við önnur mál. Meredith og Cristina halda áfram að deila um rannsóknarvinnuna, Bailey segir Ben hug sinn varðandi endurkomu hans til Seattle og Derek fær símtal sem gæti breytt lífi hans.

**Never Let Me Go**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Bresk kvikmynd sem hefur hlotið góða dóma. Aðalhlutverkin leika Keira Knigthley, Carey Mulligan og Andrew Garfield.

**Enski deildarbikarinn**
**Stöð 2 Sport kl. 19.35**
Átta liða úrslitin í enska deildarbikarnum. Manchester United heimsækir Stoke City og er leikurinn sýndur beint á Stöð 2 Sport á meðan Gylfi Sigurðsson og félagar taka á móti West Ham á Sport 3.

**Ástríður (3:10)**
**Gullstöðin kl. 21.55**



Ný, íslensk gamanþáttaröð sem sýnd var á Stöð 2 í haust en er nú endursýnd á Gullstöðinni. Skemmtilegir þættir þar sem fjallað er um ástamál og vináttu, starfsframa og sambönd og allt þar á milli.

## Rómantískir dagar á Bíóstöðinni



Rómantíkin ræður ríkjum á Bíóstöðinni í desember. Sýndar verða vel valdar myndir sem ylja áhorfendum um hjartaræturnar og skapa rétta andrúmsloftið yfir hátíðirnar. Rómantíska þemað hefst með myndinni The Time Traveler's Wife með Rachel McAdams og Eric Bana í aðalhlutverkum þriðjudaginn 17. desember og stendur fram yfir áramót.

## FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER

**The X Factor – úrslitin**
**Stöð 3 kl. 19.40 og 01.00**



Það er komið að úrslitastundinni í The X Factor. Fyrst verður þáttur frá kvöldinu áður sýndur kl. 19.40 og klukkan 1 eftir miðnætti verður skipt yfir í beina útsendingu frá Los Angeles.

**Shameless (3:12)**
**Stöð 3 kl. 21.00**
Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.

**Hátíðarstund með Rikku (3:4)**
**Stöð 2 kl. 20.10**



Rikka er í óða önn að leggja lokahönd á jólaundirbúninginn. Jólatréð verður skreytt á listilegan máta og á boðstólum verður hægelduð nautasteik með stökkum kartöflum og trufflubernaisesósu.

**Brighton Rock**
**Stöð 2 kl. 22.40**
Bresk spennumynd með Sam Riley, Andrea Riseborough og Helen Mirren í aðalhlutverkum.

**Dear John**
**Bíóstöðin kl. 15.10 og 20.20**
Rómantísk og áhrifamikil mynd frá höfundi The Notebook. Aðalhlutverkin leika Channing Tatum og Amanda Seyfried.

**Heimsókn**
**Gullstöðin kl. 20.20**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.

**Hið blómlega bú**
**Gullstöðin kl. 20.40**



Fyrsta þáttaröðin með Árna Ólafi sem yfirgaf stórborgina New York og settist að í íslenskri sveit.

**Rauðhetta... með nýju bragði 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali þar sem rækilega er snúið út úr ævintýrinu um Rauðhettu og úlfinn.

## FÖSTUDAGUR 20. DESEMBER

**Risastóri jólaþátturinn**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Logi Bergmann er í hátíðarskapi í sérstökum jólaþætti þar sem góðir gestir kíkja í heimsókn og jólastemningin ræður ríkjum.

**The Borrowers**
**Stöð 2 kl. 21.05**
Bresk jólamynd sem byggð er á frægri sögu um búálfa sem búa undir gólffjölum í stóru húsi og bjarga sér með því að fá lánað það sem þá vanhagar um frá eigendum hússins.

**30 Minutes or Less**
**Stöð 2 kl. 22.40**
Skemmtileg mynd um tvo misheppnaða glæpamenn sem ræna pítsusendli, festa tímasprengju framan á hann og þvinga hann til að ræna banka.

**Grimm (6:22)**
**Stöð 3 kl. 22.35**
Lögreglumaðurinn Nick Burkhardt sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi alls kyns kynjaverur sem búa meðal mannfólksins.

**Fóstbræður (3:8)**
**Gullstöðin kl. 21.20**



Fóstbræður eru óborganlegir grínistar sem hæðast bæði að sjálfum sér og öðrum.

**Baddi í borginni**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Alvöru fjölskyldumynd um vaska grísinn Badda. Nú ber svo við að húsbóndi hans er slasaður og ófær um að sinna bústörfum. Það kemur því í hlut Badda að halda hlutunum gangandi.

**27 Dresses**
**Bíóstöðin kl. 13.50 og 20.10**



Rómantísk gamanmynd með Katherine Heigl í aðalhlutverki. Jane er hin fullkomna brúðarmær en er sjálf afar óheppin í ástum.

**Bridesmaids**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30**
Fersk, frumleg og hárbeitt gamanmynd sem sló í gegn í bíó. Annie fær það hlutverk að skipuleggja brúðkaup vinkonu sinnar en það reynist erfiðara en hana óraði fyrir.

## LAUGARDAGUR 21. DESEMBER

**Hope Springs**
**Stöð 2 kl. 19.40**



Gamanmynd með Meryl Streep, Tommy Lee Jones og Steve Carell í aðalhlutverkum. Eftir 30 ára hjónaband fara miðaldra hjón í hjónabandsráðgjöf til þess að bjarga hjónabandinu.

**Very Harold & Kumar Christmas**
**Stöð 2 kl. 21.20**



Gamanmynd frá 2011 með Kal Penn, John Cho og Neil Patrick Harris í aðalhlutverkum. Dóphausarnir Harold og Kumar ná að rústa jólunum á sinn sérstaka hátt.

**Ávaxtakarfan**
**Krakkastöðin**
**kl. 09.25, 13.25 og 17.25**



Skemmtilegir þættir um lífið í Ávaxtakörfunni. Fallegur boðskapur og skemmtileg tónlist.

**Around the World in 80 Plates**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Nýstárlegir og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem hópur kokka ferðast um heiminn og matreiðir ljúffenga rétti.

**Super**
**Stöð 3 kl. 21.40**
Gamanmynd frá 2010 með Rainn Wilson, Ellen Page, Kevin Bacon og Liv Tyler í aðalhlutverkum. Hún fjallar um meðalmanninn Frank Darbo sem ákveður að verða ofurhetja.

**Just Go With It**
**Bíóstöðin kl. 13.15 og 20.05**
Skemmtileg gamanmynd með Adam Sandler og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.

**Friends With Benefits**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.20**



Mila Kunis og Justin Timberlake í hlutverkum góðvina sem ætla sér að afsanna að vinir geti ekki sofið saman án vandræða.



# HÁTÍÐ Í BÆ MEÐ ÁRNA ÓLAFI

Sagt er frá matreiðslumeistaranum Árna Ólafi Jónssyni, sem yfirgaf stórborgarlífið í New York og settist að í sveitinni, í þáttaröðinni Hið blómlega bú. Þættirnir hittu beint í mark hjá áskrifendum Stöðvar 2 sl. sumar og núna er komin ný þáttaröð sem ber yfirskriftina Hátíð í bæ. Fyrsti þáttur var á dagskrá sl. sunnudagskvöld en alls verða þættirnir sex og Árni Ólafur á eftir að fylgja áhorfendum inn í nýtt ár.

„Við höldum áfram þar sem frá var horfið og vinnum úr hráefninu sem varð til hjá okkur síðasta sumar, nýtum grænmetið og gerum osta og bökum. Hægt og bítandi verða þættirnir jólalegri hjá okkur en eftir áramótin verða uppskriftirnar aftur hefðbundnari,“ segir borgarbarnið Árni Ólafur sem heillaðist upp úr skónum af lífinu í sveitinni við gerð þáttanna Hið blómlega bú.

„Ég er búinn að læra helling, ekki bara hvernig búa á til sjónvarpsþætti heldur á lífið í sveitinni. Stemmingin í sveitinni er svo heillandi. Ég gæti alveg fundið bóndann í mér. Þar hjálpast allir að og mér fannst yndislegt að hitta allt fólkið og sjá hversu fjölbreytt mannlífið er og hve mikil gróska er í framleiðslu á úrvals hráefni.“

2 HIÐ BLÓMLEGA BÚ - HÁTÍÐ Í BÆ
SUNNUDAGA KL. 19.55

## SÚKKULAÐIBITAKÖKUR AÐ HÆTTI ÁRNA ÓLAFS



250 g hveiti
½ tsk. matarsódi
200 g smjör, skorið í teninga
150 g púðursykur
100 g strásykur
1 tsk. salt
2 tsk. vanilludropar
1 stórt egg
1 stór eggjarauða
200 g suðusúkkulaði (2 plötur), grófsaxað
50 g valhnetur, ristaðar og grófsaxaðar

1 Forhitið ofninn í 200°C. Setjið hveitið í litla skál og hrærið matarsódann saman við. Bræðið 150 grömm af smjörinu yfir miðlungsháum hita. Hringsnúið pönnunni af og til og strjúkið botninn með sleikju. Hitið smjörið þar til mjólkurþurrefnin í smjörinu eru orðin brún og smjörið ilmar eins og heslihnetur, það tekur um 3 mínútur. Hellið smjörinu í stóra skál og náið restinni úr pönnunni með sleikju. Bætið því sem eftir er af óbráðna smjörinu (50 grömmum) út í heitt bráðið smjörið og hrærið í þar til það er algjörlega bráðið.

2 Bætið púðursykri, strásykri, salti og vanilludropum út í smjörið og hrærið þar til blandan er orðin einsleit. Bætið þá við egginu og eggjarauðunni, hrærið í hálfa mínútu og látið blönduna standa í um 15 mínútur. Hrærið að lokum aftur í hálfa mínútu eða þar til blandan er orðin að þykkri, sléttri og gljáandi karamellu.

3 Bætið hveitinu með matarsódanum, öllu í einu, út í karamelluna og hrærið í deiginu með sleif þar til karamellan hefur tekið allt hveitið í sig. Hrærið að lokum söxuðu súkkulaði og söxuðum ristuðum valhnetum saman við.

4 Mótið deigið í kúlur sem eru um 1 matskeið hver og raðið með 5 sentímetra millibili á smjörpappírslagða bökunarplötu. Bakið smákökurnar í 10-15 mínútur eða þar til þær eru gullinbrúnar, jaðrarnir orðnir stökkir en miðjan enn nokkuð mjúk. Raðið heitum súkkulaðibitakökunum á grind og reynið að láta þær kólna alveg – það er næsta ómögulegt!

# JÓLAU
# MEÐ R

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir mun leggja sitt af mörkum við að koma áhorfendum Stöðvar 2 í sannkallað hátíðarskap en fimmtudaginn 5. desember hefjast sýningar á splunkunýjum þáttum um jóla- og áramótaundirbúninginn.**

„Ég mun fá til mín góða gesti og fjalla um ýmislegt sem tengist jólaundirbúningnum. Við munum meðal annars búa til aðventukrans og elda jólamat. Má þar nefna hnetusteik, nautasteik og kalkún. Við munum líka skreyta jólatré og fjalla um umhirðu þeirra. Áhorfendur munu einnig fylgjast með því hvernig piparkökuhús er saman sett og hvernig má skreyta það með auðveldum hætti. Þá komum við til með að heimsækja Árbæjarsafn og kynna okkur gamlar jólahefðir, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Friðrika.

Alls verða þættirnir fjórir og fyrstu þrír munu tengjast jólunum en síðasti þátturinn, sem verður á dagskrá 26. desember, verður helgaður áramótunum.



# NDIRBÚNINGURINN IKKU Á STÖÐ 2



### Súkkulaði- og kókossmákökur

**25 stykki**

200 g mjúkt smjör
100 g sykur
280 g hveiti
¼ tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 msk. mjólk
½ tsk. vanilludropar

Hrærið smjör og sykur saman þar til blandan verður ljós og létt. Blandið þurrefnunum smám saman út í og hrærið. Hellið að lokum mjólkinni og vanilludropunum saman við og hrærið. Hnoðið deigið saman í kúlu, pakkið inn í plastfilmu og kælið í klukkustund. Hitið ofninn í 180°C. Fletjið deigið út, u.þ.b. 0,5 cm þykkt, á hveitistráða borðplötu og skerið út kringlóttar smákökur, u.þ.b. 3 cm í þvermál. Raðið kökunum á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið í 10-12 mínútur eða þar til að kökurnar eru orðnar gullinbrúnar á lit. Kælið.

### Kókostoppur:

150 g kókosmjöl
10 stk. mjúkar karamellur
3 msk. mjólk
¼ tsk. salt
200 g dökkt súkkulaði, saxað

Stráið kókosmjölinu á ofnplötu og ristið í 8-10 mínútur í 180°C heitum ofni. Bræðið karamellurnar í mjólkinni og bætið saltinu saman við. Hrærið kókosmjölið saman við, hrærið og smyrjið blöndunni ofan á kexkökurnar. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og sprautið yfir kókosinn.

### Saltaðar karamellusmákökur

**20 stykki**

250 g dökkt súkkulaði, saxað
3 msk. smjör
2 egg
120 g sykur
1 tsk. vanilludropar
60 g hveiti
¼ tsk. lyftiduft

Hitið ofninn í 200°C. Bræðið helminginn af súkkulaðinu ásamt smjörinu yfir vatnsbaði. Hrærið egg, sykur og vanilludropa saman þar til að blandan verður ljós og létt. Bætið hveiti, lyftidufti, bræddu súkkulaðiblöndunni og afganginum af súkkulaðinu saman við og hrærið saman. Mótið litlar kúlur með teskeið og raðið á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið í 8–10 mínútur. Kælið.

### Krem:

250 g smjör
500 g flórsykur
¼ tsk. salt
85 g tilbúin karamella

Hrærið smjörið upp og bætið flórsykrinum smám saman út í ásamt saltinu. Hrærið karamellunni saman við og smyrjið kreminu á milli smákakanna.

HÁTÍÐARSTUND MEÐ RIKKU
FIMMTUDAGA KL. 20.15

# JÓLIN HEILSA HJÁ SINDRA

**Sindri Sindrason er jólastrákur og býður áhorfendum Stöðvar 2 í jólaheimsókn á aðventunni. *Í næsta þætti skoðar hann fallegt jólaheimili á Flúðum.***

„Ég heimsæki jólahús Kolfinnu Guðmundsdóttur, eiginkonu Hlöðvers Sigurðssonar, en þau hjónin stofnuðu Hlöllabáta. Húsið er á Flúðum og Kolfinna skreytir það hátt og lágt í nóvember. Í húsinu er gestaálma þar sem dætur þeirra þrjár eiga hver sitt „hótel"-herbergið með sér baðherbergi. Þar er auk þess leikherbergi með billjardborði, poppvél og alls kyns leikföngum. Kolfinna er búin að setja upp jólatré en hún kom okkur skemmtilega á óvart," segir Sindri sem hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð við þáttunum. „Við höfum fengið að heimsækja marga fagurkera en ég fæ fjölda ábendinga um falleg heimili."
Sindri segist vera brjálæðislega mikið jólabarn. „Ég skreyti mikið innandyra en minna að utan. Um mánaðamótin set ég upp jólatré og skreyti húsið. Ég vil síðan taka allt niður 1. janúar. Þá eru jólin búin hjá mér. Uppáhaldstíminn minn er Þorláksmessukvöld. Að fara upp og niður Laugaveginn, kaupa síðustu gjöfina, drekka heitt súkkulaði og hafa það notalegt, enda allt orðið fínt heima. Öll fjölskylda mín býr í næsta nágrenni við mig og það er mikill samgangur um jólin."



JÓLIN HEILSA HJÁ SINDRA
MIÐVIKUDAGA KL. 20.10

# 7.990 kr. +

## Sex frábærar sjónvarpsstöðvar

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.




# Internet og heimasími fylgir

## Of gott til að vera satt?

1. **Raunverulegur sparnaður**
Þú sparar frá 60.000 kr. á ári og því 180.000 kr. á gildistíma tilboðsins miðað við verð ráðandi aðila á markaði.

2. **Langur gildistími**
Gildir í allt að 36 mánuði sem skilar sér í auknum heildarsparnaði. Engin binding á síma- og netþjónustu.

3. **Auðvelt að skipta**
Það er bæði fljótlegt og einfalt að skipta yfir í net- og símaþjónustu 365. Við tengjum þig, þér að kostnaðarlausu.

4. **Ekkert smátt letur**
Alltaf er greitt línugjald eins og hjá öðrum þjónustuaðilum á markaðnum. Við bjóðum upp á leigu á hágæða Zyxel-netbeini.

# 0 kr.

**180.000 kr. sparnaður** á 36 mánuðum

## Netið og heimasími innifalið í 36 mánuði

Allt að 100 MB/s ljóshraða internet og 10 GB erlent niðurhal fylgir. Þú færir netið yfir til 365 og heldur núverandi sjónvarpsbúnaði. 40 GB viðbótargagnamagn á aðeins 1.000 kr. aukalega. Þjónusta veitt um Ljósleiðara Gagnaveitunnar og Ljósveitu Mílu.

Með pakkanum fylgja 100 mínútur í íslenska heimasíma. Talaðu fyrir 1 kr. á mínútu. Þú getur bætt við þig 500 mín. fyrir 500 kr. og 1.000 mínútum fyrir 1.000 kr.




# sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

## Raunverulegur sparnaður í þágu heimilanna

Það er kominn tími til að ná hagkvæmari samningum og lækka net- og símreikninga heimilisins. Við leggjum tímamótatilboð á borðið þar sem aðeins er greitt fyrir áskriftarpakka – og ekkert aukalega fyrir internet og heimasíma. Þetta er aðgerð sem mun skapa efnahagslegan ávinning, lausn í samræmi við þarfir og kröfur fólksins í landinu. **Tilboðið býðst aðeins til áramóta!**

2 | 3 | Krakka stöðin | GULL STÖÐIN | BÍÓ STÖÐIN | POPP TÍVÍ

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.
**Þjónustuver 512 5100 | Nánar á 365.is**

365

# SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ

**Skoski leikarinn David Tennant leikur aðalhlutverkið í framhaldsmyndinni The Escape Artist sem sýnd verður á Stöð 2 milli jóla og nýárs.**

The Escape Artist er spennumynd í tveimur hlutum. Myndin var frumsýnd á BBC fyrir skömmu og fékk mjög góða dóma í breskum fjölmiðlum. Fyrri hlutinn verður sýndur á Stöð 2 sunnudaginn 29. desember og síðari hlutinn mánudaginn 30. desember.
Tennant leikur lögfræðinginn Will Burton sem hefur aldrei tapað máli í réttarsalnum og þykir einstaklega lunkinn við að fá skjólstæðinga sína sýknaða, jafnvel þótt allt bendi til þess að þeir séu sekir. Hann tekur að sér að verja mann sem er sakaður um hrottalegt morð og þrátt fyrir að allir séu sannfærðir um sekt hans nær Will að vinna málið. Í kjölfarið gerir hann mistök sem eiga eftir að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Will og framtíð hans. Við tekur spennandi atburðarás og sagan breytist úr lögfræðidrama í sannkallaðan spennutrylli.

## Skærasta stjarna Breta

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár fyrir Tennant og hann er orðinn einn vinsælasti sjónvarpsleikari Breta. Hann lék um árabil aðalhlutverkið í þáttaröðinni Doctor Who en frá því að hann sagði skilið við þættina fyrir þremur árum hefur frægðarsól hans haldið áfram að rísa.
Fyrr á árinu lék hann aðalhlutverkið í þáttaröðinni Broadchurch, sem sló eftirminnilega í gegn á ITV og var sýnd á Stöð 2 fyrir skömmu. Núna er verið að undirbúa bandaríska endurgerð af Broadchurch og þar verður Tennant einnig í aðalhlutverkinu.
Tennant fékk einnig mikið lof fyrir aðalhlutverkið í þáttunum The Politician's Husband sem sýndir verða á Stöð 2 eftir áramót.

**2** THE ESCAPE ARTIST
29. DESEMBER KL. 21.50







# SENDUR Í HÆTTUFÖR

Spennan magnast í verðlaunaþáttaröðinni Homeland sem sýnd er á Stöð 2 á sunnudagskvöldum. Það eru aðeins þrír þættir eftir af þriðju þáttaröð en þegar hefur verið tilkynnt að ný þáttaröð sé væntanleg á næsta ári.
Aðalsöguhetjan í fyrstu tveimur þáttaröðunum, Nicholas Brody, hefur verið lítið áberandi framan af þessari þáttaröð en nú verður breyting þar á og hann verður í lykilhlutverki í síðustu þremur þáttunum.
Saul Berenson, yfirmaður CIA, er að undirbúa stærstu aðgerð sem bandaríska leyniþjónustan hefur lagt í og Brody er aðalmaðurinn í því verkefni. Í lok síðasta þáttar hélt hann af stað til Íran ásamt bandarískum sérsveitarmönnum. Þar þarf hann að leggja líf sitt að veði í von um að komast að æðstu ráðamönnum í Íran.

**2** HOMELAND
SUNNUDAGA KL. 21.40



# DRAMA FYRIR JÓLIN

Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2, Grey's Anatomy, er í fríi fyrstu vikuna í desember en snýr síðan aftur með tveimur dramatískum þáttum fyrir jól.
April er að fara að gifta sig og mikil spenna er í loftinu hjá læknunum. Meredith og Cristina eru ósáttar og Derek fær símtal sem gæti breytt lífi hans.

**2** GREY'S ANATOMY
MIÐVIKUDAGA KL. 21.00

# FRUMKVÖÐLAR Í GÓÐUM MÁLUM



**Lóa Pind Aldísardóttir fer með nýjan þátt í loftið laugardaginn 9. desember sem nefnist Eitthvað annað. Þar er rætt við íslenska frumkvöðla sem hafa stigið út fyrir rammann.**

„Nafnið á þættinum sæki ég í umræðu sem var hér fyrir fáeinum árum og fjallaði um stóriðju eða eitthvað annað, eins og þá var gjarnan nefnt. Í venjulegum fréttum fær maður ekki langan tíma fyrir hverja frétt en nú gefst mér tækifæri til að fara nánar í málið. Þúsundir manna eru að vinna við þetta „eitthvað annað“. Ég legg áherslu á frumkvöðla og skoða hvað hefur mótað þá,“ útskýrir Lóa.

„Það eru ekki allir sem þora að stíga út fyrir þægindaramma launþegans til að framkvæma hugmyndir sínar. Þetta fólk er að gera margt nýtt og óþekkt, til dæmis í rafmagnsfræði, fiskiðju, sjávarútvegi, vínframleiðslu, útflutningi á kennsluefni, svo eitthvað sé nefnt. Meðal annars er hópur kominn á veg með rússibana í Kömbunum. Það hefur komið mér á óvart hversu margt er í gangi og að það er góður stuðningur í boði fyrir þetta fólk,“ segir hún enn fremur.

## Kókakóla í sósunni

Það hefur verið nóg að gera hjá Lóu sem segist vera mikið jólabarn. „Skreytingarnar hafa minnkað hjá mér með árunum en ég er íhaldssöm á hefðir og siði í kringum jól. Ég er alltaf með sama jólamatinn. Það væri ekkert aðfangadagskvöld ef ekki væri hamborgarhryggur, eldaður eftir uppskrift sem birtist í Þjóðviljanum árið 1978. Það var Skúli Hansen matreiðslumaður sem gaf þessa uppskrift og ég hef alltaf notað hana. Skúli gaf uppskrift að bestu sósu sem ég hef smakkað en í henni er Kók,“ segir Lóa og gefur hér uppskriftina. „Þegar lyktin af sósunni ilmar um húsið, þá eru jólin komin.“

### SYKURHJÚPAÐUR HAMBORGARHRYGGUR MEÐ RAUÐVÍNSSÓSU

1½ kg hamborgarhryggur, soðinn í potti í eina klst. Látið vatnið fljóta vel yfir hrygginn. Sjóðið einnig með saxaðan lauk, gulrætur og 8 korn af heilum pipar.

### SYKURHJÚPURINN Á HRYGGINN

200 g tómatsósa
75 g súrt sinnep
1 dós sýrður rjómi
2 dl rauðvín
1dl Coca-Cola.
Allt hrært vel saman.
Brúnið 150 g af sykri í smjöri á pönnu. Þegar sykurinn freyðir er rauðvínsblandan sett út í.
Hryggurinn settur í ofnskúffu og penslaður að ofan með sykurblöndunni, 2–3 sinnum. Hafið eingöngu yfirhita á ofninum. Þannig brúnast sykurinn fallega.

### RAUÐVÍNSSÓSAN

Soðið af hryggnum sett í pott. Bragðbætt með kjötkrafti, þriðja kryddinu og pipar. Sósan bökuð upp með smjörbollu:
100 g mjúkt smjör og 100 g hveiti hrært saman. Sett smám saman út í soðið. Bætið við hindberjasultu, rauðvíni, rjóma og afganginum af sykurhjúpnum.

2 EITTHVAÐ ANNAÐ
LAUGARDAG KL. 19.25

# BESTU ÍSLENSKU ÞÆTTIRNIR Á GULLINU






**Gullstöðin verður í sannkölluðum hátíðarbúningi allan desembermánuð, en dagskráin samanstendur af íslenskum þáttum af dagskrá Stöðvar 2 frá því fyrr á þessu ári og besta innlenda sjónvarpsefninu úr sögu Stöðvar 2.**

Framleiðsla á innlendu sjónvarpsefni var aukin til muna nú á haustdögum og fá nýir áskrifendur tækifæri til að sjá þá þætti sem einkenndu sjónvarpsdagskrána undanfarna mánuði. Þá gefst tryggum áskrifendum tækifæri til að rifja upp alla bestu íslensku þættina úr sögu Stöðvar 2.
Það er sannarlega af mörgu af taka og nægir að nefna nokkra þætti sem vakið hafa athygli á Stöð 2 undanfarin ár; Neyðarlínuna með Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur, Sælkeraferð Völu Matt, Mannshvörf með Helgu Arnardóttur, Tossana með Lóu Pind Aldísardóttur, Veistu hver ég var? með Sigga Hlö, Bubba Morthens og Beint frá býli, Örlagadaginn með Sirrý auk þátta á borð við Spurningabombuna, Loga í beinni, Það var lagið, Viltu vinna milljón?, Kollu, Pönk í Reykjavík, Um land allt, Heimsókn, Týndu kynslóðina og Stóru þjóðina, svo fátt eitt sé nefnt.



## LJÚFFENGAR KRÆSINGAR

Í desembermánuði hugum við alla jafna meira að mat en hina mánuði ársins. Það er því við hæfi að Gullstöðin sýnir matreiðsluþætti alla daga vikunnar, þá bestu úr safni Stöðvar 2. Og af nógu er að taka; fyrsta þáttaröðin af Hinu blómlega búi verður rifjuð upp auk þess sem sjónvarpskokkarnir góðkunnu Jói Fel og Rikka sýna áhorfendum réttu handtökin í eldhúsinu. Þá er ótalinn fyrsta íslenska Masterchef-þáttaröðin, þar sem áhugakokkar hvaðanæva af landinu reyndu með sér í skemmtilegri keppni.



## JÓLATÓNLIST

Jólagestir Björgvins verða á dagskrá á jóladag og upptaka frá árlegum jólatónleikum Frostrósa verður sýnd á Gullstöðinni annan dag jóla.

## GRÍN OG ALVARA

Leikið efni verður einnig í stóru hlutverki í jólamánuðinum og verður þar fremst í flokki nýjasta þáttaröðin af Ástríði, sem sýnd var á Stöð 2 á haustmánuðum á við góðar undirtektir. Þá verða margir af bestu sjónvarpsþáttunum úr sögu Stöðvar 2 rifjaðir upp, þeirra á meðal lögfræðidramað Réttur og spennuþáttaröðin Pressa.
Grín og gaman er líka nauðsynlegt í aðdraganda jóla og ætti enginn að verða svikinn af því að rifja upp þætti á borð við Steindann okkar, Svínasúpuna, Fóstbræður, Mið-Ísland, Spaugstofuna og Bara grín.



# RÓMANTÍSKAR STUNDIR
## Á BÍÓSTÖÐINNI Í DESEMBER

Rómantíkin svífur yfir vötnum á Bíóstöðinni yfir hátíðirnar. Áhorfendur geta átt notalegar stundir yfir nokkrum rómantískustu myndum síðari ára. Meðal þeirra rómantísku mynda sem eru á dagskrá í desember eru The Notebook, Notting Hill, Dear John, 27 Dresses, Love Happens, The Holiday, Bridges of Madison County, One Fine Day, Rumor Has It, The Vow, The Lucky One, Two Weeks Notice, The Story of Us, The Object of My Affection og You‘ve Got Mail.



## DROTTNING RÓMANTÍSKU MYNDANNA



Leikkonan Rachel McAdams sló eftirminnilega í gegn í myndinni The Notebook árið 2004 en myndin er almennt talin ein rómantískasta mynd síðari ára. Í dag er McAdams óumdeild drottning rómantísku myndanna. Hún lék á móti Eric Bana í myndinni The Time Traveler‘s Wife árið 2009 og í fyrra fóru vasaklútarnir aftur á loft þegar hún lék í myndinni The Vow á móti Channing Tatum. Þess á milli lék hún m.a. í rómantísku gamanmyndinni Wedding Crashers, jólamyndinni The Family Stone, ævintýramyndunum um Sherlock Holmes og mynd Woody Allen, To Rome With Love.

Fyrir skömmu kom síðan rómantíska myndin About Time í kvikmyndahús en hún er úr smiðju þeirra sömu og gerðu myndirnar Love Actually, Notting Hill og Four Weddings and a Funeral.

### Býr í Kanada

Rachel Anne McAdams er kanadísk og þrátt fyrir að hafa slegið í gegn í Hollywood hefur hún engan áhuga á að búa meðal stjarnanna í Los Angeles. Hún býr í Toronto og deilir íbúð með yngri bróður sínum. „Það er liðin tíð að flestar myndir séu teknar upp í Hollywood þannig að það þjónar engum tilgangi að búa þar,“ segir Rachel sem stundar kundalini jóga og hefur gaman af garðyrkju og matreiðslu. Hún hefur sagt frá því að ef hún væri ekki leikkona þá myndi hún opna veitingastað.

### Heima um jólin

Rachel er mikið jólabarn og segir að jólahaldið sé alltaf svipað. „Ég er alltaf í faðmi fjölskyldunnar um jólin og það er mikið lagt upp úr jólamatnum,“ segir leikkonan. „Við skiptumst á að sjá um matinn og leggja á borð en mér finnst skemmtilegast að sjá um að brúna kartöflurnar.“

Hún segir að systkinin haldi fast í gamlar venjur á jólunum. „Við hengjum alltaf upp jólasokkana okkar og fáum eitthvert góðgæti frá jólasveininum. Mamma sagði okkur að það væri kominn tími til að hætta þessu þar sem við systkinin værum komin yfir þrítugt en við þvertökum fyrir það. Þetta er það skemmtilegasta við jólin.“

## ÞRJÁR GÓÐAR MEÐ RACHEL McADAMS









# DAGSKRÁIN 22.–28. DESEMBER

## SUNNUDAGUR 22. DESEMBER

**Homeland (12:12)**
**Stöð 2 kl. 21.40**



Það er komið að æsispennandi lokaþætti í þriðju þáttaröð og það má búast við mikilli dramatík.

**Okkar menn í Havana**
**Stöð 2 kl. 19.10**
Skemmtileg heimildarmynd þar sem fylgst er með Sigurði Guðmundssyni og Memfismafíunni vinna að gerð plötunnar Okkar menn í Havana.

**Hið blómlega bú (4:6)**
**Stöð 2 kl. 19.50**
Árni reytir endurnar og býr til anda-confit. Mjólkurkýrin Mjallhvít er sett í jólabaðið og þegar heim í eldhúsið er komið útbýr Árni jólaísinn.

**Óupplýst lögreglumál (5:6)**
**Stöð 2 kl. 20.25**



Helga Arnardóttir fjallar um þrjá stóra bruna í Vestmannaeyjum sem enn eru óupplýstir en grunur leikur á íkveikju í öllum málunum.

**Love Happens**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.10**
Rómantísk mynd með Aaron Eckhart og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.

**Ævintýri Samma**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um skjaldbökuna Samma sem lendir í ótrúlegum ævintýrum.

**HM í handbolta kvenna**
**Stöð 2 Sport kl. 16.05**
Bein útsending frá úrslitaleiknum á HM í handbolta kvenna í Serbíu.

**Beint frá messa**
**Gullstöðin kl. 20.50**
Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn halda tónleika í messa skipa.



## ÞORLÁKSMESSA 23. DESEMBER

**Arsenal – Chelsea**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 19.50**



Bein útsending frá toppleiknum í ensku úrvalsdeildinni þar sem nágrannaliðin Arsenal og Chelsea eigast við.

**National Lampoon's Christmas Vacation**
**Stöð 2 kl. 20.55**
Alvörujólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðurinn Clark Griswold en það eina sem hann dýrkar meira en ferðalög með fjölskyldunni er að halda jólin hátíðleg í faðmi hennar.

**Jólalög Loga**
**Stöð 2 kl. 22.30**
Skemmtileg og þægileg jólatónlist sem flutt hefur verið í jólaþáttum Loga Bergmanns á undanförnum árum.

**The Mindy Project (15:24)**
**Stöð 3 kl. 20.05**
Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.

**The Notebook**
**Bíóstöðin kl. 14.10 og 19.55**



Eldheit og sígild ástarsaga um forboðið ástarævintýri milli tveggja ungmenna sem fella hugi saman gegn vilja foreldra sinna. Aðalhlutverkin leika Rachel McAdams og Ryan Gosling.

**There's Something About Mary**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45**
Ærslafull gamanmynd með Cameron Diaz, Ben Stiller og Matt Dillon. Ted Stroehmann á erfitt með að gleyma hinni þokkafullu Mary og ræður einkaspæjara til þess að hafa uppi á stúlkunni.



## AÐFANGADAGUR 24. DESEMBER

**Artúr bjargar jólunum**
**Stöð 2 kl. 08.45**



Einstaklega skemmtileg jólamynd með íslensku tali. Jólin eru komin en vegna mistaka fær eitt barnið ekki jólagjöfina sína. Artúr er yngsti sonur jólasveinsins og hann er staðráðinn í að bjarga málunum með öllum tiltækum ráðum.

**Aftansöngur í Grafarvogskirkju**
**Stöð 2 kl. 18.00**
Bein útsending frá aftansöng í Grafarvogskirkju.

**Jólatónleikar með KK og Ellen**
**Stöð 2 kl. 19.05**



Upptaka frá einstökum jólatónleikum sem systkinin KK og Ellen héldu í Eldborg í fyrra. Góðir gestir koma fram á tónleikunum og má þar nefna Mugison, Magnús Eiríksson, Elínu Ey og Pikknikk.

**A Christmas Carol**
**Stöð 2 kl. 20.35**
Hugljúf kvikmynd byggð á klassískri sögu eftir Charles Dickens. Jólin eru á næsta leiti en nískupúkinn Ebenezer Scrooge lætur sér fátt um finnast.

**The Holiday**
**Bíóstöðin kl. 13.30 og 19.45**



Rómantísk og jólaleg gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.

**The Bridges of Madison County**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.25**
Rómantísk mynd um ástarsamband ljósmyndara og giftrar sveitakonu. Clint Eastwood og Meryl Streep í aðalhlutverkum.

**Ísöld: Heimsálfuhopp**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Frábær teiknimynd um þá Manna, Dýra og Lúlla sem verða strandaglópar á borgarísjaka sem ber þá langt frá heimkynnum sínum.



## Argo
### Stöð 2 annan í jólum kl. 21.30

**Frábær mynd sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrr á þessu ári sem besta myndin auk þess sem hún hlaut verðlaun fyrir handrit og klippingu. Alls var myndin tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna. Myndin gerist árið 1980 þegar bylting var gerð í Íran og starfsmenn bandaríska sendiráðsins voru teknir í gíslingu. Lítill hópur náði að læðast út og leita skjóls í kanadíska sendiherrabústaðnum og bandarísk yfirvöld þurftu að beita frumlegum aðferðum til að frelsa hópinn. Leikstjóri myndarinnar er Ben Affleck sem einnig leikur aðalhlutverkið.**

## JÓLADAGUR 25. DESEMBER

**Life Of Pi**
**Stöð 2 kl. 20.25**



Einstök mynd frá leikstjóranum Ang Lee um ungan mann sem kemst lífs af eftir að skipið sem hann er á sekkur. Hann myndar óvænt samband við tígrisdýr sem einnig lifir slysið af. Þetta er ein allra besta mynd síðari ára.

**Fuglaborgin**
**Stöð 2 kl. 09.00**
Stórskemmtileg teiknimynd með íslensku tali. Ungur fálki sem hefur alist upp í einangruðu umhverfi fær nóg af einsemdinni og ferðast til fuglaborgarinnar Zambezíu. En þegar mikil ógn steðjar að borginni skilst honum að eina leiðin sem vert er að lifa lífinu eftir er í samfélagi við aðra fugla.

**Algjör Sveppi og töfraskápurinn**
**Stöð 2 kl. 18.55**
Stórskemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna um félagana Sveppa, Villa og Góa sem lenda í sínu stærsta ævintýri til þessa.

**Take Me Home Tonight**
**Stöð 3 kl. 23.05**
Skemmtileg gamanmynd um dúxinn í framhaldsskóla sem fær eitt brjálað tækifæri til viðbótar nokkrum árum eftir útskrift til að heilla vinsælustu stúlkuna í skólanum. Með aðalhlutverk fara Topher Grace og Anna Faris.

**One Fine Day**
**Bíóstöðin kl. 13.10 og 20.10**



Rómantísk gamanmynd með Michelle Pfeiffer og George Clooney í aðalhlutverkum. Hún fjallar um einstæða móður og fráskilinn blaðamann sem eiga síst von á því að verða ástfangin en ástin fer sínar eigin leiðir.



# ANNAR Í JÓLUM
## 26. DESEMBER

**Ævintýri Tinna**
**Stöð 2 kl. 19.40**



Spennandi ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna. Myndin fjallar um hinn unga og ákafa blaðamann Tinna, hundinn hans Tobba og hinn skrautlega og skapstóra Kolbein kaptein. Þetta er sannarlega ein flottasta mynd sem gerð hefur verið. Leikstjóri er Steven Spielberg.

**Strumparnir**
**Stöð 2 kl. 12.00**
Stórskemmtileg teiknimynd með íslensku tali um hina smávöxnu Strumpa sem álpast inn í okkar heim á flótta undan galdrakarlinum Kjartani.



**Hátíðarstund með Rikku (4:4)**
**Stöð 2 kl. 19.10**
Áramótin eru rétt handan við hornið og hinn ástsæli matarbloggari og læknir Ragnar Freyr kemur í heimsókn til Rikku og reiðir fram safaríkan kalkún og meðlæti.

**Svartur á leik**
**Stöð 2 kl. 23.30**
Íslensk spennumynd sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Stefán Mána. Aðalhlutverkin leika Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Damon Younger og María Birta Bjarnadóttir.

**Rumor Has It...**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.05**



Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum.

**Bangsímon**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um hinn krúttlega Bangsímon og vini hans sem eru alltaf að lenda í skemmtilegum ævintýrum.



**Man. City – Liverpool**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 17.20**
Heil umferð fer fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og rúsínan í pylsuendanum er bein útsending frá stórleik Manchester City og Liverpool.

**Happy Tears**
**Stöð 3 kl. 22.40**
Kvikmynd frá 2009 með Parker Posey og Demi Moore í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um tvær systur sem snúa aftur heim til að sjá um veikan föður sinn en lenda í óvæntum aðstæðum.

**The Vow**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30**



Rachel McAdams og Channing Tatum í rómantískri mynd um eiginmann sem reynir að vinna aftur ástir eiginkonunnar eftir að hún vaknar úr dái eftir bílslys.

## Lincoln
**Stöð 2 jóladag kl. 22.35**

Stórbrotin mynd sem Steven Spielberg leikstýrir. Myndin gerist í forsetatíð Abrahams Lincoln og segir frá baráttu hans og manna hans við að festa þrettánda ákvæðið um afnám þrælahalds í bandarísku stjórnarskrána. Daniel Day-Lewis hlaut Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið.



# FÖSTUDAGUR
## 27. DESEMBER

**The Simpsons (1:22)**
**Stöð 2 kl. 19.20**



Glæný þáttaröð um Simpson-fjölskylduna. Þetta er 25. þáttaröðin um þessa frábæru fjölskyldu sem lendir ávallt í ótrúlegum aðstæðum.

**Parental Guidance**
**Stöð 2 kl. 19.45**
Gamanmynd með Billy Crystal, Bette Midler, Marisa Tomei og Tom Everett Scott í aðalhlutverkum. Hjón á besta aldri samþykkja að passa barnabörnin sín í nokkra daga en það fer öðruvísi en ætlað var.

**The Man With the Iron Fists**
**Stöð 2 kl. 21.35**



Hörkumynd með Russell Crowe, RZA, Cung Le, Lucy Liu, Byron Mann, Rick Yune, David Bautista og Jamie Chung í aðalhlutverkum.

**Project X**
**Stöð 2 kl. 23.10**
Gamansöm mynd um þrjá vini sem ákveða að halda villt partí til að auka vinsældir sínar en allt fer úr böndunum.

**Djókaín – Hugleikur Dagsson**
**Stöð 3 kl. 21.25**
Upptaka frá bráðfyndnu uppistandi Hugleiks Dagssonar þar sem hann lætur allt flakka.

**Frostrósir 2010**
**Gullstöðin kl. 19.00**
Upptaka frá glæsilegum tónleikum Frostrósa frá 2010.

**Margin Call**
**Bíóstöðin kl. 12.30 og 18.10**



Mögnuð mynd sem gerist á einum sólarhring þegar bankahrunið er að verða að veruleika. Með aðalhlutverk fara Kevin Spacey, Jeremy Irons, Stanley Tucci og Demi Moore.

**The Lucky One**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 02.45**
Áhrifamikil mynd um ungan hermann sem snýr aftur heim úr stríði og leitar að stóru ástinni. Með aðalhlutverk fara Zac Efron og Taylor Schilling.

# LAUGARDAGUR
## 28. DESEMBER

**Django Unchained**
**Stöð 2 kl. 22.05**



Stórbrotin kvikmynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.

**Pitch Perfect**
**Stöð 2 kl. 20.15**



Skemmtileg mynd þar sem tónlistin er í aðalhlutverki. Myndin fjallar um háskólastelpur sem taka þátt í söngkeppni þar sem ekkert er gefið eftir.

**Raising Hope (16:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Gamanþáttaröð um ungan, rótlausan mann sem stendur skyndilega uppi með ungbarn og ætlar að verða besti pabbi í heimi.

**Cars 2**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Ævintýralega skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Leiftur McQueen er mættur aftur og nú er komið að kappakstri aldarinnar sem fer fram í Japan, á Ítalíu og á Englandi.

**Það var lagið**
**Gullstöðin kl. 21.15**
Vinsæll skemmtiþáttur frá árinu 2005 þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.

**Two Weeks Notice**
**Bíóstöðin kl. 13.25 og 20.15**



Rómantísk gamanmynd með Hugh Grant og Söndru Bullock í aðalhlutverkum.



# ENGLAKROPPAR Á EINSTAKRI SÝNINGU

Undirfatasýning Victoria's Secret vekur ávallt mikla athygli. Stöð 3 sýnir upptöku frá sýningunni miðvikudaginn 18. desember.
Margar af flottustu fyrirsætum heims taka þátt í þessari einstöku sýningu og á hverju ári fær ein þeirra þann heiður að klæðast brjóstahaldara sem skreyttur er rándýrum eðalsteinum. Sú heppna að þessu sinni var Candice Swanepoel í brjóstahaldara sem metinn er á 10 milljónir dollara.
Á meðan stúlkurnar spranga um sviðið í kynþokkafullum undirfötum skemmtir söngkonan Taylor Swift áhorfendum með nokkrum af sínum þekktustu lögum.

3 VICTORIA'S SECRET FASHION SHOW
MIÐVIKUDAGINN 18. DESEMBER KL. 19.45



## THE X FACTOR
# ÚRSLITASTUNDIN Í BEINNI Á STÖÐ 3

Stóra stundin nálgast fyrir aðdáendur The X Factor því úrslitakvöldið verður í beinni útsendingu á Stöð 3 fimmtudaginn 19. desember.
Þriðja þáttaröðin af The X Factor hefur verið sýnd á Stöð 3 í vetur, innan við sólarhring eftir frumsýningu þáttanna í bandarísku sjónvarpi. Í hverri viku eru tveir þættir og er sá fyrri sýndur á fimmtudagskvöldum þar sem keppendur sýna hvað í þeim býr en sá síðari á föstudagskvöldum en þar kemur ávallt í ljós hverjir hafa náð að heilla áhorfendur og komast áfram í keppninni.
Líkt og undanfarin ár verður úrslitastundin í beinni útsendingu og hefst hún klukkan eitt eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins 20. desember. Þeir sem ekki eru tilbúnir að vaka fram eftir nóttu til að fylgjast með úrslitastundinni geta horft á útsendinguna á hefðbundnum tíma á föstudagskvöldinu.
Í síðustu viku voru tveir söngvarar sendir heim og núna eru bara sex söngvarar eða söngsveitir eftir. Næsta verkefni þeirra er að syngja tvö ólík lög. Annað verður að vera lag sem uppáhalds „dívan" þeirra hefur sungið og hitt er órafmögnuð útgáfa af lagi að eigin vali. Á föstudagskvöld kemur síðan í ljós hverjir komast áfram og eiga enn möguleika á að sigra í keppninni.

3 THE X FACTOR
FIMMTUDAGA OG FÖSTUDAGA



# FYRS

**Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtiþætti á Stöð 3 á þriðjudagskvöldum fram að jólum. Hann ætlar að dvelja í Bandaríkjunum yfir hátíðirnar en snýr svo aftur á Stöð 3 í janúar.**

„Ég fer með fjölskyldu kærustunnar til Flórída yfir jólin og þaðan förum við til New York þar sem við eyðum áramótunum með fjölskyldunni minni. Þetta verður gríðarlega spennandi," segir Friðrik Dór tónlistarmaður þegar hann er spurður út í jólahaldið í ár og er afar sáttur við að verja jólunum á sundlaugarbakka með sólarvörn.
„Það verður fínt að hafa það heitt og gott yfir jólin. Sennilega verður samt kalt í New York, en það er fínt líka," bætir hann við en venjulega hefur hann eytt jólunum í foreldrahúsum.
Þessi jól verða einnig ólík öðrum jólum þar sem þetta verða fyrstu jól Friðriks sem fjölskylduföður en hann eignaðist litla stúlku í haust.
„Það er spennandi að vera fyrstu jólin með stelpuna okkar þarna úti. Hún verður bara þriggja og hálfs mánaðar um jólin og mun ekki vita neitt af sér, á Flórída á fyrstu jólum. En það verður gaman að klæða hana upp í jóladressið. Ég vona bara að hún verði í góðu stuði og fái hvorki í magann né í eyrun," segir hann hlæjandi.
Hann segist lítið stressaður fyrir jólahefðunum aðalatriðið sé að slappa af með fjölskyldunni.
„Það er alltaf gaman á jólunum, bara að vera með fólkinu sínu og borða mikinn mat. Ég er ekki fastur í miklum jólahefðum, keyri kannski út pakkana á aðfangadag og yfirleitt hlustum við á Rás 2 yfir matnum. Svo borða ég bara mikið, ætli það sé ekki aðalhefðin hjá mér," segir Friðrik hlæjandi. „Venjulega er hamborgarhryggur í jólamatinn, en kannski verður hefðin brotin í ár og við höfum kalkún á borðum, fyrst við verðum stödd í Bandaríkjunum á jólunum."

# TU JÓLIN Á FLÓRÍDA




# HUGLEIKUR LÆTUR ALLT FLAKKA




**Grínistinn og skopteiknarinn Hugleikur Dagsson hefur ferðast víða með uppistandið Djókaín og fengið frábærar viðtökur. Á milli jóla og nýárs sýnir Stöð 3 upptöku frá frábæru uppistandi Hugleiks í Háskólabíói á dögunum.**

„Þetta er efni sem ég hef samið síðustu þrjú ár eða svo. Í ár hef ég ferðast um landið með það, í þeim tilgangi að fullkomna flutninginn,“ segir Hugleikur. „Viðfangsefni mín eru af öllum toga. Ég velti vöngum yfir klámvæðingu, barneignum, Star Wars, Svíþjóð, Gillzenegger, þjóðmenningu, slangri og Brúðubílnum. Það er rétt að taka fram að sýningin er ekki fyrir lítil börn. Ég er hugsanlega dónalegasti grínisti landsins. Svo er mér allavega tjáð. Persónulega veit ég ekki alveg hvað dónaskapur er. Mér finnst ég bara vera einlægur,“ segir Hugleikur.




# SLEEPY HOLLOW SLÆR Í GEGN

**Sú þáttaröð sem hefur komið mest á óvart í bandarísku sjónvarpi í haust er Sleepy Hollow sem hefur náð feiknalegum vinsældum á stuttum tíma. Þættirnir hófu göngu sína á Stöð 3 í nóvember.**

Þættirnir eru byggðir á sígildri smásögu frá 1820 en núna er aðalsöguhetjan Ichabod Crane kominn til nútímans og berst við hauslausan riddara, nornir og önnur skrímsli. Enginn bjóst við að þættirnir yrðu eins vinsælir og raun ber vitni en þökk sé góðum húmor og vandaðri handritsgerð hafa þeir slegið í gegn. Meira að segja framleiðandi þáttanna er steinhissa. „Satt best að segja er ég alveg gáttaður á þessu en að sama skapi himinlifandi,“ segir Alex Kurtzman, aðalframleiðandi Sleepy Hollow.




# JÓLAMATUR EVU LAUFEYJAR

**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir mun elda jólamatinn með áhorfendum Stöðvar 3 skref fyrir skref. Jólaþátturinn verður á dagskrá 16. desember.**

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir ætti að vera áhorfendum Stöðvar 3 að góðu kunn en þátturinn hennar, Í eldhúsinu hennar Evu, hefur verið á dagskrá þar í vetur. Hún eldar ósvikinn heimilismat og lætur elskulegt viðmót hennar engan ósnortinn. Síðustu tveir þættirnir, sem verða á dagskrá 9. og 16. desember, verða helgaðir jólunum.

„Í fyrri þættinum geri ég jóla-pavlovu en í þeim síðari verða ofnbakaðar kalkúnabringur með sætkartöflumús, rósakáli og Waldorfsalati.“

Þáttaröðin er frumraun Evu Laufeyjar í sjónvarpi. Hún segir ferlið við gerð þeirra hafa verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt. Samhliða þeirri vinnu hefur hún svo unnið að lokafrágangi fyrstu matreiðslubókar sinnar, Matargleði Evu, sem kom út fyrir skemmstu. „Þar eru áherslurnar svipaðar og í þættinum. Ég aðhyllist ekki ákveðið mataræði en bókin hefur að geyma uppskriftir að góðum og gildum heimilismat sem hægt er að elda allan ársins hring.“

Eva deilir hér uppskriftinni að kalkúnabringunum og meðlætinu.



## Ofnbakaðar kalkúnabringur

Uppskriftir miðast við fjóra

1 kg kalkúnabringa
smjör
kalkúnakrydd
salt og pipar
3 dl vatn
1 kjúklingateningur

### Aðferð:

Hitið smjör á pönnu, kryddið bringuna með kalkúnakryddi, salti og pipar. Brúnið bringuna á öllum hliðum á pönnunni í örfáar mínútur. Setjið bringuna í eldfast mót. Sjóðið vatn og leysið kjúklingatening upp í vatninu, hellið vökvanum í eldfasta mótið. Gott er að setja smá smjörklípu ofan á bringuna áður en hún fer inn í ofn. Bringan er sett inn í ofn við 90°C í 1,5 klst. Gott er að stinga kjötmæli í bringuna eftir 1,5 klst. Mælirinn ætti að sýna 73–74°C. Þá er bringan tilbúin, ef ekki þá þarf hún að vera svolítið lengur í ofninum. Bringan þarf að hvíla þegar hún er komin út úr ofninum í 15–20 mínútur.

## Sveppasósa

250 g blandaðir sveppir
smjör
½ l rjómi
2 dl vatn + soð
1 tsk. góð berjasulta
salt og pipar

### Aðferð:

Skerið sveppina smátt. Steikið sveppina upp úr smjöri í potti og kryddið til með salti og pipar. Bætið síðan rjómanum saman við og leyfið sósunni að malla við vægan hita í nokkrar mínútur. Bætið út í vatni og soðinu sem kom frá kalkúnabringunni, hellið vökvanum sem er í eldfasta mótinu og bætið út í sósuna. Setjið smávegis af sultu saman við. Leyfið sósunni að malla svolítið lengur, smakkið auðvitað til og kryddið að vild.

## Sætkartöflumús með piparosti

5–600 g sætar kartöflur
1–2 msk. smjör
90 g rifinn piparostur
salt og pipar

### Aðferð:

Sætar kartöflur eru skrældar og skornar í svipað stóra bita. Þær eru svo settar í pott og vatn rétt látið fljóta yfir. Suðan látin koma upp og soðið í 25–30 mínútur eða þar til að kartöflurnar eru orðnar mjúkar. Vatninu er síðan hellt af. Kartöflurnar stappaðar fínt með smjöri og bragðbættar með piparosti, salti og pipar.

## Rósakál steikt á pönnu með beikoni og rjóma

500 g ferskt rósakál
100 g beikon
1½ dl rjómi
salt og pipar

### Aðferð:

Rósakálið er skolað, hreinsað og skorið í tvennt. Sjóðið rósakálið í léttsöltu vatni í 2–3 mínútur. Vatninu er síðan hellt af. Setjið smjörklípu á pönnu, skerið beikonið í litla bita og steikið á pönnunni. Bætið rósakálinu saman við beikonið og steikið í 5 mínútur við vægan hita. Rjómanum er síðan bætt út á pönnuna og kryddað til með salti og pipar. Leyfið rósakálinu og beikoninu að malla í rjómanum við vægan hita í nokkrar mínútur.

## Waldorfsalat

2 græn epli
1½ sellerí
25 græn vínber
1 dós sýrður rjómi
2–3 msk. þeyttur rjómi
2 dl valhnetur, þurrristaðar á pönnu
1 tsk. agavesíróp
smá súkkulaði til þess að strá yfir

### Aðferð:

Kjarnhreinsið eplin, flysjið og skerið í litla bita. Skerið sellerí í litla bita. Skerið vínber í tvennt. Grófhakkið hneturnar og þurrristið á pönnu. Pískið saman sýrðan rjóma og rjóma. Blandið síðan öllu saman í skál og sáldrið smá súkkulaði yfir í lokin. Geymið í kæli þar til salatið er borið fram.

# FJÖRUG JÓL Á KRAKKASTÖÐINNI



## TALSETTAR TEIKNIMYNDIR ALLA DAGA

Krakkastöðin er stútfull af skemmtilegu barnaefni með íslensku tali. Dóra, Diego, Svampur Sveinsson, Mörgæsirnar frá Madagaskar og íbúar Latabæjar eru orðnir fastagestir á mörgum heimilum ásamt fleiri skemmtilegum persónum. Klukkan 19.00 á hverju kvöldi er síðan komið að kvikmyndasýningu fyrir krakkana. Þá eru sýndar talsettar teiknimyndir við allra hæfi. Meðal þeirra sem skjóta upp kollinum eru félagarnir Manni, Dýri og Lúlli í Ísaldarmyndunum, Lína Langsokkur, Öskubuska, ofurhetjan Þór, Rauðhetta og Bangsímon. Alvin og íkornarnir mæta til leiks, flottu fuglarnir í Ríó og auðvitað Leiftur McQueen og Krókur í Cars 2. Krakkastöðin fylgir með áskrift að bæði Stöð 2 og Stöð 3.



# DAGSKRÁIN 29. DES.–4. JAN.

## SUNNUDAGUR 29. DESEMBER

**The Escape Artist (1:2)**
**Stöð 2 kl. 21.50**



Fyrri hluti breskrar framhaldsmyndar með David Tennant í aðalhlutverki. Lögfræðingur reitir hættulegan skjólstæðing sinn til reiði og stofnar þar með lífi sinna nánustu í hættu.

**Hellisbúinn**
**Stöð 2 kl. 19.10**



Upptaka frá bráðfyndnum einleik þar sem Jóhannes Haukur fer á kostum. Hellisbúinn kitlar hláturtaugarnar og smýgur inn í hjartað.

**Óupplýst lögreglumál (6:6)**
**Stöð 2 kl. 20.35**
Helga Arnardóttir fjallar um morð sem var framið um jólin 1945. Morðið var mikil ráðgáta sem aldrei tókst að leysa.

**The Tunnel (5:10)**
**Stöð 2 kl. 21.05**
Spennan magnast í þessari frábæru spennuþáttaröð. Morðunum fjölgar og lögreglan hefur nóg á sinni könnu.

**The Amazing Race (5:12)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í æsispennandi kapphlaupi um heiminn.

**The Story Of Us**
**Bíóstöðin kl. 13.45 og 20.25**



Hjartnæm kvikmynd með Bruce Willis og Michelle Pfeiffer um hjón sem hafa verið gift í 15 ár en nú eru komnir alvarlegir brestir í hjónabandið og skilnaður virðist óumflýjanlegur.

**Chelsea - Liverpool**
**Stöð 2 Sport 2 kl. 15.45**
Bein útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## MÁNUDAGUR 30. DESEMBER

**Gnarr**
**Stöð 2 kl. 19.50**



Heimildarmynd um Jón Gnarr, grínistann sem varð borgarstjóri í Reykjavík. Í myndinni er Jóni fylgt eftir í hálft ár, hvert sem hann fer og hvað sem hann gerir. Leikstjóri er Gaukur Úlfarsson.

**Hostages (13:15)**
**Stöð 2 kl. 21.20**
Magnaðir spennuþættir með Toni Collette og Dylan McDermott í aðalhlutverkum. Ellen neitar að taka þátt í morðinu á forsetanum en það gæti reynst afdrifaríkt fyrir fjölskyldu hennar.

**World Without End (8:8)**
**Stöð 2 kl. 23.35**
Lokakaflinn í stórbrotinni þáttaröð sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett.

**The Remains of the Day**
**Bíóstöðin kl. 14.05 og 19.45**
Toppmynd sem tilnefnd var til 8 Óskarsverðlauna. Anthony Hopkins leikur aðalhlutverkið.

**Make Me A Millionaire Inventor (6:8)**
**Stöð 3 kl. 19.00**



Spennandi og skemmtilegir þættir þar sem fólk með góðar uppfinningar fær aðstoð við að koma þeim á markað.

**The Glades (1:13)**
**Stöð 3 kl. 20.30**
Léttir og skemmtilegir en um leið þrælspennandi sakamálaþættir um lögreglumanninn Jim Longworth sem starfar á fenjasvæðunum í Flórída.

**Ríó**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd um sjaldgæja, bláa arnpáfinn Blu sem heldur til Ríó ásamt eiganda sínum og lendir í ótrúlegum ævintýrum.

## GAMLÁRSDAGUR 31. DESEMBER

**Happy Feet Two**
**Stöð 2 kl. 16.00**



Keisaramörgæsin Mumble er komin aftur og nú hefur uppáhalds dansandi mörgæs allra eignast son sem lendir í erfiðleikum með að finna danstaktinn.

**Igor**
**Stöð 2 kl. 10.30**
Skemmtileg teiknimynd með íslensku tali um brjálaða vísindamenn og hjálparhellur þeirra.

**Kryddsíld**
**Stöð 2 kl. 14.00**
Árlegur áramótaþáttur þar sem leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum.

**Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**
**Stöð 2 kl. 21.40**



Spennu- og ævintýramynd eins og þær gerast bestar. Jack Sparrow er mættur á ný og nú í æsispennandi leit að eilífri æsku en fær ærlega samkeppni frá Svartskegg og dóttur hans.

**Lorax**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um appelsínugula veru sem kallast Loraxinn.

**The Change-Up**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.25**



Frábær gamanmynd með Ryan Reynolds og Jason Bateman í aðalhlutverkum. Tveir vinir sem lifa afar ólíku lífi óska sér hvor að fá tækifæri til að lifa lífi hins og öllum að óvörum rætist óskin.



## Harry og Heimir: með öðrum morðum

### Stöð 2 gamlársdag kl. 20.15

Grínistarnir Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara á kostum í sprenghlægilegum ærslaleik sem sýndur verður á Stöð 2 á gamlárskvöld. Einkaspæjararnir Harry Rögnvalds og Heimir Schnitzel flækjast inn í dularfullt hvarf eiginmanns hinnar undurfögru Díönu Klein. Þeir fara alla leið til Transylvaníu og þurfa að takast á við illmennið og söngleikjanördinn Doktor Frank N. Steingrímsson.

## NÝÁRSDAGUR 1. JANÚAR

**ParaNorman**
**Stöð 2 kl. 10.00**




Fjörug teiknimynd með íslensku tali um 11 ára strák sem þarf að berjast við drauga, uppvakninga og fullorðna til að bjarga bænum sínum frá aldagamalli bölvun.

**Me, Myself and Irene**
**Bíóstöðin kl. 11.00 og 18.00**
Bráðfyndin gamanmynd með Jim Carrey og Renee Zellweger í aðalhlutverkum. Charlie er lögreglumaður og traustur fjölskyldufaðir en þegar hann gleymir að taka meðalið sitt þá breytist hann í sjálfselskan rudda sem lætur allt flakka.

**Elly Vilhjálms – minningartónleikar**
**Stöð 2 kl. 18.55**
Upptaka frá glæsilegum minningartónleikum sem voru haldnir til heiðurs Elly Vilhjálms í Laugardalshöllinni. Einstakur ferill Ellyjar var rifjaður upp í máli og myndum, með tónlist og ýmiss konar myndskeiðum, nýjum og gömlum.

**Junior Masterchef (1:22)**
**Stöð 3 kl. 19.00**
Ný þáttaröð um um krakkana sem fá að spreyta sig í þessari heimsfrægu kokkakeppni.

**You've Got Mail**
**Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35**



Rómantísk gamanmynd með Tom Hanks og Meg Ryan í aðalhlutverkum. Þau kynnast á netinu en það er margt sem stendur í vegi fyrir að þau geti náð saman.



**Man. United - Tottenham**
**Stöð 2 Stöð 2 Sport kl. 17.20**



Það er heil umferð í ensku úrvalsdeildinni á nýársdag og stórleikur dagsins er viðureign Manchester United og Tottenham á Old Trafford.

**Sleepy Hollow (7:13)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Æsispennandi þættir um Ichabod Crane sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow til að hafa uppi á hinum höfuðlausa hestamanni sem einnig er genginn aftur.

**MasterChef Ísland (5:9)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Frábærir þættir þar sem fjölbreyttar þrautir í matreiðslu er lagðar fyrir keppendur.



## Behind the Candalabra
## Stöð 2 kl. 22.05

Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á ævisögu píanósnillingsins Valentino Liberace og fjallar um 6 ára ástarsamband hans og Scott Thorson sem var miklu yngri en hann. Leikstjóri myndarinnar er Steven Soderbergh.

# FIMMTUDAGUR 2. JANÚAR

**Masterchef USA (1:20)**
**Stöð 2 kl. 20.05**



Ný þáttaröð með kjaftfora kokkinum Gordon Ramsey. Áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

**Person of Interest (20:22)**
**Stöð 2 kl. 20.50**
Önnur þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.

**Shameless (5:12)**
**Stöð 3 kl. 21.15**
Frábær þáttaröð með William H. Macy í aðalhlutverki. Hann leikur drykkfelldan fjölskylduföður sem leyfir börnunum sínum að sjá um sig sjálfur á meðan hann hangir á barnum.

**The Tudors (6:10)**
**Stöð 3 k. 22.00**



Fjórða þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda. Þótt Hinrik sé hvað kunnastur fyrir harðræði þá er hans ekki síður minnst fyrir kvennamálin.

**Apollo 13**
**Bíóstöðin kl. 19.45**



Frábær mynd með Tom Hanks, Kevin Bacon, Bill Paxton og Gary Sinise í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Ron Howard.

**Hunger Games**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Stórbrotin mynd sem byggð er á metsölubókum og fjallar um árlega keppni þar sem ungmenni berjast upp á líf og dauða.

# FÖSTUDAGUR 3. JANÚAR

**Spider-Man**
**Stöð 2 kl. 19.45**



Ævintýraleg hasarspennumynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hljóð og tæknibrellur. Þetta er fyrsta myndin um Kóngulóarmanninn en þær verða allar sýndar á Stöð 2 í janúar.

**Red Dawn**
**Stöð 2 kl. 21.45**



Hörkugóð spennumynd frá 2012 með Chris Hemsworth, Josh Peck og Josh Hutcherson í aðalhlutverkum. Hún fjallar um hóp ungmenna sem berst til síðasta manns til að bjarga bænum sínum frá innrásarher.

**Smash (17:17)**
**Stöð 3 kl. 19.45**
Lokaþátturinn í þessari skemmtilegu þáttaröð frá Steven Spielberg.

**Lukku Láki**
**Krakkastöðin kl. 19.00**



Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði. Hann lendir oft í því að þurfa að hafa uppi á Dalton-bræðrum en það gerir hann með dyggri aðstoð fáksins Léttfeta og oft á tíðum varðhundsins Rattata.

**X-Men**
**Bíóstöðin kl. 22.00**



Fjórða myndin í hinum geysivinsæla kvikmyndabálki og fjallar um tilurð ofurmennahópsins sem sameiginlega gengur undir nafninu X-Men. Aðalhlutverkin leika James McAvoy, Michael Fassbender og Jennifer Lawrence.

# LAUGARDAGUR 4. JANÚAR

**Áramótabomban**
**Stöð 2 kl. 20.00**



Logi Bergmann blæs til sannkallaðrar áramótabombu í bábyrjun janúar þar sem öllu verður tjaldað í sannkallaðri spariútgáfu af þessum vinsæla skemmtiþætti.

**Here Comes the Boom**
**Stöð 2 kl. 21.10**



Frábær grínmynd með Kevin James og Salma Hayek í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um líffræðikennarann Scott Voss sem leggur allt í sölurnar til að bjarga skólanum sínum.

**Cloud Atlas**
**Stöð 2 kl. 22.55**



Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant. Fjallað eru um sex sögur á mismunandi tíma og stað, en tengjast saman á margbrotinn hátt.

**Franklin**
**Krakkastöðin kl. 19.00**
Skemmtileg teiknimynd um ævintýralegu skjaldbökuna Franklin. Þegar amma hans veikist ákveður hann að leggja upp í leiðangur og finna fjársjóðinn við Skjaldbökuvatn því í honum á að vera verndargripur sem gæti hjálpað ömmu hans.

**Raising Hope (16:22)**
**Stöð 3 kl. 19.45**



Gamanþáttaröð um ungan, rótlausan mann sem stendur skyndilega uppi með ungbarn og ætlar að verða besti pabbi í heimi.



# HM Í HANDBOLTA KVENNA Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Stöð 2 Sport sýnir beint frá HM í handbolta kvenna í desember. Íslensku stelpurnar eru ekki með að þessu sinni en fulltrúi okkar á mótinu er Þórir Hergeirsson, þjálfari norska landsliðsins, sem hefur titil að verja.
Mótið fer fram í Serbíu og hefst 6. desember. Sýndir verða valdir leikir í undanriðlum og nær allir leikirnir eftir að komið er í 16 liða úrslit. Sjálfur úrslitaleikurinn fer fram sunnudaginn 22. desember.

Norska liðið hefur verið það sterkasta í heimi um árabil og á Þórir mikinn þátt í þeirri velgengni. Hann var aðstoðarþjálfari liðsins á árunum 2001 til 2009 þegar hann tók við sem aðalþjálfari og stýrði liðinu til sigurs á þremur stórmótum í röð, Evrópumeistaramóti, heimsmeistaramóti og Ólympíuleikunum. Sigurganga liðsins var stöðvuð á Evrópumeistaramótinu á sl. ári þegar Svartfjallaland sigraði Noreg 34-31 í tvíframlengdum úrslitaleik.

## BESTU KYLFINGAR HEIMS



Stöð 2 Sport sýnir beint frá einu flottasta golfmóti ársins, Nedbank Golf Challenge, sem fram fer í Suður-Afríku 5.–8. desember. Sýnt verður í beinni útsendingu alla keppnisdagana og hefst útsending klukkan 8.00 á fimmtudag og föstudag, klukkan 11.00 á laugardag og klukkan 9.00 frá lokahringnum á sunnudag.

## JÓLAVEISLA Í NBA



Á jóladag verða tveir leikir sýndir í beinni útsendingu frá NBA á Stöð 2 Sport. Brooklyn Nets tekur á móti Chicago Bulls og hefst útsending klukkan 17.00. Seinna um kvöldið er síðan komið að stórleik Los Angeles Lakers gegn Miami Heat. Útsending frá leiknum hefst klukkan 22.00.

## BIKARLEIKIR Í BEINNI



Átta liða úrslitin í enska deildarbikarnum fara fram í desember. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham taka á móti West Ham 18. desember og sama dag mætast Stoke og Manchester United. Báðir leikirnir verða sýndir beint á Stöð 2 Sport.

## ÍSLENDINGASLAGUR



Strákarnir okkar standa í ströngu í þýska handboltanum í desember. Stórleikur mánaðarins er viðureign Fuchse Berlin og Kiel sunnudaginn 8. desember.
Framundan eru einnig leikir með Flensburg og Rhein Neckar Löwen fyrir jólafrí.

## TOPPLEIKIR Í MEISTARADEILDINNI



Lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram 10. og 11. desember.
Enn eru nokkur sæti laus í 16 liða úrslitum og það verður ekkert gefið eftir í lokaumferðinni.
Arsenal er enn ekki öruggt áfram og mætir Napoli og það er einnig mikil spenna hjá Kolbeini Sigþórssyni og félögum í Ajax sem heimsækja AC Milan.

**Þriðjudagur 10. desember**
Man. Utd - Shakhtar Donetsk
Bayern München - Man. City
Galatasaray - Juventus

**Miðvikudagur 11. desember**
Marseille - Dortmund
AC Milan - Ajax
Napoli - Arsenal



# HÁTÍ

## SJÖ UMFERÐIR Í

**Desember er stærsti mánuður ársins í enska boltanum. Það eru sjö umferðir og alls 70 leikir á dagskrá næstu fjórar vikurnar og fjölmargir risaleikir þar sem bestu liðin mætast.**

## LEIKIR STÓRLIÐANNA

**ARSENAL**

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Hull (h) | 19.45 |
| 8. des. | Everton (h) | 16.00 |
| 14. des. | Man. City (ú) | 12.45 |
| 23. des. | Chelsea (h) | 20.00 |
| 26. des. | West Ham (ú) | 15.00 |
| 29. des. | Newcastle (ú) | 13.30 |
| 1. jan. | Cardiff (h) | 15.00 |

**CHELSEA**

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Sunderland (ú) | 19.45 |
| 7. des. | Stoke (ú) | 15.00 |
| 14. des. | Crystal Palace (h) | 15.00 |
| 23. des. | Arsenal (ú) | 20.00 |
| 26. des. | Swansea (h) | 15.00 |
| 29. des. | Liverpool (h) | 16.00 |
| 1. jan. | Southampton (ú) | 15.00 |



# ÐIN ER HAFIN

## ENSKU ÚRVALSDEILDINNI Á EINUM MÁNUÐI

Jólahátíðin er ávallt mikil veisla fyrir aðdáendur enska boltans. Annan í jólum er heil umferð og aftur tveimur dögum síðar. Veislan er síðan fullkomnuð með heilli umferð á nýársdag.

Arsenal trónir á toppi deildarinnar en liðið á erfiða leiki framundan, m.a. gegn Everton, Manchester City og Chelsea fyrir jól. Desember gæti einnig reynst prófraun á leikmenn Liverpool þar sem félagið á fyrir höndum útileiki gegn þremur af toppliðunum, Tottenham, Manchester City og Chelsea.

Manchester United á hins vegar fjóra heimaleiki og stærsti leikur liðsins yfir hátíðirnar er viðureign við Tottenham á Old Trafford á nýársdag.

## ÓMISSANDI LEIKIR UM JÓLIN

| | | |
|---|---|---|
| Þorláksmessa | Arsenal – Chelsea | kl. 20.00 |
| Annar í jólum | Man. City – Liverpool | kl. 17.30 |
| 29. desember | Chelsea – Liverpool | kl. 16.00 |
| Nýársdagur | Man. Utd – Tottenham | kl. 17.30 |

### LIVERPOOL

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Norwich (h) | 19.45 |
| 7. des. | West Ham (h) | 15.00 |
| 15. des. | Tottenham (ú) | 16.00 |
| 21. des. | Cardiff (h) | 12.45 |
| 26. des. | Man City (ú) | 17.30 |
| 29. des. | Chelsea (ú) | 16.00 |
| 1. jan. | Hull (h) | 15.00 |

### MANCHESTER UNITED

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Everton (h) | 19.45 |
| 7. des. | Newcastle (h) | 12.45 |
| 15. des. | Aston Villa (ú) | 13.30 |
| 21. des. | West Ham (h) | 15.00 |
| 26. des. | Hull (ú) | 12.45 |
| 28. des. | Norwich (ú) | 15.00 |
| 1. jan. | Tottenham (h) | 17.30 |

### TOTTENHAM

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | Fulham (ú) | 20.00 |
| 7. des. | Sunderland (ú) | 17.30 |
| 15. des. | Liverpool (h) | 16.00 |
| 22. des. | Southampton (ú) | 13.30 |
| 26. des. | West Brom (h) | 15.00 |
| 29. des. | Stoke (h) | 16.00 |
| 1. jan. | Man. Utd. (ú) | 17.30 |

### MANCHESTER CITY

| | | |
|---|---|---|
| 4. des. | West Brom (ú) | 20.00 |
| 7. des. | Southampton (ú) | 15.00 |
| 14. des. | Arsenal (h) | 12.45 |
| 21. des. | Fulham (ú) | 15.00 |
| 26. des. | Liverpool (h) | 17.30 |
| 28. des. | Crystal Palace (h) | 15.00 |
| 1. jan. | Swansea (ú) | 12.45 |

VILD

# 100

## HEPPNIR VILDARÁSKRIFENDUR FÁ JÓLAKÖRFU (GJAFAKORT) FRÁ BÓNUS AÐ VERÐMÆTI 30.000 KR.

Skráðu þig á **stod2.is/vild**

50 körfur verða dregnar út í Íslandi í dag **13. desember** og 50 körfur **20. desember**




Vildaráskrifendur geta hæglega sparað sér sem nemur áskrift að t.d. Skemmtipakkanum með því að nýta sér afsláttina sem bjóðast hjá samstarfsfyrirtækjum okkar í Stöð 2 Vild.

Vinsælar jólavörur í Bónus